
SNÆFELLSBÆR

AÐALSKRÁNING FORNMINJA

Valdar jarðir í Staðarsveit, Brimilsvallahreppi og Breiðavíkurreppi



I. Bindi

KRISTBORG ÞÓRSDÓTTIR (ritstjóri)

Höfundar efnis: Guðrún Alda Gísladóttir, Jónas Haukdal, Kristborg Þórsdóttir, Sólveig Guðmundsdóttir Beck og Stefán Ólafsson.

Reykjavík 2017

FS643-15352

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES



Forsíðumyndin er af Vallarétt (SN-167:078), heimarétt í landi Brimilsvalla. Réttin er á sjávarbakkanum og brýtur stöðugt af henni

Fornleifastofnun Íslands 2017

Bárugata 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Fax: 551 1047

Netfang: fsi@instarch.is

Vefsíða: www.instarch.is

Efnisyfirlit

Bindi I

SAMANTEKT	7
1. INNGANGUR	9
2. SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF	11
3. SKRÁNINGARAÐFERÐIR	13
4. FORNLEIFASKRÁ	15
SN-001 Ytri Garðar	15
SN-002 Garðakot.....	29
SN-003 Syðri-Garðar.....	30
SN-003b Hofgarðar	60
SN-004 Akur	62
SN-005 Garðabrekka	65
SN-006 Háfi Garður (Háigarður)	68
SN-007 Kirkjuhóll.....	69
SN-008 Lágabúð.....	90
SN-009 Ytri Tunga	91
SN-010 Lukka	116
SN-011 Syðri Tunga.....	118
SN-012 Glaumbær.....	140
SN-013 Hóll (Neðri-Hóll).....	147
SN-014 Staðastaður	160
SN-015 Árnes.....	192
SN-016 Bolavellir.....	197
SN-017 Traðir	198
SN-018 Traðarbúð	211
SN-019 Hrossakot (Hrossholt).....	216
SN-040 Lýsudalur	217
SN-041 Lýsuhóll	229
SN-042 Vatnsholt.....	239

Bindi II

4. FORNLEIFASKRÁ (FRAMHALD)

- SN-047 Kálfárvellir
 - SN-048 Kálfárvallakot
 - SN-049 Skafلاكot
 - SN-051 Hraunhöfn
 - SN-052 Hraunhafnarbakki
 - SN-053 Landakot
 - SN-064 Bjarnarfoss
 - SN-065 Bjarnarfosskot
 - SN-074 Miðhús
 - SN-076 Hraunlönd
 - SN-160 Fróðá
 - SN-161 Fróðárkoti
 - SN-167 Brimilsvellir
 - SN-168 Lækjarbugur
 - SN-169 Hólbúð
 - SN-170 Einarsbúð
 - SN-171 Gata (Nýibær)
 - SN-172 Krókur
 - SN-173 Dallur
 - SN-174 Holt
 - SN-175 Hjallabúð
 - SN-176 Bakkabúð (Bakkabær)
 - SN-177 Bakkabúð innri
 - SN-611 Fl. á fleiri en einni jörð – Staðarsveit
 - SN-621 Fl. á fleiri en einni jörð – Breiðavíkurreppur
 - SN-641 Fl. á fleiri en einni jörð – Brimilsvallahreppur
-

5. SAMANTEKT OG NIÐURSTÖÐUR

Minjaflokkar

Bæjarhólar og bæjarstæði

Kirkjur og legstaðir

Útihús og túngarðar

Sjósókn

Stekkir, kvíar og réttir

Beitarhús, sel og fjárskýli

Mógrafir, kolagrafir, torfrista

VARÐVEISLA OG KYNNING MINJA

HEIMILDASKRÁ

VIÐAUKI I: HNITASKRÁ Í LANDSHNITAKERFI (ISN93)


VIÐAUKI II: MINJAKORT

Samantekt

Haustið 2015 og sumarið 2016 fór fram aðalskráning fornminja á völdum jörðum í Snæfellsbæ. Flestar jarðirnar eru í Staðarsveit en einnig voru skráðar jarðir í Brimilsvallahreppi og Breiðavíkurreppi. Alls voru skráðar 848 fornleifar á 46 lögbýlum. Minjaflokkarnir eru fjölbreyttir og spanna tímabilið frá landnámi og fram á 20. öld. Mikill fjöldi bústaða og býla er á skráningarsvæðinu, sér í lagi á Brimilsvöllum, og er það algengasti minjaflokkurinn. Ekki kemur á óvart að útihús eru næststærsti minjaflokkurinn en síður var átt von á því að mógrafir væru þriðju stærsti minjaflokkurinn.

1. Inngangur

Vorið 2015 gerðu Fornleifastofnun Íslands ses og Snæfellsbær samning um fornleifaskráningu. Í honum fólst að Fornleifastofnun tæki að sér svæðisskráningu fornleifa í Staðarsveit¹ og aðalskráningu fornleifa á völdum jörðum í sveitarfélaginu í tengslum við aðalskipulag Snæfellsbæjar 2015-2031. Alls voru skráðar 848 fornleifar á vettvangi í sveitarfélaginu. Vettvangsvinna hófst haustið 2015 þegar fornleifar á 34 lögbýlum voru aðalskráðar í Staðarsveit (21) og Brimilsvallahreppi² (13). Sumarið 2016 hélt vettvangsvinna áfram og þá voru skráðar fornleifar á 12 lögbýlum í Staðarsveit (10) og Breiðavíkurhreppi (2). Alls hafa því verið skráðar fornleifar á 46 lögbýlum³ í sveitarfélaginu. Að auki voru skráðar fornleifar sem ná yfir fleiri en eina jörð í öllum hreppunum og eru það allt leiðir. Unnið var eftir óskum sveitarfélagsins um það hvaða jarðir skyldi skrá í þessum áfanga.



Þau svæði sem skráð voru í Snæfellsbæ eru merkt inn á kortið með rauðum lit.

Kortagrunnur Gísli Pálsson.

¹ Sjá skýrslu FS583-15351 Menningarminjar í Staðarsveit á Snæfellsnesi. Svæðisskráning fornleifa.

² Hreppaheiti eru fengin úr Jarðabók Johnsens frá 1847. Þá gekk Brimilsvallahreppur einnig undir nafninu Neshreppur utan Ennis. Síðar fékk hann nafnið Fróðárhreppur.

³ Eitt býlið sem skráð var er reyndar ekki skilgeint lögbýli í Jarðatali Johnsens en það eru Hofgarðar, fornþýli frá fyrstu tíð sem fær undirnámer SN-003b. Það var löngu komið í eyði þegar Jarðatalið var gert.

Áður en farið var á vettvang voru um 490 svæðisskráðar fornleifar á jörðunum sem skráðar voru og varð því 73% aukning á fornleifum eftir vettvangsvinnuna sem er langt yfir landsmeðaltali en algengast er að aukningin sé 20-30%. Þessa miklu aukningu má að miklu leyti skýra með gríðarlegum fjölda mógrafa á svæðinu sem ekki er getið um í heimildum en sjást vel á loftmyndum og á jörðu niðri.

Landslagið á skráningarsvæðinu er mjög fjölbreytilegt, eins og á öllu Snæfellsnesi. Flestar jarðir voru skráðar í Staðarsveit. Þar einkennist landslagið af flatlendi undir háum og bröttum fjöllum. Á flatlendinu skiptast á lág holt og blautar mýrar og víða eru lítil vötn. Í Staðarsveit og Breiðavíkurhreppi er einnig að finna mosagrónar hraunbreiður sem setja svip sinn á landið. Brimilsvallahreppur er á norðanverðu Snæfellsnesi og afmarkaður af Ólafsvíkurenni til vesturs og Búlandshöfða til austurs. Þar er landslagið töluvert frábrugðið því sem er á sunnanverðu nesinu. Þar er mun minna undirlendi og engin úfin hraun. Á öllu nesinu er talsvert landbrot sem ógnar minjum.

Um fornleifaskráningu árið 2015 sáu fornleifafræðingarnir Guðrún Alda Gísladóttir, Kristborg Þórsdóttir og Stefán Ólafsson en árið 2016 þau Jónas Haukdal og Sólveig Guðmundsdóttir Beck. Lilja Laufey Davíðsdóttir og Gylfi Björn Helgason sáu um uppsetningu skýrslunnar en Lilja aðstoðaði einnig við hreinteikningu tóftateikninga. Kristborg Þórsdóttir sá um skýrsluskrif og Stefán Ólafsson um kortagerð.

Við undirbúning vettvangsrannsókna var rætt við fjölda heimildamanna og er þeim sérstaklega þökkuð aðstoðin. Drög að fornleifaskránni voru lögð fyrir alla íbúa sveitarfélagsins og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri ábendingum og fyrirspurnum.

Skýrsla þessi er byggð upp þannig að á eftir inngangi er að finna stuttan yfirlitskafla um fornleifaskráningu og löggjöf hér á landi. Í kjölfar hans fylgir kafla þar sem skráningarkerfi Fornleifastofnunar er útskýrt (kafla 3). Í fjórða kafla er að finna sjálfa skráninguna sem aukin er með teikningum og ljósmyndum og í fimmta og síðasta kaflanum eru teknar saman helstu niðurstöður skráningarinnar. Allar ljósmyndir eru teknar af Fornleifastofnun nema annað sé tekið fram. Allra aftast er að finna heimildaskrá, hnitaskrá í landshnitakerfi (ISN93) og minjakort.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skóðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölbætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bóllum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum

samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Skráningaraðferðir

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: SP-084:001). Fornleifaskrá hverrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem fundust innan hverrar jarðar.

númer jarðar eins og í Jarðatali Johnsens 1847

númer fornleifar á tiltekinni jörð

sérheiti

hlutverk fornleifar

tegund fornleifar

hnattstaða í ISN93

Sýslutákn * SP-216-041

Geitakofi

tóft

geitakofi

*Skammt suður af Bæjarlæk, eins og 20 metra á holtaröðinni ofan við bæ, er hátt holt, sem

X 579123 Y 584190

ljósmynd og uppþæling minjastaðar

Mynd 36. Tóft 041, horft til suðvesturs

heiti Geitakofi og ber við loft frá bæ séð,“ segir í örnefnaskrá. Geitakofi er um 100 vestan heimatúnins, á litlu holti eða hól. Fyrir vestan heimatúnið hækkar landið upp á svokallað holtaröð. Þar er tóft á holtinu sem eins og nafnið ber með sér var geitakofi. Tóftin er áberandi og sést vel þegar komið er upp á holtaröðina. Geitakofi er 30 m austan við miðlinu fyrirhugaðs jarðstrengs. Virgiröng er 20-30 m vestan við tóftina. Óræktað tún er umhverfis tóftina. Það hefur líklega verið sléttað að einhverju leyti. Þarna er gras, fjalldrapi og lyng í stórþýfi á köflum. Tóftin er 8x8 m að stærð, einföld og hringlaga. Hún er opin til NNV. Veggirnir eru 0,3-0,5 m á hæð, 2-3 m.

Háttumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ó- Halldórsstaðir, 10

hætta sem stöðjar að fornleif

heimild sem vitnað er í nánari færslu í heimildaskrá

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í landshnitakerfi og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju er oftast ekki meira en 3 metrar að meðaltali.


Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra frávik.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

4. Fornleifaskrá

SN-001 Ytri Garðar



16 hdr 1714. JÁM V, 121.

Jarðarinnar er getið í Máldaga Þórðar Sturlusonar fyrir rekum Helgafellsklasturs fyrir sunnan heiði frá um 1280, þar segir að Þórður Sturluson átti Syðri-Garða [SN-003] en sonur hans Böðvar hafi keypt Ytri-Garða af Kára Kárasyni. DI II, 164.

Getið í samningi Ásgríms ábóta á Helgafelli og frú Halldóru Þorvaldsdóttur um jarðirnar Hóla, Garða og Þæfustein frá 22. apríl 1364. DI VI, 17.

Getið í Máldaga Helgafellsklasturs 1377-78 . DI III, 327.

1714: "Jarðardýrleiki 16 hdr. og so tíundast 4 tíundum. Eigandinn er prófastsekkjan Sigríður Hákonardóttir að Syðri Rauðamel, og hefur eignast að kaupni sínu af kónglegri Majestat fyrir hjer um 21 ári; áður lá jörðin undir Stapa umboð. Ábúandinn á heimabænum, sem nú er talinn helmíngur jarðarinnar, er Jón Bjarnason. [...] Kvöð er skipsáróður árið um kríng á skipi landsdrottins, sem gengur við Syðri garðaland í þeirri veiðstöð, sem kölluð er á Akri [SN-004]." JÁM V, 121.

1847: "A.M. telur Garðakot helmíng af Ytri Görðum, og var þá 1 h. lsk. og 4 kúg. á allri jörðinni." JJ,

141.

"Ytri-Garðar og Hoftún [áður Syðri-Garðar SN-003 og Hofgarðar SN-003b] voru áður ein jörð eða torfa. Bæirnir standa báðir á sama hryggnum." Ö-Ytri Garðar SJ, 1.

"Jörðin liggur milli Hoftúna og Vatnsholtsár, en að norðan að Hraunsmúlalandi. Þarna hefur mikið verið ræktað af þurrlandismóum milli þjóðvegjar og sjávar. Gamla túnið er mjög sandborið en grær þó vel. Jörðin er talin besta rekajörð í sýslunni enda ströndin löng." BS, 333.

"Ytri-Garðar eru um 7-800 metrum vestan við Hofgarða [SN-003b] og er allgömul jörð." BJ, 1978.

"Áður var fjölbýlt í Görðum eins og í Tunguplássinu og útræði, en nú eru þar aðeins tveir bæir: Hoftún á Ölduhrygg ofan þjóðvegjar, en það er nýbýli, stofnað úr landi Hofgarða árið 1930, og á land milli fjalls og fjöru, og Ytri-Garðar nokkru vestar, en þeir eiga land alveg út að Vatnsholtsá og einhvern besta trjáreka í allri sýslunni." ÁFÍ 1982, 40.

"Flóð: 9. jan. 1799, þegar sjórinn gekk á land um 1500 faðma, urðu 20 býli fyrir miklum skaða. Býlin Ytri-Garðar, [o.fl.]" Ö-Álftarvatn viðb. og leiðr. BG, 5.

Túnakort 1916: Tún 8,3 hekt, slétt allt, matjurtagarðar 1225 m².

SN-001:001 Ytri Garðar bæjarhóll bústaður

A: 303440 N: 485693



Bæjarhóllinn á Ytri Görðum 001:001, horft til norðvesturs

Inn á túnakort Ytri-Garða frá 1916 eru á bæjarhólnum merkt íbúðarhús, útihús og heygardur og þrjár matjurtagarðar á bæjarhól. Útihúsin og hlaðan stóðu um 10 m vestan við íbúðarhúsið á meðan matjurtagarðarnir voru 5-10 m norðan og sunnan við bæ og um 10 m til norðausturs. Íbúðarhúsið sem teiknað er á túnakorti sést á ljósmynd af Ytri-Görðum í Bygðum Snæfellsness. Í örnefnaskrá Sigríðar Jóhannsdóttur frá 1977 segir um bæinn: "Ytri-Garðar og Hoftún [sjá Syðri-Garða SN-003 og Hofgarða SN-003b] voru áður ein jörð eða torfa. Bæirnir standa báðir á sama hryggnum." Í örnefnaskrá Þorleifs Jóhannessonar segir einnig: "Bærinn stendur á sama hryggnum og Hoftún og er

vestarlega í miðju túninu er nær fram að sjávarsöndunum [...] Hryggur sá, er bærinn stendur á, nær allt vestur að Vatnsholtsá, en hún deilir löndum milli Garða og Vatnsholts [SN-042]." Ytri-Garðar eru á suðurströnd Snæfellsness um 100 m sunnan þjóðvegjar 54 og um 200 m VSV við vatnið Kúku. Gamla steinsteypta íbúðarhúsið sem sést á túnakorti 1916 stóð 30-40 m vestan við núverandi íbúðarhús byggt 1959. Samkvæmt Símoni Sigurmonssyni heimildamanni stóðu einnig hrörlegir torfkofar, líklega m.a. smiðja og hrútakofar, í jaðri hryggjarins 30-40 m sunnan við gamla íbúðarhúsið og um 20 m vestan við öskuhaug 030 en þeir sjást ekki á túnakorti.

Bæjarstæðið hefur í dag (2016) verið sléttað í bílastæði eða horfið undir Hótel Langaholt sem stendur þar sem áður voru útihús vestan við gamla íbúðarhúsið. Gamla íbúðarhúsið stóð þar sem er stórt bílastæði framan og austan við innganginn inn í Hótel Langaholt. Á ljósmynd af Ytri-Görðum sjást steinsteypt útihús þar sem Símon sagði áður hafa verið torfkofa. Torfkofarnir voru rifnir smátt og smátt eftir 1950. Steinsteypu útihúsin eru einnig horfin.

Ekkert sést til fornleifa. Óljóst er hvaða tilgangi útihúsið þjónaði sem stóð vestan við gamla íbúðarhúsið með heygardinum en mjög líklega hefur hér verið um að ræða heimilisfjösið. Í örnefnaskrá Sigríðar Jóhannsdóttur frá 1977 segir m.a.: "Kvíaból [015] var á flötunum fyrir vestan fjárhúsin [003], spöl frá bæ og fjósi, líklega um 3 mín. gang." Ekki er útilokað að eldri torfbær hafi verið þar sem Símon sagði torfkofana hafa staðið sunnan við gamla íbúðarhúsið. Þar er um 2-3 m hár bakki út úr holtinu til suðurs. Austurhlíð hans er gróin en allt annað er sléttað í bílastæði eða horfið undir Langaholt.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1916; BS, 333; Ö-Ytri-Garðar, SJ, 1,4; Ö-Ytri-Garðar, BJ, 1.



Hóllinn þar sem útihús SN-001:002 stóð, horft til vesturs

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1916

Á túnakorti Ytri-Garða frá 1916 er útihús um 40 m norðan við bæjarhól 001. Á þessu svæði hefur landinu mikið verið raskað vegna framkvæmda við bílastæðið, Hótel Langaholt og golfvöll Ytri-Garða. Þar er sléttaður bali við té á golfvöllinum NNA við Langaholtshótel.

Ekkert sést til fornleifa. Nákvæmt hlutverk er óþekkt en hér gæti hugsanlega hafa verið fjárhús eða hesthús. Grasgræn þúst er ennþá sjáanleg nær hótelinu þar sem fánastöngin stendur ofan og norðan við innganginn inn í Langaholt. Þústin liggur austur-vestur en engin greinileg ummerki eru um að þar sé um rústahól að ræða. Gæti verið aðeins náttúrulegar leifar af sandhryggnum.



Staðsetning fjárhúsa SN-001:003, horft til suðausturs

Í örnefnaskrá Sigríðar Jóhannsdóttur frá árinu 1977 segir: "Kviaból [015] var á flötunum fyrir vestan fjárhúsin, spöl frá bæ og fjósi [sjá 001], líklega um 3 mín. gang." Þessi fjárhús eru líklega sömu hús og sýnd eru á túnakorti ásamt kálgarði, um 150 m vestan við bæjarstæði 001. Á þessu svæði eru nú gömul steinsteypt útihús sem nýtt eru sem íbúðarhús og skemma.

Ekkert sést til fornleifa. Útihúsin eru grafin ofan í hrygginn að sunnanverðu.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1916; Ö-Ytri-Garðar SJ, 4

SN-001:004 þúst öskuhaugur

A: 303456 N: 485657



Stór áberandi hól er um 50 m SSV við núverandi íbúðarhús í hlið bæjarholtsins, um 40 m suðaustan við bæjarstæði gamla íbúðarhússins 001. Samkvæmt Símoni Sigurmonssyni er þar um að ræða öskuhaug frá Ytri-Garði. Haugurinn stendur austan undir bílastæðinu í grasigróinni brekku milli Langaholts og golfvallarins.

Hóllinn er aflangur og keilulaga, um 7x6 m að flatarmáli og 0,5-1 m á hæð. Hóllinn er grasigróinn og liggur austur-vestur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Öskuhaugur SN-001:004, horft til vesturs


SN-001:005 tóft þingstaður

A: 303706 N: 485555

Í örnefnaskrá Sigríðar Jóhannsdóttur frá 1977 segir: "Hlaðnir voru tveir garðar til að girða blettinn af. Var sá syðri á merkjum Ytri-Garða og Hofgarða. Á þessari spildu var reist timburhús, og var það bæði notað sem félagsheimili og þinghús fram til 1920. [...] Timburhúsið gamla var rífið, og þótti mörgum eftirsjón að því." Í Bygðum Snæfellsness segir einnig um þingstaðinn: "Þinghús sveitarinnar var áður austast í landinu hjá Þjóðvegi." Grunnur þinghússins er um 300 m austan við bæ 001 fast austan við enda næst efstu golfplatarrinnar að Ytri-Görðum.

Tóftin er á litlum óslegnum bletti í grasigrónu holtinu innan um sléttaðar golfplatir. Tóftin er kassalaga, um 6x5 m að flatarmáli með afstöðu norður-suður. Grjóthleðslur eru sjáanlegar í hornum tóftarinnar og má telja tvö umför. Veggir tóftarinnar eru á milli 0,20-0,30 m á hæð og um 1 m á breidd. Mosi, lyng og gras eru í veggjum tóftar og innan í rýminu sem mælist um 4x3 m að innanmáli.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Grunnur þinghúss SN-001:005, horft til vesturs

Heimildir: Ö-Ytri-Garðar SJ, 2-3; BS, 333

SN-001:006 Írskutóftir heimild um draug

Í örnefnaskrá Sigríðar Jóhannsdóttur frá árinu 1977 segir: "Margar hjáleigur voru í túninu. Sagt var, að Eiríkur, faðir Önnu [heimildarmaður örnefnaskrár] hefði orðið fyrir gervingum af völdum gamallar

konu, sem eitt sinn hafði búið á einni þeirra. Líklega hefur sú hjáleiga staðið fyrir vestan bæinn. Skömmu eftir að kona þessi dó, brá svo við, að hrútur, sem Eiríkur átti, fannst ekki í hrútakofanum. Var hans leitað lengi, og fannst hann loks afvelta þversum í jötunni, með höfuðið undir spelanum. Varð Eiríkur að lyfta upp spelanum til að losa hrútinn. En í því sá hann líkfylgd gömlu konunnar fara hjá. Talið var, að hrútakofinn stæði þar, sem bær kerlingar hafi áður staðið, og væri hún völd að reimleika þessum. Þá var hún reyndar löngu flutt burt og orðin niðursetningur." Nákvæm staðsetning þessara tófta er óljós. Samkvæmt lýsingunni er líklegt að hér sé um að ræða svæðið sem fjárhús 003 stóðu á áður. Á þessu svæði eru nú gömul steinsteypt útihús sem nýtt eru sem íbúðarhús og skemma. Ekkert sést til fornleifa

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ytri-Garðar SJ, 1-2

SN-001:007 *Grímskot* bæjarstæði býli

A: 303610 N: 485660



Dældir í túninu, hugsanlega leifar Grímskots SN-011:007, horft til suðausturs

Í örnefnaskrá Sigríðar Jóhannsdóttur frá 1977 segir: "Túnið fyrir austan bæinn er kallað Grímskotstún, en fyrir vestan hann Úttún. Í lýsingu Þorleifs Jóhannessonar er Grímskotstúnið kallað Suðurtún, [...] Í þessu túni var öðruvísi jarðvegur en annar staðar. Hann var sendinn og grasið fint, eins og strá. Þarna var mikið af sólsekvíu eða umfeðmingsgrasi. Hún óx í skeifu, sem var opin fyrir norðrinu. Alltaf kom norðanrok, þegar hún var slegin. Oft fauk mikið af henni niður fyrir bakkann og tapaðist þannig. Reyndar var lítið fôðurgildi í þessari sólsekvíu. Við Grímskotstúnið voru rústir, sem hallaðir svolítið upp í það. [...] Austur á túninu voru fornleifar rústir, sem Grímskotstóftir voru nefndar. Anna [heimildamaður

örnefnaskrár] telur, að þar hafi áður verið býli með nafninu Grímskot, sjálfsagt kennt við einhvern Grím, sem hefur búið þar. nú er kotið fyrir mjög löngu komið í auðn. Líklegt er, að rústirnar hafi horfið í veginn, sem liggur þarna eftir balanum." Í örnefnaskrá Braga Jónssonar frá 1978 segir einnig: "Grímskot. Syðst í Ytri-Garðatúni var gömul rúst, sem bar þetta nafn, og er talið, að þar hafi verið býli fyrir ævalöngu, sem hét svo." Í örnefnaskrá Þorleifs Jóhannessonar segir um Grímskot: "Austur á túninu eru fornleifar tóftir sem Grímskotstóftir eru nefndar. Hefur þar áður verið býli er fyrir mjög löngu komið í auðn." Nákvæm staðsetning Grímskots er óþekkt og Símon Sigurmonsson heimildamaður kannaðist ekki við þessar tóftir. Austan við gamla bæjarstæðið og núverandi íbúðarhús er sléttaður golfvöllur.

Í túninu um 140 austan við núverandi íbúðarhús eru tvær stórar dældir í túninu sem hugsanlega gætu verði leifar af hýbýlum en eins gæti alveg verið um náttúrumyndun að ræða. Engar líklegar leifar um þessa hjáleigu sjást á yfirborði. Hjáleigan gæti þess vegna hafa staðið á svipuðum stað og núverandi íbúðarhús.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ytri Garðar SJ, 1, 2; Ö-Ytri-Garðar Aths BJ, 3; Ö-Ytri-Garðar ÞJ, 1.

SN-001:008 *Tóftirnar* heimild óþekkt


A: 303620 N: 485607

Í örnefnaskrá Sigríðar Jóhannsdóttur frá árinu 1977 segir: "Á Garðaholtinu voru tvennar tóftir, en Anna [heimildamaður örnefnaskrár] veit ekki, eftir hvað þær voru. Aðrar voru sunnar og nefndar Syðri-Tóftir [009], en hinar aðeins Tóftirnar. Þær voru skammt frá brunnum [010], ekki langt frá Grímskotstóftum [007]. Nú hefur verið settur símastaur í þær miðjar." Samkvæmt Svövu Guðmundsdóttur heimildamanni og ábúanda á Ytri-Görðum lá gamla símalínan frá austurhlið núverandi íbúðarhúss til ASA yfir túnið. Engar greinilegar tóftir eru sjáanlegar á þessu svæði innan túns Ytri-Garða. Á svæðinu eru sléttaðar golfflatir og gömul tún. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Ytri-Garðar SJ, 3

SN-001:009 Syðri-Tóftir tóft óþekkt

A: 303641 N: 485553



Syðri-Tóftir SN-001:009, horft til NNV

Í örnefnaskrá Sigríðar Jóhannsdóttur frá árinu 1977 segir: "Á Garðaholtinu voru tvennar tóftir, en Anna [heimildamaður örnefnaskrár] veit ekki, eftir hvað þær voru. Aðrar voru sunnar og nefndar Syðri-Tóftir, en hinar aðeins Tóftirnar [008]. Þær voru skammt frá brunnum [010], ekki langt frá Grímskotstóftum [007]. Nú hefur verið settur símastaur í þær miðjar." Í þessari lýsingu örnefnaskrárinnar er ekki skýrt hvor tóftin er nálægt brunnum eða í hvora þeirra símastaurnum var plantað. Núverandi ábúendur kannast ekki við þessar tóftir eða brunnum sem sagt er frá. Ein tóft er greinileg í golfvellinum um 250 m suðaustan við bæ 001 og um 20 m vestan við holu 5. Tóftin er í austurenda grænunnar fast vestan við þúttflöt holu númer 5.

Tóftin er þrískipt, um 13 m á lengd, um 8 m á breidd og liggur norður-suður. Tóftin er vel sléttuð en þó sjást hólfin ennþá mjög greinilega. Veggirnir eru um 1-2 m á breidd og 0.5-1 m á hæð. Hólf I er syðst, um 4x1 m að innanmáli og liggur norður-suður. Hugsanlega hefur verið gengið inn í hólfið að sunnanverðu. Hólf II og III eru norðan við hólfi I og snúa austur-vestur. Hólf II er um 3x1 m að innanmáli en hólf III er aðeins stærra eða um 3,5x2 m að innanmáli. Hlutverk þessarar tóftar er óljóst en hún gæti hafa þjónað sem útihús eða jafnvel verið lítið býli. Um 1 m austan við norðurenda tóftarinnar er hringlaga dæld B. Dældin er um 1,5x1 m að innanmáli, 0,1-0,2 m djúp og skærgræn að lit. Vel getur verið að hér sé um að ræða brunnum sem nefndur er í lýsingu örnefnaskrárinnar. Ekki er alveg víst að þessi tóft sé Syðri-Tóft en staðsetningin er sannfærandi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Ytri-Garðar SJ, 3

SN-001:010 brunnur brunnur

Í örnefnaskrá Sigríðar Jóhannsdóttur frá árinu 1977 segir: "Á Garðaholtinu voru tvennar tóftir, en Anna [heimildamaður örnefnaskrár] veit ekki, eftir hvað þær voru. Aðrar voru sunnar og nefndar Syðri-Tóftir [009], en hinar aðeins Tóftirnar [008]. Þær voru skammt frá brunnum, ekki langt frá Grímskotstóftum [007]. Nú hefur verið settur símastaur í þær miðjar." Núverandi ábúendur kannast ekki við brunnum á þessu svæði. Ekki er ólíklegt að hér sé um að ræða hugsanlegar brunnumleifar 009B við tóft 009A.

Heimildir: Ö-Ytri-Garðar SJ, 3



Hugsanleg staðsetning réttar SN-001:011, horft til ASA

golfvöllur og tún. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ytri-Garðar SJ, 3-4

Í örnefnaskrá Sigríðar Jóhannsdóttur frá árinu 1977 segir: "Sömuleiðis gerði hann [faðir heimildamanns örnefnaskrár] náthaga á sandbala fyrir vestan túnið. Þessi bali var harður og ósköp rýr. Náthaginn var stór, og var rétt í norðausturhorninu. Þangað var fé rekið inn til að rýja og marka o.þ.h. Í náthaganum var fé bælt á nóttunni, þegar fært var frá. Fráfærur héldust a.m.k. fram yfir fyrri strið. [...] Þá var hætt að nota náthagann." Nákvæm staðsetning náthagans er óljós því svæðið vestan túnsins hefur verið grafið í sundur vegna malarvinnslu og efnistöku eða sléttað í tún. Á þessu svæði er sandbali í 3-4 m djúpri dæld með smárri malarhæð í miðjunni. Norðan við námuna er sléttaður



Mógrafirnar við Torfholt SN-001:012, horft til suðausturs

sem Torfholt heitir,". Torfholt (sjá einnig 028) er lágt malarholt milli Litlavatns og Torfavatns, VNV við Veitu [019]. Holtið er fast austan við Torfavatn um 800 m norðvestan við bæ 001 og um 200 m norðan við Snæfellsnesveg 54. Fast norðaustan undir holtinu eru greinilegar mógrafir og eru fleiri dreifðar í mýrarflákanum alveg norðaustur að landamerkjum Ytri-Garða og Hofnúns.

Torfholt er 1-3 m hátt malarholt sem liggur NNA-SSV, er um 400 m langt og um 300 m á breidd. Holtið er mosa- og lyngigróið að hluta en mikið er um rofabörð. Á holtinu stendur nýleg stór varða líklega hlaðin af Símoni Sigurmonssyni. Mýrin er flatlend, vel grasigróin og hefur verið þurrkuð með ræsiskurðum.

Svæðið þar sem Torfholt og mógrafirnar eru mælist um 250x250 m að flatarmáli. Mógrafirnar

Í örnefnaskrá Sigríðar Jóhannsdóttur frá árinu 1977 segir: "Á mýrlendinu fyrir neðan Litlavatn og Torfalæk er holt, sem Torfholt heitir. [...] Það náði eiginlega alveg niður að Garðaholti, en mjökkaði í áttina þangað. Tekinn var upp mór við jaðarinn á Torfholtinu og þurrkaður uppi á holtinu. Það var líka kallað Móholt. Þegar mórinn var sóttur, var farið út með túninu að ofanverðu, vestur að Torfholti og upp á háholtið." Í örnefnaskrá Þorleifs Jóhannessonar segir um Torfholt: "Ná þær [flatlendar mýrar] upp að vatni er Litlavatn heitir [...] nokkuð vestar er annað vatn, er Torfavatn heitir. Milli þeirra rennur Torfalækur, á mýrlendinu milli vatnanna er holt,

012A fast norðaustan við holtið eru mjög skýrar og fullar af vatni. Stærð þeirra er misjöfn, 2-18 m á lengd, 1-3 m á breidd og a.m.k. 0,5-1 m á dýpt. Bakkar þeirra eru beinir og lóðréttir. Grafirnar snúa bæði N-S og A-V. Leifar af mógröfum sjást einnig um 100 m norðaustar við landamerkin en þær virðast eldri og eru ekki eins djúpar (sjá einnig 025 og 029). Við norðausturenda Torfholtisins, sem er að mestu mosa- og lyngigróið, eru tveir greinilegir og vel grasigrónir ferningar eða grasflákar 012B sem eru um 15-20x10-15 m að flatarmáli og liggja gróflega norður-suður. Mjög líklegt er að hér sé um að ræða staðina þar sem móhraukarnir stóðu saman í hnapp á holtinu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ytri-Garðar SJ, 5; Ö-Ytri-Garðar ÞJ, 1


SN-001:013 Hagahúsatóftir tóft beitarhús

A: 300558 N: 486905

Í örnefnaskrá Sigríðar Jóhannsdóttur frá árinu 1977 segir: "Sunnan við Garðaholt, niður undan Lýsuvatni, eru Hagahúsatóftir. Hagahúsin voru beitarhús, sem faðir Önnu [heimildamaður örnefnaskráar] byggði. En nú er líklega hætt að nota þetta nafn, [...] Féð var alltaf á haga út við ána á veturna. Oft var óskaplegur klammi á sandhaganum, svo að ekki var hægt að koma kindum heim þess vegna voru þær hafðar í þessum hagahúsum og gengið þangað til að hirða þær. Heyið var geymt í tóftum norðan við húsin. Á vorin var fært frá úti í hagahúsum og lömbin höfð í heytóftum, sem þá voru orðnar tómar." Í örnefnaskrá Þorleifs Jóhannessonar segir einnig um húsin: "Sunnan við Garðaholt eru Hagahúsatóftir, eru þar niður undan Lýsuvatni." Beitarhúsatóftirnar eru um 3,1 km VNV við bæ 001, um 30 m sunnan við Snæfellsnesveg 54 og um 1,4 km ASA við Hópið.

Tóftirnar eru í suðurhlíð Garðaholtisins í brekku sem hallar 5° suðurs. Holtið er mikið til grasigróið malarholt á svæðinu en búið er að slétta og rjúfa gróðurhuluna milli þjóðveggar og tóftanna vegna vegagerðar.

Beitarhúsin voru þrískipt, um 20 m á lengd, um 13 m á breidd og liggja NNA-SSV. Veggir tóftanna eru 2-4 m á breidd og 0,2-1 m á hæð. Hólf A var fjárhús skipt í tvennt með grjóthlöðnum garða. Hólfið er um 12 m á lengd, um 3 m á breidd og liggur NNA-SSV. Garðaundirstöður eru rúmlega 0,5 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Líklega hefur verið timburpil í suðurenda þar sem gengið var inn í fjárhúsið.



Hagahúsatóftir SN-001:013, horft til SSV

Veggirnir eru hæstir í heygardi B í norðurenda svæðisins. Heygarður B er um 4x2 m að innanmáli og liggur ASA-VNV. Veggurinn að vestanverðu virðist lægri svo ekki er útilokað að hægt hafi verið að ganga inn í heygardinn að utanverðu þeim megin. Hólfið er 0,3-0,4 m á dýpt. Hólf C er austan við suðurenda hólfs A. Innanmál hólfsins er mjög óljóst þar sem það er lítið annað en 8x6 m stór og 0,2-0,3 m há þúst sem liggur NNA-SSV. Innanmál hólfsins hefur líklega verið um 4x2 m og gengið inn að sunnanverðu. Hlutverk hólfs C er óljóst. Fast norðan undir og í bláenda beitarhúsanna er rofabarð vegna vegagerðar. Talað er um heytóftir í örnefnaskrá svo ekki er útilokað að fleiri en einn heygardur B hafi verið á svæðinu en ef svo hefur verið þá eru hann/þeir horfnir vegna vegagerðar.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Ytri-Garðar SJ, 6; Ö-Ytri-Garðar ÞJ, 1

SN-001:014 heimild

Í örnefnaskrá Sigríðar Jóhannsdóttur frá árinu 1977 segir: "Við Grímskotstúnið voru rústir, sem hallaði svolítið upp í það, en Anna vissi ekki um nafn á þeim." Nákvæm staðsetning og hlutverk þessara tófta er óþekkt en þær hafa líklega verið í Garðaholtinu austan við bæ 001 (sjá einnig 007), hugsanlega að sunnanverðu. Ekkert sést til fornleifa á yfirborði vegna sléttunar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Ytri-Garðar SJ, 1

SN-001:015 *Kviaból* örnefni kvíar

Í örnefnaskrá Sigríðar Jóhannsdóttur frá árinu 1977 segir: "Kviaból var á flötunum fyrir vestan fjárhúsin [003], spöl frá bæ og fjósi [001], líklega um 3 mín. gang. Stöðlar voru engir í landi Ytri-Garða." Símon Sigurmonsson heimildamaður kannast ekki við kvíar eða aðrar tóftir á þessu svæði en þar hefur landið verið sléttað í tún eða tekið undir grjótnám. Ekki er víst að mannvirki hafi verið tengt Kviabóli.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Ytri-Garðar SJ, 4

SN-001:016 garðlag landamerki

A: 303827 N: 485609



Garðlag SN-001:016, horft til suðurs

Í örnefnaskrá Sigríðar Jóhannsdóttur frá árinu 1977 segir: "Faðir Önnu stofnaði ungmennafélag í Staðarsveit árið 1906. Sex árum síðar gaf hann blett undir félagsheimili. Náði hann suður fyrir endann á vatninu Kúku. Hlaðnir voru tveir garðar til að girða blettinn af. Var sá syðri á merkjum Ytri-Garða og Hofgarða [SN-003b]. Á þessari spildu var reist timburhús, og var það bæði notað sem félagsheimili og þinghús [005] fram til 1920." Leifar af garðlagi eru á merkjum um 130 m norðaustur af þinghústóft 005 og um 420 m ASA við bæ 001. Garðlagið er á mörkum

óslættaðs tún í austri og golfvallar í vestri, þar sem landinu hallar til suðurs.

Garðurinn er um 180 m á lengd og liggur NNV-SSA. Hann er um 2 m á breidd og 0,5 m á hæð, breiðastur neðst og mjókkar upp. Garðurinn er grasi gróinn og ekki sést í grjóthleðslur. Hitt garðlagið hefur verið vestan við þinghús 005 og nær bæ 001 en sést ekki lengur vegna sléttunar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Ytri-Garðar SJ, 2

SN-001:017 *Nónklettur* heimild eyktamark

A: 302901 N: 485617



Nýlega hlaðin varða á Nónklettum SN-001:017, horft til suðurs

eru lyng og mosabreiður.

Ekki sést til vörðu en grjót úr henni gæti hafa verið notað til að hlaða stóra vörðu sem er á staðnum. Varðan er hlaðin af Símoni Sigurmonssyni, heimildarmanni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ytri-Garðar SJ, 4.

SN-001:018 heimild brunnur

A: 303495 N: 485770

Í örnefnaskrá Sigríðar Jóhannsdóttur frá 1977 segir: "Brunnhúsið var í jaðrinum við Veituna [019]. Nákvæm staðsetning þessa brunnhúss er óljós en líklegt er að húsið hafið staðið stutt frá bæ 001, rétt ofan og norðan við heimatún sunnan Veitunnar.

Á þessu svæði er malbikaður Snæfellsnesvegur 54 milli túns og Veitu. Beggja vegna vegar er grasigróið flatlendi. Ekkert sést til fornleifa. Grunnvatnsborð er mjög hátt á þessu deiga mýrarsvæði svo líklega hefur brunnurinn verið góður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ytri-Garðar SJ, 5

SN-001:019 Veita garðlag áveita

A: 303733 N: 485864



Áveitugarður í Veitu SN-001:019A, horft til VNV

Þess að þar hafi verið áveita. Á svæðinu má sjá leifar af torfhlöðnum gördum á þremur stöðum sem voru annað hvort hluti af áveitukerfi eða vörslugarður. Veitan er flatlend framræst mýri og er hún nokkuð þýfð á köflum.

Garðarnir eru á svæði sem er um 850x315 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Suðaustast

Í örnefnaskrá Sigríðar Jóhannsdóttur frá 1977 segir: "Fyrir neðan vestasta túnið, niðri á Söndunum, eru Nónklettur. Uppi á þeim var varða. Klettarnir eru líklega í suðvestur frá Ytri-Görðum og gætu því vel verið nón þaðan. Aðrir klettur eru sunnar, en Anna man ekki nafnið á þeim." Nónklettur eru um 550 m VSV við bæ 001 og um 320 m sunnan við Snæfellsnesveg 54.

Lágreist klettabelti og grjót dreif sem liggur norðaustur-suðvestur. Umhverfis klettana

Í örnefnaskrá Sigríðar Jóhannsdóttur um Ytri-Garða frá árinu 1977 segir: "Fyrir ofan túnið, syðst, eru flatlendar mýrar. Þar var nefnd Veita. Hún skiptist í Syðri-Veitu og Ytri-Veitu, og var skurður á milli. Aðeins Syðri-Veitan var slegin, hin beitt. Meiri sandur var í Syðri-Veitunni. Þar óx afburðagott gras. Var eins og það yxi við þurrkun." Veita er víðáttumikill mýrarfláki norðan og ofan við Garðaholt, milli Kúku í austri og Torfholti í vestri. Veitunafnið bendir til

er garður A. Hann liggur norðaustur-suðvestur meðfram vatninu Kúku á 12 m kafla. Í norðausturenda beygir garðurinn til norðvesturs þar sem hann sést á 40 m löngum kafla. Þessi garður er 1-1,5 m á breidd og 0,5-0,6 m á hæð, mjókkar upp. Garður B er 450 m norðvestan við garð A. Hann er um 100 m á lend og liggur norðaustur-suðvestur. Það er um 1,5 m á breidd og 0,3-0,4 m á hæð. Að lokum er garðlag C um 340 m norðvestan við garð B. Það er 340 m á lengd og liggur norðaustur-suðvestur en beygir til vesturs nærri suðvesturenda. Garðurinn er áþekkur gördum A og B á breidd og hæð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ytri Garðar SJ, 5

SN-001:020 náma mógrafir

A: 301794 N: 486691



Mógrafir SN-001:020, horft til SSV

Við vesturenda Torfavatns er stór þyrping af mógröfum. Mógrafirnar eru um 1,9 km norðvestan við bæ 001 og um 500 metra NNV við útihús 026. Mógrafasvæðið er blautt og mýrlent. Töluvert er af háu grasi og sínu á svæðinu.

Mógrafirnar eru á svæði sem er um 200x100 m að flatarmáli og snýr NNA-SSV. Þær eru víðast hvar um 6x2 - 10x6 metar að flatarmáli. Sumar eru fallnar saman og grónar en aðrar voru fullar af vatni. Margar mógrafirnar hafa verið sameinaðar í eitt stórt flæmi.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ytri-Garðar SJ, 2-3

SN-001:021 Háigarður heimild um býli

A: 303789 N: 485561

Í örnefnaskrá Sigríðar Jóhannesdóttur frá 1977 segir: "Önnu [Eiríksdóttur] minnir, að einhvers staðar á milli garðanna [016] hafi verið tvö tómhús, Háigarður og Garðagarður [022]." Nákvæm staðsetning tómhúsanna er óljós en þau hafa staðið sunnan í Garðaholti austan við tún í austurenda Ytri-Garðalands. Á þessu svæði eru sléttaðar flatir golfvallar Ytri-Garða og óslegið gras innan um flatirnar. Ekki sjást ummerki um fornleifar á yfirborði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ytri Garðar SJ, 3

SN-001:022 Garðagarður heimild um býli

A: 303774 N: 485552

Í örnefnaskrá Sigríðar Jóhannesdóttur frá 1977 segir: "Önnu [Eiríksdóttur] minnir, að einhvers staðar á milli garðanna [016] hafi verið tvö tómhús, Háigarður [021] og Garðagarður." Nákvæm staðsetning tómhúsanna er óljós en þau hafa staðið sunnan í Garðaholti austan við tún í austurenda Ytri-Garðalands. Á þessu svæði eru sléttaðar flatir golfvallar Ytri-Garða og óslegið gras innan um flatirnar. Ekki sjást ummerki um fornleifar á yfirborði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ytri Garðar SJ, 3

SN-001:023 mannabein legstaður

A: 303037 N: 485681

Í örnefnaskrá Sigríðar Jóhannesdóttur um Ytri-Garða frá 1977 segir að lík hafi fundist í bökkunum vestan við náthagann [011] "fyrir nokkrum árum". Í athugasemdum Braga Jónssonar frá 1978 segir um þennan fund: "Það er rétt hjá Önnu [Eiríksdóttur heimildamanni örnefnaskrár], að fyrir vestan og neðan Ytri-Garða hafi fundist lík, en það var ekki lík, heldur beinagrindur, og vóru þær þrjár. Voru beinin tínd

saman og sett í poka, og svo munu þau hafa farið suður til Þjóðmenjavarðar. Hvernig á þessum beinagrindum stóð, veit enginn, en þær hafa áreiðanlega verið mörg hundruð ára gamlar, "Því furðu seint fúna menn í sandinum," sagði Alfína drottning forðum. Beinin konu upp, þegar verið var að taka þar ofaniburð með vél. Til gamans vil ég [Bragi Jónsson heimildarmaður örnefnaskrár] geta þess, að ég tók eitt beinið, það var rif úr kvenmanni, og lét það undir koddann hjá mér og svaf á því um nóttina og ætlaði að vita, hvers ég yrði vísari. Mig dreymir þá unga stúlku, sem var einkennilega klædd og allt öðruvísi en nú tíðkaðist, og tel ég, að beinið hafi verið úr henni. Ég held ég eigi beinið ennþá, en aldrei hefir mig dreymt neitt síðan." Í bókinni Kumli og haugfé (2000) segir: "Beinafundur að Ytri-Görðum, Staðarsveit: Árið 1954 voru vegagerðarmenn að taka mól úr malarkambi skammt frá Ytri-Görðum. Fundust þá mannabein en engir gripir. Af frásögn finnanda að dæma er ólíklegt að þarna hafi verið kirkjugarður, en sennilegt að bein þessi hafi verið í kumli." Telja verður líklegt að hér sé um sama beinafundinn að ræða og greint er frá í örnefnalýsingum. Samkvæmt Símoni Sigurmonssyni fundust mannabeinin sunnan undir Garðaholti um 400 m VSV við bæ 001.

Á þessu svæði eru lítt grónir malarflákar sunnan undir Garðaholti á svipuðu svæði og malarnáman er staðsett. Ekkert sést til fornleifa. Ályktun Símonar Sigurmonssonar heimildarmanns er sú að hér sé um að ræða mannvistarleifar sjómanna af frönsku skipi sem strandaði á sandinum 28. mars 1870. Ekkert verður fullyrt um aldur beinanna án frekari rannsóknar.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Ytri-Garðar SJ, 4; Ytri-Garðar Aths BJ, 3; KEKH 2000, 104

SN-001:024 *Tjaldhóll* heimild um tjaldstæði

A: 300205 N: 486635



Tjaldhóll SN-001:024, horft til suðurs

Í örnefnaskrá Braga Jónssonar frá 1978 segir: "Tjaldhóll. Hann er á melum nokkuð fyrir sunnan Vatnsholtsá og var áningarstaður ferðamanna og ber sennilega nafn af því." Tjaldhóll er um 3,3 km vestan við bæjarhól Ytri-Garða 001 og um 1,8 km vestan við útihús 026. Strandlengjan er um 50 m suður af hólnum.

Á þessu svæði er flatt graslendi og lyng og mosabreiður breiða úr sér norðan hólsins. Austan megin hólsins eru litlir náttúrulegir grasi vaxnir smáhólar sem liggja í austur. Hóllinn er grasi gróinn, um 10x5 m í þvermál og um 1 metri á hæð. Ekki sjást ummerki um mannvirki á hólnum.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Ytri Garðar Aths BJ, 2




Mógrafír SN-001:025, horft til vesturs

austur-vestur. Líklega hafa einhverjar af gröfunum verið fylltar þegar skurðirnir voru grafnir. Upprunaleg stærð grafanna er óljós og lag þeirra er óreglulegt.

Hættumat: engin hætta



Beitarhús SN-001:026, horft til suðausturs



Tóft sem virðist vera af beitarhúsum er um 1,5 km vestur af bæjarhól 001 og um 1,1 km VNV af Nónklettum 017. Strandlengjan er um 1 km sunnan tóftar og Snæfellsnesvegur liggur 200 metra norðan tóftar. Á þessu svæði er óslétt og smápýft tún. Jarðrækt er skammt norðan tóftar.

Tóftin er grjótt- og torfhlaðin, um 16x8 m að utarmáli og snýr nálega norður-suður. Veggir eru víðast hvar um 3 m á breidd og um 0,5 m á hæð. Ekki sést fjöldi umfara í hleðslum. Tóftin er vaxin háu grasi og sinu. Tvö hólfa eru á tóftinni. Nyrðra hólfið er 8x1,5 m að innanmáli með op í suður og það syðra er 1x2 metrar að innanmáli. Syðra hólfið snýr austur-vestur, þvert á nyrðra hólfið. Ekki er hægt að greina op á milli hólfa.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Ö-Ytri-Garðar SJ, 4

SN-001:027 náma mógrafir

A: 303265 N: 486188



Mógrafir SN-001:027, horft til suðurs

Mógrafir eru í Veitunni fast sunnan landamerkja á móti Hofþúni (Hofgördum SN-003B) um 130 m sunnan Litlavatns og um 500 m NNV við bæjarhól 001. Svæðið er mýrlent og vaxið sinu.

Mógrafirnar eru á svæði sem er um 120x60 m að flatarmáli. Þær eru ýmist fullar af vatni og/eða sinu. Flestar mógrafirnar eru um 3x2 - 4x2 metrar að innanmáli. Ein af þeim stærstu er 5x4 m að innanmáli.

Hættumat: engin hætta

SN-001:028 heimild rista

Í örnefnaskrá Sigríðar Jóhannsdóttur um Ytri-Garða frá árinu 1977 segir: "Fyrir ofan túnið, syðst, eru flatlendar mýrar. Þar var nefnd Veita. Hún skiptist í Syðri-Veitu og Ytri-Veitu, og var skurður á milli [sjá 019]. [...] Í Veitunni var einnig rist torf." Veitan 019 er víðáttumikið flatlent mýrlendi norðan og norðvestan við bæ SN-001 og þjóðveg 54. Nákvæm staðsetning ristu er óþekkt.

Heimildir: Ö-Ytri Garðar SJ, 5

SN-001:029 náma mógrafir

A: 303017 N: 485995

Mógrafasvæði er fast vestan við tvo syðstu skurðina í Veitunni 019 sem liggja VNV-ASA um 540 m norðvestan við bæ 001. Á svæðinu er deig, flatlend mýri fast norðan við þjóðveg.

Að minnsta kosti fimm samfallnar mógrafir sem liggja þétt saman eru á svæði sem er um 70x30 m að flatarmáli og snýr NNA-SSV. Grafirnar eru grónar í botninn og samfallnar. Stærð þeirra er 2-3 m á lengd, 1-2 m á breidd, og 0,2-0,5 m á dýpt. Ekki er útilokað að þessar grafir hafi tengst mógrafarsvæði 025.

Hættumat: engin hætta

SN-001:030 heimild um brunn

Í örnefnaskrá Ytri-Garða segir: "Hundatjörn var ofan við brunn. Hún þornaði upp í þurrkum og sást þá, að sandur var í botninum." Nákvæm staðsetning þessa brunns er óþekkt. Samkvæmt Svövu Guðmundsdóttur heimildamanni myndast Hundatjörn í miklum bleytum á flatlendinu neðan við Garðaholtið og bæjarstæðið, innan við sandbakkann ofan við fjöruna. Af hverju brunnur var settur niður neðan við Hundatjörn vissu ábúendur Ytri-Garða ekki og könnuðust ekki við brunn á þessu svæði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ytri Garðar SJ, 8.

SN-001:031 heimild túngarður

A: 303460 N: 485781

Á túnakorti Ytri-Garða frá 1916 er líklega túngarður meðfram norðanverðu heimatúni endilöngu um 100 m norðan við bæ 001. Á þessu svæði er í dag Snæfellsnesvegur 54, sléttuð tún og golfvöllur. Ekkert sést til fornleifa. Símon Sigurmonsson heimildamaður mundi ekki eftir túngarðsleifum á þessu svæði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1916

SN-002 Garðakot

"Garðakot. Það var gamalt býli, hjáleiga frá Ytri-Görðum [SN-001]. Þar mun hafa verið búið til 1894. Nú eru þar fjárhús frá Ytri-Görðum." Ö-Ytri-Garðar BJ, 2. "Garðakot var eyðibýli vestur á túninu. Ekkert vitað um búsetu." BS, 333. "[...] vesturhluti Ytri-Garðakotstúns hafi verið kallað Úttún, en sá hluti túnsins var Garðakotstún, en Garðakot var byggt til 1894 eða 5." Ö-Ytri-Garðar aths. BJ, 1.

SN-002:001 *Ytrigardakot* bæjarhóll bústaður

A: 303290 N: 485737


Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1714 segir m.a.: "Ytregardakot talinn og tíundaður annar helmíngur jarðarinnar. Er afdeildur bær innan túns; hefur hjer um 40 ár þessi bær verið. Ábúandinn á þessum helmíngi Magnús Jónsson. [...] Torfrista og stúnga og eldiviðartak er alt tekið í Syðrigarðalandi [SN-003] það lengst menn til minnst," Í örnefnaskrá Braga Jónssonar segir: "Garðakot. Það var gamalt býli, hjáleiga frá Ytri-Görðum. Þar mun hafa verið búið til 1894. Nú er þar fjárhús frá Ytri-Görðum [SN-001:003]." Samkvæmt Símoni Sigurmonssyni heimildamanni var Ytra-Garðakot á sama stað og úthús SN-001:003 stóðu áður og er því allt horfið undir yngri útihús eða sléttað í tún. Á þessu svæði eru gömul steinsteypt útihús sem nýtt eru sem íbúðarhús og skemma. Ekkert sést til fornleifa á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JÁM V, 121-122; Ö-Ytri-Garðar BJ, 2

SN-003 Syðri-Garðar

SN-003 Hofgarðar (Syðri-Garðar)



16 hdr. 1714. JÁM V, 122. Jarðarinnar er getið í Mállega Þórðar Sturlusonar fyrir rekum Helgafellsklasturs fyrir sunnan heiði frá um 1280, þar segir að Þórður Sturluson átti Syðri-Garða en sonur hans Böðvar hafi keypt Ytri-Garða [SN-001] af Kára Kárasyni. DI II, 164. Getið í samning Ásgríms ábóta á Helgafelli og frú Halldóru Þorvaldsdóttur um jarðirnar Hóla, Garða og Þæfustein frá 22. apríl 1364. DI VI, 17.

1714: "Sydregardar. Hjer hefur að fornu hálfkirkja eður bænhús [002] verið; sjest þar enn nú leif tóftarinnar, og heita þar nú Kirkjuhólar í túninu þar í kríng, en húsið er af fallið fyrir manna minni. Kallað að fornu Midgardar. Jarðardýrleiki 16 hdr. og so tíundast 4 tíundum. Eigandinn er prófastsekkjan Sigríður Hákonardóttir að Rauðamel ut supra, og hefur þessa jörð eignast að kaupí sínu sem segir um Ytrigarða; áður lá þessi jörð til Stapaumboðs. Ábúandinn Runólfur Illaugason. [...] Kvöð er mannlán árið um kríng á skipum landsdrottins, sem gánga hjer heima á verstöðinni [SN-004:005] á Akri [SN-004]. [...] Torfrista og stúnga og eldiviðartak nægilegt. Reiðing þarf út að kaupa." JÁM V, 122, 123.

1847: "Auk hjáleigna þeirra, sem hér eru nefndar, með leigumála eptir A.M., telur hann líka Harðavöll [007], Hofgarða [sama og Hof 016] og Hofakot [017]; en Harðivöllur og Hofgarðar eru 1805 sagðir eyddir af sandroki. Jb 1760 segir, að aðaljörðin áður hafi verið kölluð Miðgarðar, og er leigumáli á torfunni hér, eins og endrar nær, talin við aðaljörðina eptir þessari jarðabók." JJ, 141. Þann 9. janúar 1799 gerði mikið óveður, kennt við Básenda, og gekk sjór víða á land og olli miklum skaða. Staðarsveit var þar ekki undanskilin og urðu þar um 20 býli fyrir tjóni m.a. Syðri-Garðar. Ö-Álftavatn viðb. og leiðr. BG, 5.

"Áður var fjölbýlt í Görðum eins og í Tungupássinu og útræði, en nú eru þar aðeins tveir bæir: Hoftún [sjá einnig SN-006] á Ölduhrygg ofan Þjóðveggar, en það er nýbýli, stofnað úr landi Hofgarða [Syðri-Garða] árið 1930, og á land milli fjalls og fjöru, og Ytri-Garðar [SN-001] nokkru vestar, en þeir eiga land alveg út að Vatnsholtsá og einhvern besta trjáreka í allri sýslunni. [...] Skammt frá Hoftúnum neðan Þjóðveggarins eru rústir af eyðibýlinu Hofgörðum [Syðri-Görðum], en það er nú nytjað frá Hoftúnum. Frá því skömmu upp úr aldamótum og fram um 1930 bjó í Hofgörðum Jón G. Sigurðarson faðir Margrétar Jónsdóttur skáldkonu. Þegar hann kom þar, hét jörðin Syðri-Garðar [SN-003] með hjáleigunum Akri [SN-004], Garðabrekku [SN-005] og Háagarði [SN-006], en hjáleigurnar Hof [016] og Hofskot [017] voru þá löngu eyddar af sandi. Jón tók hið forna nafn og kallaði jörð sína Hofgarða, en hjáleigurnar lögðust af. Bragi sonur Jóns stofnaði nýbýli þar sem áður var Háigarður og kallaði Hoftún. ÁFÍ 1982, 40-41. "Jörðin er í miðsveit milli Kirkjuhóls [SN-007] og Ytri-Garða [SN-009]. Nær frá sjó til fjalls. Landið skiptist í mýrar, mela, vallendismóa og sandbakka nær sjó. Eyðibýlið Garðabrekka [SN-005] var á ölduhryggnum norðan Þjóðveggar [...]. Akur [SN-004] og Hof voru nær sjónum." BS, 331. "Fráfærum var hætt í Hofgörðum [Syðri-Görðum] 1922, og voru það síðustu fráfærum í Staðarsveit." Ö-Hofgarðar SJ, 6.

Túnakort 1916: Tún 9,4 ha. Slétt. Garðar 600 m². [Túnakort Hofgarðar sem er hjáleiga Syðri Garða]



Bæjarhóll Syðri-Garða SN-003:001, horft til norðausturs.

Bæjarhóllinn er um 50x30m að stærð og snýr norð-norðvestur og suð-suðaustur. Upphleðsla hans er um 1,5 - 2m á hæð og vestarlega á honum eru steypar byggingaleifar íbúðarhús sem þar stóð síðast. Kjallari hússins stendur ennþá og er gólfplata fyrstu hæðar enn yfir honum, hefur húsið verið um 8x8m að stærð. Tröppur liggja til austurs en framhlið hefur að öllum líkindum snúið til vest-suðvesturs. Nyrst á bæjarhólnum standa og einnig leifar af útihúsi sem hefur haft steypan grunn og er hluti þess enn undir þaki. Það er um 22x6m að stærð og snýr norð-norðvestur og suð-suðaustur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1916; Ö-Hoftún SJ, 1; Ö-Hofgarðar SJ, 1; Ö-Hofgarðar aths. og viðb. BJ, 1



Kirkjuhólar SN-003:002, horft til norðvesturs.

orðið slétt, en geta má þess, að kirkja var í Hofgördum [Syðri-Görðum] fram yfir 1500, skv. prestatali séra Sveins Nielssonar. Óvíst er, hvar hún stóð," segir í örnefnaskrá SJ. Nákvæm staðsetning Kirkjuhóla er óljós en þó mun örnefnið Kirkjuhólar eiga við svæði sem er til í landi Hofgarða um 325m suðaustur

Samkvæmt túnakorti sem er frá 1916 stóð bærinn við vesturmörk túnsins. "Húsið stendur á háum bala, sem er áframhald af Langholti (Ölduhrygg)," segir í örnefnaskrá Hoftúna SJ. "Húsið stendur á sléttlendi, sem er suður frá Ölduhrygg eða balanum, sem Hoftún stendur á," segir í örnefnaskrá Hofgarða SJ. "Húsið í Hofgördum er ekki lengur til. Það eru meira en 20 ár, síðan það var rífið," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá BJ. Bæjarhóllinn á Hofgördum er vestan þjóðveggar, við austurbakka Garðatjarnar og tæpa 200m suð-suðvestan við íbúðarhús Hoftúns byggt 1955. Bæjarhóllinn er í sléttuðu túni.

"Sydregardar. Hjer hefur að fornu hálfkirkja eður bænahús verið; sjest þar enn nú leif tóftarinnar, og heita þar nú Kirkjuhólar í túninu þar í kríng, en húsið er af fallið fyrir manna minni. Kallað að fornu Midgardar," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1714. "Hvenær hún hefur verið lögð niður, er óvíst. Það var hálfkirkja eða bænahús. Í Prestatali og prófasta kemur fram að kirkja hafi verið í Syðri-Görðum fram yfir 1600. "Sunnan við Teitsvöll [SN-003:010] er Brekkuvöllur. Nær hann frá Garðabrekkugötu [SN-003:011] og að Kirkjuhólsgötu [SN-003:013] og austur að Brekkulæk. Sunnarlega í honum var stór rúst, sem nefndir voru Kirkjuhólar. Þetta svæði eru nú allt

af bæjarhól 001, rúma 400m suð-suðaustur af íbúðarhúsi Hoftúns byggt 1955 og um 25m suðvestan við núverandi þjóðveg. Minjastaðurinn er í sléttuðu túni.

Kirkjuhólar hafa verið sléttaðir og sér ekkert til minja um nein mannvirki. Hafi kirkjan ekki staðið heima við bæ eins og venjan var, má vera að örnefnið gefi vísbendingu um hvar kirkjan hafi staðið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JÁM V, 122; PP, 146; Ö-Hofgarðar SJ, 2

SN-003:003 heimild kálgarður

A: 304358 N: 485307

Samkvæmt túnakorti frá 1916 var matjurtagarður 20 m vestan við bæjarhól 001 og 220m suð-suðvestan við íbúðarhús Hoftúns byggt 1955. Þýfð órækt milli sléttaðs túns og Garðatjarnar. Ekkert sér til minja og verður að teljast líklegt að hann hafi verið sléttaður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1916

SN-003:004 heimild útihús

A: 304390 N: 485337



Samkvæmt túnakorti frá 1916 var útihús norðaustan við bæjarhól 001 og 180m suð-suðvestan við íbúðarhús Hoftúns byggt 1955. Minjastaðurinn er í þýfðri órækt í jaðri sléttaðs túns. Ekkert sér til minja og verðu að teljast líklegt að hann hafi verið sléttaður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1916

Minjastaður SN-003:004, horft til suðvesturs.

SN-003:005 heimild heygarður

A: 304378 N: 485340

Samkvæmt túnakorti frá 1916 var heygarður 20m norðan við bæjarhól og 180m suð-suðvestan við íbúðarhús Hoftúns byggt 1955. Minjastaðurinn er í þýfðri órækt í jaðri sléttaðs túns. Ekkert sér til minja og verðu að teljast líklegt að hann hafi verið sléttaður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1916





Minjastaður SN-003:006, horft til suðurs.

Samkvæmt túnakorti frá 1916 var kálgarður 60m norðan við bæjarhól 001 og 150m suðvestan við íbúðarhús Hoftúns byggt 1955. Minjastaðurinn er í túni. Ekkert sér til minja og verður að teljast líklegt að hann hafi verið sléttaður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1916



Harðivöllur SN-003:007, horft til norðvesturs.

"Hardevöllur. Þriðja hjáleiga, byggð fyrir 60 árum. Nú í auðn síðan 1708," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1714. "Fyrir sunnan Pálsvöll og Akurgötu [SN-003:015] er Harðivöllur. Nær hann að Brekkulæk og suður að Söndunum (Melunum). Völlurinn var oft harðslægur, meðan notað var orf og ljár, [...] Í Harðavelli var samnefnt býli, og var það farið í eyði fyrir nokkru 1703. Rústir þess sjást glöggt ennþá," segir í örnefnaskrá SJ. Tóft með áföstum kálgarði eða aðhaldi er 290m sunnan við bæjarhól 001, um 470m sunnan við íbúðarhús á Hoftúnum byggðu 1955 og 270m vestan við núverandi þjóðveg. Hún hefur verið rétt utan við túnið eins og það er sýnt á túnakorti frá 1916. Tóftin er fremst á bakka í jaðri túns þétt ofan við bæjarlæk.

Tóftasvæðið er 30x26m að stærð og samanstendur af tóft og litlu aðhaldi sem er sambyggt tóftinni. Tóftin er 25x15m að stærð og snýr vestur austur. Hægt er að greina þrjú hólfr í tóftinni sem er mikið sandorpin og á kafi í grasi. Hólfrin liggja samsíða frá vestri til austurs og er vestasta hólfr 5x1m að innanmáli, miðhólfr er 5x5m að innanmáli og austasta hólfr 8x8m að innanmáli. Veggheðslur eru 30 - 100cm á hæð og þó ekki sjáist í grjóthleðslur finnst fyrir þeim og mun tóftin því vera hlaðin úr torfi og grjóti. Ekki var hægt að sjá greinilega uppsöfnun undir tóftinni. Sunnan við tóftina hallar landið til

suðurs og í brekku fast sunnan við tóftina er gerði sem er um 16x23m að stærð. Hleðslur gerðisins er ekki mjög gerðarlegt en þó er það um 1m á breidd og 20-70cm á hæð. Hugsanlega hefur það þjónað sem einhvers konar aðhald eða kálgarður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JÁM V, 124; Ö-Hofgarðar SJ, 2; Túnakort 1916

SN-003:008 *Gildruholt* heimild refagildra

A: 304407 N: 484945

"Hofgarðatún nær austur að Brekkulæk og suður að sjávarsöndunum og Gildruholti og vestur að garðinum og upp í brekkuna. Gildruholt er suður af Hofgarðatúni, sunnan og suðvestan Brekkulækjar. Þar er nú að verða töluvert tún, og var dálítið af því slegið næstliðið sumar. Nafn Gildruhólts er dregið af því, að þar voru hafðar refagildir áður fyrir," segir í örnefnaskrá SJ. Gildruholt er 370m sunnan við bæjarhól 001, um 560m sunnan við íbúðarhús Hoftúna byggt 1955 og 360 vestan við núverandi þjóðveg. Sendið holt með þunna gróðurhulu og vaxið grófu grasi. Ekki fundust neinar gildir á eða við holtið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hofgarðar SJ, 1

SN-003:009 *Háagarðsgata* gata leið

A: 304532 N: 485535



Vegur liggur nú á sama stað og Háagarðsgata SN-003:009, horft til norðurs.

"Vesturhluti túnsins er kölluð Kinn; nær hún austur að Háagarðsgötu, sem liggur upp túnið fyrir austan húsið. Háigarður [SN-006:001] var tæpum 100 metrum austur af Hoftúnum, enda Hoftún byggð í landi hans. Háagarðsgatan er eina gatan, sem enn er notuð" segir í örnefnaskrá. Háagarðsgatan liggur frá núverandi þjóðvegi, um 80m austan við íbúðarhús Hoftúna byggt 1955, til norðurs að túnum Hoftúna. Gatan liggur milli útihúsa og sléttaðs túns.

Leiðin lá á milli Háagarðs og Hofgarða og hefur sennilega verið 140-150 m á lengd. Neðan þjóðvegjar hefur gatan verið sléttuð undir tún en ofan þjóðvegjar er gatan er notuð sem akbraut fyrir vinnuvélar og er um 80 m á lengd.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hofgarðar SJ, 1



Garðlag SN-003:010, horft til vesturs

leiti svipuð og við þau er engin sýnileg pæla. Það liggur að og tengist merkjagarði á Kirkjuhóli SN-007:009. Hugsanlega eru þetta einhvers konar vörslugarðar eða að þetta séu leifar túngarðs frá Hofum SN-003b:016.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SN-003:011 *Garðabrekkugata* heimild leið

A: 304636 N: 485206

"Fyrir austan Háagarðsgötu [009] er stykki, sem Teitsvöllur heitir. Nær hann austur að Garðabrekkugötu," segir í örnefnaskrá. Garðabrekkugata hefur gatan heitið sem lá heim að Garðabrekku SN-005:001 frá Kirkjuhóli SN-007:001. Hún hefur að öllum líkindum legið á svipuðum slóðum og núverandi þjóðvegur, vestan Garðabrekkutjarnar og heim að bæjarhólum á Garðabrekku. Beggja vegna þjóðvegur hefur land verið sléttað og sér ekkert lengur til götunnar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hofgarðar SJ, 2

SN-003:012 *Spámannaleiði* örnefni legstaður

A: 304290 N: 485501



Spámannaleiði SN-003:012, horft til austurs

"Vestarlega í Kinninni og neðst eru þrjár aflangar þúfur í röð, liggja frá norðri til suðurs, og eru þær nefndar Spámannaleiði," segir í örnefnaskrá SJ. Spámannaleiðin eru rúma 200m norð-norðvestan við bæjarhól 001 og um 115m vestan við íbúðarhús Hoftúns byggt 1955. Minjastaðurinn er í landi sem notað er sem bithagi og eru þúfurnar að öllum líkindum náttúrulegar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hofgarðar SJ, 1

SN-003:013 *Kirkjuhólsgrata* grata leið

A: 305170 N: 484712


"Sunnan við Teitsvöll [010] er Brekkuvöllur. Nær hann frá Garðabrekkugötu [011] og að Kirkjuhólsgrötu og austur að Brekkulæk. [...] Kirkjuhólsgrata lá í suðaustur frá Hofgördum, þegar farið var að Kirkjuólí. Hún er nú ekki lengur til," segir í örnefnaskrá SJ, 2. Kirkjuhólsgrata er örugglega nafn á þjóðleiðinni á milli Hofgarða og Kirkjuhóls og hefur hún sennilega legið á svipuðum slóðum og sumarhúsabyggð sem nefnd er Gistiheimilið Hof er staðsett.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hofgarðar SJ, 2

SN-003:014 tóft óþekkt

A: 304911 N: 484726



Tóft SN-003:014, horft til austurs

Ógreinileg tóft er 860-870m suðvestan við íbúðarhús Hofftúna byggt 1955, 730m suðaustan við bæjarhól 001 og rúma 50m suðvestan við nyrðra garðlag 010. Tóftin er í sléttum og grösugum móa, þétt utan við Gisthúsið Hof.


Tóftin er 17x15m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Hún virðist vera einföld og hefur op til suðvesturs en annað hólf gæti hafa verið austast í tóftinni því þar er hólbunga sem liggur að tóftinni og mun að öllum líkindum hafa verið hluti af tóftinni. Það er líklegt að nokkur jarðvegsuppsöfnun hafi safnast að vegggleðslunum því þær eru um 5m á breidd og 80 - 100cm á hæð. Þær er mjög rúnaðar og grónar en suðaustast í þeim eru rofasár full af sandi. Ekkert hleðslugrjót sést í vegggleðslum.

Hættumat: hætta, vegna rasks

SN-003:015 *Akurgata* grata leið

"Fyrir neðan (sunnan) Brekkuvöll er Pálsvöllur. Takmarkast hann af Kirkjuhólsgrötu [013] og Akurgötu. [...] Akurgata liggur beint í suður frá Hofgördum, og var hún nefnd svo, að því hún lá niður að Akri [SN-004:001]. Hún er ekki lengur til," segir í örnefnaskrá SJ. Eins og segir í örnefnaskránni er Akurgata ekki lengur til sem er nokkuð merkilegt sökum þess að ekki virðast hafa verið gerðar neinar þær framkvæmdir á svæðinu sem valdið gætu hverfi hennar. Öll vitneskja um hana virðist vera gleymd.

Heimildir: Ö-Hofgarðar SJ, 2



Hof SN-003:016, horft til norðausturs

"Fyrir austan Brekkulæk tekur við sléttlendur grasbali. Er það kallað Hofin. Þar er mikið af fornum garðlögum og rústum. Þar eru tvö eyðibýli, Hof og Hofkot [017] sem er sunnar," segir í örnefnaskrá SJ. "Nokkrir bæir sem heita Garðar ásamt hjáleigum eru fyrir vestan Staðarstað [SN-014] um það bil í miðri sveit nálægt ströndinni. Skammt austar er eyðibýlið Hofgarðar [SN-003b:001], nefndir í Eyrbyggju, síðar voru reist þar tvö býli, Hof og Hofkot, en af þeim sjást nú tóftir einar. Í Eyrbyggju (30) er nefndur Helgi Hofgarðagoði, og talið er að þar megi sjá girðingar sem eiga að hafa verið í sambandi við hofið forna," segir í Íslenzkum sögustöðum eftir Kristian Kálund. Staðsetning býlisins Hofs er ekki örugg en tóft sem er 870m suð-suðaustan við íbúðarhús Hoftúna byggt 1955, um 730m suð-suðaustan við bæjarhól 001 og tæpa 130m norð-norðaustan við tóft 017 er hugsanlega bæjartóft Hofa.

Tóftin er í grösugum móa fast austan við Gistihúsið Hof. Hún er 22x21m að stærð, snýr suðvestur og norðaustur og er tvískipt. Vestara hólfið er 4x4m að innanmáli en eystra hólfið 3x2m að innanmáli og er op á því til suðausturs. Veggheðslur eru um 5m á breidd og um 1m á hæð. Þær eru mjög rúnaðar, grónar og ekki sjást neinar grjóthleðslur í þeim. Framan við tóftina að suðaustanverðu er upphlaðinn flati eða pallur og í austurhorni hans er þúst sem er 5x5m að stærð. Engin áberandi upphleðsla er undir tóftinni.

Hættumat: stórhætta, vegna rasks

Heimildir: Ö-Hofgarðar SJ, 2-3; KK II, 58




Hofkot SN-003:017, horft til norðurs

"Fyrir austan Brekkulæk tekur við sléttlendur grasbali. Er það kallað Hofin [016]. Þar er mikið af fornum garðlögum og rústum. Þar eru tvö eyðibýli, Hof [017] og Hofkot sem er sunnar," segir í örnefnaskrá SJ. "Nokkrir bæir sem heita Garðar ásamt hjáleigum eru fyrir vestan Staðarstað [SN-014] um það bil í miðri sveit nálægt ströndinni. Skammt austar er eyðibýlið Hofgarðar [SN-003b:001], nefndir í Eyrbyggju, síðar voru reist þar tvö býli, Hof [016] og Hofkot, en af þeim sjást nú tóftir einar. Í Eyrbyggju (30) er nefndur Helgi Hofgarðagoði, og talið er að þar megi sjá girðingar sem eiga að hafa verið í sambandi við hofið forna," segir í Íslenskum sögustöðum eftir Kristian Kálund. Staðsetning er óviss en tóft sem er 950m suð-suðaustan við íbúðarhús Hoftúna byggt 1955, 800m suð-suðaustan við bæjarhól 001 og um 125m suð-suðvestan við tóft 016 er mögulega tóft Hofkots.

Tóftin er syðst á lágum og algrónum klettaranum sem hefur stefnuna suðvestur og norðaustur. Tóftin er einföld, 7x6m að stærð og snýr svo til norður suður. Veggbleðslur eru orðnar nokkuð óljósar, signar og rúnaðar. Þær eru um 30cm á hæð en 1-2m á breidd. Ekki sjást neinar grjóthleðslur í henni. Horn af kletti er við suðausturhornið og þá virðist vera op á suðvesturhorninu.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hofgarðar SJ, 2-3; KK II, 58



Tóft SN-003:018, horft til suðvesturs

Tóft er 70-80m suður af Hofum 016, 60-70m suðvestur af tóft 014 og um 950m suð-suðaustur af íbúðarhúsi Hofþúns byggt 1955. Tóftin er í sléttum móa þétt utan við Gistihúsið Hof.

Tóftin er 8x8m að stærð og einföld. Almennt eru vegghleðslurnar um 30cm á hæð og um 1m á breidd en að suðaustanverðu eru þær nokkuð óljósar. Op er á henni til suðvesturs. Tóftin er á kafi í grasi og sjást engar grjóthleðslur í henni. Mögulega hefur tóftin þjónað sem útihús eða lítið aðhald frá Hofum 016 eða Hofkotum 017.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Þjófagjá SN-003:019, horft til norðurs

"Vid þann gamla þingstad Háu Hof edur Hofgarda [SN-003b:001] finnst eckert merkilegt; einasta hafa menn þar til skamms Tíma ordid varir vid leifar af gömlum Höggstöck; þar voru og uppgrafnir í þeirra manna minni sem nú lifa, í stærra lagi Lærleggir; einnig er þar skamt frá Klettarauf vid Sjóinn, köllud Þjófagjá, hvar þjófar voru hengdir, líka Tjörn [034], hvar Sakamönnum skal dreckt verið," segir í Frásögnum um fornaldarleifar. "Sunnan við túnið, austan til, er gjá, sem Þjófagjá heitir. Segja munnmæli, að þar hafi þjófar verið hengdir," segir í örnefnaskrá. Þjófagjá er tæpan 1km suð-suðaustan við íbúðarhús Hofþúns byggt 1955, 17m beint suður af bæjarhól Akurs SN-004:001 og 210-220m

suðvestur af tóft 018. Umhverfi minjastaðarins hlýtur að hafa breyst töluvert síðan síðast var hengt og mun Þjófagjá vera full af sandi og ófært að hengja þar nokkurn. Klettaskor niður við sjó og er fjaran sendin.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: FF, 312; Ö-Hofgarðar SJ, 3



Ummerki um samkomuhús SN-033:020, horft til norðurs

"Austast í landinu stóð samkomuhús sveitarinnar 1944 -69 (brann síðar)," segir í Byggðir Snæfellsness. Steypubrot eru í grassverði um 800 m suðaustan við bæjarhól 001 og um 920m suðaustan við íbúðarhús Hoftúna. Ætla má að það séu minjar eftir samkomuhúsið sem mun hafa staðið einhvers staðar á þessum slóðum.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: BS, 331



Mógrafir SN-003:021, horft til vesturs

smáþýfður. Ummerki eftir ristuna eru óljósar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hofgarðar SJ, 6; Ö-Hoftún SJ, 2

"Torf var víða rist, bæði í Álftavatnsflóa, austan við Móa og í Neðri-Bótum (sjá Hoftún) og þurrkvöllur stutt frá. Hin síðari ár tyrfdi Bragi með því blautu, og gafst það vel, því það rauf síður. Torfið þótti yfirleitt rótgott og seigt í sér. Síðast mun hann hafa rist torf um eða eftir 1940, bæði á hús og hey," segir í örnefnaskrá. Í örnefnaskrá Hoftúns segir enn fremur: "Fyrir ofan (norðan) túnið er grunnt vatn eða flóð, sem heitir Dammur eða Neðri-Bætur. Nú þær upp að fjárhúsum." Neðri-Bætur eru 260m norðan við bæjarhól 001 og 60m norðan við íbúðarhús Hoftúns byggt 1955. Svæðið er grösugt og umflotið vatni.

Svæðið er um 50x40m að stærð. Jarðvegur er opinn, blautur og




Fornistekkur SN-003:022, horft til norðurs

"Í Breiðholtum er stekkur, hér um bil um miðja holtanna, og er þar neðst rétt við mýrarjaðarinn. Er hann kallaður Pálsstekkur. Páll sá, er stekkurinn er kenndur við, bjó á Garðabrekku [SN-005] 1910 og eitthvað lengur og reisti sér þar beitarhús á rústum gamals stekks, sem nefndur var Fornistekkur. Svo voru þau rifin, en húsatóftin notuð sem stekkur af Garðabrekkubónda. Rústir hans sjást vel ennþá. Hætt mun hafa verið að nota stekkin í kringum 1918-1919," segir í örnefnaskrá SJ, 4. Fornistekkur er þétt sunnan við Breiðholt sem er lágt og langt og liggur frá vestri til austurs. Stekkurinn er 850-860m norðan við íbúðarhús Hoftúns byggt 1955, rúman 1km norðan við bæjarhól 001. Tóftin er í brekkurótum lágs og grasigróins holtarana í smápýfðu landi.

Tóftin er 18x13m að stærð og snýr norður suður. Hún er í raun tvær sambyggðar tóftir, sem hvor um sig hefur eitt hól. Nyrðri tóftin er að öllum líkindum stekkurinn sem nýttur var fram yfir aldamótin 1900 en syðri tóftin er sennilega beitarhúsin hans Páls. Vegghleðslur nyrðri tóftarinnar eru 30-80cm á hæð, hlaðnar úr torfi og grjóti og eru 1-2m á breidd. Tóftin er niðurgrafin í hól sem ber merki uppsöfnunar og gæti upphleðsla hans verið um 1m. Innrabyrði er skarpt en ytrabyrði ávalt. Grjóthleðslur signar en eru 2-3 umför. Vegghleðslur syðri tóftarinnar eru mjög signar og hlaupnar í þúfur, þær eru 30-50cm á hæð og um 1,5m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hofgarðar SJ, 4




Tóft SN-003:023, horft til norðausturs. Á teikningunni sjást tóftir SN-003:023 og SN-003:024

"Austar með fjallinu eru rústir. Þær eru kallaðar Sel," segir í örnefnaskrá SJ. Sel virðist vera rústasvæði sem er tæplega 20x20m að stærð og innan þess eru tvær tóftir sem fá númerin 023 og 024. Skammt sunnar og neðar er annað rústasvæði sem kallast Skógarhús 032. Seltóft 023 er 2,8km norð-norðvestan við bæjarhól, 6m norðvestan við tóft 024 og tæpa 20m norðan við Skógarhúsatóft 032. Rústasvæðið er í lyngi vöxnum móa við fjallsrætur.

Tóftin er einföld, 9x6m að stærð og snýr norðaustur suðvestur. Vegghleðslurnar sem eru úr torfi og grjóti eru 60-80cm á hæð og 1,5 - 2m á breidd. Þær eru orðnar mikið rúnnaðar og signar en vel grónar grasi og mosa þannig að umför verða ekki talin. Tóftin er lítið sem ekkert niðurgráfin en er byggð upp að stóru klofnu bjargi sem myndar norðausturhlið þess og virðist sem opið á tóftinni hafi legið um sprunguna á bjarginu. Sprungan er um 80cm að breidd og vottar þar enn fyrir fyrirhleðslu. Suðvestan við tóftina er þúst sem er 6x6m að stærð.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Hofgarðar SJ, 5



Tóft SN-003:024, horft til suðvesturs

"Austar með fjallinu eru rústir. Þær eru kallaðar Sel," segir í örnefnaskrá SJ. Sel virðist vera rústasvæði sem er tæplega 20x20m að stærð og innan þess eru tvær tóftir sem fá númerin 023 og 024. Skammt sunnar og neðar er annað rústasvæði sem kallast Skógarhús 032. Seltóft 024 er 2,8km norð-norðvestan við bæjarhól, 6m suðaustan við tóft 023 og 12m norðaustan við Skógarhúsatóft 032. Tóftin er að öllum líkindum af beitarhúsi og þá hugsanlega yngri en Selið. Það er þó erfitt að segja nokkuð um það með vissu.

Rústasvæðið er í lyngi vöxnum móa við fjallsrætur. Tóftin er tvískipt, um 13x6m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Vegghleðslurnar sem eru úr

torfi og grjóti eru byggðar uppá bjargi sem myndar að hluta til norðvesturhlið tóftarinnar en annars eru

vegghleðslurnar 50-60cm á hæð og um 1,5m á breidd. Þær eru vel grónar grasi og mosa og því er ekki hægt að telja umför í þeim. Tóftin skiptist í fjárhús sem er 5x3,5m að innanmáli og hlöðu sem er 4x2m að innanmáli. Garði liggur eftir endilöngu fjárhúsinu sem er um 30cm á hæð. Vegghleðslur fjárhússins virðast signari en hlöðunnar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hofgarðar SJ, 5

SN-003:025 garðlag óþekkt

A: 304197 N: 485534



Garðlag SN-003:025, horft til SSV


Hofgarðatjarnar til norð-norðausturs að austurenda Höldavatns. Það er rofið á um það bil 35m löngum kafla þar sem núverandi þjóðvegur liggur í gegnum það. Norðan þjóðvegur liggur garðlegið um nokkuð þýfða mýri, um 1m á breidd og 30-40cm á hæð. Sunnan þjóðvegur er það tvöfalt á um 50m löngum kafla og á kafi í miklu grasi og þýfi. Garðlögin liggja alveg samsíða en kannski tæpur metri á milli þeirra. Norðvesturgarðurinn virðist örlítið gerðarlegri en sá austari. Hann er 50-60cm á hæð og um 1,5m á breidd meðan sá vestari virðist vera 40-50cm á hæð og um 1m á breidd. Ekkert hleðslugrjót sést í þeim. Garðlagið er of langt frá bæ til að vera túngirðing og því hlýtur að vera garðlagið að hafa verið eihvers konar hagagirðing eða vörslugarður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hofgarðar SJ, 1; Ö-Hoftún SJ, 1

"Hofgarðatún nær austur að Brekkulæk og suður að sjávarsöndum og Gildruholti [SN-003:008] og vestur að garðinum og upp í brekkuna," segir í örnefnaskrá Hofgarða. "Fyrir vestan húsið nær túnið vestur að garði, er liggur ofan við tjörn, sem er fyrir vestan Hofgarða, og upp að vatni, sem heitir Höldavatn, segir í örnefnaskrá Hoftúna. Garðlag liggur frá suðausturenda Höldavatns og að norðvesturhlíð Hofgarðatjarnar. Það er 200m norðvestan við íbúðarhús Hoftúns byggt 1955 og 260m norðvestan við bæjarhól 001. Garðlagið liggur um frekar grösugt landsvæði.

Garðlagið er um 230m langt og liggur frá norðvesturhlíð



Fjárskýli SN-003:026, horft til suðausturs

Tóft sem vegna stærðar sinnar og lögunar er að öllum líkindum fjárskýli eða rétt er 2,75km norð-norðvestan við bæjarhól 001 og 140m austan við Sel-tóft 024.

Tóftin er fremst á bakka undir brekkurótum í lyngvöxnu mólendi. Hún er einföld, svo til hringlaga og er 12x11m að stærð. Hún er 4x5m að innanmáli og hefur op til suðurs. Vegghleðslur eru mjög þykkar eða allt frá 3-4m að breidd. Vegghleðslurnar eru dálítið óvenjulegar því það er eins og neðri og innri hluti þeirra sé úr torfi og grjóti en að ytra hluti þeirra sé eingöngu úr grjóti. Kannski er gjrðhleðslan seinni tíma viðbót. Það hefur töluvert hrúnið úr vegghleðslum en í þeim má telja 4-5 umför. Innra byrði þeirra er 80-100cm að hæð en ytra byrði 120-130cm að hæð og er grjótið í meðallagi stórt.

Hættumat: engin hætta



Mógrafir SN-003:027, horft til norðurs

Mógrafir eru fast norðan við Breiðholt, langt holt sem liggur frá norðri til suðurs. Þær eru 1,1km norðan við íbúðarhús Hoftúna byggt 1955, 50m suðvestan við mógrafir 031 og 360m norðan við mógrafir 054.

Mógrafirnar eru í flatlendri mýri. Mógrafarsvæðið er um 130x60m að stærð og snýr norður suður. Mógrafirnar eru af öllum stærðum og gerðum, sumar grunnar, aðrar djúpar, sumar alveg ferhyrindar en aðrar óreglulegar. Þær eiga það þó allar sameiginlegt að vera fullar af vatni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hofgarðar SJ, 5-6

SN-003:028 heimild stekkur

A: 304958 N: 485858



Áætluð staðsetning stekkjars SN-003:028, horft til suðurs

"Stekkjárústir sjást nú ekki lengur nema Pálsstekkur [022] . Þegar Bragi [heimildamaður örnefnaskrár] var að alast upp á Hofgörðum, var gamall stekkur rétt fyrir sunnan og neðan Álftavatn, en sést ekki lengur. Orðinn að túni," segir í örnefnaskrá SJ. Staðsetning er óljós en stekkurinn mun hafa verið á svæði sem er 650m norðaustan við íbúðarhús Hofúna byggt 1955 og um 160m sunnan Álftavatns. Minjasvæðið hefur verið sléttað. Búið er að slétta allt svæðið og sér ekkert til minja.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hofgarðar SJ, 6

SN-003:029 Smáholt náma mógrafir

A: 305324 N: 485833



Mógrafir SN-003:029, horft til suðurs

"Mór var víða tekinn, t.d. í Álftavatnsflóa vestast og í mýrarsundum í Smáholtum, og um tíma við Fagurhól. Hann var þurrkaður á holtum skammt frá upptökustað. Hann þótti yfirleitt góður og hitamikill, eftir því hvar tekið var upp. Þótti hann sérstaklega góður í Smáholtum. Af honum voru 2-4 stungur niður. Mórinn var að mestu þrotinn, þegar hætt var við upptekt á mó. Mikið mótak og gott var upp undir fjalli, en þótti of langt frá og ekki vagnvegur þangað," segir í örnefnaskrá SJ. Mógryfjusvæðið er í Smáholtum rúman 1km norðaustan við bæjarhól 001 og 240m sunnan við Álftavatn.

Minjastaðurinn er í blautri mýri milli smárra holta. Mógrafirnar eru á

sporöskjulaga svæði sem er ríflega 60x30m og snýr vest-suðvestur og aust-suðaustur. Þær eru mjög mis djúpar og stórar en allar fullar af vatni.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hofgarðar SJ, 6

SN-003:030 *Álftavatnsflói* náma mógrafir



Náma SN-003:030, horft til SSV.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hofgarðar SJ, 6

SN-003:031 náma mógrafir



Mógrafir SN-003:031, horft til suðurs

A: 304879 N: 486219

"Torf var víða rist, bæði í Álftavatnsflóa, austan við Móa [sjá 029] og í Neðri-Bótum [021] og Þurrkvöllur stutt frá. [...] Torfið þótti yfirleitt rötgott og seigt í sér. Síðast mun hann hafa rist torf um eða eftir 1940, bæði á hús og hey," segir í örnefnaskrá SJ. . Í Álftavatnsflóa sjást ekki ummerki um torfristu en þar eru mógrafir fast norðvestur af Álftavatni, um 940m norðaustur af bæjarhól 001 og 470m aust-suðaustur af Fornastekk 022.

Minjasvæðið er mjög blautt svæði sem liggur að litlu vatni. Mógrafasvæðið er 270x150m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Mógrafirnar sem voru skoðaðar voru margar hverjar nokkuð grunnar og óreglulegar. Allar fullar af vatni.


A: 303938 N: 486654

Mógrafarsvæði er norðvestan við Breiðholt, um 1,2km norðvestan við íbúðarhús Hoftúna byggt 1955, 50m norðvestan við mógrafarsvæði 027. Minjasvæðið er í vatnsmikilli og flatrí mýri.

Mógrafarsvæðið er 140x70m að stærð og snýr norður suður. Mógrafirnar eru mjög misjafnar að stærð og lögun og dýpt en eru allar fullar af vatni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hofgarðar aths. og viðb. BJ, 1



Tóft SN-003:032, horft til norðurs. Á teikningu eru tóftir SN-003:032-035

"Milli þeirra [Dalaköst] og hlíðarinnar er dálítill slétta. Nokkru neðar en selrústirnar [023 og 024] gömlu eru var stuttu fyrir næstliðin aldamót byggt beitarhús, sem síðar var rífið. Sjást rústir þess glögg ennþá og eru nefndar Skógarhúsústir, en í Skógum var sauðfjarbeit ágæt að vetri til," segir í örnefnaskrá SJ, 5. Skógarhúsústir er rústasvæði sem er 50x50m að stærð og samanstendur af fjórum tóftum 032, 033, 034 og 035. Tóft 032 er 2,75km norð-norðvestur af bæjarhól 001, 12m suðvestur af tóft 024 og 7m norðan við tóft 033.

Rústasvæðið er efst á stórum hól í lyngi vöxnum móa við fjallsrætur. Tóftin er 15x10m að stærð og snýr svo til í austur og vestur. Hún hefur 4 hólf en síðan er óljóst veggbrót vestast sem myndar fimmta hólflið. Vegghleðslur eru úr torfi og grjóti, nokkuð signar en vel grónar og í þeim má telja 3-4 umför. Þær eru 50-80cm á hæð og um 2m á breidd. Hún hefur fjögur op og þar af snúa þrjú þeirra til suðurs.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Hofgarðar SJ, 5



Tóft SN-003:033, horft til suðurs

"Milli þeirra [Dalaköst] og hlíðarinnar er dálítill slétta. Nokkru neðar en selrústirnar [023 og 024] gömlu eru var stuttu fyrir næstliðin aldamót byggt beitarhús, sem síðar var rífið. Sjást rústir þess glögg ennþá og eru nefndar Skógarhúsústir, en í Skógum var sauðfjarbeit ágæt að vetri til," segir í örnefnaskrá SJ, 5. Skógarhúsústir er rústasvæði sem er 50x50m að stærð og samanstendur af fjórum tóftum 032, 033, 034 og 035. Tóft 033 er 2,75km norð-norðvestur af bæjarhól 001, 2-3m vestan við tóft 034 og 22m vestan við tóft 035. Rústasvæðið er efst á stórum hól í lyngi vöxnum móa við fjallsrætur.

Tóftin er einföld, 11x4m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur.

Tóftin er að öllum líkindum niðurgrafin og eru vegghleðslur úr torfi og grjóti. Þær eru þó töluvert signar

og hefur auturhliðin látið mikið á sjá en norðurgaflinn stendur best. Hleðsluhæð innrabyrðis er 80-100cm en hleðsluhæð ytrabyrðis 30-40cm. Telja má 4-5 umför og er grjótið meðalstórt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hofgarðar SJ, 5

SN-003:034 Skógarhús tóft beitarhús

A: 303524 N: 487964



Tóft SN-003:034, horft til norðurs

hólfa en svo eru einnig op á báðum göflum hennar. Tóftin er að öllum líkindum niðurgrafin og er hleðsluhæð ytrabyrðis um um 50cm en innrabyrðis um 80cm. Hún er frábrugðin hinum tóftunum að því leyti að í henni sjást engar greinilegar grjóthleðslur. Veggheðslurnar eru signar og rúnaðar en vel grónar grasi og mosa.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hofgarðar SJ, 5

SN-003:035 Skógarhús tóft beitarhús

A: 303524 N: 487964



Tóft SN-003:035, horft til norðausturs

súðaustur. Veggheðslur eru breiðar og rúnaðar og sést í þeim hleðslugrjóti en þær eru vel grónar og verða umför ekki talin. Hleðsluhæð ytrabyrðis er um 60cm en innrabyrði er um 1m og því er tóftin að

"Milli þeirra [Dalaköst] og hlíðarinnar er dálítill slétta. Nokkru neðar en selrústirnar [023 og 024] gömlu eru var stuttu fyrir næstliðin aldamót byggt beitarhús, sem síðar var rífið. Sjást rústir þess glögg ennþá og eru nefndar Skógarhúsrústir, en í Skógum var sauðfjarbeit ágæt að vetri til," segir í örnefnaskrá SJ, 5. Skógarhúsrústir er rústasvæði sem er 50x50m að stærð og samanstendur af fjórum tóftum 032, 033, 034 og 035. Tóft 034 er 2,75km norð-norðvestur af bæjarhól 001, 3-4m austan við tóft 033 og 5m vestan við tóft 035.

Rústasvæðið er efst á stórum hól í lyngi vöxnum móa við fjallsrætur. Tóftin er 9x7m að stærð og snýr norður og suður. Hún er tvískipt og er ógreinilegt op á milli

"Milli þeirra [Dalaköst] og hlíðarinnar er dálítill slétta. Nokkru neðar en selrústirnar [023 og 024] gömlu eru var stuttu fyrir næstliðin aldamót byggt beitarhús, sem síðar var rífið. Sjást rústir þess glögg ennþá og eru nefndar Skógarhúsrústir, en í Skógum var sauðfjarbeit ágæt að vetri til," segir í örnefnaskrá SJ, 5. Skógarhúsrústir er rústasvæði sem er 50x50m að stærð og samanstendur af fjórum tóftum 032, 033, 034 og 035. Tóft 034 er 2,75km norð-norðvestur af bæjarhól 001, 24m sunnan við tóft 024, 12m súðaustan við tóft 032 og 5m vestan við tóft 034.

Rústasvæðið er efst á stórum hól í lyngi vöxnum móa við fjallsrætur. Tóftin er einföld, 10x7m að stærð og snýr norðvestur

öllum líkindum að einhverju leiti niðurgráfin.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hofgarðar SJ, 5

SN-003:036 garðlag óþekkt

A: 305020 N: 484998



Garðlag SN-003:036. Til myndinni til vinstri er horft til suðausturs en til hægri er loftmynd af garðlaginu

Garðlag er 800m suðaustan við íbúðarhús Hoftúna byggt 1955, tæpa 150m norðaustan við nyrðri hluta garðlags 010 og 90m austan við garðlag 037. Mögulega hafa þessar minjar tilheyrð Hofunum svokölluðu en það er þó óvíst og óþekkt skráningarmanni.

Garðlögin liggja um grösugt land, milli tveggja tjarna, sem hefur að hluta verið sléttað. Garðlögin eru orðin mjög óljós og lítur helst út fyrir að landið hafi verið plægt en garðlögin virðast afmarka svæði sem er 110x60m að stærð. Það snýr norðaustur suðvestur og liggur milli tveggja tjarna sem afmarka svæðið til norðvesturs og suðausturs. Nyrst er garðlag sem er 45m langt og liggur það beint og þvert yfir landið á milli tjarnanna. Það liggur frá norðvestri til suðausturs. Það er 1,5m á breidd og 50-60cm á hæð, grasivaxið og rúnað og sást engar grjóthleðslur í því. Annað garðlag, sem er 105m suðvestar og er um 40m langt, liggur í boga frá eystri tjörninni til vesturs. Það virðist mjög svipað og það garðlag sem lýst var hér að ofan. Á loftmynd sést þó að þetta garðlag hefur verið mun lengra eða nær því að vera 100m langt og hefur legið í boga til suðvesturs að vestari tjörninni. Á loftmyndinni má enn fremur sjá að tóft hefur verið milli þessara garðlaga en hún sést ekki á vettvangi. Hún virðist hafa verið 11x11m að stærð og alveg ferhyrind. Milli garðlaganna tveggja vottar fyrir þriðja garðlaginu sem liggur þá samsíða eystri tjörninni. Það er mun ógreinilegra, einungis um 20cm á hæð og um 1m á breidd. Afmörkuð svæði eins og þessi hafa sumstaðar verið kölluð gerði en hlutverk þeirra óþekkt. Ekki er hægt að segja til um hvort garðlögin hafi átt að halda skepnum inná svæðinu eða utan við það.

Hættumat: stórhætta, vegna jarðræktar



Garðlag SN:003:037, horft í NNA.

Garðlag er rúma 700m suðaustan við íbúðarhús Hofnúna byggt 1955, rúma 100m vestan við syðra garðlag 036 og fast norðan við núverandi þjóðveg. Tilgangur garðlagsins er óþekktur en út frá gerð þess hefur það hugsanlega verið áveitugarður.

Minjastaðurinn er í túni sem hefur verið plægt ásamt garðinum. Garðlagið er uppmjótt, um 1m á breidd og 30-40cm á hæð. Það er mikið til hlaupið í þúfur og líkist helst áveitugarði. Það er um 9m að lengd en á loftmynd sést að það hefur allavega verið um 40m lang og því er stærstur hluti þess horfinn undir tún.


Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SN-003:038 Hofakot annað heimild býli

"Fimmta hjáleiga. Bygð fyrir meir en 60 árum. Dýrleikinn áður talinn í heimajörðinni. Eigandinn sami," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1714. Staðsetning óþekkt. Ekki var hægt að afla ítarlegri heimilda um þetta býli og því var ekki hægt að staðsetja það með innan við 50 m skekkju. Hugsanlega hefur það verið í námunda við Hof 016 og Hofkot 017 þó að ómögulegt sé um það að segja.

Heimildir: JÁM V, 125

SN-003:039 þúst útihús



Þúst SN-003:039, horft til norðurs

Samkvæmt túnakorti frá 1916 var útihús um 260m sunnan við bæjarhól 001. Þúst er um 220m sunnan við bæjarhólinn og mun hún eiga við umrætt útihús. Þústin er einnig tæpa 50m norðan við tóft 007.


Minjastaðurinn er í jaðri sléttads túns. Þústin er 20x20m að stærð en austan við miðju hennar er ferhyrnd dæld sem er 6x4m að stærð og um 20cm djúp, snýr hún norður og suður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1916

SN-003:040 tóft óþekkt

A: 304343 N: 485175



Tóft SN-003:040, horft til norðvesturs

Tóft er beint suður af suðausturenda Garðatjarnar, tæpa 150m suð-suðvestan við bæjarhól 001 og um 100m norð-norðvestan við tóft 039.


Tóftin er í túnjaðri og nærri bökkum Garðatjarnar. Tóftin er einföld, 10x7m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Hún hefur op til norðvesturs og eru veggheðslur þykkar og rúnaðar, um 2,5m á breidd og 30-80cm á hæð. Ytra byrði er hærra en innra byrði. Engar grjóthleðslur sjást í veggheðslunum sem eru á kafi í grasi en rof sem byrjað er að gróa aftur hefur skemmt norðvesturhornið á tóftinni. Tveimur metrum framan, eða suðvestan, við tóftina eru tveir veggstubbar sem eru 30-50cm á hæð og um 2m á breidd. Þeir liggja svo til í beinu framhaldi af veggjum tóftarinnar. Ekki er hægt að segja til um það hvort þeir hafi verið hluti af þeim veggjum eða haft aðra virkni. Alls er tóftarsvæðið 19x8m að stærð. Hugsanlega er þetta tóft af útihúsi en hún all nærri bökkum Hofgarðatjarnar og snýr opi sínu niður að tjörninni. Mögulega hefur hún því haft einhverja nýtingu út frá vinnu sem unnin var við tjörnina.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SN-003:041 heimild

"[...] áður en túnið var sléttað í Hofgördum, var fyrir vestan Brekkulæk nokkuð neðarlega löng rúst, sem vel sást votta fyrir, og taldi dr. Finnur Jónsson, sem hér var á ferð 1913 um sumarið, að þetta gæti verið hofsrústin í Hofgördum, en aldrei var grafið neitt þarna. Nú er þetta slétt tún, [...]. Sannleikurinn er sá, að enginn veit, hvar hofið hefir verið, og er það og verður víst hulið," segir í örnefnaskrá aths. og viðb. BJ. "Nokkrir bæir sem heita Garðar ásamt hjáleigum eru fyrir vestan Staðarstað [SN-014] um það bil í miðri sveit nálægt ströndinni. Skammt austar er eyðibýlið Hofgarðar,[001] nefndir í Eyrbyggju, síðar voru reist þar tvö býli, Hof [017] og Hofkot [018], en af þeim sjást nú tóftir einar. Í Eyrbyggju (30) er nefndur Helgi Hofgarðagoði, og talið er að þar megi sjá girðingar [035] sem eiga að hafa verið í sambandi við hofið forna," segir í Íslenskum sögustöðum eftir Kristian Kálund. Ekki er vitað hvar þessi meint hoftóft var og ekki reyndist unnt að staðsetja hana með innan við 50 m skekkju.

Heimildir: Ö-Hofgarðar aths. og viðb. BJ, 1; KK II, 58



Varða SN-003:042, horft til norðurs.

Varða er rúma 760 m norðaustur af Torfvatni, tæpa 2,4 km norð-norðvestur af bæjarhól Hofgarða 001 og 2,2 km norð-norðvestur af íbúðarhúsi Hoftúna byggt 1955. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var hlaðin en hún gæti verið á leið frá Hofgörðum og að Seli (023 og 024) og Skógarhúsum (032-034).

Varðan er á grýttu holti sem er í nokkuð blautu landi. Varðan sem er um 2x2 m að stærð, hefur verið hrúað upp og er hún um 60 cm á hæð og áætla að hún sé um 3-4 umför. Umhverfis vörðuna er gróðurkragi en einnig liggur frá henni 2 m löng jarðlæg grjóthleðsla til suðurs sem gæti gefið til kynna að þar hafi einhver reynt að reisa sér skjólvegg. Hugsanlega er því lítið smalabyrgi upp við vörðuna. Allur minjastaðurinn er því um 4x2 m að stærð og snýr hann norður suður.

Hættumat: engin hætta



Garðlag SN-003:043, horft til suðausturs

Garðlag er um 80m vestan við íbúðarhús Hoftúna byggt 1955 og tæpa 240m norðan við bæjarhól Hofgarða 001.

Minjastaðurinn er í grasigrónum bithaga í mýrar jaðri. Garðlagið er um 55m langt og liggur frá suðaustri til norðvesturs. Það er um 2,5m á breidd og 30-40 cm á hæð. Það er vel gróið grasi og vottar ekki fyrir grjóthleðslu en eftir því liggur troðin gata. Hugsanlega er hér um vörslugarð að ræða en erfitt er að geta sér til um hlutverk garðsins út frá satssetningu og skýrist það að hluta vegna mikilla umhverfisbreytinga sem hafa átt sér stað á þessu svæði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SN-003:044 náma mógrafir

A: 303216 N: 487472



Mógrafir SN-003:044, horft til suðurs

Mógrafir eru 155 m vestan við vörðu 042 og 2,4 km norð-norðvestan við bæjarhól 001. Minjastaðurinn er í votlendu mýrlendi. Mógrafarsvæðið er 60x12 m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Mógrafirnar eru fullar af vatni og flestar ferhyrðar með skarpar brúnir.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SN-003:045 heimild aftökustaður

Í Frásögum um fornaldarleifar segir: "[...] einnig er þar skamt frá Klettarauf við Sjóinn, köllud Þjófagjá [019], hvar Þjófar voru hengdir, líka Tjörn, hvar Sakamönnum skal drekt verið."

Minjastaðurinn er niður við sjó. Tjörn sú sem hér er vísað til mun hafa verið niður við sjó eins og Þjófagjá 019 en þar við eða nærri finnst engin tjörn. Þjófagjá er öll full af sandi og ber hún því vott um miklar breytingar á umhverfinu á þessu svæði. Annar áhrifavaldur er svo landbrotið sem er nokkuð virkt á þessum slóðum.

Heimildir: FF, 312

SN-003:046 náma mógrafir

A: 305129 N: 485256



Mógrafir SN-003:046, horft til suðurs

Mógrafir eru rúma 760m aust-suðaustan við íbúðarhús Hoftúna, byggt 1955, og tæpa 760m austan við bæjarhól Hofgarða 001.

Mógrafirnar eru í nokkuð flötu landi fast sunnan við framræsluskurð og sléttuð tún. Mógrafarsvæðið er um 150x30m að stærð og snýr það norðaustur og suðvestur. Mógrafirnar eru nokkuð misjafnar, sumar grunnar en aðrar djúpar og fullar af vatni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SN-003:047 mannabein legstaður

Í Frásögum um fornaldarleifar frá 1817-1823 segir: "Vid þann gamla þingstad Háu Hof edur Hofgarda [SN-003b] finns eckert merkilegt; einasta hafa menn þar til skamms Tíma ordid varir vid leifar af gömlum Höggstöck; þar voru og uppgrafnir í þeirra manna minni, sem nú lifa, í stærra lagi Lærleggir." Ekki er staðsetning þessara beinafunda lengur þekkt en þeir benda til þess að þar hafi meintir sakamenn verið grafnir og þá sennilega þeir sem teknir voru af lífi á höggstokknum.

Heimildir: FF, 312

SN-003:048 náma mógrafir

A: 305116 N: 485984



Mógrafir SN-003:048, horft til suðvesturs

Mógrafasvæði er við syðri bakka Álftavatns, rúma 860m norðaustan við íbúðarhús Hofgarða sem er reist 1955 og tæpa 350 m suðaustan við mógrafasvæði 030 sem er við nyrðri bakka Álftavatns.

Mógrafasvæðið er í blautri mýri sem liggur að Álftavatni. Mógrafasvæðið er 45x35m að stærð og liggur svo til vestur-austur. Mógrafirnar eru djúpar og fullar af vatni en sumar hafa verið fylltar með rusli.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SN-003:049 náma mógrafir

A: 304508 N: 486100




Mógrafir SN-003:049, horft til austurs.

Mógrafarsvæði er miðja vegu milli Höldavatns og Álftavatns tæpa 580m norðan íbúðarhúss Hoftúna, byggt 1955, og um 150m suðaustan við mógrafarsvæði 052.

Mógrafirnar eru í mýrlendri grunnri kvos. Mógrafarsvæðið er um 105x70m að stærð og snýr svo til vestur austur. Mógrafirnar eru sumar hverjar með nokkuð óreglulega kanta og frekar grunnar, eða um 50-70cm. Þær eru grónar og fullar af vatni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Tóft SN-003:050, horft til austurs. Á teikningunni eru tóftir SN-003:050 og SN-003:051

Tóft er um 770m suðaustan við íbúðarhús Hoftúna, byggt 1955, um 750m aust-suðaustur af bæjarhól 001 og um 11m suðaustan við tóft 051.

Tóftin er upp við klettholt í mýrlendu landi. Tóftin er tvískipt, 7x5 m að stærð og snýr svo til austur vestur. Vegghleðslur eru um 1,5 m á breidd og 30-40 cm á hæð og er ekki hægt að greina neitt grjót í þeim. Op er á milli hólfra og svo virðist vera op á tóftinni til suðausturs. Tóftin er grösug og byggð upp að grösugu klettholti í nokkuð blautu landi. Hugsanlega má gera ráð fyrir því út frá stærð og staðsetningu að um heystæði sé að ræða.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Tóft SN-003:051, horft til suðausturs

Tóft er um 750m suðaustan við íbúðarhús Hoftúna, byggt 1955, um 740m aust-suðaustur af bæjarhól 001 og um 11m norðvestan við tóft 050.

Tóftin er upp við klettholt í mýrlendu landi. Tóftin er byggð upp í brekku sem myndar janframt norðausturgöfl tóftarinnar. Hún einföld, hefur op til suðurs og er 6x6m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Vegghleðslur sem eru úr torfti og grjóti eru 1,5 - 2 m á breidd og er ytrabyrði þeirra 30-40 cm á hæð en innra byrði um 20 cm á hæð. Helst má gera ráð fyrir því út frá stærð og staðsetningu að um heystæði sé að ræða.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SN-003:052 náma mógrafir

A: 304349 N: 486152



Mógrafir SN-003:052, horft til suðurs

Mógrafarsvæði sunnan Breiðholts er um 170 m beint norður af bæjarhól 001 og rúma 170 m norðvestan við mógrafarsvæði 049.

Minjastaðurinn er í blautu mýrarsvæði. Mógrafarsvæðið er um 115x40 m að stærð og snýr suðvestur og norðaustur. Útlit mógrafanna er misjafnt, hafa sumar mógrafirnar mjög skarpar brúnir meðan aðrar eru nokkuð óreglulegar. Þær eru mis djúpar en allar fullar af vatni.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

SN-003:053 náma mógrafir

A: 304257 N: 486116



Mógrafir SN-003:053, horft til suðausturs

Mógrafarsvæði er miðjavegu milli Höldavatns og Breiðholts, tæpa 800 m norðan við bæjarhól 001 og 90 m vest-suðvestan við mógrafir 052.

Minjastaðurinn er í blautu mýrlendi. Mógrafarsvæðið er 130x50 m að stærð og snýr vestur austur. Mógrafirnar eru margar frekar grunnar en allar fullar af vatni. Sumar eru kanntaðar og hafa skarpar brúnir meðan aðrar eru óreglulegri.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

SN-003:054 náma mógrafir

A: 304114 N: 486208



Mógrafir SN-003:054, horft til norðausturs

Mógrafarsvæði er sunnan Breiðholts og um 250m norðan Höldavatns, rúma 900 m norðan við bæjarhól 001 og um 160m norðvestan við mógrafir 053.

Minjastaðurinn er í blautu mýrlendi. Mógrafarsvæðið er 80x30 m að stærð og snýr norður suður. Mógrafirnar eru margar frekar grunnar en allar fullar af vatni. Sumar eru kantaðar og hafa skarpar brúnir meðan aðrar eru óreglulegri.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

SN-003:055 Torfvatn náma rista

A: 302805 N: 486998



Fyrir norðan austurenda Torfvatns er torfvöllur eða ummerki eftir torfristu. Hann er 2,2 km norðvestan við íbúðarhús Hoftúna byggt 1955 og tæpa 2,3 km norðvestan við bæjarhól Hofgarða 001.


Minjastaðurinn er er fast norðan við lítið vatn sem nefnist Torfvatn og er landið frekar blautt. Torfvöllurinn er 80x50 m að stærð og snýr austur vestur. Gryfjurnar eru flestar vel kantaðar, grunnar og grónar í botninn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Mógrafir SN-003:055, horft til suðurs

SN-003:056 tóft óþekkt

A: 303131 N: 487327




Tóft SN-003:056, horft til vesturs

Tóft er 2,3 km norðvestan við bæjarhól 001, um 170m suðvestan við mógrafarsvæði 044 og um 10m norðan við langan fráveituskurð sem hefur stefnuna vestur austur. Tóftin er sunnan undir lágu holti í þýfðum móa.

Tóftin er einföld, 10x7 m að stærð og snýr norður suður. Vegghleðslur eru nokkuð hlaupnar í þúfur og signar, 20-40 cm á hæð og 1,5 - 2 m á breidd. Ekki er hægt að greina neitt grjótt í þeim. Tóftin er grösug að innan en vegghleðslur grónar lyngi. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt en kannski hefur hún nýst sem stekkur eða lítið aðhald þó að það sé alls endis óvíst.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Varða SN-003:057, horft til norðausturs

Varða er á Breiðholti, tæpa 950 m norðan við íbúðarhús Hoftúna sem er byggt um 1955, 30 m norðvestan við vörðu 058 og 240 m suðaustan við námu 027. Ekki er vitað til þess að nein umferð hafi legið um eða eftir Breiðholti og því er hlutverk vörðunnar óþekkt.

Varðan er á lágum holtarana sem hefur stefnuna austur vestur og nefnist Breiðholt. Varðan virðist ferhyrnd í grunnin en er alveg fallin. Það lítur helst út fyrir að hún hafi verið reist á hlöðnum palli sem er 2x2 m að stærð. Sjálf varðan er nær því að vera 1x2 m að stærð og um 50 cm á hæð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Varða SN-003:058, horft til norðausturs

Varða er á Breiðholti, rúma 930 m norðan við íbúðarhús Hoftúna sem er byggt um 1955, 30 m suðaustan við vörðu 057 og tæpa 100 m norðvestan við Fornastekk 022. Ekki er vitað til þess að leið eða gata hafi legið eftir Breiðholti og því er hlutverk vörðunnar óþekkt.

Varðan er á lágum holtarana sem hefur stefnuna austur vestur og nefnist Breiðholt. Varðan er ferhyrnd í grunnin, 1x1 m að stærð og 30 cm á hæð og svo til alveg fallin. Umhverfis hana liggur gróðurkragi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Samkvæmt túnakorti frá 1916 var kálgarður norðan við bæjarhól 001 og 180m suð-suðvestan við íbúðarhús Hoftúns byggt 1955. Minjastaðurinn er í óræktuðu graslendi á mörkum bæjarhóls 001 og sléttaðs túns. Ekkert sér til minja og hefur minjastaðurinn væntanlega verið sléttaður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1916

SN-003b Hofgarðar

Í Landnámu er þess getið að Hrólfrur hinn digri, sonur Eyvindar eikikróks hafi numið land frá Lýsu til Hraunhafnarár. Sonur hans Helgi bjó á Hofgördum. ÍF I, 104.

1714: "Hofakot [SN-003:017]. Fjórða hjáleiga. Það hefur að fornu lögbýli verið og þá kallað Hofgardar. Það er nú lángrandi kallað í Syðrigarða landi og þaðan byggt og brúkað, frá Syðrigörðum [SN-003]. Var á þessu fornu eyðibóli hjáleiga gjör hjer um fyrir 40 árum; varaði bygðin til þess 1708. [...] Ekki má hjer aftur byggja, því að slægjur allar eru af sandi yfirfallnar." JÁM V, 125.

Bæjarins er getið í Biskupasögu Gizurar biskups Einarssonar en þar segir að Margrét Halldórsdóttir, systir síra Teitis, átti Guðmund, son Árna Oddssonar og Dórótheu, útlenzkrar konu, í Hofgördum í Staðarsveit. Bsk II, 613.

Bæjarins er getið í Eyrbyggjasögu en samkvæmt henni voru Snorri og hans menn að ríða að Hraunhöfn SN-051 til að fara að skipi sem kom í Hraunhafnarós (Búðaós) þegar hann hitti Þorbrandssyni alvopnaða og sagði þeim að fara heim. Þá ríðu Snorri og hans menn út til Hofgarða og þaðan út að sjónum. Á Hofgördum bjuggu Björn og Gestur sonur hans, faðir Hofgarða-Refs. ÍF IV, 113, 114.

"Sonur Hrólfs digra er nefndur Helgi í Hofgördum, og er það sami maðurinn og sá, sem Eyrbyggja nefnir Helga Hofgarðagoða. Í Melabók hefir staðið, að hann hafi búið á Hofstöðum, en hitt mun réttara, enda eru afkomendur hans kenndir við Hofgarða (Hofgarða-Refur). Hofgarðar eru milli Furu og Lýsu, og það, að sonur Hrólfs bjó á því svæði, getur styrkt þá sögn, að Hrólfrur hafi numið það land. Annars segir ekkert um bústað Hrólfs. En landnámið milli Furu og Lýsu tekur yfir allt miðbik Staðarsveitarinnar, um 20 jarða lönd. Í því er m.a. hið stærsta höfuðból í þessum sveitum, Staður á Ölduhrygg [SN-014]." Landnám á Snæfellsnesi, 78.

"Ég [Bragi Jónsson] vil geta þess, að Hofgarðar eru elzta jörðin í Staðarsveit, en þó ekki talin landnámsjörð, en gætu verið það, því Helgi Hrólfsson, sem bjó þar fyrst, var sonur Hrólfs hins digra, sem talið er, að numið hafi land frá Lýsu til Hraunhafnarár. Mögulegt er að þarna sé ekki allt rétt hjá höfundi Landnámu og Ásmundur sá, sem talið er hafi numið land frá Furu til Lýsu hafi numið landnám Hrólfs digra, en Hrólfrur aftur á móti numið landnám Ásmundar. Þetta er að vísu tilgáta, en ekki vísna." Upphaf byggðar, 1.

"Nokkrir bæir sem heita Garðar ásamt hjáleigum eru fyrir vestan Staðarstað [SN-014] um það bil í miðri sveit nálægt ströndinni. Skammt austar er eyðibýlið Hofgarðar, nefndir í Eyrbyggju, síðar voru reist þar tvö býli, Hof [SN-003:016] og Hofkot [SN-003:017], en af þeim sjást nú tóftir einar. Í Eyrbyggju (30) er nefndur Helgi Hofgarðagoði, og talið er að þar megi sjá girðingar sem eiga að hafa verið í sambandi við hofið forna." KK II, 58.

SN-003b:001 Hofgarðar bæjarhóll bústaður

Fornbýlið Hofgarðar hefur farið í eyði snemma á öldum og nákvæm staðsetning þess er ekki þekkt. Ekki er heldur vitað hvaða landsvæði tilheyrði þeirri jörð en ætla má að það hafi verið austasti hluti þess svæðis sem tilheyrir Syðri-Görðum. Syðri-Garðar fengu nafnið Hofgarðar á 20. öld. Nýbýlið Hoftún var byggt úr þeirri jörð á seinni hluta 20. aldar og er það nú eina býlið í byggð á jörðinni. Heimildir greina frá því að hjáleigur Syðri-Garða, Hof (Hofgarðar) SN-003:016 og Hofkot SN-003:017 hafi verið byggðar á sama stað og fornbýlið Hofgarðar stóð áður. Austast í landi Syðri-Garða eru tóftir og garðlög (sjá SN-003:010, 014, 016-018) og mögulega eru eitthvað af þeim minjum frá þeim tíma þegar byggð var á fornbýlinu Hofgördum en líklegra er að þessar minjar tilheyri byggð á hjáleigum Syðri-Garða á seinni öldum; Hofum SN-003:016 og Hofkoti SN-003:017. Vestan við þessar minjar er stórt svæði þar sem Gistihúsið Hof er á stóru svæði. Þar hefur orðið mikið rask vegna byggingaframkvæmda. Mjög líklegt er að minjar frá fornbýlinu Hofgördum hafi verið að hluta á því svæði og eru þær horfnar eða mjög illa skemmdar vegna framkvæmdanna.

Ekki er ljóst hvers vegna Hofgarðar lögðust í eyði en mögulega hefur sandágangur haft áhrif. Hjáleigan Hofkot sem sögð er byggð á sama stað og Hofgarðar fór í eyði 1708 samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín vegna sandágangs. Vísbendingar eru um að þingstaður hafi verið á Hofgördum sbr. Frásagnir um fornaldarleifar: "Vid þann gamla þingstad Háu Hof edur Hofgarda finns eckert merkilegt; einasta hafa menn þar til skamms Tíma ordid varir vid leifar af gömlum Höggstöck; þar voru og uppgrafnir í þeirra manna minni, sem nú lifa, í stærra lagi Lærleggir [sjá SN-003:047]." Í

landi Syðri-Garða eru heimildir um aftökustaði í Þjófagjá SN-003:019 og í tjörn þar sem mönnum var drekkt, sjá SN-003:045 en aftökustaðir fylgdu gjarnan þingstöðum til forna. Þjófagjá er niður undan þeim stað sem talið er að Hofgarðar hafi verið, nærri sjó.

Heimildir: JÁM V, 125; FF, 312

SN-004 Akur

1714: "Akur. Sjötta hjáleiga af Syðrigörðum, bygd fyrir lángrarandi tímum fram yfir þeirra minni er nú kunna til að segja. Dýrleikinn áður talinn í heimajörðunni. Eigandinn sami. Ábúandinn Eiríkur Jónsson. Við þessa hjáleigu er verstaðan og gánga hjer tvö skip landsdrottins árið um kring, og so heimabóndans meðan þetta var kóngsjörð. [...] Verbúðarbrot er hjer fornt frá Bláfeldi, og hefur þaðan gengið skip í manna minni." JÁM V, 126.

"Þar fyrir sunnan [SN-003:017 og 018] við sjóinn var býli, er Akur hét, komið í auðn fyrir u.þ.b. 70 árum." Ö-Hofgarðar SJ, 3.

"Frá Akri, sem stóð frammi á sjávarkambinum og fór í eyði 1906-07, var útræði, en lending var slæm og slys því tíð." ÁFÍ 1982, 41.

"Þann 9. janúar 1799 gerði mikið óveður, kennt við Básenda, og gekk sjór víða á land og olli miklum skaða. Staðarsveit var þar ekki undanskilin og urðu þar um 20 býli fyrir tjóni m.a. Akur." Ö-Álftavatn viðb. og leiðr. BG, 5.

SN-004:001 Akur bæjarhóll bústaður

A: 304595 N: 484652



Bæjarhóll Akurs SN-004:001, horft til suðurs


Bæjarhóll Akurs er að öllum líkindum nokkuð myndarleg hólbunga sem er rúma 700 m suð-suðvestan við bæjarhól Syðri-Garða SN-003:001, tæpa 880 suð-suðvestan við íbúðarhús Hoftúna byggt 1955 og um 80m norð-norðaustan við fjörुकamb sem bærinn hefur staðið við.

Bæjarhóllinn er í jaðri grösugs móa og nálægt fjörुकambi. Bæjarhóllinn er greinilegur í landinu, um 30x20 m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Upphleðsla hans virðist vera allt að 2 m en hann er á kafi í grasi og mikið sandorpinn. Ekki er hægt að greina nein hólf í hólnum sem gefa til kynna staðsetningu eða lögun bæjarhúsa.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

SN-004:002 tóft óþekkt

A: 304751 N: 484605



Tóft SN-004:002, horft til austurs

Tóft er um 150 m aust-suðaustan við bæjarhól Akurs 001, um 30 m aust-norðaustan við tóft 005 og um 45 m norðaustan við Þjófagjá SN-003:019. Það verður að teljast mjög líklegt út frá staðsetningu að tóftin hafi þjónað sem útihús frá Akri.

Tóftin er í sléttum grösugum móa nærri sjó. Tóftin er mjög ógreinileg en virðist vera um 11x8m að stærð og snýr austur vestur. Hólfín virðast vera tvö, op er á milli hólfanna og svo er einnig op á tóftinni sjálfri austarlega á suðurvegg. Hún er á kafi í grasi en er að öllum líkindum mjög sandorpin og er ekki hægt að sjá í neinar grjóthleðslur í henni. Hleðsluhæð veggja er 30-40 cm.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

SN-004:003 varða samgöngubót

"Á Akri voru tvær vörður vestan við Þjófagjá, sem áttu að bera saman, og var róíð eftir þeim. Þær eru nú ekki lengur til, en væri auðvelt að hressa þær," segir í örnefnaskrá - Fiskimið frá Akri og Fúlúvík. Vörðurnar fundust ekki og er nákvæm staðsetning þeirra óþekkt. Landið á þessum slóðum er mjög sandorpið og gróið háu grófu grasi. Örnefnaskráin gefur til kynna að vörðurnar hafi verið mikið til signar þegar hún var rituð og því má ætla að þær séu á kafi í sandi og háu grasi.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Ö- Fiskimið frá Akri og Fúlúvík BJ, 5

SN-004:004 Akurlending heimild lending


A: 304531 N: 484513



"Naggur heitir sker eitt í lendingunni á Akri, og er það á bátaleið," segir í örnefnaskrá Hofgarða SJ. Fjaran framan eða sunnan við býlið Akur virðist öll henta til lendingar. Hér er væntanlega bara verið að tala um góðan stað til að lenda á, engin eiginleg mannvirki sýnileg. Fjaran sem hentar til lendingar er um 200 m að lengd og er um 150 m sunnan við bæ 001. Sendin fjara. Ekkert sér til minja.

Heimildir: Ö-Hofgarðar SJ, 3

Akurlending SN-004:004, horft til suðurs



Meint verbúðartóft SN-004:005, horft til norðurs

"Við þessa hjáleigu er verstaðan og gánga hjer tvö skip landsdrottins árið um kring, og so heimabóndans meðan þetta var kóngsjörð," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1714. Fremst á sjávarbakka, um 115 m aust-suðaustan við bæjarhól 001 og 30 m suðvestan við tóft 002 er rústahóll með tóft á. Hugsanlega hefur hún verið nýtt sem sjóhús eða verbúð.

Tóftin er í jaðri grösugs móa og fremst á sjávarkambi. Tóftin er 12x12 m að stærð og er öll orpin sandi. Veggir breiðir, allt að 3 m, og mjög rúnaðir. Hledsluhæð þeirra er 30-50 cm á hæð. Upphleðsla hólsins er hugsanlega 50-80 cm og er hann áberandi í landinu.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: JÁM V, 126

SN-004:006 heimild verbúð


"Verbúðarbrot er hér fornt frá Bláfeldi, og hefur þaðan skip gengið í manna minni," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1714. Staðsetning er óþekkt og ekki fannst líklegt tóft við vettvangsvinnu. Hvort hér sé um að ræða sömu staðsetningu og verbúð 005 er óþekkt en ekki óhugsandi.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: JÁM V, 126

SN-005 Garðabrekka

Garðabrekka SN-005



1714: "Brekka. Önnur hjáleiga bygð fyrir manna minni. Dýrleikinn áðurtalinn á heimajörðinni. [...] Torfrista og stúnga og eldviðartak frí." JÁM V, 124. "

Var þar eyðibýli, sem Háigarður [SN-006] hét. Eru líklega 90-100 ár síðan það fór í eyði. Annað eyðibýli var austur á túninu, er hét Garðabrekka. Eru líklega um 60 ár, síðan byggð lagðist þar niður. Rústir Háagarðs og Garðabrekku sjást ekki lengur, því þær hafa verið sléttaðar út." Ö-Hoftún SJ, 1.

Túnakort 1916: Tún 4,3 ha, slétt ekki [?], garðar 600 m²

SN-005:001 *Garðabrekka* bæjarhóll bústaður

A: 304623 N: 485309



Bæjarhóll Garðabrekku SN-005:001, horft til norðurs

það.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1916

Inn á túnakort frá 1916 eru merkt bæjarhús og tveir matjurtagarðar á bæjarhól Garðabrekku. Matjurtagarðarnir eru NNV við bæjarhúsin. Bæjarhóll Garðabrekku er 250 m austan við bæjarhól Syðri-Garða SN-003:001 og 280 m suðaustan við íbúðarhús Hoftúna sem er reist 1955.

Minjastaðurinn er í sléttuðu túni. Bæjarhólinn er 65x50 m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Bærinn hefur að öllum líkindum staðið á náttúrulegum hól og er erfitt að greina upphleðslu bæjarhólsins sjálfs en hún gæti þó verið um 2 m. Efst á bæjarhólnum má sjá óljósa dæld sem er 8x9 m að innanmáli og er hún líklega ummerki eftir síðustu bæjarhús án þess að nokkuð sé hægt að fullyrða um

SN-005:002 heimild útihús

A: 304645 N: 485443



Hóll í túni þar sem útihús SN-005:002 var, horft til austurs

Samkvæmt túnakorti frá 1916 stóðu tvö peningshús um 140 m norður af bæjarhól 001. Minjastaðurinn er í sléttuðu túni. Ekkert sér til minja og hefur útihúsið verið sléttaður. Útihúsið hefur staðið á hól og má sjá óljósa dæld í hann. Vegarslóði eða troðningur liggur yfir hólinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1916

SN-005:003 gryfja útihús

A: 304635 N: 485473



Gryfja SN-005:003, horft til vesturs

Samkvæmt túnakorti frá 1916 stóð peningshús um 160 m norður af bæjarhól 001. Minjastaðurinn er í jaðri túns sem hefur verið sléttað og í nágrenni við bæjarstæði Hofnúns bæjar.

Þar sem útihúsið mun hafa staðið er opin gryfja sem er 23x9 m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Hún er 1 - 2 m djúp. Ekkert sér til minja og eru líkur á því að stór hluti eða allt útihúsið hafi raskast þegar þessi gryfja var grafin. Einhver hluti þess gæti þó leynst undir sverði.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1916

SN-006 Háfi Garður (Háigarður)

1714: "Háegardur. Hjáleiga. Bygð fyrir þeirra minni sem nú lifa. [...] Kvaðir skipsáróður árið um kríng á skipi landsdrottins hjer heima í verstöðinni á Akri [SN-004]." JAM V, 123.

"Jörðin [Hoftún] er nýbýli úr landi Hofgarða [Syðri-Garðs SN-003] reist 1930 á Ölduhryggnum, þar sem býlið Háigarður stóð áður." BS, 332. "Vesturhluti túnsins er venjulega kallað Háagarðstún. Var þar eyðibýli, sem Háigarður hét. Eru líklega 90-100 ár síðan það fór í eyði. Annað eyðibýli var austur á túninu, er hét Garðabrekka [SN-005]. Eru líklega um 60 ár, síðan byggð lagðist þar niður. Rústir Háagarðs og Garðabrekku sjást ekki lengur, því þær hafa verið sléttaðar út." Ö-Hoftúns SJ, 1.

"Áður var fjölbýlt í Görðum eins og í Tungupássinu og útræði, en nú eru þar aðeins tveir bæir: Hoftún á Ölduhrygg ofan Þjóðveggar, en það er nýbýli, stofnað úr landi Hofgarða árið 1930, og á land milli fjalls og fjöru, [...]." ÁFÍ 1982, 40.

SN-006:001 Háfi Garður bæjarhóll bústaður

A: 304536 N: 485495




Bæjarhóll Háagarðs SN-006:001, horft til norðausturs

Bæjarhóll Háagarðs er um 100 m austan við íbúðarhús Hoftúna byggt 1955 og um 180 m norð-norðvestan við bæjarhól Garðabrekku SN-005:001.

Bæjarhóllinn er í sléttuðu túni og í nágrenni við bæjarstæði Hoftúna. Bæjarhóllinn er 40x35 m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Upphleðsla hans gæti verið um 2 m. Ekkert sér til minja á hólnum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SN-007 Kirkjuhóll



12 hdr. 1714. JÁM V, 127. 1714:

"Kirkiuhóll. Hjer segja menn kirkja hafi til forna verið, og sjást enn nú leifar tóftabrotsins. Ekki hefur þar hús uppi verið í manna minni. Jarðardýrleiki 12 hdr. og so tíundast 4 tíundum. Eigandinn kóngleg Majestat, af Stapa umboði. Ábúandinn Jón Þorbjörnsson. [...] Torfrista og stúnga bjargleg. Reiðingsrista bjargleg. Mósкурður til eldiviðar hægur og nægur." JÁM V, 127-128. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín kemur fram að þá eru á Kirkjuhóli fjórar hjáleigur: Fagribakki 006, Háabúð (sjá 001), Lágabúð (sjá SN-008) og Þórarinsbúð 008. JÁM V, 127-128.

Í Jarðatali Johnsens frá árinu 1847 kemur fram að árið 1805 er með heimajörðinni talin eyðihjáleiga Háfabúð (A.M. 40 al. Isk. 1 kúg.), en Fagribakki og Þórarinsbúð sagðar brotnar af sjó." JJ, 141.

"Jörðin er í miðri sveit. Þarna er allgott íbúðarhús (sumar- og veiðihús) sem stendur undir Kirkjuhólnum stutt frá þjóðvegi. Á Kirkjuhól er mjög víðsýnt um Staðarsveit. Þar er viti. Jörðin er frekar landlítill en á land að Hagavatni og veiðirétt. Fúlavík er rétt við túnið og eru þar klettar sérkennilegir. [...] Byggingar: Íbúðarhús úr steini 278 m³." BS, 345-346.

"Kirkjuhóll er nú í eyði, en nytjaður af Hoftúna- og Hofgarðabændum, og hafa þeir einnig vörslu vitans á hendi." Ö-Kirkjuhóll BJ, 3. Þann 9. janúar 1799 gerði mikið óveður, kennt við Básenda, og gekk sjór víða á land og olli miklum skaða. Staðarsveit var þar ekki undanskilin og urðu þar um 20 býli fyrir tjóni m.a. Kirkjuhóll og hjáleigurnar Háabúð og Lágabúð (sjá SN-008). Ö-Álftavatn viðb. og leiðr. BG, 5. Túnakort 1916: Tún 6,8 ha, slétt 1/16, Garðar 350 m². "Land jarðarinnar er lítið, bæði mjótt og stutt." Ö-Kirkjuhóll AG, bls.1.

Jörðin liggur að sjó í suðri og er bratt niður í fjöruna af bakkanum og fjaran grýtt. Túninu hallar mót suðri en ofar (norðar) er holt. Mýri og votlendi er bæði austan og vestan túns, en sjávarbakkar grónir og þurrir.

SN-007:001 Kirkjuhóll bæjarhóll bústaður

A: 305552 N: 484506



Bæjarhóll Kirkjuhóls/Háubúðar SN-007:001, horft til suðvesturs

Háubúð. Hinsvegar er stór hóll, 005, í sléttuðu túni Kirkjuhóls, um 200 m beint í vestur frá núverandi íbúðarhúsi. Þar er sennilega gamli Kirkjuhóll. Túnakortið sýnir ekki hvar heimreiðin var en í dag er hún ofan frá þjóðvegi 1 yfir holt og niður að myndarlegu íbúðarhúsi sem er þar framarlega á bæjarhól. Um Háabúð segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1714: "Háabud. Önnur hjáleiga. Bygð fyrir meir en 80 árum, nú í eyði tvö ár." Í Jarðatali Johnsens frá 1847 er Háfabúð einnig í eyði.

Bæjarhóllinn hefur verið sléttuður, á honum er stórt íbúðarhús og bílaplan norðan (ofan) við. Af holtinu norðantil er aflíðandi halli niður á bæjarhóllinn. Af bæjarhóli Kirkjuhóls/Háubúðar er bratt til suðurs, austurs og vesturs. Þegar horft er upp í landið frá sjávarbökkum, til norðurs, gnæfir bæjarhóllinn yfir umhverfinu. Miklar breytingar hafa orðið á staðnum á þeirri öld sem liðin er frá því túnakortið var mælt upp. Á kortið eru merkt bæjarhús, matjurtagarður og þrjú peningshús á hólnum. Matjurtagarðurinn

"Kirkjuhóll var lengi fram eftir öldum þrjú býli, sem hétu Kirkjuhóll, Háabúð og Lágabúð," segir í örnefnaskrá Kirkjuhóls BJ. Árið 1916 er til túnakort fyrir Kirkjuhól og Lágubúð (sjá SN-008) en ekki fleiri býli sem tilheyrðu Kirkjuhólsjörð. Í fyrrnefndri örnefnaskrá er ennfremur haft eftir Braga Jónssyni frá Hoftúnum: "Veit ég, hvar gamli Kirkjuhóll stóð og einnig Háabúð...Háabúð stóð þar, sem íbúðarhúsið á Kirkjuhóli stendur nú", en því miður kemur ekki fram hvar hið forna bæjarstæði Kirkjuhóls var. Af framansögðu er túnakortið af Kirkjuhóli, þar sem íbúðarhúsið/sumarhúsið stendur nú, í raun af hinu gamla hjáleigubæjarstæði,

var austan við bæjarhúsið og peningshúsin fast við bæjarhúsið að norðan, norðaustan og norðvestan (í um 5-10 m fjarlægð frá bænum). Öll ummerki þeirra mannvirkja sem þá voru eru horfin, en leifar annarra mannvirkja á túnakortinu eru enn sjáanlegar túninu.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1916; Ö-Kirkjuhóll BJ, 2; Ö-Kirkjuhóll AG, 1; JÁM V, 128; JJ, 141

SN-007:002 heimild bænhus

A: 305327 N: 484494



Svæði þar sem líklegt er að bænhus SN-007:002 hafi verið, horft til vesturs

Elsta heimild um bænhus á Kirkjuhóli virðist vera jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1714. Þar segir: "Kirkiuhóll. Hjer segja menn kirkja hafi til forna verið, og sjást enn nú leifar tóftabrotsins. Ekki hefur þar hus uppi verið í manna minni." Í Sýslu- og sóknalýsingum frá 1839 segir: "Í orði er, að í sveitinni hafi verið nokkur bænhus n (efni) 1 (ega) á Vatnsholti [SN-042:002], Kirkjuhóli, Slitvindastöðum [SN-035:002] og Gaul [SN-025:002]. Ekki vita menn, hvonær þau hafa aflagzt." Örnefnaskrár greina einnig frá bænhusi á Kirkjuhóli: "Á Kirkjuhóli var bænhus eða hálfkirkja lengi fram eftir öldum," segir Bjarni Jónsson í örnefnaskrá og í örnefnaskrá Ara Gíslasonar segir: "Vestur

af Klukkusteini var grafreitir og bænhus áður fyrr, og þar sér vel fyrir leiðum." Gamli bæjarhóll Kirkjuhóls 005 er sennilega um 200 m í vestur frá bæjarhóli Kirkjuhóls/Háubúðar 001. Þar í túninu vestan og suðvestan við gamla bæjarhólinn 005 eru ávalar misfellur í túninu sem gætu verið vísbendingar um staðsetningu bænhusins.

Allt tún Kirkjuhóls er sléttað en í því sjást misfellur sem bent geta til fornleifa undir sverði. Slíkir hryggir eru í túninu í kringum gamla bæjarhólinn. Ekki sést til fornleifar en vestan - suðvestan við bæjarhól 005 eru óljósar mishæðir sem virðast hafa ávöl form og gæti verið vísbending um hringlaga kirkjugarð og bænhus.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar


Heimildir: JÁM V, 1714, 127; SSSn, 74; Ö-Kirkjuhóll BJ, 3; Ö-Kirkjuhóll AG, 1

SN-007:003 tóft útihús

A: 305579 N: 484458

Inn á túnakort frá 1916 eru merkt tvö peningshús suðaustan við bæjarhól 001 og eru um 10 m á milli þeirra. Syðra og fjarlægara peningshúsið er skráð hér og var um 50 m suðaustan við bæjarhól og um 190 m austan við gamla bæjarhól Kirkjuhóls 005. Á þeim stað er tóft á hæð í ósléttuðum grónum hólruna í túninu sem liggur til suðausturs úr túninu í órækt utan þess. Nyrðra húsið er skráð undir númerinu 023. Í túninu á þessum stað, suðaustan við bæjarhólinn, er mikið af grjóti í sverði, lág hólbunga og hólrani.

Tóftin er á nokkuð háum hól og virðist hafa verið opin til suðvesturs en veggir þar eru raskaðir. Tóftin er einhólfá, um 2,5 x 3 m stór. Veggjaþykkt er tæplega 1 m og hæð um 0,2 m. Bratt er niður af tóftinni til allra átta nema aflíðandi halli til suðausturs. Tóftin og umhverfið er mjög gróið og hleðslur signar. Grjót er í veggjum.



Tóft SN-007:003, horft til suðausturs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1916

SN-007:004 frásögn brunnur

A: 305616 N: 484447



Óveruleg ummerki eru um brunn SN-007:004 á yfirborði, horft til suðurs

Brunnur, sem búið er að byrgja, er um 100 metra suðaustan bæjar 001. Brunnurinn er undir bröttu, grónu barði í hvarfi frá bæ og undir barðinu er mýrarsvæði og blautt í kringum brunnstæðið.

Jarðrask er sýnilegt þar sem brunnurinn er, búið er að fylla upp í brunninn en vatnslæna rennur úr honum. Mjög gróið er við þennan stað og sker hann sig úr umhverfinu og er áhrifasvæðið u.þ.b. 4x4 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Eldri bæjarhóll Kirkjuhóls SN-007:005, horft til norðvesturs

Inn á túnakort frá 1916 er merkt rúst um 200 m vestan við bæjarhól 001. Þar í túninu er áberandi og umfangsmikill hóll, um 60 m norður-suður, 45 m austur-vestur og um 1,5 m hár. Hóllinn er iðagrænn og þetta er sennilega bæjarhóll gamla Kirkjuhóls (sjá einnig búsetusögu jarðarinnar og 001). Í örnefnaskrá Kirkjuhóls AG segir svo: "...en vestan við bæ [001] var Ytri-Kirkjuhóll."

Hóllinn er í sléttuðu túni. Ákveðinn aflíðandi halli er af hólnum í allar áttir en brattast er af honum til austurs. Ekki sér til einstakra fornleifa í hólnum en dældir og hryggir benda til minja undir sverði sem og grjót víða í grasrótinni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1916; Ö-Kirkjuhóll AG, 1

SN-007:006 *Fagribakki* bæjarstæði býli

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1714 segir: "Fagrebacke hefur hjer heitið hjáleiga. Bygð fyrir meir en 40 árum, en nú 6 ár í eyði legið. [...] Ekki má hér með grasnyt aftur byggja nema til rýrðar jörðunni." Samkvæmt Jarðatali Johnsens frá 1847 er Fagribakki þá í eyði. Í neðanmálsgrein í sömu heimild kemur eftirfarandi fram: "1805 er með heimajörðinni talin eyðihjáleiga Háfabúð (A.M. 40 al. Isk. 1 kúg.), en Fagribakki og Þórarinsbúð sagðar brotnar af sjó." Í viðbótum við örnefnalýsingu segir: "...bakki sléttur og breiður, heitir Fagribakki. Hann er vestast af túninu."

Sjávarbakkar neðan Kirkjuhóls eru grónir og þurrir. Ekki er vitað hvar hjáleigan Fagribakki var staðsett og ef marka má heimildir er hún horfin vegna landbrots.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JÁM V, 127, 128; JJ, 141; Ö-Kirkjuhóll, viðb. 1



Garðlag SN-007:007, horft til suðausturs

Milli Klukkusteins og Bjalla er sigið og fornlegt garðlag og tóft 028. Rétt neðan þeirra minja, u.þ.b. 8 m sunnar, er annað garðlag sem er mun lítilfjórlegra að sjá, þó rúmlega 30 m langt og allt að metri á breidd. Austurhluti garðs þessa er rúmlega 70 m norðvestur frá bæ, 001. Garðurinn er á mörkum óræktar og sléttaðs túns að slóða sem þarna er.

Garðlag þetta er um 33 m langt og um 0,5-1 m breitt. Hæð nú er um 0,3 m. Garðurinn liggur nánast í austur-vestur. Gæti hafa verið hróflað upp undir girðingarstaura.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar

SN-007:008 Þórarinsbúð bæjarstæði býli

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1714 segir: "Þorarensbud hefur hjer að sögn manna verið þurt hús fyrir meir en 60 árum. Leifarnar sjást enn. Enginn veit til hennar meira að segja." Í Jarðatali Johnsen frá 1847 segir: "1805 er með heimajörðunni talin eyðihjáleiga Háfabúð [sjá 001]...., en Fagribakki [006] og Þórarinsbúð sagðar brotnar af sjó." Ekki er vitað hvar hjáleigan Þórarinsbúð var og var því ekki hægt að staðsetja hana með innan við 50 m skekkju.

Heimildir: JÁM V, 128; JJ, 141

SN-007:009 garðlag landamerki

A: 304845 N: 484568



Garðlag SN-007:009, horft til suðvesturs


"Garður sá, sem er á milli Hofgarða [Syðri-Garða SN-003] og Kirkjuhóls, er merkjagarður. Hann nær milli Kirkjuhólstjarnar og niður í suðurenda Hvalvíkur," segir í örnefnaskrá. Garðlagið er á merkjum Hofgarða og Kirkjuhóls, liggur sunnan þjóðveggar og nær alveg niður að fjörुकambi. Það er þétt vestan við mógrafir 019 og um 690 m vestan við bæjarhól 001.

Garðlagið liggur um mýrlendi. Garðlagið er um 300 m að lengd, 2,5-3 m að breidd og 50-60 cm á hæð. Girðingarstaurum hefur verið komið fyrir í garðlagið og er rafmagsvír á þeim. Garðlagið er allt gróið grasi og varð ekki vart við grjóthleðslu í því. Sú hliðin sem snýr til Kirkjuhóls er skörp

en hin sem snýr til Hofgarða hefur meiri fláa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Kirkjuhóll BJ, 1



Tóft SN-007:010, horft til austurs

"Byrgisvík. Hún er miðja vega milli merkjagarðsins [009] og Kirkjuhólstúns. Fyrir ofan hana er gamalt fjárrekstrarbyrgi, og mun hún draga nafn af því," segir í örnefnaskrá. Réttartóft er rúma 480 m vest-suðvestan við bæjarhól 001 og rúma 300 m aust-suðaustan við merkjagarð 009.

Réttin er fremst á fjörुकambi í jaðri frekar flatlands móa. Réttin er 10x10m að stærð, grjóthlaðin og eru vegghleðslur nokkuð rúnnaðar. Þar sem þær standa hæst eru þær um 50-100 cm á hæð og um 2 m breidd og má sumstaðar telja allt að 5-6 umför í þeim. Hleðslugrjótið er nokkuð stórt. Hleðslur eru mosagrónar og er gróðurhringur umhverfis vesghleðslurnar. Op er á réttinni til suðurs og í innanverðu suðvesturhorninu vottar fyrir óljósri hleðslu sem gæti bent til þess að þar hafi verið kró. 3m vestan við réttina er grjóthleðsla sem er um 4x4 m að stærð og 20-40 cm á hæð. Hvort þessi hleðsla tengist réttinni eitthvað er alveg óljóst.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Kirkjuhóll BJ, 1

SN-007:011 Kirkjuhóll þjóðsaga

A: 305463 N: 484671

"Kirkjuhóll. Hann er fyrir ofan Kirkjuhólsbæinn og er stór og hár. Þar er nú viti. Jörðin dregur nafn af honum. Um hann er þjóðsögn, sem hefur verið skráð og hefur hún verið prentuð. Af Kirkjuhólnum er gott útsýni til allra átta," segir í örnefnaskrá BJ. "Stór Grjóthóll, þó nockud Grasi vaxinn, að nafni Kirkjuhólshóll stendur við Tún Kóngsjardarinnar Kirkjuhóls. Uppá hönum stendur stór Steinn, hérum Mannhæd og þar eptir að ummáli, undir hvörjum Fé skal hafa verið grafid. Í fyrri daga er sagt, að nockrir menn hafi tekid sig saman til að grafa þetta Fé upp, og komid nidur á Kistu med Hringum í Göflunum, þeir hafi komist svo



Bjargið á Kirkjuhóli þar sem þjóðsagan SN-007:011 segir að gullkista sé grafín, horft til norðvesturs

lángt, af þeir hafi komid Kistunni á lopt, hafi þá einhvör sagt: Nú gengur ef Gud vill, enn annar skyldi hafa svarad ógjætlega: Nú gengur hvört Gud vill edur ei; hafi þeim þá sýnst Bærinn í loga, en Kistan dottid nidur aptur, og sá ordid undir, sem ógjætlega svaradi, og hafi alleina nádst Hríngurinn úr Gaflinum, og það skyldi hafa verid sá Hríngur, sem hér var í Kirkjuhurddinni [á Skarðskirkju SN-014:002] allt til 1808, þá eg eptir Biskups leyfi eptirlét hann þeim engelska Baronet Mackenzie. Nefndur Hríngur var áttstendur, hérum 7 a 8 þumli að þvermáli, með þremur Hnúdum og gömlu Höfdalettri, líku því, sem grafid er á Spónsköft; úr hönum var brotid stórt Stycki yfirum þvert, og var hann allur innan fullur af Ridi," segir í Frásögum um fornaldarleifar. Í örnefnaskrá AG segir: "...neðan [þjóð]vegar, er hóll alláberandi þarna í láglandinu. Hann heitir Kirkjuhóll. Þar er sagt, að sé hulin gullkista." Kirkjuhóll er fyrir ofan bæinn og hið stóra bjarg sem þjóðsögurnar eru um er áberandi í landslaginu. Bjargið er u.þ.b. 190 m norðvestur frá bæ 001, um 180 m norðaustan við gamla bæjarhól Kirkjuhóls 005 og tæplega 70 m norðvestan við Kirkjuhólsvita.

Kirkjuhóll er ofan bæjar 001 og bjargið er áberandi efst á holtinu. Á hólnum skiptist á holtagrjót og gróður. Stórt bjarg, mest um 1,6 m á hæð og um 2 langt. Við það er djúp hola. Bjargið sést ekki frá núverandi bæjarstæði 001 en vel frá hinu forna bæjarstæði Kirkjuhóls 005.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Kirkjuhóll BJ, 2; FF, 311-312; Ö-Kirkjuhóll AG, 1

SN-007:012 náma mógrafir

A: 305803 N: 485068




Mógrafir SN-007:012, horft til suðausturs

Skýrar mógrafir eru út við merki á móti Ytri-Tungu SN-009 á milli Snæfellsnesvegar (54) og Berhóls. Þær eru fast vestan við landamerkjagard SN-009:011 og 540 m NNA við bæ 001.

Mógrafasvæðið er í lítilli mýri milli holta. Mógrafir eru á svæði sem er 200x70 m að stærð og snýr ANA-VSV. Þær eru svokallaðar stökkagrafir, litlar aðgreindar og skýrar grafir. Á þessu svæði er algengt að grafirnar séu 3x5 m að stærð. Grafirnar eru fremur grunnar og flestar eru þær grónar en vatn stendur í sumum þeirra.

Hættumat: engin hætta




Rétt SN-007:013, horft til norðvesturs

Tóft af litlu aðhaldi eða rétt er 45 m sunnan við tóft 038 og um 150 m suðaustan við bæjarhól 001. Tóftin er hlaðin milli tveggja klapparholta í landi sem hallar til suðurs en sunnan við tóftina er sléttáð tún.

Tóftin er byggð milli tveggja kletthóla sem mynda norðvestur og suðaustur hliðarnar. Tóftin sem er 11x8 m að innanmáli gæti verið að hluta niðurgrafin og því möguleiki að norðaustur hliðin sé náttúruleg líka og að eina hleðslan sé suðvestururveggurinn sem er um 3m breiður og 30-40 cm hár og mjög siginn. Ekkert grjót sést í vegghleðslum sem eru grónar grasi og mosa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Tóft af nausti SN-007:014, horft til suðausturs. Á teikningu eru tóftir SN-007:014 og SN-007:015 auk lendingar SN-007:026

Tóft er við Hjallavík. Hún er alveg fremst á fjörुकambinum, beint ofan við vör 026. Tóftin er 8 m vestan við tóft 015 og um 230 m vest-suðvestan við bæjarhól 001.

Tóftin er fremst á sjávarbakka og þétt utan við tún sem hefur verið sléttáð. Tóftin er einföld, 6x5 m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Vegghleðslur sem eru úr torfi og grjóti eru 30-60 cm á hæð og um 1,5 m á breidd. Í grjóthleðslurnar er að jafnaði notað meðalstórt sjávargrjót en annars er tóftin vel gróin grasi. Suðausturgafli tóftarinnar og austurlanghliðin hafa látið mikið á sjá vegna rofs. Sennilega hefur tóftin verið opin til suðausturs að sjó.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

SN-007:015 *Hjallavík* tóft hjallur

A: 305329 N: 484428



Tóft af hjalli SN-007:015, horft til suðausturs

Tóft er við Hjallavík, hún er um 7 m norðan við fjörुकamb, 8 m austan við tóft 014 og um 230 m vest-suðvestan við bæjarhól 001. Út frá örnefni vökurinnar má ætla að tóftin hafi þjónað sem hjallur en að auki kæmi naust eða sjóhús einnig til greina.

Tóftin er fremst á sjávarbakka og þétt utan við tún sem hefur verið sléttað. Tóftin er einföld, 6x4 m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Vegghleðslur sem eru úr torfi og grjóti eru eilítið uppmjóar og eru þær 60-70 cm á hæð og 1,5 m að breidd. Í grjóthleðslurnar er að jafnaði notað nokkuð stórt sjávargrjót en annars er tóftin vel gróin grasi. Suðausturgafli tóftarinnar hefur orðið rofi að bráð en mögulega hefur op á tóftinni verið þar.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

SN-007:016 *Brunnskarð* örnefni brunnur

"Hjallavíkur [sjá 014].. fyrir neðan vesturhluta Kirkjuhólstúns. Brunnskarð. Það er dálítið vik upp úr Hjallavíkum í vestanvert túnið", segir í örnefnaskrá BJ. Ekki er alveg víst hvar Brunnskarð er á fjörubökkum. Víða hefur brotnað úr sjávarbökkum neðan Kirkjuhólstúns, og er víða vik upp í strandlengjuna milli Hjallavíkur og Báss. Ekki er vitað hvar brunnur sá er Brunnskarð er kennt við, var staðsettur.

Heimildir: Ö-Kirkjuhóll BJ, 1

SN-007:017 *Bás* náttúrumin lending

A: 305564 N: 484405

"Bás er beint fyrir neðan Kirkjuhólsbæinn [001], og var stundum róið þaðan áður fyrr. Bás mun draga nafn sitt af því, að þar gengur einsog bás inn í klettana," segir í örnefnaskrá BJ. Lendingin Bás er um 110 m sunnan við bæ 001 og 200 m suðaustan við eldra bæjarstæði Kirkjuhóls 005.

Básinn opnast til hafs móti suðvestri en annars umkringdur háum klettaveggjum. Stallur er í botni Bássins og þar er fært ofan í gjánna. Ekki eru mannaverk að sjá á þessari lendingu. Básinn er mjór, aðeins um 2-4 m breiður og lengd hans u.þ.b. 15-20 m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kirkjuhóll BJ, 1



Tóft SN-007:018, horft til norðausturs

Í norðurhlið Bjalla, um 145 m norðvestur frá bæjarhóli 001, er tóft. Ekki er ljóst hvaða hlutverki tóftin gegndi. Tóftin er ofan túns í óræktuðu grónu landi. Kirkjuhólsviti er norðaustan við stað þennan.

Tóftin er einföld, norðausturhorn virðist skert og grjót hvorki sést né finnst í veggjahleðslum. Tóftin eru um 4 m í suðvestur-norðaustur og um 3 m í suðaustur-norðvestur. Veggjabykkt er nálægt 2 m og hæð þeirra um 0,3 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Mógrafir SN-007:019, horft til norðurs

Mógrafasvæði er austan megin við merkjagarð 009, tæpa 40m sunnan Þjóðveggar og nær það svo gott sem að sjávarkambi. Það er rúma 440 m vestan við bæjarhól 001.

Minjastaðurinn er í flatlendri mýri. Mógrafarsvæðið er 350x300 m að stærð og snýr austur vestur. Mógrafirnar eru mis grunnar og mis reglulegar en allar fullar af vatni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SN-007:020 náma mógrafir

A: 305400 N: 485816



Mógrafir SN-007:020, horft til norðausturs

Mógrafasvæði er austan Álftavatns, vestan Hagavatns og sunnan Ólafarholts. Þær eru 1,26 km norðan við bæjarhól 001 og um 175 m suðsuðvestan við mágrafarsvæði 021.

Mógrafasvæðið er milli lágra holta, milli tveggja tjarna eða smárra vatna. Mógrafasvæðið er 70x50 m að stærð og snýr norður suður. Mógrafirnar virðast mjög djúpar og skarpar og eru þær fullar af vatni.

Hættumat: engin hætta

SN-007:021 náma mógrafir

A: 305521 N: 486031



Mógrafir SN-007:021, horft til norðurs


Mógrafasvæði er austan Álftavatns, vestan Hagavatns og sunnan Ólafarholts. Þær eru 1,48 km norðan við bæjarhól 001 og um 175 m norð-norðaustan við mógrafasvæði 020.

Mógrafasvæðið er milli lágra holta, milli tveggja tjarna eða smárra vatna. Mógrafarsvæðið er 90x40 m að stærð og snýr norður suður. Mógrafirnar virðast mjög djúpar og skarpar og eru þær fullar af vatni.

Hættumat: engin hætta

SN-007:022 gerði kálgarður

A: 305434 N: 484667



Kálgarður SN-007:022, horft til austurs

Fornlegt gerði er í brekku um 90 m fyrir sunnan Bjalla og um 160 m sunnan gamla bæjarhólsins 005. Gerðið er í brattri brekku er vísar mót suðvestri, vallgróin og ekki munur að gróðurfari utan- eða innangarðs.

Gerðið er fornlegt að sjá, byggt úr stóru holtagrjóti alsettu skófum og torfhlaðið á milli, þó misgreinilegt. Staðsetning grjótsins í garðinum er óregluleg og vantar víða grjót, en heillegust er norðvesturhliðin. Gerðið er um 9 x 10 m, lengri hliðin nær upp í brekkuna í norðaustur-suðvestur en garðurinn er aðeins styttri þvert á brekkuna. Hæð steinanna er allt að 0,5 m en torfhleðslurnar signar. Minnir á forna grænlenka jurtagarða.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SN-007:023 heimild útihús

A: 305571 N: 484478

Á túnakortinu frá 1916 sést að tvö peningshús voru í túninu suðaustan - og neðan við bæ 001. Á milli þeirra voru 10-15 m. Syðra húsið, sem var fjær bæ er skráð undir númerinu 003. Nyrðra útihúsið sem var nær bæ, er skráð hér. Ummerki um þetta hús, sem var í um 40 m fjarlægð frá bænum, eru horfin en í túninu á þessu svæði er hólbunga og grjót áberandi í sverði.


Sléttað tún neðan, suðaustan, bæjarhóls Kirkjuhóls og áberandi gróinn og hár hólrani þar fjær. Ekki sést til fornleifa á þessum stað en hólbunga og grjót í sverði eru vísbendingar um að minjar séu undir sverði. Ekki er vitað hvar hin gamla hjáleiga Lágabúð SN-008 var en hún gæti hafa verið á þessum slóðum og hólungan ef til vill bæjarstæði hennar. Umfang þessa svæði er óljóst og hefur verið raskað eitthvað við túnasléttun.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1916

SN-007:024 tóftir óþekkt

A: 305459 N: 484581



Tóftir SN-007:024, (tóft A) horft til norðausturs


Tóftir sem að öllum líkindum misaldra eru 118m norðvestan við bæjarhól 001 og 25m austan við tóft 018. Tóftirnar eru í þýfðum móa skammt frá sléttuðu túni og hallar land til suðurs.

Tóftirnar eru tvær og að öllum líkindum misaldra og er sú ályktun dregin út frá því að stefna hólfanna í þeim er ólík. Hvort þær hafi verið samtíða í notkun eða hvor sé eldri er ómögulegt að segja nokkuð um með vissu. Alls er rústasvæðið 14x8 m að stærð og snýr austur vestur. Vestari tóftin virðist einföld, 6x8 m að stærð og snýr suðvestur og norðaustur. Vegghleðslur eru nokkuð hlaupnar í þúfur, 40-60 cm á hæð og 1,2-2 m á breidd. Engar grjóthleðslur sjást í veggjunum og er ytra- og innrabyrði svipað á hæð. Austari tóftin er tvískipt, 6,5x6 m að stærð og snýr vestur austur. Op er á hólfunum til suðurs. Vegghleðslur eru 1,5-2m á breidd, 50-70 cm á hæð og sjást engar grjóthleðslur í þeim. Ytra byrðið er hærra og skýrara en innra byrðið. Efst og í utanverðu austurhorni tóftarinnar er jarðfast bjarg.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SN-007:025 tóft útihús

A: 305382 N: 484661



Tóft SN-007:025, horft til norðausturs

Tóft er 230m norðvestan við bæjarhól 001, 50m vestan við kálgarð 022 og um 50m norðan við aðhald 013. Út frá legu og útliti hennar má ætla að hún hafi þjónað sem útihús.

Tóftin er á mörkum sléttads túns sem er suðvestan við hana og holts sem er norðaustan megin við hana. Tóftin er 7x3m að stærð og snýr suðvestur og norðaustur. Hún er tvískipt og liggja hólfin hvert upp af öðru. Op er á milli hólfa og svo er op á tóftinni á suðvesturgafli. Tóftin er niðurgrafin, hlaðin úr torfi og grjóti og hefur lágt ytrabyrði sem er 30-40 cm á hæð en innrabyrðið er um 80 cm á hæð. Hægt er að telja um 4-5 umför af hleðslugrjóti og þá eru leifar af timburgrind í tóftinni sem gefur til kynna að tóftin hefur verið þakberandi. Suðvesturendi tóftarinnar er meira siginn en norðausturendi hennar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SN-007:026 náttúrumin lending


A: 305334 N: 484417



Vör er tæpa 240 m vest-suðvestan við bæjarhól 001 og um 6m suðaustan við tóft 014. Vörin er í klettóttri fjöru. Vörin, sem er um 4 m breið og 7-8 m löng, er sennilega náttúruleg að stórum hluta. Botninn er ferkar sléttur og klettur beggja vegna.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Lending SN-007:026, horft til norðvesturs



Stekkjartóft SN-007:027, horft til suðurs


Tóft sem út frá gerð og staðsetningu er að öllum líkindum stekkur er rúma 200 m norð-norðvestan við bæjarhól 001, tæpa 20 m norðaustan við kálgarð 022 og um 80 m vestan við núverandi heimreið að Kirkjuhóli.

Stekkurinn er byggður upp að stórrí klöpp sem er í þýfðum og stórgrýttum móa og hallar landið til vesturs. Stekkurinn er 10x4 m að stærð og snýr norður suður. Hann er byggður upp að stórrí klöpp sem myndar jafnframt alla austurlanghlið hans. Hann er torf- og grjóthlaðinn og eru vegghleðslurnar um 2 m á breidd og 50-60 cm á hæð. Vegghleðslurnar eru töluvert rúnaðar og svo er op á honum nyrst til vesturs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SN-007:028 tóft+garðlag óþekkt

A: 305457 N: 484563



Tóft og garðlag SN-007:028, horft til vesturs

Tóft með áföstu garðlagi er 15 m sunnan við rústahól 024, rúma 100m norðvestan við bæjarhól 001 og um 8 m norðan við garðlag 007. Tóftin er á mörum þýfðs móa og sléttuðs túns.

Tóftin er einföld, 10x9 m að stærð og snýr svo til norður suður. Í suðausturhorni hennar er bjarg sem nefnist Bjalli og svo er op á tóftinni sunnarlega á vesturvegg. Vegghleðslur eru orðnar mjög rúnaðar, um 2 m að breidd og 70-80 cm á hæð. Engar grjóthleðslur sjást í þeim. Frá tóftinni til vesturs liggur garðlag sem er um 22 m að lengd og hefur hugsanlega verið op á því eða hlið. Það er um 1,5 m að breidd og 70-80 cm á hæð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SN-007:029 varða óþekkt

A: 305359 N: 485930



Varða SN-007:029, horft til norðvesturs


Varða er 1,4 km norðan við bæjarhól 001, 90 m norð-norðvestan við mógrafir 020 og tæpa 130 m suðvestan við mógrafir 021.

Varðan er á grösugu móaholti. Varðan er 120x100 cm að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Hún er svo til hrunin, varla mikið meira er 20-30 cm á hæð og um 2 umför. Hún er gróin mosa og umhverfis hana er gróðurkragi. Varðan er ekki á áberandi stað þar sem hún sést víða að og því er tæplega um leiðarvörðu að ræða en hún er all nærri girðingu sem greinir að land Kirkjuhóls og Hofgarða og gæti því hafa verið merkjavarða.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SN-007:030 tóft óþekkt

A: 305572 N: 484395



Teikning af tóft SN-007:030


Tóft er í graslendi ofan við Hrafnakóra, en svo nefnast klettur við sjóinn austast í landi Kirkjuhóls. Tóft þessi er um 115 m SSA við bæ 001 og um 5 m suðaustan Báss 017. Ekki er ljóst hvaða hlutverki tóftin gegndi.

Þarna er grasi gróin órákt og tóftin er á grænum stalli. Mannvirkið er fremur ógreinilegt, hleðslur signar. Það er ferningslaga, 3x3 m stórt og hæð hleðslna er um 0,1 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SN-007:031 tóft óþekkt

A: 305580 N: 484398



Teikning af tóft SN-007:031


Lítill tóft er í grónu landi ofan við Hrafnakóra, en svo nefnist klettar við sjóinn austast í landi Kirkjuhóls. Tóft þessi er um 110 m SSV af bæ 001 og um 5 m austan við tóft 030, rétt um 20 m austan Báss 017. Tóftin er suðvestan í lágum hól sem þarna er. Þarna er grasi gróin órækt.

Tóftin er einföld með opi til norðvesturs. Garðstubbur, sennilega aðrekstrargarður, er sem framhald af suðvesturvegg en hefur stefnu til norðurs. Innmál mannvirkis þessa er um 1,5 x 1,5 m. Hæstir eru veggir þar sem grafið var inn í hólinn eða um 0,3-0,4 m en um 0,2 m fjær.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SN-007:032 tóftir óþekkt

A: 305696 N: 484471



Tóftir SN-007:032, horft til suðausturs

Stór vík, Fúlavík, er austast í landi Kirkjuhóls og vestast í landi Ytri-Tungu SN-009. Merki skiptast um víkina. Mýrin þar ofan við heitir Gormýri en sjávarbakkarnir eru þurrir og grónir. Vestast við Fúlavík, um 150 m aust-suðaustan við bæjarhól Kirkjuhóls 001 og um 70 m beint í vestur frá Leiðarvörðu SN-009:009, sem er í Fúlavík, eru miklar tóftir. Hlutverk þerra er ekki þekkt.


Minjarnar eru á grónum sjávarbakkanum og vaxnar háu melgresi. Norðvestan tóftanna eru aflíðandi bakkar upp að túni og bæjarstæði Kirkjuhóls. Gormýri er austan við. Minjasvæðið er óreglulegt

í laginu, um 19 m austur-vestur og um 17 m norður-suður og innan þess eru tvær tóftir (A og C) og utan um þær gerði (B). Svæðið er brotið af sjávangangi syðst og í brotsárinu er hleðslugrjót áberandi. Þrjú mannvirki eru greinanleg á svæðinu, kölluð hér A, B og C. Veggjaþykkt er allstaðar óljós vegna mikils gróðurs en virðist vera um og rúmlega 1 m, grjót er í veggjum. Mesta hleðsluhæð er 0,5 m. Kindagata/göngugata sem þarna er á sjávarbökkum fer yfir tóftirnar sunnarlega. Lýsing: Tóft A er austast á svæðinu, um 3x3 m að innanmáli, ekkert op sjáanlegt og hefur rúnnað lag nú. Hólf B er sennilega gerði sem byggt er í sveig frá austurvegg tóftar A, til norðurs, svo vesturs og suðurs og hverfur í rof við sjávarbakkann syðst. Minjar C sjást óljóst á yfirborði sem örlítil rústabunga syðst á svæðinu, brotin af sjó en í brotbakkanum er hleðslugrjót.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

SN-007:033 mannvirki óþekkt

A: 305693 N: 484499





Mannvirki SN-007:033, horft til norðvesturs

Um 10 m norðan við minjar 032 við Fúlúvík er mannvirki að hluta til grafið í bakkann neðan Kirkjuhólstúns. Það er um 90 m vest-norðvestan við Leiðarvörðu SN-009:009 í Fúlúvík. Brekkan er kafgróin og vísar mót suðri. Lækjarfarvegur er rétt austan mannvirkisins og Gormýri hinum megin lækjar.

Mannvirki þetta er stórt, um 17 x 11 m, líkast því að vera skeifulaga, og snýr austur-vestur, með vítt op til suðausturs. Það hefur verið grafið inn í brekkuna svo hæðarmunur innst og yst er mikill allt að 1,5 metrum, en hæð kragans (?veggja) þar um 0,3 m og þykkt allt að 2 m. Botn mannvirkisins fylgir brekkunni að nokkru leyti. Grjót er að finna í mannvirkinu og mikið þúfnahlaup. Þetta er óvenjulegt mannvirki að gerð og óvíst með aldur þess, gæti verið gryfja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Gerði SN-007:34, horft til norðurs

Vestan undir klettarana, um 110 m austan og neðan bæjarhól Kirkjuhóls 001, er lítil tóft eða gerði. Klettarani þessi liggur norður-suður nálægt austurjaðri túnsins. Hann er gróinn, bratt er af honum til austurs niður í Fúlúvík, en aflíðandi brekka er til vesturs að Kirkjuhólstúni.

Þetta er sennilega lítið gerði e.t.v. stekkur, sem er sambyggður klettinum sem afmarkar austurhlíð tóftarinnar. Suðurendi er óljós sem og norðurveggur, þar gæti hafa verið op. Vesturveggur er skýr, hleðslur signar og vallgrónar um 0,3-0,4 m háar og allt að 2 m breiðir. Tóftin er 9 m löng í norður-suður og um 4 m í austur-vestur. Svæðið suður frá þessari tóft er á kafi í grasi, þýft og ekki hægt að merkja hvort þar séu minjar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Vegur SN-007:035, horft til suðausturs

Upphlaðinn vegur úr torfi virðist vera yfir suðvestasta hluta Gormýrar, en svo nefnist mýrin upp af Fúlúvík. Gormýri og Fúlavík eru mestu leyti í landi Ytri-Tungu. Nyrsti hluti mannvirkisins er rétt austan túnenda Kirkjuhóls en hinn syðri rétt norðan eða norðvestan Leiðarvörðu SN-009:009, um 20 m.

Gormýri er stórt mýrarflæmi sem teygir sig frá þurum sjávarbökkum Fúlúvíkur og upp að Langaholti.


Efsti og nyrsti hluti þessa upphlaðna mannvirkis er í landi Kirkjuhóls, u.þ.b. 10 m langur spotti, en að öðru leyti er það í landi Ytri-Tungu. Mannvirkið er rúmlega 100 m langt og snýr í norð-norðvestur - suð-suðaustur. Breidd þess er um 3-4 m og hæð um 0,2 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ytri-Tunga BJ, 2-3; Ö-Kirkjuhóll BJ, 2-3

SN-007:036 tóft óþekkt

A: 305533 N: 484571



Tóft SN-007:036, horft til suðurs


Lítill tóft er um 70 m norðan bæjarhóls 001 og um rúmum 20 m vestan heimreiðar að íbúðarhúsi. Tóftin er byggð utan í hólinn ofan bæjar, Kirkjuhól. Hlutverk hennar er ekki þekkt.

Brekkan sem tóftin er í er gróin en ofar verður hún grýtt og yfir gnæfir vitinn í norðvestri. Tóftin er um 3,5 metrar í norður-suður og 3 m austur-vestur, op er til suðurs. Hleðsluhæð er um 0,2 m. Grjótt er í hleðslum og timburleifar liggja ofan í tóftinni.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar

SN-007:037 gerði rétt

A: 305486 N: 484452



Rétt SN-007:037, horft til vesturs.

Neðan Kirkjuhólsbæjar 001 eru hólur og klettaranar í túninu, sennilega svæði sem kallast Hjallhólar 038, sbr. viðbætur við örnefnaskrá Kirkjuhóls. Þar er að finna minjasvæði, gerði og tóftir. Svæði þetta

er um 80 m suðvestan bæjar 001 og um 100 m suðaustan gamla bæjarhólsins 005. Á þessu svæði neðan bæjar og niður á sjávarbakka (Fiskibakka sbr. viðbætur við örnefnaskrá) eru hólur og klettur í túninu og skilja milli vestur- og austurtúns Kirkjuhóls.

Heildarsvæðið sem minjarnar ná yfir er um 20 m í austur-vestur og um 16 m í norður suður. Minjarnar eru einkum: A) Stórt gerði og B) tóft á austurhlið gerðisins. Gerðið er óreglulega ferhyrningslaga u.þ.b. 12 m austur-vestur og 9 m norður-suður (innanmál 9x8 m). Op er austast á norðurvegg rúmlega 3 m stórt frá því til norðurs eru garðlög beggja vegna sem mynda einskonar rennu inn í gerðið, e.t.v. aðrekstrargarður, u.þ.b. 6 m langur. Gerðið er hlaðið upp milli hólanna og klettanna og víða hefur verið hlaðið ofan á náttúrulegar hæðir til að gera gerðið skepnuhelt, bæði með grjóti og torfi. Hæð gerðisins er hæst 0,4 m og þykkt garðsins mest 1-1,5 m. Rof er í garðlagið á tveimur þremur stöðum: Á suðurhlið (um 3 m), við stórt bjarg á suðvesturhorni (um 0,5 m), á vesturhlið (tæplega 0,5 m). B) Tóft er við austurhlið gerðisins u.þ.b. 2,5 m austur-vestur og 2 m norður-suður að innanmáli, veggjaþykkt er um 1,5- 2 m. Op er á tóftinni vestarlega á suðurvegg við stórt bjarg sem þar er og hefur verið notað í vegginn. Tóftin virðist yngri en gerðið og byggt ofan á garðlagið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Kirkjuhóll, viðb., 1

SN-007:038 *Hjallhólar* örnefni hjallur

A: 305474 N: 484438

Í viðbótum við örnefnaskrá segir: "Fyrir vestan Kórana er beint niður undan bænum vik, sem heitir Bás [017]. Á leið þangað eru litlir hólur, sem Hjallhólar heita. Bakkinn þar fyrir framan heitir Fiskibakki."

Rétt 037 er í Hjallhólum en engin ummerki fundust um fiskhjalla eins og örnefnið bendir til. Á þessu svæði neðan bæjar og niður á sjávarbakka (Fiskibakka) eru hólur og klettur í túninu og skilja milli vestur- og austurtúns Kirkjuhóls.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kirkjuhóll, viðb., 1

SN-008 Lágabúð

Lágabúð var lengi hjáleiga Kirkjuhóls SN-007. 1714: "Lágabud. Þriðja hjáleiga. Bygð fyrir meir en 80 árum. Dýrleikinn áður talinn í heimajörðunni. Hjáleigumaðurinn Petur Arason." JÁM V, 128.

"[...] Kirkjuhóll var lengi fram eftir öldum þrjú býli, sem hétu Kirkjuhóll [SN-007], Háabúð [sjá SN-007:001] og Lágabúð. Veit ég [Bragi Jónsson], hvar gamli Kirkjuhóll stóð og einnig Háabúð, en ekki hvar Lágabúð var." Ö-Kirkjuhól BJ, 2.

"Svo voru tvö býli, sem nú tilheyra Kirkjuhóli, nú slétt, en voru rústir skamms tíma. Rétt suður af bæ [SN-007:001 áður bæjarstæði Háabúðar] var Lágabúð, en vestan við bæ var Ytri-Kirkjuhóll [SN-007:005 eldra bæjarstæði Kirkjuhóls]." Ö-Kirkjuhóll AG, 1.

Básendaveðrið mikla 9. janúar 1799 gerði usla á Snæfellsnesi og gekk sjór á land og skemmdi jarðir víða, m.a. Lágabúð. Ö-Álftavatn viðb. og leiðr. BG, 5.

SN-008:001 *Lágabúð* bæjarstæði býli

A: 305576 N: 484477

Árið 1714 er hjáleigan Lágabúð í byggð skv. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns: "Lágabud. Þriðja hjáleiga. Bygð fyrir meir en 80 árum." Í Jarðatali Johnsen frá árinu 1847 er hjáleigan ekki talin upp og er þá að líkindum fallin í eyði. Í örnefnaskrá Braga Jónssonar segir: "...veit ekki hvar Lágabúð var." Í örnefnaskrá Ara Gíslasonar er hún talin hafa verið: ".. rétt suður af bæ."

Neðan bæjarhóls Kirkjuhóls eru sléttuð tún um klettarana, en miklar misfellur og grjót er í túnsverðinum. Ekki er vitað hvar Lágabúð var og engin augljós ummerki eru um bæjarstæði í túninu sunnan (neðan) bæjarhóls Kirkjuhóls SN-007:001. Sem líklegan stað verður þó að nefna svæðið suðaustan og neðan við bæjarhól Kirkjuhóls SN-007:001, u.þ.b. 30-40 m þaðan. Þar er áberandi hólbunga í túninu og mikið grjót í grassverðinum auk þess ósléttaður hólrani með tóftum þar við, sjá lýsingu minja SN-007:023/003.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JÁM V, 127-128; JJ, 141; Ö-Kirkjuhóll BJ, 3; Ö-Kirkjuhóll AG, 1


SN-009 Ytri Tunga

SN-009 Ytri Tunga

Þýðing merkja árið 1916:

- Bæjarhús
- Peningshús
- Rúst
- △ Matjurtagarður

()	Skýringar
()	bæjarhöll
□	horfinn minjastaurur
⚓	tóft
■	gömul bygging sem stendur enn
—	mörk túns og garða skv. túnakorti
- - -	leifar túngarðs
...	tröðir



Jarðarinnar er fyrst getið í máldaga Mariukirkju á Stað á Ölduhrygg frá um 1274. DI II, 114.

Árið 1354 kemur Ytri-Tunga fyrir í máldaga Mariukirkju að Stað á Snæfellsnesi, í tíð Gyrðis biskups Ívarssonar. DI III, 81.

1397 er hennar getið í máldaga Vilchins biskups fyrir kirkjum í Skálholtsbiskupsdæmi. Þar segir: "Ytri-Tungu landamerki. hún á fyrir sunnan að Syðri-Tungu landamerkjum og upp í Hófarhól, og það(an) út með Hólmsvatni út í garðinn, sem gengr frá vatninu og ofan til sjávar að Hrafnshelli. DI IV, 176,178.

Einnig í máldaga frá um 1570 og síðar, gerður var í tíð Gísla biskups Jónssonar. DI XV, 607.

1714: "Jarðardýrleiki er óviss, því engin gelst hjer túnd af, og hefur ei goldist í manna minni. Eigandinn er beneficium Staðarstaður. Ábúandinn á þremur fjórðungum jarðarinnar Sigurður Egilsson. Ábúandi á einum fjórðungi Bjarni Björnsson. [...] Torfrista og stúnga er næsta því þrotin. Reiðingsrista ekki nema í túnveitu. Móskurður til eldiviðar nógur." JÁM V, 129.

1847: "A.M. nefnir líka Tánga [003] sem hjáleigu frá Ytri-Tungu, en hún var 1805 tekin af fyrir sjáfarrofi." JJ, 141.

"Jörðin liggur milli Syðri-Tungu [SN-011] og Kirkjuhóls [SN-007] og á land að Hagavatni, sem er mýrar og holt. Gott tún er neðan þjóðveggar. Sandbakkar eru meðfram sjónum. Hlunnindi: reki og eiði í Hagavatni, útræði var áður úr Fúlavík sem er í landi jarðarinnar. Eyðibýlið Tangi [003] austan Fúlavíkur var í byggð 33-37. Lukka [SN-010] er eyðibýli í Ytri-Tungulandi að austanverðu. Fór úr byggð um 1900." BS,330.

"Ytri-Tunga er mitt á milli Kirkjuhóls [SN-007] og Syðri-Tungu [SN-011], en þó nær Syðri-Tungu." Ö-Ytri-Tunga SJ, 1.

"Því næst tekur við bæjarhverfi skammt frá ströndinni, sem í daglegu tali er nefnt Tunguþláss. Eru þar nú fjórir bæir og liggja tún þeirra saman. Austast er Glaumbær [012], þá Neðri-Hóll [013], til aðgreiningar frá Efra -Hóli [SN-034], sem er upp við fjallið austan Slitvindaða [SN-035], svo kemur Syðri-Tunga [011] og loks Ytri-Tunga. Áður voru bæirnir fleiri, svo sem Lukka og Tangi." ÁFÍ 1982, 38.

Hamfaraveðrið, kennt við Básenda, þann 9. janúar 1799, gerði mikinn skaða á sunnanverðu Snæfellsnesi, m.a. í landi Ytri-Tungu. Ö-Álftavatn viðb. og leiðr. BG, 5.

Túnakort 1916: Tún 3.9 ha, slétt 4/5, garðar 625 m²



Bæjarhóll Ytri Tunga SN-009:001, horft til norðausturs

Inn á túnakort frá 1916 er merktur bær, matjurtagarður, rúst, heygarður og peningshús á bæjarhól Ytri-Tungu. "Íbúðarhús, geymsluhús og fænaðarhús standa allmiklu ofar en gamli bærinn [001] var. Þar sem hann stóð, er nú [1979] slétt flöt og engar byggingar lengur," segir í örnefnaskrá BJ. "Bærinn stendur á sléttlendi skammt frá sjó, nokkrum spöl fyrir vestan Syðri-Tungu, túnið nær niður að sjónum. Suðvestur frá bænum eru fjárhúsin [á bæjarhól 001] og rétt fyrir sunnan þau er gamall kálgarður [á bæjarhól 001]; sunnan við hann er bunguvaxinn hóll á sjávarbakkanum," segir í örnefnaskrá ÞJ. Bæjarhóllinn er nærri sjó, neðst í túni Ytri-Tungu en bærinn var fluttur

um 200 m til norðausturs í kringum miðja 20. öld. Litlu vestan við hólinn er bílstæði og upplýsingaskilti um seli. Gamla heimatúnið er fremur flatlent en víða eru grónir klapparhólar og -hryggir í því.

Bæjarhóllinn er í gömlu túni en aðeins nyrsti hluti þess er enn sleginn. Norðurhluti hólins er innan túnsins sem er sleginn. Bæjarhóll Ytri Tungu er gríðarstór og flatur að ofan. Hann er um 4 m á hæð og 60 m í þvermál. Ekki er útilokað að hann sé að hluta náttúrulegur en ljóst er að í honum er mikil uppsöfnun mannvistarlag. Ójöfnur sjást í bæjarhólnum og húsgrunnur er suðaustarlega á honum. Grunnurinn er 5x2,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Í innanverðum veggjum sést eitt umfar grjóts og er mesta dýpt grunnsins 0,2 m. Fast sunnan við hann er lítil gróin gryfja sem er 1,5 m í þvermál og 0,4 m á dýpt. Þessar minjar eru að líkindum leifar af fjárhúsum og hlöðu sem stóðu á bæjarhólnum árið 1948 en þá var búið að færa bæinn til norðausturs. Tunga gengur út úr hólnum til vesturs og norðvestast á henni er ávöl bunga þar sem ætla má að mannvirki leynist undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1916; Ö-Ytri-Tunga BJ, 1; Ö-Ytri-Tunga ÞJ, 1

SN-009:002 þúst túngarður


A: 306364 N: 484432

Norðan við bæjarhól 001 og fast sunnan við Grænurústir 004 er hryggur í túninu sem liggur í sveig og gæti verið leifar af túngarði. Hann er á svipuðum slóðum og norðurmörk túnsins samkvæmt túnakorti frá 1916. Ekki er hins vegar útilokað að um náttúrumyndun sé að ræða.

Hryggurinn er í sléttuðu túni, innan þess hluta sem enn er sleginn. Hryggurinn liggur í sveig til suðurs frá vestri til austurs og er 112 m á lengd og 3 m á breidd. Þar sem hann endar til austurs er grjótpúst eða jarðlæg klöpp.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1916




Minjar á bæjarstæði Tanga SN-009:003, horft til norðvesturs

Hjáleiga frá Ytri-Tungu, var við austanverða Fúluvík. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1714 segir: "Tange. Hjáleiga af Ytri tungu. Bygð fyrir manna minni [...] Eldiviðartak frí og torfrista slík sem til er." Í örnefnaskrá segir: "Fyrir vestan Tangalæk er gamalt eyðibýli, er Tangi hét. Þar var reist nýbýli 1933, og var búið þar til '37. Sá, sem byggði nýbýlið, hét Eyjólfur Snæbjarnarson og er nú látinn fyrir löngu." Um 450 m vestan við bæjarhól Ytri-Tungu 001 og um 140 m suðaustan við Leiðarvörðu 009 í Fúluvík, eru miklar tættur á grónum bökkum í austanverðri Fúluvík.

Purrir grasbalar eru ofan sendinna sjávarbakka Fúluvíkur. Rúmir 15 m eru í austur frá bökkum að tóftum. Minjarnar eru bæjarhóll og kálgarðar tveir sem vísa mót suðaustri. Alls er minjasvæðið um 34 m norður-suður og um 42 m austur-vestur. Lækur rennur í mýrinni um 5 m austan minjasvæðis. Bæjarhóllinn sjálfur er um 30 m í norður-suður og um 20 m í austur-vestur, óljóst er þó hvar hólendar eru nákvæmlega í norðri-og suðri. Hóllinn sjálfur er talsvert ósléttur og í honum áberandi hryggir og dældir en ekki er hægt að greina einstök rými eða húsaskipan. Aðeins sjást greinileg hól í suðausturhluta hólsins: A er svolítill kofi í jaðri bæjarhólsins og virðist hafa opnast til suðausturs en dynnar eru sunnan/utan kálgarðsveggisins. Stærð þessa samanfallna litla rýmis er nú rétt um 1 x 0,5 m. Þar fast norðan við, handan torf-og grjóthlaðins 1 m þykks veggjar, er annað hól/herbergi, B. Það rými hafði dyr til austurs/ innan kálgarðs. Innamál B er um 3 x 1 m. Hleðslugrjót sést á nokkrum stöðum, bæði í bæjarhól og kálgarði, allt sjávarsorfið grjót. Kálgarður er byggður við bæjarhólinn suðaustantil og er hann tvískiptur. I: Efri kálgarðurinn sem er áfastur bæjarhól er um 18 m norður-suður og um 10 m austur-vestur. Norðausturhorn garðsins er raskað. Op, tæplega 1 m breitt, er á honum á austarlega á suðurvegg, þar sem neðri kálgarður kemur að. Neðri kálgarðurinn er byggður við hinn efri og er suðurveggur er nokkuð í beinu framhaldi af suðurvegg efri kálgarðsins. II: Neðri kálgarður er um 11 m í norður-suður og um 13 m í austur-vestur. Veggir kálgarða er úr torfi og grjóti og veggjaþykkt kálgarðanna er um og yfir hálfur metri, hæð um 0,3-0,4 m, en neðri kálgarður er lágreistari, var e.t.v. girtur líka. Svo er að sjá að neðri kálgarði hafi verið skipt í smærri einingar, a m.k. einn um 3 m garðstubbur er frá u.þ.b. miðjum norðurvegg inn í garðinn.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: JÁM V, 130; Ö-Ytri-Tunga BJ, 2-3




Tóft SN-009:004, horft til austurs

"Í norðaustur frá gamla bæjarstæðinu [001] eru fornar tóftir, sem kallaðar eru Grænurústir," segir í örnefnaskrá BJ. Útflött tóft er í túni um 80 m norðaustan við bæjarhól 001 og er það mögulegar leifar af Grænurústum en búið er að slétta allt svæðið norðan við bæ í tún og sjást þar engar aðrar minjar sem gætu átt við þessar fornu tóftir.

Tóftin er í sléttuðu túni sem er í rækt. Tóftin er 13x11 m að stærð og snýr VNV-ASA. Óljóst má greina innanmál tveggja hólfa í henni. Stærri hólfið I er í vesturenda og er það 3x8 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Op er á því í VNV enda en ekki virðist hafa verið hlaðinn veggur á þeirri hlið. Hólf II er í austurenda og er 1,5x3 m að innanmál og snýr þvert á hólf I. Ekki sést op á því. Tóftin lækkar til vesturs og er hæst í austurenda þar sem hún er 0,3-0,4 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ytri-Tunga BJ, 1



Leifar af hesthúsi SN-009:005, horft til VSV

"Í norðaustur frá gamla bæjarstæðinu eru fornar tóftir, sem kallaðar eru Grænurústir [004]. Í suðaustur af þeim er hesthústóft, sem nefnd er Nikulásartóft," segir í örnefnaskrá BJ. Líklegt er að hesthúsið hafi verið þar sem enn sést gryfja á hól um 60 m austan við bæ 001 og 20 m austan við tóft 032.

Gryfjan er í norðurjaðri þess hluta túnsins sem ekki er lengur sleginn. Til suðurs er lægð í gamla túninu og litlir klapparhólar í henni.

Gryfjan er 2x1,5 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Hún er 0,3 m á dýpt. Ekki sést hleðslugrjótt í henni. Óljóst má greina ytri brún veggja nema til SSA. Lágur hryggur gengur til SSA út frá suðurhorni gryfjunnar. Hann virðist vera náttúrulegur en kann að vera leifar af hlöðnum vegg. Hryggurinn er 8 m á lengd og 2 m á breidd næst gryfjunni en mjókkar lítillega til SSA. Hann er 0,1-0,2 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ytri-Tunga BJ, 1

SN-009:006 álagablettur huldufólksbústaður

A: 306483 N: 484284

"Þaðan [frá Lukku SN-010:001] í suðaustur er lítill hóll nafnlaus, sem ekki má slá. Nokkuð í austur frá honum er annar hóll [019] allmikið stærri, sem sama bann hvílir á. Hann er einnig nafnlaus," segir í örnefnaskrá BJ. Litli hóllinn sem hér er nefndur er líklega um 50 m sunnan við Lukku SN-010:001 og 65 m vestan við hinn álagahólinn 019.

Hóllinn er í gömlu túni með mörgum klapparhólum sem ekki er lengur slegið. Hann er nánast í fjöruborðinu og er sjávarkampurinn kominn fast sunnan að honum. Hóllinn er flatur að ofan, fremur þríhyrningslaga og ekki ýkja hár. Hæstur er hann um 2 m austast. Engin mannaverk virðast vera á hólum eða við hann.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ytri-Tunga BJ, 1

SN-009:007 Byrgislaut tóft rétt

A: 484263 N: 306531



Tóft SN-009:007, horft til austurs

eru rúnnuð.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Ytri-Tunga BJ, 2

Innrekstrarbyrgi er á sjávarbökkum um 70 m suðaustan við bæjarstæði Lukku SN-010:001, sennilega á svokölluðum Lukkutanga. Í örnefnaskrá segir: "...vestan [Lukkutjarnar]...er grjóttangi, sem Lukkutangi heitir. Ofan við hann er laut, sem Byrgislaut heitir og mun draga nafn af því, að neðst í henni er gamalt innrekstrarbyrgi, sem nú er hætt að nota."

Sjávarbakkarnir eru grónir og sendnir en þar ofan við er kafgras. Fjaran er fast neðan við byrgið. Torf-og grjóthlaðið aðhald, hleðslur signar og fallnar. Stærð um 8 m í norðaustur-suðvestur og um 9 m í suðaustur-norðvestur. Hleðsluhæð um 0,3 m og veggjaþykkt um 0,5 m. Horn réttarinnar



Mógrafir SN-009:008, horft til suðausturs

Allstórt mógrafasvæði er fast sunnan Snæfellsnesvegjar (54) og vestan heimreiðar að Ytri Tungu, um 370 m norðan við bæ 001.

Mógrafirnar eru í jaðri stórrar og blautrar mýri. Austan við hana eru tún en vestan við er óræktaður mói. Mýrin sem mógrafirnar eru í er um 310x140 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Mógrafirnar eru í jaðri mýrarinnar en ná ekki yfir hana alla. Þær eru stökkagrafir sem eru víða 1 m á dýpt og stendur vatn í þeim dýpstu en margar þeirra eru þurrar og grónar.

Hættumat: engin hætta



Leiðarvarða SN-009:009, horft til norðurs

Í Fúlúvík er leiðarvarða. Í örnefnaskrá segir: "Upp af botni Fúlavíkur er stór varða, sem Leiðarvarða heitir. Er hún leiðarmerki upp í Fúlúvík. [...] Leiðarvörðuna fyrir ofan Fúlúvík á að bera í vörðuna, sem á honum [Vörðuhól 016] er, og er það bátaleið upp í Fúlúvík." Varðan er um 550 m vest-norðvestan bæjarstæðis Ytri-Tungu 001.

Varðan er á sendnum sjávarbökkum, um 15 metrum upp - norður - af fjörinni. Þar norðan við er Gormýri. Lækur rennur úr mýrinni til sjávar um 18 m austur af vörðunni. Varðan er á sléttlendi. Varðan er hlaðin um gildan staur eða rekaviðardrumb og stendur endinn upp úr hleðslunni. Varðan er hringhlaðin úr hnúllungssteinum og mjókkar

upp, hæð hennar er vel á 3 m. Þvermál vörðunnar neðst eru rúmlega 2 m. Varðan er gulmáluð á suðurhlíð, þeirri er að sjó vísar. Skófir eru á steinum. Vel byggð, ekkert hruninn og haldið við. Leiðarvarða er beint suður af suðurenda landamerkjagarðs 011 og því líklegt að hún hafi einnig verið landamerkjavarða.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ytri-Tunga BJ, 3, 4

"Sunnan við hólana [Dammhólar] er venjulega stór pollur í götunni, er liggur niður að Ytri-Tungu. (Þá götu er hætt að nota). Heitir pollur þessi Dammur," segir í örnefnaskrá BJ. Gatan sem nefnd er hér að framan er líklega á sömu leið og sýnd er á Herfingjaráðskorti frá 1911 og sem lá af þjóðleið 611:001 að bæ 001 úr NNA.

Leiðin lá um svæði sem er að mestu búið að rækta í tún og er í aflíðandi halla til suðurs. Engin ummerki sjást lengur um leiðina því búið er að rækta tún á svæðinu sem hún lá um.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ytri-Tunga BJ, 3; Herforingjaráðskort 15 NA

SN-009:011 garðlag landamerki

A: 305820 N: 485048



Landamerkjagarður SN-009:011, horft til norðurs

einnig í mýri en á loftmynd má sjá óljós ummerki um hann á 240 m löngum kafla. Leiðarvarða 009 er beint suður af suðurenda landamerkjagarðsins og því líklegt að hún hafi einnig verið landamerkjavarða. Garðurinn er nánast alveg útflattur og víða er rof í honum. Sumsstaðar ógróið en víða gróið. Hann er víðast 3 m á breidd og 0,1-0,2 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Ytri-Tunga BJ, 3

SN-009:012 garðlag nátthagi

A: 306832 N: 485952



Garðlag SN-009:012 sem afmarkaði nátthaga á Lambhagatanga, horft til SSV

garðinn þar sem efnið í hann var stungið upp. Garðurinn er víða 1 m á breidd og 0,6 m á hæð. Op er á garðinum sunnan við klöppina sem hann liggur yfir þar sem hann sveigir lengst til austurs.

Hættumat: engin hætta

SN-009:013 *Draugastapar* örnefni draugur

A: 484014 N: 306088



Draugastapar SN-009:013, horft til norðvesturs

Um 100 m austan við heimreið til norðurs, að nýbýlinu Grenási, eru Draugastapar. Staparnir eru við þjóðveginn, rétt nokkrum metrum norðan hans. Í örnefnaskrá segir: "... við veginn eru lágir stapar, sem Draugastapar eru nefndir."

Rétt ofan veghelgunarsvæðis þjóðvegarins við girðingu sem þar er. Enginn mannaverk eru á Draugastöpum utan þess að þeir hafa verið skemmdir af vegagerð eða girðingarvinnu. Engar þekktar sögur eru um Draugastapa sem skýra nafnið.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Ytri-Tunga BJ, 4

SN-009:014 *Torfholt* örnefni rista

A: 485067 N: 306067



Torfholt SN-009:014, horft til suðausturs.


"Norður af Draugastöpum [013] er holt, sem Torfholt heitir," segir í örnefnaskrá. Torfholt er 40 m norðan við Draugastapa og gefur nafn holtsins til kynna að torf hafi verið rist nærri því. Holtið norður af stöpunum er grýtt og á því lítill jarðvegur. Það er umlukið mýri. Engin merki sjást nú um torfristu í mýrunum í kringum holtið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ytri-Tunga BJ, 4

SN-009:015 *Stekkhóll* tóft stekkur

A: 485248 N: 306578



Stekkjartóft SN-009:015, horft til suðausturs

Tóft er suð-suðaustan undir Stekkhóli, rétt ofan mógrafasvæðis 022, sem er í svarðarmýrinni neðan hólins. Í örnefnalýsingu segir: ".. heitir Grenhóll. Niður af honum við veginn eru lágir stapar, sem Draugastapar [013] eru nefndir. Norður af Draugastöpum er holt, sem Torfholt [014] heitir. Austur af Grenhól eða austurenda hans er hóll, sem Grjóthóll heitir. Fyrir austan hann er Stekkhóll." Tóftin er norðan/ofan Snæfellsnesveggar (54), um 30 m austan við tóft 043 og um 890 m norð-norðaustan við bæjarhól 001.

Gróin brekka suðaustan undir Stekkhóli. Áberandi mógrafir 022 eru í mýrinni neðan við. Tóftin er fornleg og veggir signir. Hún er tvíhólfa og utanmál hennar er um 8 x 6 m. Efra/nyrðra hólfa A snýr austur-vestur, tæplega 4 m að innanmáli. Ekki er að sjá op. Syðra hólfið, B, er tæplega 6 x 2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Syðsti endi tóftarinnar er ógreinilegur en op virðist hafa verið syðst á vesturvegg - til vesturs. Veggjahæð er mest um 0,5 m og veggjabykkt rúmlega 1 m. Að öllum líkindum stekkjartóft: A, lambakró og B, rétt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ytri-Tunga BJ, 4

SN-009:016 *Vörðuhóll* varða samgöngubót

A: 485045 N: 306346



Varða SN-009:016, horft til suðvesturs.

gulmáluðum, en nú hálfvallin. Botn vörðunnar nú, þar sem hún er úr lagi gengin er um 4 m í austur-vestur og um 3 m í norður-suður. Hæð hennar er nú 1,3-1,4 m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ytri-Tunga BJ, 4

SN-009:017 *Litli-Stekkhóll* örnefni stekkur

A: 306626 N: 485100

"Suður af Stekkhól [015] er lítill hóll, sem heitir Litli-Stekkhóll," segir í önefnaskrá. Litli-Stekkhóll er ofan þjóðveggar, rúmum 770 m norð-norðaustan við bæjarhól Ytri-Tungu 001 og um 270 m aust-norðaustan við leiðarvörðu á Vörðuholti 016.

Holt, grýtt að ofan en gróið nær mýrunum í kring. Engar minjar fundust á Litla-Stekkhóli og er líklegt að hann dragi nafn sitt af stekki 015 eins og Stekkhóll.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ytri-Tunga BJ, 4

SN-009:018 Móbarð náma mógrafir

A: 485046 N: 306659



Mógrafir SN-009:018, horft til austurs

Mógrafir eru í mýrarsundi austur af Litla-Stekkhóli 017. Í örnefnaskrá segir: "Austur af Litla-Stekkhól [017] heitir Móbarð." Svæðið er um 400 m austur frá leiðarvörðunni á Vörðuholti 016.

Fífa og stór er áberandi í mýri sem þarna er í sundi milli tveggja holta, vestara holtið er Litli Stekkhóll. Mógrafasvæðið er um 55 x 40 m að umfangi. Margar réttthyrndar mógrafir, stokkagrafir, og vatnsbakki greinilegur milli grafanna. Umfang þeirra er mismunandi, sumar um 1 x 3 m, aðrar um 2 x 3 m, o.s.frv. en allar djúpar og stórhættulegar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ytri-Tunga BJ, 4

SN-009:019 álagablettur

A: 484286 N: 306555



Álagablettur SN-009:019, horft til norðausturs

Í örnefnaskrá segir: "Þaðan [frá Lukku SN-010:001] í suðaustur er lítill hóll [006] nafnlaus, sem ekki má slá. Nokkuð í austur frá honum er annar hóll allmikið stærri, sem sama bann hvílir á. Hann er einnig nafnlaus." Ekki er víst hvar stærri hóllinn var sem um er rætt í örnefnaskrá. Við sjóinn er hins vegar áberandi, iðagrænn og gróskumikill hóll, sem kemur sterklega til greina og í gætu verið fornleifar. Staður sá er hér um ræðir er um 80 m suðaustur frá bæjarstæði Lukku og er jaðar svæðis þessa rétt um 5 m sunnan tóftar 033.

Hóllin er á sendnum, þurrum sjávarbökkum. Fjaran er sunnan við og órækt norðanvið og þar enn ofar/norðar tún. Hóllinn er mjög svo óreglulegur í formi en í

honum eru dokkir og grjót sést í. Hóllinn er brattur til norðurs og norðausturs og rani gengur frá honum til austurs og er brotið af honum að sunnan við fjörubakkann. Þarna er fjörubakkinn gróinn svo ekki sást í brotsár sem hefði gefið upplýsingar um hvort hleðslur væru að sjá í hólnum. Af hólnum er fremur aflíðandi halli til vesturs. Alls nær hóllinn og rani sá er frá honum er, yfir um 25 x 9 m stórt svæði. Allt er þetta óljóst.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Ytri-Tunga BJ, 1



Fúlavík SN-009:020, horft til vesturs

Áður fyrr var útræði úr Fúlavík. Lönd jarðanna Kirkjuhóls SN-007 og Ytri-Tungu skiptast um Fúlavík, Kirkjuhóls í vestri og Ytri-Tungu í austri. Leiðarvarða 009, mið fyrir báta er upp af Fúlavík, og á hana að bera í aðra leiðarvörðu 016, á Vörðuholti. "Útræði var áður úr Fúlavík, sem er í landi jarðarinnar," segir í Byggðum Snæfellsness. Í Íslenskum sjávarháttum segir ennfremur: "Í Staðarsveit voru fjögur viðleguver: Krossar [SN-020/SN-022], Traðir [SN-017], Fúlavík og Akur [SN-004]. Fúlavík, sem er í landi Kirkjuhóls, var þeirra langstærst, en þaðan réru á vorin 10-20 bátar."

Í Fúlavík er fjara með ljósum skeljasandi og er víkin hrein á milli flúra.

Grónir sendnir bakkar eru allt um kring, um 1 m háir. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1714, segir um Ytri-Tungu: "Heimræði er árið um kring, þó sjaldnast brúkað frá allraheilagramessu fram yfir jól, og ganga hjer skip staðarhaldarans jafnan í, stundum tvö um vertíð. Skipflutur er í, engi skipleiga. Inntökuskip ganga hjer engin. Þessar skipastöðvar kallast í Fúlavík." Jarðabókin greinir ekki frá útræði úr Fúlavík í umfjöllun um Kirkjuhól. Engin mannaverk sem eru tengd útræði sjást í vikinni.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: BS, 330; ÍS II, 43; JÁM V, 127, 131



Mógafir SN-009:021, horft til suðvesturs

Lítið mógrafasvæði er sunnan Snæfellsnesveggar (54), 100 m suðvestan við Draugastapa 013 og 630 m suðaustan við bæ 001.

Blautt mýrarsund á milli holta. Mógrafirnar eru á svæði sem er 80x40 m að stærð og snýr NNA-SSV. Þær eru grónar og fremur grunnar eða 0,,2-0,3 m á dýpt. Á stöku stað stendur vatn í gröfunum en það er grunnt.

Hættumat: engin hættu

SN-009:022 náma mógrafir

A: 485245 N: 306577



Mógrafir SN-009:022, horft til suðausturs

Sunnan undir Stekkhóli 015 er svarðarmýri og í henni miklar mógrafir sem ná upp undir hólinn. Stekkjartóftir 015 og 043 eru fast norðan við mógrafasvæðið.

Gróin brekka Stekkhóls er norðan við mógrafasvæðið og sunnan við er mikið mýrarflæmi sem nær niður undir þjóðveg. Mógrafasvæðið er 80x30 m að stærð og snýr austur-vestur. Á því eru margar rétthyrndar mógrafir, stökkagrafir, og vatnsbakki greinilegur milli grafanna. Umfang þeirra er mismunandi, sumar um 1 x 3 m, aðrar um 2 x 3 m, o.s.frv. en allar djúpar og stórhættulegar.

Hættumat: engin hætta

SN-009:023 heimild landamerki

A: 306790 N: 484334

"Verður nú lýst landamerkjum beitilandsins, eins og það var fyrir skiptinguna: Sjónhending úr grjóthrógu, sem stendur á Kampinum niður við sjóinn milli Syðri- og Ytri-Tungu, og upp í Kjósarhól. Nú hefur verið grafinn þurrkunarskurður á Kampinum, mjög nálægt landamerkjunum, og er hann sennilega látinn ráða merkjum nú orðið," segir í örnefnalýsingu Neðri-Hóls. Grjóthrógan sem getið er í textanum er ekki lengur sýnileg á Kampinum en var að líkindum um 300 m austan við bæ 001 og 35 m austan við þurrkunaskurð.

Á sjávarkampinum mætir grasgróður sendinni klapparfjöru. Sem fyrr segir sjást engin ummerki um grjóthróguna eða vörðuna sem var á merkjum en óvíst er hver örlög hennar urðu. Líklegt er að hún sé horfin vegna landbrots.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Neðri-Hóll SJ, 4-5

SN-009:024 náma mógrafir

A: 485446 N: 306448



Mógrafir SN-009:024, horft til austurs

Í mýrarsundi milli Grjóthóls og Stekkjarhóls eru mógrafir. Svæðið er við Stekkjarhól vestanverðan.

Blaut mýri milli þurra holta. Sundið snýr í norður-suður.

Á þessu svæði eru mógrafir, stökkagrafir, rétthyrndar með vatnsbakka á milli. Grafirnar raða sér í lænuna. Mógrafasvæðið er um 60 m norður-suður og um 20 metrar austur - vestur.

Hættumat: engin hætta

SN-009:025 náma mógrafir

A: 306793 N: 485812



Mógrafir SN-009:025, horft til suðausturs

Greinilegar mógrafir eru á litlu svæði sunnan við Lamboddatá við Kjósarvatn, um 300 m austan við mógrafir 027 og 1,5 km norðaustan við bæ 001.

Gróin mýri á milli holta við vatnið. Mógrafirnar eru samfelldar og ná yfir svæði sem er um 50x33 m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Þær eru grónar og fremur þurrar en nokkrir pollar sjást. Grafirnar eru dýpstar um 1 m á dýpt en víða grynri.

Hættumat: engin hætta

SN-009:026 náma mógrafir

A: 306426 N: 485782



Mógrafir SN-009:026, horft til suðausturs.

Mógrafir eru í Lambhaga um 300 m vestan við mógrafir 025 og um 1,4 km norðan við bæ 001. Í mýri á milli lágs holts og Stekkhóls 015.

Mógrafirnar eru ekki mjög skýrar og getur verið að jarðvegi hafi verið ýtt ofan í þær til að forða slysum á skepnum. Þær eru á svæði sem er um 170x40 m að stærð og snýr ANA-VSV. Þær grafir sem sjást vel eru 3x1 m að stærð og 0,2-0,3 m á dýpt. Grunnt vatn stendur í sumum þeirra en þær eru að mestu þurrar og grónar.

Hættumat: engin hætta

SN-009:027 náma mógrafir

A: 306500 N: 485894




Mógrafir SN-009:027, horft til ASA

Mógrafir eru í Lambhaga fast sunnan við lágt holt í mýri um 100 m norðan við mógrafir 026 og 1,5 km norðan við bæ 001. Girðing liggur þvert í gegnum mógrafasvæðið. Á svæðinu eru grónar og blautar mýrar á milli lágra gróðursnauðra holta og hóla.

Mógrafirnar eru svipaðar þeim sem skráðar eru undir númer 026 að því leyti að þær eru ekki mjög greinilegar. Þær eru á svæði sem er 120x25 m að stærð og snýr ASA-VNV. Ekki situr vatn í þeim nema að litlu leyti næst holtinu. Mógrafirnar eru margar hverjar ílangar og 1-2 m á breidd. Ein gröfin meðfram holtinu er geysilöng en þær eru nokkuð fjölbreytilegar að lögun og stærð.

Hættumat: engin hætta



Mógrafir SN-009:028, horft til suðvesturs. Á teikningu eru tvær mótóftir sem eru við grafirnar

Mógrafasvæði er í Lambhaga sunnan við Hagavatn, þó ekki alveg á bakkanum, í mýri á milli tveggja hóla. Það er 370 m austan við mógrafir 029 og 1,7 km norðan við bæ 001. Tvær mótóftir eru uppi á lágum hól fast norðan við grafirnar og eru skráðar með þeim.

Mógrafirnar eru í fremur blautri, gróinni mýri. Austan við þær liggur slóði að bát við vatnið. Þær eru á svæði sem er um 130x30 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Með tóftunum er minjasvæðið 130x40 m að stærð. Þær eru nokkuð samfelldar, grónar og þurrar. Vatn stendur þó enn á stöku stað. Mógrafirnar eru ekki dýpri en 0,5 m fyrir utan nokkrar stakar grafir austast á svæðinu. Þær eru dýpri og er vatn í þeim. Tóftirnar tvær eru torfhlaðnar og einfaldar. Austari tóftin B er 0,3 m á hæð, 5x4 m að stærð og snýr NNW-SSA. Vestari tóftin C er 0,2-0,3 m á hæð, 6x3,5 m að stærð og snýr norður-suður. Á milli tóftanna eru 12 m. Það hallar lítillega undan þeim til suðurs. Ekki eru greinanleg op á þeim.

Hættumat: engin hætta



Mógrafir SN-009:029, horft til suðvesturs.

Lítið mógrafasvæði er alveg á suðurbakka Hagavatns í Lambhaga. Það er um 370 m vestan við mógrafir 028 og 1,7 km norðan við bæ 001. Mógrafirnar eru í grónu mýrlendi í viki á vatnsbakkanum.

Mógrafirnar eru á svæði sem er 60x15 m að stærð og liggur í sveig frá vestri til norðausturs. Þær eru nokkuð samfelldar og rennur vatn úr þeim til norðurs í Hagavatn. Svæðið er gróið og hvergi stendur vatn í gröfum nema í suðausturjaðri þess. Þar er ein gröf með vatni sem er 0,5 m djúpt en dýpstar eru grafirnar á svæðinu um 1 m.

Hættumat: engin hætta




Stekkjartóft SN-009:030, horft til suðurs

Stekkjartóft er ofarlega í vestanverðum Grenhól um 1 km NNV við bæ 001. Grenhóll er hár hóll sem er að mestu gróinn en á honum er mikið af holtagrjóti.

Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti og virðist skiptast í þrjú hólf. Hún er um 12x5,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er hólf I sem er hlaðið undir brún í Grenhól. Hún myndar norðausturvegg í hólfinu. Hólf I er 3x7 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur eins og tóftin. Op er inn í það úr austurhorni tóftar. Einnig er op úr því til norðvesturs inn í hólf II sem er grjóthlaðið að innan og hefur grjót úr hleðslum hrúnið inn í það. Hólfið er um 2,5x1,5 m að innanmáli og liggur þvert á hólf I. Óljóst hólf III er suðvestan við hólf II en ekki sést op inn í það. Það er um 2x1 að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki er útilokað að hólf II og III séu eitt og sama hólfið. Mesta hæð veggja í tóftinni er 0,5 m og mest sjást 3 umför í grjóthleðslum.

Hættumat: engin hætta



Gerði SN-009:031, horft til suðvesturs


Í túni Ytri-Tungu, um 150 m suðaustan við gamla bæjarhólinn 001, er hár hóll á sjávarbökkum. Hóllinn er áberandi í landslaginu og uppi á honum miðjum er grjóthlaðin tóft eða aðhald. Hóllinn er um 50 m suðvestan við bæjarhól Lukku, SN-010:001.

Hóllinn, sem hleðslan er í, er á þurrum, sendnum, grónum sjávarbökkum. Tún er norðan til, en órækt til austurs og vesturs. Tóftin er um 5 x 3 m að innanmáli og snýr í norður-suður. Hún er réttthyrnd, hleðslur standa vel utan þess að hrúnið er úr vesturhlið og norðvesturhorni en þar var op tóftarinnar, til vesturs. Tóftin virðist grafin inn í hólinn til austurs að einhverju leyti. Hleðslur og grjót að utanverðu sjást aðeins á vesturvegg en annars eru veggir hlaðnir að innanverðu. Sandur hefur safnast að tóftinni að utanverðu svo nánast slétt er ofan í hana nema að vestanverðu. Fimm umför af grjóti eru a.m.k. sjáanleg þar sem varðveislun er best, allt mosagrónir og skófum vaxnir fjörusteinar, mesta hleðsluhæð um 1 m. Botn tóftarinnar er nokkuð sléttur og í sandur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SN-009:032 tóft óþekkt

A: 306361 N: 484360



Tóft SN-009:032, horft til norðvesturs

Ferköntuð tóft er í gamla heimatúni Ytri Tungu um 15 m austan við bæjarhól 001 og 15 m vestan við Nikulásartóft 005. Á milli tóftar og bæjarhóls er lítill afgerandi hóll sem virðist vera náttúrulegur klapparhóll en gæti verið rústahóll.

Tóftin er í gömlu túni sem ekki er lengur slegið og ekki beitt og er því mjög grasgefið. Víða eru grónir klapparhólar í túninu. Tóftin er einföld og virðist hlaðin úr torfi og grjóti þó að ekki sjáist í grjóthleðslur fyrir gróðri. Hún er 13x12 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á miðjum suðausturvegg. Sá veggur er litlu mjórri en aðrir veggir sem eru víðast um 3 m á breidd. Hæstir eru þeir 0,5 m. Lítill hóll er við utanvert norðurhorn tóftarinnar. Innanmál tóftarinnar er ekki skýrt en þó vel greinanlegt. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en helst kemur til greina að hún sé af útihúsi eða lítilli rétt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar




Tóft SN-009:033, horft til norðurs

Tóft eru rétt ofan sjávarbakka um 260 m austan við bæjarhól Ytri-Tungu 001 og um 75 m suðaustan bæjarhóls Lukku SN-010:001. Tóftin er rétt norðan við 019. Ofan, og norðan, sjávarbakkanna er mjög gróið. Þarna er órækt en enn ofar tún. Tjörn er um 15 m norðaustan við tóftina.

Tóftin er tvö sambyggð hólf, bæði með op til vesturs. Utanmál tóftarinnar er um 7 m norður-suður og breidd um 5 m austur-vestur. Grjót sést í hleðslum. Veggjahæð er um 0,4 m, veggjaþykkt er rúmlega 1 m og innamál hólfanna 1 x 2,5 m. Hleðslur eru signar og ofan í tóftinni liggur timbur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Kálgarður SN-009:034, horft til vesturs

Gerði sem byggt er utan í klapparhól nærri sjó er í gamla heimatúni Ytri Tungu um 120 m suðaustan við bæ 001. Túnið er ekki lengur slegið og er komið í órækt. Í því er mikið af grónum klapparhólum.

Gerðið er um 8x10 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Ílangur hóll myndar norðvesturvegginn. Heildarumfangið á gerðinu er 13x14 m. Veggjahleðslur eru signar. Þær eru 1,5-2 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Veggurinn á suðvesturhliðinni er nánast útflattur og á honum miðjum

virðist vera breitt op. Ekki sést grjót í hleðslum en í grassverðinum er grjót og viðarraftar eða timbur. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þetta gerði gegndi. Helst kemur til greina að þarna hafi verið kálgarður en ef til vill var fiskur þurrkaður innan þess.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SN-009:035 hleðsla óþekkt

A: 484297 N: 306252




Hleðsla SN-009:035, horft til norðurs og suðausturs

Minjasvæði með allmörgum tóftum er á sjávarbakkanum um 70 m suðvestur af bæjarhóli 001, í túnjaðri. Þær minjar sem skráðar eru undir þessu númeri eru hleðslur sem sjást í rofi í sjávarbakka. Staðurinn er um 110 m suðvestur frá 001. Sjá einnig umfjöllun um minjar 036, 037 og 039 sem eru á þessu minjasvæði en þó staðsettar litlu norðar.

Sjávarbakkinn er allhár og grasi gróinn en sandur fýkur úr bakkanum og af ströndinni yfir grasið og í minjarnar. Talsverður ágangur er á svæðinu vestan við minjarnar vegna ferðamanna sem koma að skoða seli úti fyrir ströndinni. Bílastæði er þarna nálægt og göngustígar hafa myndast á sjávarbakkanum. Göngustígur meðfram sjávarbakka og er um og við tóftir 007, 019, 023, 031, 034, 035, 036, 037 og 039. Í brotsárinu sjást hleðslur, 3 umför af grjóti og ofan í fjöruna hefur fallið grjót. Ekki er hægt að greina einstakar minjar á yfirborði, svæðið er gróið og sendið og á því bæði hólar, gryfjur og holur, sem ekki er hægt að gera frekari grein fyrir með fornleifaskráningu.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots




Tóft SN-009:036, (tóft A) horft til norðurs. Teikning sýnir fjárhústóftina og óljósar minjar sunnan við hana

Stór tóft ásamt brotakenndum minjum er á sjávarbakka um 80 m suðvestan við bæ 001 og 10 m suðaustan við tóft 039. Sjávarbakkinn er allhár og grasi gróinn en sandur fýkur úr bakkanum og af ströndinni yfir grasið og í minjarnar. Talsverður ágangur er á svæðinu vestan við minjarnar vegna ferðamanna sem koma að skoða seli úti fyrir ströndinni. Mikill grasvöxtur er á öllu svæðinu.

Fjárhústóft, veggjaleifar og óljósar leifar af annarri tóft eru þétt saman á bakkanum og eru skráðar saman undir einu númeri en fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Minjarnar eru á svæði sem er um 25x20 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Fjárhústóft A er norðvestast á svæðinu. Hún virðist vera einföld og er 18x8 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Suðvesturendi tóftarinnar er frammi á brún sandbakka þar sem grasið er mjög sandi orpið. Ekki er sýnilegur veggur í þeim enda tóftarinnar. Mesta hæð veggja í tóftinni er 0,2-0,3 m. Ekki sést grjót í hleðslum. Fast suðaustan við tóft A eru veggjaleifar B á svæði sem er 4x5 m að stærð og snýr NNA-SSV. Þar eru að því er virðist tveir samsíða veggir sem hvor um sig er 3-4 m á lengd og 1,5-2 m á breidd. Á milli veggjanna eru 2 m. Ekki er ljóst um hvers konar mannvirki er að ræða. Sunnan við þessar minjar eru óljósar leifar af tóft C en á milli B og C er göngustígur eða troðningur. Það sem sést af meintri tóft er norðvesturveggur sem er 8 m á lengd og hluti af suðvesturvegg sem er 6 m á lengd. Þeir eru 0,4-0,5 m á hæð. Annað sést ekki skýrt af þessu mannvirki vegna landbrots, gróðurs og mögulega annars rasks. Þá liggja tveir stígar í kross vestan við það.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots



Tóft SN-009:037, horft til norðausturs

Minjasvæði með allmörgum tóftum er á sjávarbakkanum um 70 m suðvestur af bæjarhóli 001, í túnjaðri. Tóft sú sem hér er skráð er um 90 m suðvestur frá 001. Sjá einnig minjar 036 og 039. Sjávarbakkinn er allhár og grasi gróinn en sandur fýkur úr bakkanum og af ströndinni yfir grasið og í minjarnar. Talsverður ágangur er á svæðinu vestan við minjarnar vegna ferðamanna sem koma að skoða seli úti fyrir ströndinni. Bílastæði er þarna við og göngustígar hafa myndast á sjávarbakkanum. Mikill grasvöxtur er á öllu svæðinu. Að innamáli er tóftin rúmlega 2 x 2 m, en erfitt að áætla veggjaþykkt og /eða utanmál vegna gróðurs og áfoks. Einhverskonar gryfja er norðaustan við tóftina og nokkuð bratt þar ofan í. Hæð veggja er um 0,4 m. Op er til norðurs.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

SN-009:038 náma mógrafir

A: 306452 N: 485327

Í mýrinni vestan við Stekkjarhól 015 eru mógrafir, þær eru rétt vestan við hólbrúnina. Svæði þetta er nokkru sunnar en mógrafasvæði 024, um 90 m sunnan við það.

Þarna er blaut mýri milli þurra holta. Á þessu svæði eru fáeinar mógrafir, stökkagrafir, réttlyrmdar með vatnsbakka á milli. Svæði er um 12 m í norður - suður og um 10 m í austur-vestur.

Hættumat: engin hætta



Tóft SN-009:039, horft til norðvesturs

Minjasvæði með allmörgum tóftum er á sjávarbakknum um 70 m suðvestur af bæjarhóli 001, í túnjaðri. Tóft sú er hér er skráð er um 95 m suðvestur frá 001 og rétt um 5 m norðvestan við 037. Sjá einnig fornleif 036. Þessi tóft er norðvestust af tóftunum í þessari þyrpingu. Sjávarbakkinn er allhár og grasi gróinn en sandur fýkur úr bakknum og af ströndinni yfir grasið og í minjarnar. Talsverður ágangur er á svæðinu vestan við minjarnar vegna ferðamanna sem koma að skoða seli úti fyrir ströndinni. Bílastæði er þarna við og göngustígar hafa myndast á sjávarbakknum. Göngustígur meðfram sjávarbakka og er um og við tóftir 007, 019, 023, 031, 034, 035, 036, 037 og 039. Svæðið er grasigróð.

Tóftin er 9 x 6 m að utanmáli en ytri mörkin eru þó óljós því kafgras er allt í kring. Mesta haf tóftarinnar er í norðvestur-suðaustur. Tóftin er tvíhólfa. Nyrðra hólfið A er um 2 m í norður-suður og um 3 m í austur-vestur. Gólf tóftarinnar virðist niðurgrafið. Hleðslur eru signar, nú um 0,3 m háar og grjót sést í veggjum að innaverðu. Veggjaþykkt er óljós vegna gróðurs í kring en virðist vera allt að 1,5 m. Í tóftinni er rusl frá nútíma. Tóft B er byggð sunnan við A, en byggingarlagið ógreinilegt. B gæti verið yngri, veggir eru hærri/dýpra ofan í tóftina, sennilega niðurgrafin. Veggir eru ekki eins greinilegir og í A, og í þá vantar grjót, og útilokað að greina nákvæmlega ytra byrði veggjanna. Veggur B er í sveig út frá suðausturhorni tóftar A en sveigir svo til vesturs, tóftin er alveg opin til vesturs og hafi þessi tóft verið undir þaki, hefur hún haft timburstafn mót vestri. Innanmál B er rúmlega 3 m í norður-suður og um 4 í austur-vestur.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar

"Í Lambhaganum er holt vestast, sem heitir Byrgisholt," segir í örnefnaskrá BJ. Holtið er um 750 m austan við náthaga 012 á Lamboddatá og 1,6 km NNV við bæ 001. Nafn holtsins gefur til kynna að þar hafi verið einhvers konar byrgi. Líklegt er að þar hafi verið smalabyrgi þar sem holtið er í Lambhaga. Holtið er fremur lágt en allstórt og nánast gróðurlaust. Grónar mýrar og önnur holt eru í kring.

Ekki fundust ummerki um byrgi á holtinu. Ekki er útilokað að grjót úr því hafi verið notað við vegagerð í mýrinni suðaustan við holtið en þar er vegarslóði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ytri-Tunga BJ, 4



Stekkjartóft SN-009:041, horft til norðausturs

Tóft er í Grjóthól, í aflíðandi brekku mót suðvestri. Í örnefnalýsingu segir: "...heitir Grenhóll. Niður af honum við veginn eru lágir stapar, sem Draugastapar eru nefndir. Norður af Draugastöpum [013] er holt, sem Torfholt [014] heitir. Austur af Grenhól eða austurenda hans er hól, sem Grjóthóll heitir." Tóftin er norðan/ofan núverandi þjóðvegur, um 960 m norðan við bæjarhól 001.

Brekkan er grasi vaxinn, elfting er áberandi á tóftinni sem og vallhumall. Tóftin er tvíhólfa með opum til vesturs og leiðigarði. Svæðið sem tóftin nær yfir er um 10 x 6 m stórt. Nyrðra (og efra) hólfið er greinilegra og virðist grafið inn í bakka, sem þarna er í brekkunni. Norður-og austurveggir eru hæstir, við bakkabrún, allt að 1 m háir. Innanmál nyrðra hólfs er um 4 x 2 m. Syðra (og neðra) hólfið er ógreinilegra og veggir signari en þar finnst grjót í veggjum. Bjarg markar enda suðurveggjar (suðausturhorn). Innanmál syðra hólfs er um 4 x 1 m, innra byrði suðurveggjar er ógreinlegt. Garðstúfur, um 3 m langur og um 1 m breiður, sem vísar suðaustur-norðvestur, er út frá norðvestur veggenda og er án efa leiðigarður/aðrekstrargarður. Lag tóftarinnar og staðsetning bendir helst til þess að hún hafi gegnt hlutverki stekkjara.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ytri-Tunga BJ, 4



Stekkjartóft SN-009:042, horft til suðurs

Tóft er suðvestur undir Vörðuhóli 016. Í örnefnalýsingu segir: "Austur af Grenhól eða austurenda hans er hóll, sem Grjóthóll heitir. Fyrir austan hann er Stekkhóll [015]. Er svo sund nokkurt, og niður af sundinu er hóll, sem Vörðuhóll heitir." Tóftin er norðan/ofan núverandi þjóðveggar og um 30 m suðvestan við vörðu á Vörðuhóli. Brekkan er grasi gróin, í aflíðandi þýfðri brekku.

Tóftin er tvíhólfa með op til suðurs. Alls er tóftin 10 x 5 m að utanmáli og snýr norður-suður. Tóftin er í brekkunni og hefur sama halla. Lítið hólfið er efst, um 1,5 x 1 m að innanmáli. Op er úr hólfinu inn í stærra og neðra hólfið. Það er um 5 x 1,5 m að innanmáli með op til suðurs. Veggir tóftar þessarar eru mjög signir, hæð um 0,4 m og veggjabykkt rúmlega 1,5 m. Sennilega er tóftin af stekki; lambakró og rétt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ytri-Tunga BJ, 4



Stekkjartóft SN-009:043, horft til vesturs

Tóft er sunnan undir Stekkhóli 015, rétt ofan mógrafasvæðis 022 sem er í svarðarmýri neðan Stekkhóls.

Í örnefnalýsingu segir: "...heitir Grenhóll. Niður af honum við veginn eru lágir stapar, sem Draugastapar eru nefndir. Norður af Draugastöpum [013] er holt, sem Torfholt [014] heitir. Austur af Grenhól eða austurenda hans er hóll, sem Grjóthóll heitir. Fyrir austan hann er Stekkhóll." Tóftin er norðan/ofan núverandi þjóðveg, um 30 m vestan við tóft 015 og um 900 m norðan við bæjarhól 001.

Gróin brekka suðaustan undir Stekkhóli. Aberandi mógrafir 022 eru í mýrinni neðan við. Fornleg og sigin þríhólfa tóft með opi til austurs. Heildarsvæðið sem hún spannar er um 12 x 11 m. Hólf A er skýrast og gæti verið gerði. Það er L-laga og er um 5 x 2 m að innamáli norður-suður og eina opið sem er greinanlegt, er úr þessu hólfi, til austurs. Grjót er sjáanlegt í veggjum að innanverðu. Dokk, hólf B, er austan við hólf A. Þetta hólf er um 2 x 2 m að innamáli, greinilega samfallið og veggir með miklum fláa inn í tóftina. Ógreinilegt hólf C er vestan við A. Það er um 3 x 1 m að innamáli. Veggjahæð tóftar þessarar er um 0,5 m. Að öllum líkindum stekkjartóft: A, rétt og B, lambakró, C óvíst.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Ytri-Tunga BJ, 4

SN-010 Lukka

1714: "Lucka, önnur hjáleiga og so afgömul. Dýrleikinn telst með heimaörðunni. Eigandinn sami. Ábúandinn Halldóra Þorsteinsdóttir." JÁM V, 130, 131.

"Lukka er eyðibýli í Ytri-Tungulandi að austanverðu. Fór úr byggð um 1900." BS, 330.


"Austasti hluti túnsins heitir Lukkutún. Þar var áður býli, sem Lukka hét. Var það í byggð fram yfir næstliðin aldamót. Þar, sem bærinn stóð, er nú flöt, en var áður matjurtagarður. Síðasti ábúandi í Lukku var Þórður Sveinbjörnsson barnakennari og ljósfaðir." Ö-Ytri-Tunga BJ, 1.

"Því næst tekur við bæjarhverfi skammt frá ströndinni, sem í daglegu tali er nefnt Tungupláss. eru þar nú fjórir bæir og liggja tún þeirra saman. Austast er Glaumbær [SN-012], þá Neðri-Hóll [SN-013], til aðgreiningar frá Efra -Hóli [SN-034], sem er upp við fjallið austan Slitvindastaða [SN-035], svo kemur Syðri-Tunga [SN-011] og loks Ytri-Tunga. Áður voru bæirnir fleiri, svo sem Lukka og Tangi [SN-009:003]." ÁFÍ 1982, 38.

Hamfaraveðrið, kennt við Básenda, þann 9. janúar 1799, gerði mikinn skaða á sunnanverðu Snæfellsnesi, m.a. í landi Lukku. Ö-Álftavatn viðb. og leiðr. BG, 5.

SN-010:001 Lukka bæjarhóll bústaður

A: 306481 N: 484332



Bæjarhóll Lukku SN-010:001, horft til suðvesturs

Bæjarhóll Lukku er um 170 m austan við bæjarhól Ytri-Tungu SN-010:001. Þegar túnakort var gert fyrir Ytri-Tungu árið 1916 var rúst og heygarður frá þeirri jörð á bæjarhól Lukku. Greinileg tóft sést enn þar og hefur hún verið byggð ofan í eða ofan á bæjarrústir Lukku í norðvesturhorni lítils heimatúns. Bæjarhóll Lukku er í grösugu túni á lágrí og flatrí hæð. Nyrst í túninu eru grónar klappir.

Bæjarhóllinn er nokkuð afgerandi. Hann er um 1 m á hæð og 18x20 m að stærð, snýr austur-vestur. Á honum er ein stór tóft sem nær yfir stærstan hluta bæjarhólsins og skiptist í fjögur hólf. Hún er 14x11 m að stærð og snýr austur-vestur. Hólf I og II eru í austurhluta tóftarinnar og virðast signari og eldri en hólf III og IV í vesturenda tóftarinnar. Hólf I er í suðausturhorni tóftarinnar. Það er 5x1 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er á því í suðurenda. Hólf II er norðan við hólf I og þvert á það. Það er 3x1,5 m að innanmáli, ekki sést op á því. Hólf III og IV eru vestan við hólf II. Þau eru nánast eins, 6x1 m að innanmáli og snúa austur-vestur. Op er á þeim í vesturenda. Grjóthleðslur sjást í innanverðum veggjum í öllum hölfum nema hólf II. Mesta hæð veggja er 0,5 m og í hleðslum sjást mest 3 umför. Þessi tóft, eða að minnsta kosti vesturhluti hennar, er fjárhústóft frá Ytri-Tungu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1916

SN-010:002 garðlag túngarður

A: 306466 N: 484321



Túngarður SN-010:002, horft til NNW

Túngarður afmarkar lítið heimatún Lukku. Garðurinn liggur umhverfis grösugt túnið sem er á lágri og flatlendri hæð. Grónar klappir eru í kringum túnið. Garðurinn afmarkar tún sem er um 30x34 m að stærð og snýr norður-suður. Viðast sést garðurinn aðeins sem kantur annarsstaðar en á vesturhlið. Þar er garðurinn nokkuð vel greinilegur á um 16 m löngum kafla. Hann virðist vera torfhláðinn og er 1 m á breidd og 1m á hæð þar sem hann er hæstur utanmáls. Hvorki er garður né kantur sýnilegur í norðvesturhorni túnsins.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SN-010:003 garðlag kálgarður

A: 306476 N: 484319

Í heimatúni Lukku er mjór veggur sem gengur til suðurs frá hólfí I í tóft á bæjarhól 001. Hann er utan bæjarhólsins og kann að vera hluti af kálgarði. Kálgarðsleifarar eru í gömlu, grasgefnu túni sunnan undir bæjarhólnum.

Veggurinn sem sést er um 8 m á lengd og liggur norður-suður. Hann er 0,6 m á hæð og 0,2 m á hæð. Hann hefur líklega afmarkað kálgarðinn til austurs. Engin frekari ummerki um kálgarðinn sjást.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SN-010:004 gryfja óþekkt

A: 306492 N: 484338




Gryfjur SN-010:004, horft til austurs

Norðaustast í túni Lukku eru tvær ílangar dældir fast austan við bæjarhól 001. Minjarnar eru í gömlu, grasgefnu túni á flatlendri hæð. Dældirnar eru samsíða á svæði sem er 3x4 m að stærð og snýr austur-vestur. Á milli þeirra er 1,5 m. Syðri dældin er 4x0,5 m að innanmáli og sú nyrðri er 4x1 m að innanmáli. Hlutverk þeirra er ekki ljóst.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SN-011 Syðri Tunga

SN-011 Syðri Tunga



Þýðing merkja árið 1916:

- Bæjarhús
- Peningshús
- △ Majurtagarður

Skýringar	
()	bæjarhöll
□	horfinn minjastabur
⌘	tóft
■	gömul bygging sem stendur enn
—	mörk túns og garða skv. tímakorti
—	leifar túngarðs
...	trabir

Jarðarinnar er fyrst getið í máldaga Maríukirkju SN-014:002 á Stað á Ölduhrygg frá um 1274. DI II, 114.

1354: Getið í máldaga Maríukirkju að Stað á Snæfellsnesi (í tíð Gyrðis biskups Ívarssonar). DI III, 81.

1397: Getið í máldaga Vilchins biskups fyrir kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi. Þar segir: "Syðri-Tungu landamerki. Hún á grasnyt alla millum Grannagarðs [SN-014:012] og grjóthrógu [SN-009:023] þeirrar er stendr á sjávarbakkanum hjá læknum, sem rennr á millum tungnanna; þaðan sjónhending upp í Kjósarhól [sjá SN-011:028]; þaðan upp í Staðará. Hún á x hundraða land fyrir ofan Staðará, sem kallast Barnanes, og ræðr Laxárfarvegur forni fyrir utan, enn Barnalækur fyrir sunnan, en kelda fyrir ofan sú, sem greingr úr Laxárfarveg forna og suðr í Barnalæk. Grannagarðr ræðr fyrir neðan Staðará og ofan í sjó." (DI IV, 178).

1570 og síðar: Jarðarinnar getið í máldaga Gísla biskups Jónssonar. DI XV, 607.

1714: "Syðretunga. Í Syðritúngu í Staðarsveit hefur að fornu hálfkirkja [002] verið, og átti hún tvö kúgildi, sem staðarhaldararnir hafa nú undir sinni forsjá. Jarðardýrleiki óviss, því jörðin tíundast öngvum. Eigandinn beneficium Staðarstaður, en nú heldur jörðina um sína tíð prófastsekkjan Sigríður Hákonardóttir að Rauðamel. Ábúandinn á hálfri jörðinni Þorbjörn Snorrason. Á annari hálfri Jón Hrómundsson. [...] Torfrísta og stúnga bjargleg. Reiðing þarf til að fá. Móskurður til eldiviðar nægur kemst valla á þerrirvöll fyrir foröðum. [...] Skipstöðu á jörðin í Ytritúngu landi í Fúlavík [sjá SN-009:020] mót beitaritaki, vide Ytritúngu. Heimræði er ár um kríng að kalla þó menn gangi yfir Ytritúnguland í Fúlavík, en ekki má hjer lending kalla fyrir sjálfrar Syðritúngulandi, þó hjer verði skipi aðkomið í lálausum sjó." JÁM V, 131, 132.

1847: "A.M. Telur líka Túngubúð [007] og Imbukofa [008], og eru hjáleigur þessar báðar nefndar 1805, en Imbukofi þá þegar sagður í eyði og til einskis gagns. Hól nefna aðeins prestur og sýslumaður." JJ, 141.

"Jörðin liggur milli Neðri-Hóls [SN-013] og Ytri-Tungu [SN-009] og á sameiginlegt land (3/7) með Glaumbæ [SN-012] og Neðri-Hól, sbr. landlýsingu þar. engjar voru áður hjá Neðri-Hól og Syðri-Tungu norðan Staðará. Nú ekki slegnar. Nokkur reki er í Tunguþlássi." BS, 329.

"Því næst tekur við bæjarhverfi skammt frá ströndinni, sem í daglegu tali er nefnt Tunguþláss. Eru þar nú fjórir bæir og liggja tón þeirra saman. Austast er Glaumbær, þá Neðri-Hóll, til aðgreiningar frá Efra-Hóli [SN-034], sem er upp við fjallið austan Slitvindastaða [SN-035], svo kemur Syðri-Tunga og loks Ytri-Tunga." AFÍ 1982, 38.

Hamfaraveðrið, kennt við Básenda, þann 9. janúar 1799 gerði mikinn skaða á sunnanverðu Snæfellsnesi, m.a. í landi Syðri-Tungu. Ö-Álftavatn viðb. og leiðr. BG, 5.

Túnakort 1916: Tún 3,1 ha, slétt 1/20, Garðar 650 m²



Bæjarhóll Syðri Tunga SN-011:001, horft til vesturs

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SN-011:002 þúst hálfkirkja

A: 307137 N: 484480



Þúst þar sem talið er líklegt að kirkja SN-011:002 hafi verið, horft til suðvesturs

stærð og snýr norður-suður. Hann er nokkuð afgerandi flatur og er um 0,5 m á hæð. Ekki er mikið um ójöfnur á honum. Ekki verður úr því skorið hvort hér séu í raun minjar um bænhús og kirkjugarð án frekari rannsókna.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: JÁM V, 131; PP, 146

SN-011:003 heimild kálgarður

A: 307156 N: 484507

Inn á túnakort frá 1916 er merktur matjurtagarður 25 m suðvestan við bæjarhól 001. Ætla má að kálgarðurinn hafi verið fast vestan í bæjarhólnum 001. Sléttað tún er þar sem kálgarðurinn var. Ekki sjást skýr ummerki um kálgarðinn því búið er að slétta yfir hann. Þó má óljóst merkja að hann hafi verið grafinn inn í hlíðar bæjarhólsins.

Inn á túnakort frá 1916 er merktur bær og matjurtagarður á bæjarhól Syðri Tunga. Matjurtagarðurinn er norðan við Bæjarhóllinn er í sléttuðu túni neðan Þjóðveggar. Heimreiðin endar um 250 m norðaustan við hólinn þar sem yngra bæjarstæði var.

Bæjarhóll Syðri-Tungu er gríðarstór, um 140 m í þvermál, og um 3 m hár. Jarðaskipti milli Syðri-Tungu Neðri-Hóls eru þannig að suðurhluti bæjarhólsins er innan marka Neðri-Hóls. Suðurhluti hólsins er ekki lengur sleginn og komin órækt í túni þar. Syðst í miðjum hólnum, í brekku niður af honum, er gryfja þar sem kann að hafa verið súrheysturn. Hóllinn er fremur flatur að ofan og þar sjást ójöfnur.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir: "Í Syðritungu í Staðarsveit hefur að fornu hálfkirkja verið, og átti hún tvö kúgildi, sem staðarhaldararnir hafa nú undir sinni forsjá." Í Prestatali og prófafa segir hins vegar að talið hafi verið að bænhús hafi áður verið í Syðri-Tungu. Ekki er vitað hvar kirkjan/bænhúsið var. Líklegt er að hún hafi verið á bæjarhólnum 001 sem er allstór. Hins vegar er lágur, fremur hringlaga hól fast suðvestan við bæjarhóllinn og kunna leifar af kirkju og kirkjugarði að leynast þar. Á svipuðum slóðum var kálgarður 004.

Meintar minjar um kirkju eru í sléttuðu, fremur flatlendu túni sem hallar til suðurs. Hóllinn er um 85x70 m að

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Túnakort 1916

SN-011:004 heimild kálgarður

A:307130 N: 484477

Inn á túnakort frá 1916 er merktur matjurtagarður sunnan við bæjarhól 001 og matjurtagarð 003. Kálgarðurinn var líklega á lágum hól fast suðvestan við bæjarhól 001. Á sama hól og talið er að bænhús 002 hafi verið á. Þar sem kálgarðurinn var er sléttað, fremur flatlent tún sem hallar til suðurs. Engin ummerki um kálgarðinn sjást á yfirborði vegna sléttunar.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Túnakort 1916

SN-011:005 heimild útihús

A: 307026 N: 484449



Óljós ummerki um útihús SN-011:005, horft til VNV

Inn á túnakort frá 1916 er merkt peningshús suðvestan við bæjarhól 001, matjurtagarð 003 og 004. Óljós ummerki um útihúsið eru um 170 m suðvestan við bæ 001.

Útihúsið var á hæðarbrún í sléttuðu túni. Landið lækkar talsvert frá brúninni til suðvesturs. Búið er að jafna minjar um útihúsið við jörðu en á þeim stað er grænna og kraftmeira gras en annarsstaðar í næsta nágrenni. Í sverði sést grjót og ílangar ójöfnur sem snúa norðvestur-suðaustur. Ummerki um útihúsið má sjá á svæði sem er um 18x12 m að stærð og snýr NNA-SSV.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Túnakort 1916

SN-011:006 heimild útihús

A: 306974 N: 484354

Inn á túnakort frá 1916 er merkt peningshús sunnan við peningshús 005 og SSV við bæjarhól 001, matjurtagarð 003 og 004. Útihúsið var um 260 m suðvestan við bæ 001. Útihúsið var í sléttuðu túni. Engin ummerki um útihúsið sjást í túni og hefur það líklega horfið vegna túnasléttunar.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Túnakort 1916

SN-011:007 *Tungubud* bæjarstæði býli

A: 306921 N: 484361



Bæjarstæði Tungubúðar SN-011:007, horft til norðvesturs

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1714 segir: "Tungubud. Hjáleiga afgömul. Dýrleikinn telst í heimajörðinni. Eigandinn sami. Ábúandinn Íngiríður Þorbjörnsdóttir." Í örnefnaskrá segir: "Fram við sjávarbakkann, þar sem malarkamburinn byrjar, er rúst, sem heitir Tungubúðarrúst, þar var áður býli, er Tungubúð hét. Umhverfistóftirnar er kallað Tungubúðartún." Tungubúð stóð um 250 m vest-suðvestan við bæjarhól 001, um 20 m sunnan við garðlag 010 og um 10 m norðan við þúst 031. Þar er nú áberandi grænn og upphlaðinn hóll í sléttuðu túni.

Hóllinn er í sléttuðu túni um 20 m norðan við sjávarkamb. Hóllinn er

36x22 m að stærð og snýr vest-norðvestur og aust-suðaustur. Upphleðsla hans gæti verið um 150 cm en ekkert sér til minja á honum annað en óljósar dældir.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JÁM V, 132; Ö-Syðri-Tunga ÞJ, 1

SN-011:008 *Imbukofe* bæjarstæði býli

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1714 segir: "Imbukofe heitir hjer í landinu þar sem menn segja hjáleiguhrak verið hafi til forna. Ekki fram kemur nein undirretting hvert þar hafi goldist af nokkur landskuld eður engin. Síðast fyrir frekum 20 árum var hjer húsgangskona sú, sem dró hjer saman hey fyrir kú sína, sem henni gafst af sveitinni, og hyggja menn, hún gyldi ekkert eftir." Ekki er vitað hvar Imbukot var og því var ekki hægt að staðsetja það með innan við 50 m skekkju.

Heimildir: JÁM V, 133

SN-011:009 *Hjallatungur* heimild um hjall

A: 484311 N: 307049

"Frá túnmerkjum milli Syðri-Tungu og Hóls [SN-013], sem eru nokkuð fyrir austan rúst [017], sem er á bakkannum, og vestur að rústum Tungubúðar [007] heita Hjallatungur," segir í örnefnaskrá ÞJ. Hjallatungur eru um 270 m suðvestan við bæ 001. Í örnefnalýsingu Neðri-Hóls segir: "Bærinn [SN-013:001] stóð svo til niðri á sjávarbakka. Túnið náði áður suður að svonefndri Hólstjörn og vestur að Hjallavíkum, sem kallaðar voru." Örnefnin Hjallavíkur og Hjallatungur virðast eiga við um sama eða svipað svæði. Þau benda til þess að þar hafi verið fiskhjallar niðri á sjávarbakka nærri merkjum á milli jarðanna Syðri-Tungu og Neðri-Hóls.

Hjallatungur er á fatlendum, grasi vöxnum sjávarbakka utan heimatúnsins. Engar augljósar hjallatóftir fundust á svæðinu. Ekki er útilokað að þær séu horfnar vegna landbrots.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Syðri-Tunga ÞJ, 1; Ö-Neðri-Hóll SJ, 3

SN-011:010 garðlag túngarður

A: 306948 N: 484383

"Austan við tóftirnar [007] sér fyrir garðlagi, og norður eftir túninu, fyrir vestan garðlagið, er Tungubúðartún," segir í örnefnaskrá ÞJ. Garðlag er 260 m vest-suðvestan við bæjarhól 001, um 20 m norðan við Tungubúð 007 og rúma 120 m vest-suðvestan við fjárhúspúst 030.

Garðlagið er í sléttuðu túni sem liggur að sjó.


Garðlagið hefur verið sléttað en það sést sem þýfður hryggur sem er um 2-3 m á breidd og um 40 m langur. Erfitt er að segja til um hæðina en hún gæti þó verið 30-40 cm þar sem best lætur. Sennilega er garðlagið leifar túngarðs sem annað hvort hefur legið umhverfis tún Syðri-Tungu eða Tungubúðar.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Ö-Syðri-Tunga ÞJ, 1

SN-011:011 álagablettur

A: 307204 N: 484534



Meint tóft á álagabletti SN-011:011, horft til norðurs

"Vestan við Krókvöll, skammt frá bænum, er allstór þúfa vaxin vallhumal, þúfu þessa má ekki slá," segir í örnefnaskrá ÞJ. Um 10 m NNA við bæjarhól 001 er blettur sem ekki er sleginn og í honum miðjum er þúst eða óljósar tóftaleifar. Það eru án efa mjög ungar minjar. Eftir því sem næst verður komist er álagabletturinn á þessum bletti.

Álagabletturinn er í sléttuðu túni. Bletturinn sem ekki er sleginn er 20x8 m að stærð og snýr austur-vestur. Ekki er hægt að greina þúfuna sem nefnd er í örnefnaskrá og mátti ekki slá. Meint tóft myndar L og er um 2x2 m að stærð. Ekki eru sýnilegir veggir á norður- og austurhlíðum. Veggir eru úr torfi eða mold og eru þeir 0,3 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Um ungar minjar er að ræða en hlutverk þeirra er ekki ljóst.


Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Ö-Syðri-Tunga ÞJ, 1



Tóftir í Ingustekk SN-011:012. Á vinstri mynd er horft til suðausturs (tóft B) og á hægri mynd til suðurs (tóft A).

"Fyrir austan Kjósathól (sjá Ytri-Tungu) er hóll, sem Ingustekkhóll heitir, vestanverðu í honum er stekkjarrúst, sem Ingustekkur heitir, vestan við hólinn rennur Ingustekkslækur," segir í ornefnaskrá ÞJ. Tvær tóftir sem eru líklega báðar stekkjartóftir eru í vestanverðum Ingustekkhól, um 12 m norðvestan við tóftir 021 og 880 m norðan við bæ 001. Vegur 027 liggur á milli tóftanna.



Teikning af Ingustekkjartóftum

Ingustekkhóll er við suðausturhorn Kjósarvatns og er nokkuð vel gróinn. Til austurs og suðurs eru miklar og blautar mýrar. Skurður er sunnan við hólinn og rennur vatn eftir honum út í vatnið. Tóftirnar eru á svæði sem er um 27x15 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Tóft A er suðaustast á svæðinu. Hún skiptist í þrjú hólf og virðist vera torfhláðin. Tóftin er um 8x7 m að stærð og snýr austur-vestur. Í vesturenda er hólf I. Það er minnsta hólfíð og er 3x1 m að innanmáli, snýr norður-suður eins og hin tvö hólfín. Op er á því í suðurenda. Þar austan við er hólf II sem er 4x1,5 m að innanmáli. Op er á því til suðurs. Hólf III er svo austast í tóftinni. Það er samansigið og er 4x1 m að innanmáli. Ógreinilegt op

er á því í suðurenda. Rask hefur orðið á austurvegg tóftarinnar og veggir eru almennt signir og farnir að ganga í þúfur. Mesta hæð veggja er 0,4 m. Tóft B er 4 m norðvestan við tóft A. Hún er torfhláðin og skiptist í fjögur hólf en nokkurt rask hefur orðið á henni í suðausturenda þar sem vegur 027 liggur á milli tóftanna. Tóft B er um 18x8 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Í norðvesturenda er hólf I sem virðist eldra en hin hólfín. Það er um 5x1 m að innanmáli og snýr norður-suður. Norðurendi þess er grafinn inn í Ingustekkhól eða byggt utan í hann. Suðurendi hólfinsins er óskýr og þar virðist vera op inn í hólfíð og tóftina. Einnig er op úr hólf I til suðausturs inn í hólf II. Það er um 1,5x1,5 m að innanmáli. Suðaustan við hólf II er hólf III. Það er 2x2 m að innanmáli. Ekki er sýnilegt op á því. Suðaustan við hólf III er hólf IV og stendur það lægra en aðrir hlutar tóftarinnar. Það er um 6x2,5 m að innanmáli en

suðausturendi þess hefur skemmst þegar vegur 027 var ruddur. Veggirnir í hólfum II-IV eru lágir og mjóir. Mesta hæð veggja í tóftinni er 0,4 m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Syðri-Tunga ÞJ, 2

SN-011:013 Selhóll tóftir sel


A: 307522 N: 487065



Minjar á Selhóli SN-011:013. Á vinstri mynd er varða A, horft til norðvesturs. Á hægri mynd er tóft B, horft til NNV

"Sett var saman hey í rústunum sunnan í Selhóli," segir í athugasemdum og við bótum við örnefnaskrá SJ. "Norður af Galtarholti er Selhóll, Staðará rennur norðan við hólinn. Sunnan í Selhól eru fornlegar rústir," segir í örnefnaskrá ÞJ. Selhóll er suðaustan við stóran bug á Staðará þar sem Vallá rennur í hana. Hóllinn er 575 m suðvestan við Smalaskála 014 og 2,6 km NNA við bæ 001. Þar sést fjöldi tófta. Selhóll er ílangur og ekki ýkja hár en hæstur er hann í norðausturenda. Hóllinn er nokkuð gróinn en sumsstaðar er gróðurþekjan horfin og sést þar í möl og grjót. Blautar mýrar eru sunnan við hólinn.

Suðaustan í Selhóli eru 5 tóftir og ein varða á svæði sem er um 82x30 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Minjarnar fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Suðvestast á svæðinu er tóft B og er hún stærsta tóftin og virðist jafnframt vera yngsta tóftin. Hún virðist að mestu torfhlaðin og skiptist í 4 greinileg hólf. Tóftin er um 8x12 m að stærð og snýr NNV-SSA. Hólf I er í suðurenda tóftarinnar og er 7x1 m að innanmáli. Það snýr NNV-SSA eins og tóftin. Suðurendi hólfinsins er ógreinilegur og þýfður. Það kann að hafa verið styttra til suðurs. Op hefur verið á hólfinu í SSA-enda en það sést illa. NNV við hólf I er hólf. Það er 1,5x1,5 m að innanmáli. ANA-veggur þess er mjór og ógreinilegur og eins er mjór veggur á VSV-hlið sem skilur á milli þess og hólf III. Hólf III er í norðvesturhorni tóftarinnar. Innanmál þess er ógreinilegt en virðist vera 2,1x1,5 m að innanmáli, snýr ANA-VSV. Ekki sjást skýr op á þessum hólfum og er reyndar líklegt að þau séu leifar af heytóftum frá því eftir að hætt var að hafa í seli á þessum stað. Mjög ógreinilegt hólf IV er svo samsíða hólf I, VSV við það. Það er um 5x2 m að innanmáli og virðist eldra en aðrir sýnilegir hlutar tóftarinnar. Mesta hæð veggja í tóftinni er 0,5-0,6 m. Tóft C er fáum metrum austan við tóft B. Hún er tvískipt og sigin, virðist að mestu torfhlaðin. Tóftin er um 5x6 m að stærð og snýr NNV-SSA. Hólf I er í austurhluta tóftar. Það er 4x1 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Op er á því í SSA-enda. Hólf II er VSV við hólf I og er það 1,5x1 m að innanmáli og snýr eins og hólf I. Op er á því í SSA-enda. Fjargata liggur þvert yfir þessa tóft og tóft D. Mesta hæð veggja er 0,3-0,4 m. Tóft D er fast austan við tóft C. Hún er einföld og er 4x4 m að stærð. Rof er í veggjum þar sem fjargatan liggur yfir hana enn ekki sjást op annarsstaðar á henni. Veggir tóftarinnar eru 0,5 m á hæð.



Teikning af tóftum B-F á Selhóli


veggja í tóftinni er 0,5 m. Þúst er samföst tóftinni við utanvert vesturhorn. Hún er 2,5x3,5 m að stærð. Ekki er ljóst hvort hún er hluti af tóftinni eða náttúruleg. Hrunin varða A er norðaustast á svæðinu, um 30 m norðaustan við tóft F, þar sem Selhóll er hæstur. Þar er gróinn hryggur og hundapúfa. Í þessum hrygg er laust grjót úr vörðu á svæði sem er 2x1,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er um 0,4 m á hæð. Hryggurinn er 5x2 m að stærð og snýr eins. Um 8 m sunnan við tóft F er niðurgröftur G sem líkist tóft en er líklega ummerki um efnistöku. Gryfjan er í jafri mýrar og er votlent í henni. Svo virðist sem að jarðvegi hafi verið hlaðið upp á vestur- og suðurhliðar gryfjunnar.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Syðri-Tunga, athugasemdir og viðbætur SJ, 3; Ö-Syðri-Tunga ÞJ, 3

SN-011:014 Smalaskáli tóft smalakofi

A: 307985 N: 847660



Smalakofi SN-011:014, horft til vesturs

"Efst (norðast) í engjunum er fremur lítill hóll, grasi vaxinn að vestan, heitir hann Smalaskáli," segir í örnefnaskrá ÞJ. Smalaskáli er lítill og lágur hóll en mjög afgerandi í flatlendri mýri um 560 m norðaustan við sel 013 og 3,3 km norðan við bæ 001. Suðaustan undir hólnum er lítill tóft sem ætla má að sé af smalakofa.

Hóllinn Smalaskáli er í blautri mýri í Tunguengjum. Þurrlandisrimi er í framhaldi af hólnum til norðausturs. Tóftin er byggð upp við kletta í hólnum og er um 2x3 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Hún virðist torfhlaðin og eru veggir hennar 0,4-0,5 m á hæð. Samansigið op er á henni á miðjum suðausturvegg. Tóftin er illa farin vegna kindastíga sem liggja yfir hana, auk þess sem sauðfé hefur haft bæli í tóftinni og undir klettunum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Syðri-Tunga ÞJ, 3

SN-011:015 *Brúarholtsvað* heimild um vað

A: 308120 N: 486878



Brúarholtsvað SN-011:015, horft til NNA

"Milli Brúarholts og Staðará er brúarspotti [020] fyrir fúafen. Þar er vað yfir Staðará, sem heitir Brúarholtsvað," segir í viðbótum og athugasemdum við örnefnaskrá SJ. Vaðið er fast norðaustan við veg 020, um 580 m suðaustan við Selhólsvað 019 og 2,5 km NNA við bæ 001.


Staðará er vatnslítill og grunn þar sem farið var yfir hana á Brúarholtsvaði. Árbakkarnir eru grónir. Vik er inn í suðurbakka árinna við veg 020 en bratt er upp á norðurbakkann þó að hann sé fremur lágur. Áin er grunn og um 18 m á breidd þar sem farið var yfir hana á vaðinu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Syðri-Tunga SJ, 2

SN-011:016 *Hólsgerði* tóft óþekkt

A: 308313 N: 487739



Tóft SN-011:016, horft til ANA

"Fyrir ofan (norðan) Staðará er víðlendur flói sem nefndur er Tunguengjar, syðri hluti þeirra er kallaður

Hólsgærði," segir í örnefnaskrá ÞJ. "Hólsgærði er einstakur hóll. Einhver rústarbrot eru þarna, hefði getað verið rekið þar inn fé," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá SJ. Tóft er á hólum Hólsgærði um 340 m ANA við Smalaskála 014, 830 m norðaustan við sel 013 og 3,4 km NNA við bæ 001. Hólsgærði er stakstæður hóllestan vestan við Barnaá/Laxá. Allt í kring eru blautar mýrar eða engjar. Hóllinn er gróinn að mestu leyti.


Tóft er sunnan undir hólum Hólsgærði og er hún hlaðin í aflíðandi halla til suðurs. Hún er um 15x4 m að stærð og snýr austur-vestur en sveigir lítillega til norðurs í austurenda. Tóftin skiptist í þrjú hólf. Vestast er hólf I sem er 1,5x1,5 m að innanmáli. Op er á því til suðurs. Suðurveggurinn er aflagaður og genginn í þúfur. Austan við hólf I er hólf II. Það er um 2x1,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op er á því í suðausturhorni. Þar austan við er svo hólf III sem er orðið ógreinilegt vegna rofs. Hólfið er um 6 m á lengd og er 1,5 m á breidd í vesturenda en 2 m á breidd í austurenda. Ekki sést op á því. Ekki er útilokað að það hafi skipst í tvö minni hólf. Hólf I og II eru mjög greinileg. Mesta hæð veggja í tóftinni er 0,4 m. Hlutverk tóftarinnar er ekki augljóst. Ekki er útilokað að þarna hafi verið sel.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Syðri-Tunga ÞJ, 3; Ö-Syðri-Tunga, athugasemdir og viðbætur SJ, 2

SN-011:017 *Merkjarúst* garðlag óþekkt

A: 307005 N: 484321



Garðlag SN-011:017, horft til vesturs. Á teikningu sést einnig lending SN-011:029

"Frá túnmerkjum milli Syðri-Tungu og Hóls [SN-013], sem eru nokkuð fyrir austan rúst, sem er á bakkanum, og vestur að rústum Tungubúðar [007] heita Hjallatungur [009], rústin heitir Merkjarúst," segir í örnefnaskrá. Um 250 m suðvestan við bæjarhól 001, 70 m aust-suðaustan við Tungubúð 007 og alveg niður við sjó er garðlag sem liggur í hálfhring og neðan við það í fjöruborðinu er vör 029. Líklegt verður að teljast að garðlagið sé í tengslum við Merkjarúst sem nefnd er í örnefnalýsingu en rústin fannst ekki.

Garðlagið alveg fremst á fjörukambi og fast utan við tún sem hefur verið sléttáð. Garðlagið er 35 m að lengd og liggur í hálfhring. Það afmarkar svæði sem er 23x12 m að stærð og snýr svo til vestur austur. Ytra byrði garðlagsins er mun skýrara en innra byrðið og er ytra byrðið um 1m á hæð en innra byrðið 60-70 cm. Það er allt að 3 m á breidd en þó nokkuð hlaupið í þúfur. Engar grjóthleðslur sást í því. Umfang minjastaðarins er um 30x12 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Syðri-Tunga ÞJ, 1



Tóft af fjárskýli SN-011:018, horft til norðurs

Stór hringlaga fjárborgartóft er suðvestarlega á Selhóli þar sem hann er lægstur, um 140 m suðvestan við seljarústir 013 og 2,6 km NNA við bæ 001. Selhóll er ílangur og ekki ýkja hár en hæstur er hann í norðausturenda. Hóllinn er nokkuð gróinn en sumsstaðar er gróðurþekjan horfin og sést þar í mól og grjót. Blautar mýrar eru sunnan við hólinn.

Tóftin er á lágum hól. Hún er um 11 m í þvermál og í henni er eitt stórt hólf sem er 6x7 m að innanmáli og snýr norður-suður. Ekki er augljóst op á tóftinni en líklegt er að það hafi verið á suðurhlið hennar. Veggir tóftarinnar eru 2-3 m á breidd og hæstir eru þeir 1 m. Hún virðist að mestu torfhláðin og er gengin í þúfur. Ekki er útilokað að fjárskýlið hafi tilheyrð selinu.

Hættumat: engin hættu



Selhólsvað SN-011:019. Á vinstri mynd er hleðsla í vestara vaðinu, horft til norðurs. Á hægri mynd er austara vaðið, horft til NNV

"Fyrsta vaðið á Staðará, eftir að hún kemur úr Hagavatni, heitir Selholtsvað. [Elísabetu [Kristófersdóttur, heimildamanni] fannst þó eftir dálitla umhugsun, að vaðið hlyti að heita Selhólsvað, því að þarna er ekkert Selholt, aðeins Selhóll [013].]," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá SJ. Selhólsvað er fast norðvestan við Selhól, um 2,7 km norðan við bæ 001. Vaðið er á engjavegi 027 sem lá á Tunguengjar.

Staðará er vatnslítill og grunn við Selhól og eru bakkar hennar lágir og grónir. Líklega hefur verið farið yfir Staðará á vaði við Selhól á tveimur stöðum. Vestara vaðið er þar sem búið er að hlaða grjóti út í ána. Grjóthleðslan er 8-10 m á lengd og 3-4 m á breidd. Vatn flýtur yfir hana og er hún um 0,3 m á hæð. Bakkar árinna eru lágir og vik hefur myndast inn í norðurbakkann vegna umferðar. Austara vaðið er um 75 m ANA við það vestara. Þar er áin breiðari og grynri og er vik inn í norðurbakkann vestan við lítinn hólma í áni.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Syðri-Tunga, athugasemdir og viðbætur SJ, 1

SN-011:020 vegur samgöngubót

A: 308118 N: 486871



Vegur SN-011:020, horft til NNA


"Milli Brúarholts og Staðará er brúarspotti yfir fúafen. Þar er vað yfir Staðará, sem heitir Brúarholtsvað [015]," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá SJ. Brúarspottinn eða upphlaðni vegurinn sést enn vel og er á leið sem lá af engjavegi 027 yfir á Tunguengjar norðan við Staðará. Hann er um 580 m suðaustan við Selhólsvað 019 og 2,5 km NNA við bæ 001. Mýrlent og gróið er beggja vegna árinna. Vegurinn er 52 m á lengd og liggur NNA-SSV. Hann er torfhláðinn, 3 m á breidd og 0,3 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Syðri-Tunga, athugasemdir og viðbætur SJ, 1

SN-011:021 tóftir stekkur

A: 307247 N: 485379



Teikning af tóftum SN-011:021

Suðaustast á Ingustekkhól, sjá 012, eru tvær tóftir þétt saman. Hlutverk þeirra er ekki þekkt en líklegt er að a.m.k. sú greinilegri sé stekkjartóft. Tóftirnar eru 10 m suðaustan við Ingustekk 012 og 880 m norðan við bæ 001. Ingustekkhóll er við suðausturhorn Kjósarvatns og er nokkuð vel gróinn. Til austurs og suðurs eru miklar og blautar mýrar. Skurður er sunnan við hólinn og rennur vatn eftir honum út í vatnið.

Tóftirnar eru á svæði sem er um 11x12 m að stærð og snýr norður-suður. Norðaustast á svæðinu er tóft A í aflíðandi halla til suðurs. Hún er tvískipt og er um 7,5x5,5 m að stærð, snýr norður-suður. Ekki sést í grjóthleðslur í veggjum sem eru gengnir í þúfur. Mesta hæð veggja er 0,4-0,5 m. Hólf I er í suðurenda tóftarinnar. Það er um 2,5x1 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Op er inn í það úr suðvesturhorni tóftar og op er úr því inn í hólf II í norðvesturhorni. Hólf II er norðvestan við hólf I. Það er um 1,5x1 m að innanmáli og snýr norður-suður. Tóft B er fast suðvestan við tóft A.

Hún er mjög sigin og gengin í þúfur og sést því orðið illa. Tóftin virðist vera einföld og er um 7,5 m að

stærð, snýr norður-suður. Ekki er augljóst op á henni en það hefur líklega verið á suðurhlið. Mesta hæð veggja er 0,3 m. Ekki er útilokað að annað hól sé norðan við tóftina og fast vestan við hól II í tóft A. Innanmál þess er 3x3 m.

Hættumat: engin hætta



Tóft SN-011:021, (tóft A og B) horft til norðurs.

SN-011:022 *Byrgisholt* garðlag náthagi

A: 307420 N: 486164



Garðlag sem afmarkar náthaga SN-011:022 á Byrgisholti, horft til norðausturs

"Norðvestur frá Bóndaholtum er Byrgisholt. Norðvestur frá Byrgisholti gengur Byrgisholtstá út í Hagavatn á móti Lamboddatá, fyrir vestan oddana heitir vatnið Kjósarvatn," segir í örnefnaskrá ÞJ. Að sögn Jónasar Jónassonar, heimildamanns, dregur Byrgisholt nafn sitt af því að hlaðinn garður er austan við það og innan hans var náthagi. Garðurinn sem afmarkar náthagan er 1,4 km norðan við bæ 001. Innan hans er tóft 033 og hleðsla 032.

Byrgisholt er fremur lágt og lítið gróið efst en allt í kringum það er gróið. Garðurinn austan við Byrgisholt liggur í sveig í mýri og afmarkar náthaga með Hagavatni og Kjósarvatni. Hann liggur frá suðvestri til NNV og er 350 m á lengd. Innan hans er svæði sem er

300x220 m að stærð og snýr norður suður. Það mjókkar til vesturs. Garðurinn er torfhlaðinn og stendur nokkuð vel. Hann er 1 m á breidd og 0,7 m á hæð. Þar sem mýrin er blautust er garðurinn farinn að síga og ganga í þúfur. Meðfram garðinum innanverðum er renna þar sem torf í hann hefur verið stungið upp. Op er á garðinum um 90 m suðaustan við NNV-enda.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Syðri-Tunga ÞJ, 1

SN-011:023 náma mógrafir

A: 307642 N: 484820



Mógrafir SN-011:023, horft til norðausturs

Miklar mógrafir eru vestan við Langavatn, fast norðan við Snæfellsnesveg (54). Þær eru 590 m norðaustan við bæ 001 og fast austan við mógrafir 025. Mógrafirnar eru í blautri mýri. Búið er að grafa skurði í vestanverðu mógrafarsvæðinu.

Stokkagrafir eru á svæði sem er um 300x330 m að stærð og snýr norður-suður. Grafirnar eru djúpar og stendur vatn víða í þeim. Þær eru ekki mjög þétt saman og eru af ýmsum stærðum. Algengt er að grafirnar séu 3-5x2 m að stærð. Þær virðast ekki mikið dýpri en 1 m.

Hættumat: engin hætta

SN-011:024 náma mógrafir

A: 306913 N: 484803



Mógrafir SN-011:024, horft til austurs

Mógrafir eru á merkjum milli Ytri-Tungu SN-009 og Syðri-Tungu, sunnan við mjótt tún sem er sunnan við Snæfellsnesveg (54). Grafirnar eru um 400 m norðvestan við bæ 001. Mógrafirnar eru í mýrarstykki sem hefur verið ræst fram með skurðgrefti.

Stokkagrafir eru í norðurjaðri mýrarinnar á svæði sem er um 200 m á lengd og 55 m á breidd. Grafirnar eru fremur smáar og stendur vatn í sumum þeirra. Þær eru um 1 m á dýpt.

Hættumat: engin hætta

SN-011:025 náma mógrafir

A: 307438 N: 484875




Mógrafir SN-011:025, horft til suðvesturs

Mógrafir eru fast norðan við Snæfellsnesveg (54), vestan við mógrafir 023 og um 50 m norðaustan við bæ 001.

Mógrafirnar eru í mýri á milli þjóðveggar og skurðs sem afmarkar mógrafasvæðið til norðurs. Mógrafirnar eru á svæði sem er langt og mjótt meðfram þjóðveginum, 570x40 m að stærð. Það snýr VNV-ASA. Innan þess virðast nær eingöngu vera stokkagrafir og eru þær 3-4x2 m að stærð og um 1 m á dýpt. Í dýpstu gröfunum stendur vatn.

Hættumat: engin hætta



Tóft af fjárskýli SN-011:026, horft til suðausturs

Allstór tóft af fjárskýli er á lágum hól í mýrlendi sunnan við Brúarholt, sjá 020, um 640 m suðaustan við sel 013 og 2,3 km NNA við bæ 001.

Tóftin er í úthaga jarðarinnar sunnan við Staðará þar sem blautar mýrar eru innan um lág og gróðurlítill holt. Tóftin er um 9x11 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Hún er einföld og virðist torfhlaðin. Tóftin er torfhlaðin, sigin og gengin í þúfur. Mesta hæð veggja er 0,4 m. Op er á tóftinni í norðvesturhorni.

Hættumat: engin hætta



Engjavegur SN-011:027, horft til norðurs

Engjavegur í Tunguengjar lá upp með Kjósarvatni og norður fyrir Selhól að Selhólsvaði 019. Vegurinn er bæði ruddur á köflum og upphlaðinn yfir mýrlendi. Hann sést fyrst fast norðan við Snæfellsnesveg (54), um 380 m norðan við bæ 001 og sést langleiðina að Byrgisholti 022. Ábending barst um að þessi vegur hafi verið fyrir traktora og er hann því tæplega fornleif samkvæmt skilgreiningu laganna þar sem hann nær ekki 100 ára aldri. Hins vegar var ákveðið að halda veginum inni í fornleifaskránni þar sem hann er merkileg heimild um vegagerð á svæðinu.

Leiðin liggur yfir blautar mýrar og lág holt. Leiðinni var fylgt á 1,3 km löngum kafla til norðurs frá Snæfellsnesvegi. Frá veginum er upphlaðinn vegur í mýri á milli lítilla og lágra holta á 530 m löngum kafla. Uppbyggðir vegurinn er 4-5 m á breidd og 0,1-0,4 m á hæð. Mjóar rennur eru meðfram honum. Þá tekur við stuttur ruddur kafla á Ingustekkhól 012 á 170 m löngum kafla. Hann er um 2 m á breidd og allt að 0,5 m á dýpt. Þar sem honum sleppir kemur yngri slóði inn á leiðina sem liggur af Kjósarhól. Hann liggur áfram til norðurs eftir lágum hólum og holtum á 570 m löngum kafla. Þar virðist leiðin greinast og liggur leið 020 af henni að Brúarholtsvaði 015 en þessi leið heldur áfram til norðurs upp með Hagavatni að Selhólsvaði 019.

Hættumat: engin hætta

SN-011:028 Kjósarhóll þúst landamerki

A: 307027 N: 485250



Þúst SN-011:028 á Kjósarhóli, horft til SSA

"Kjósarhóll er toppmyndaður hóll alveg undan botni Kjósarvatns. Hann er gróðurlítill á toppnum og varða efst," segir í ornefnaskrá Neðri-Hóls. Gróin varða eða þúst er á Kjósahól um 235 m suðvestan við Ingustekk 012 og 760 m NNV við bæ 001.

Kjósarhóll er hár hóll sunnan við Kjósarvatn og liggur merkjagirðing eftir honum og bílslóði austan við hana, í landi Syðri-Tungu.

Hóllinn er stór og lítið um gróður efst á honum. Hann sést vel sunnan frá bæjunum niður við sjávarsíðuna. Á Kjósarhól, þar sem hann er hæstur, er gróin þúst þar sem ætla má að landamerkja sé undir gróðurþekjurni. Þústin er um 1,5x1,5 m að stærð og 1 m á hæð.

Heimildir: Ö-Neðri-Hóll SJ, 5

SN-011:029 náttúrumin lending

A: 306991 N: 484306



Lending SN-011:029, horft til norðurs

Neðan undir Hjallatungum er vör. Hún er 270 m suðvestan við bæjarhól 001, 70 m suðaustan við Tungubúð 007 og beint norður af garðlagi 017.

Vörin er í klettóttri fjöru. Vörin virðist vera að stærstum hluta náttúruleg. Hún liggur milli tveggja kletta, er um 7 m á breidd og 13 m að lengd. Greinilegt er að stórgryti hefur verið hreinsað úr fjörunni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SN-011:030 þúst fjárhús

A: 307075 N: 484436



Þúst SN-011:030, horft til vesturs.

Í heimatúni Syðri-Tungu er stór þúst á óræktarbletti. Þar voru fjárhús og hlaða að sögn heimildamanns, Jónasar Jónssonar. Ekki er aldur minjanna þekktur en mynd er af húsunum í Byggðum Snæfellsness og sést þar að þau eru úr blönduðu efni og eru að líkindum frá 20. öld, byggð eftir að túnakort fyrir jörðina var gert 1916. Minjarnar um fjárhúsin og hlöðuna eru um 120 m suðvestan við bæ 001 og 50 m austan við útihús 005.

Fjárhúsin voru í sléttuðu túni sem er í aflíðandi halla til suðvesturs. Þústin í túninu er 53x26 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er hæst um 1 m í norðurhorni. Í vesturhorni gengur 20 m löng tota gengur út úr þústinni til suðvesturs. Fjárhúsin hafa verið úr blönduðu efni

og sjást leifar af steypu og grjóti upp úr sverði. Þau virðast hafa verið rifin en ekki er ljóst hvenær það var gert.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: BS, 329

SN-011:031 þúst óþekkt

A: 306914 N: 484343



Þúst SN-011:031, horft til vesturs

Manngerð þúst er á sjávarbakka, rétt utan gamla heimatúnsins í Syðri-Tungu. Þústin er fast sunnan við Tungubúð 007 og 300 m suðvestan við bæ 001.

Þústin er á flatlendum, grasi vöxnum sjávarbakka. Þústin er um 10x6 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er skýrust í suðausturenda þar sem hún er 0,3 m á hæð. Þústin er ólöguleg og ekki virðist mikið grjót í henni. Ekki er ljóst hvers konar mannvirki er hér undir sverði en það gæti tengst búsetu í Tungubúð.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

SN-011:032 hleðsla óþekkt

A: 307318 N: 486110




Hleðsla SN-011:032, horft til ASA

Hrunin grjóthleðsla er á Byrgisholti innan náthaga 022. Hún er 100 m ANA við tóft 033 og 1,6 km norðan við bæ 001.

Hleðslan er á lítilli gróðurtorfu á mel en gróinn mói er í kringum hann. Hleðslan er um 6 m á lengd og 1 m á breidd. Ekki stendur steinn yfir steini, að heita má. Hleðslan snýr nálega austur-vestur en sveigir lítillega til norðurs í austurenda. Ekki er ljóst hvers konar mannvirki þarna hefur verið eða hvort það tengist náthaganum. Hleðslan líkist helst herslugarði og er ekki útilokað að fiskur sem veiddur var í Hagavatni hafi verið hertur á honum. Gamall bátur er við tóft 033 litlu austar.

Hættumat: engin hætta




Tóft SN-011:033, horft til vesturs

Einföld tóft er á bakka Hagavatns á Byrgisholtstá (sjá 022) þar sem hún gengur út í vatnið og skilur á milli Hagavatns og Kjósarvatns. Stutt er frá tóftinni yfir að Lamboddatá hinum megin við vatnið í landi Ytri-Tungu SN-009. Tóftin er frammi á grónum vatnsbakka. Í vatnsborðinu er stórgrýti sem tóftin er byggð utan í.

Tóftin er um 8x5 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er að mestu grjóthlaðin en einnig er torf í henni. Op er á tóftinni í suðausturhorni. Mesta hæð veggja er 0,5 m en hleðslur eru grónar og signar. Ekki sést fjöldi umfara. Gamall, ónýtur bátur er fast norðan við tóftina. Ekki er ljóst hvaða hlutverki tóftin gegndi. Hún er ekki af nausti þar sem ekki er nógu stórt op á henni til að koma báti inn í hana. Það er líklegt að hún tengist náttuganum og hafi verið hús fyrir féð sem haft var innan hans.

Hættumat: hætta, vegna landbrots



Hleðsla SN-011:034, horft til suðurs

Hrunin grjóthleðsla er á lágu holti fast austan við Hagavatn. Hleðslan er 320 m NNA við náttuga 022 við Byrgisholt, 650 m SSV við sel 013 og 2 km norðan við bæ 001.


Hleðslan er á litlu holti sem er fremur flatt og lágt. Það er að mestu gróðurlaus melur en gróið er í kringum hann. Blautar mýrar og lítil holt eru vestan holtsins. Hleðslan er 3x2 að stærð og snýr

austur-vestur. Hún er breiðust um miðbikið og mjókkar lítillega til beggja enda. Hleðslan er gróin í jöðrum en í miðjunni er ógróið grjót á svæði sem er 3x1 m að stærð. Hleðslan hefur fallið inn en hún er hæst 0,5 m í vesturenda þar sem grjóti hefur mögulega verið hlaðið upp í vörðu eftir að hleðslan hrundi. Engjavegur 027 liggur um þetta svæði. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þessi hleðsla hefur gegnt upphaflega. Lögum hennar bendir ekki til þess að hún sé af smalakofa en helst væri von á smalakofa eða vörðu á þessu svæði.

Hættumat: engin hætta

SN-011:035 tóft heystæði

A: 308567 N: 487286



Heystæði SN-011:035, horft til norðausturs

Lítið heystæði er í Tunguengjum skammt suðvestan við Barnaá/Laxá, um 520 m suðaustan við Hólgerði 016. Tóftin er á tiltölulega þurrum rana eða hrygg í blautri og flatlendri mýri. Svæðið er allt grasi vaxið.

Tóftin er einföld og torfhláðin. Hún er ferköntuð, um 3x3 m að stærð, en aflöguð í vesturhorni. Mesta hæð veggja er 0,4 m. Ekki sést op inn í tóftina.

Hættumat: engin hætta

SN-011:036 tóftir óþekkt


A: 308930 N: 487115



Tóftir SN-011:036, horft til norðvesturs (tóft A) og NNV (tóft B).

Tvær tóftir eru saman á Barnanesi þar sem Barnaá/Laxá og Staðará mætast. Tóftirnar eru 75 m VSV við tóft 037, 400 m suðaustan við heystæði 035 og 3,1 km NNA við bæ 001. Barnanes er þurrt og grasgefið

en óslétt nes. Þurr farvegur liggur frá tóftunum til norðausturs.




Teikning af tóftum SN-011:036

Tóftirnar eru á svæði sem er um 14x8 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Tóft A er norðaustast á svæðinu. Hún er einföld og torfhlaðin. Tóftin er 8x5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Ógreinilegt op er á henni til suðausturs og er tóftin í mjög aflíðandi halla í þá átt. Mesta hæð veggja er 0,6 m. Tóft B er fast suðvestan við tóft A. Hún er einnig einföld og torfhlaðin. Tóftin er um 4x4 m að stærð, op er inn í hana á ASA hlið. Veggir hennar eru 0,4-0,5 m á hæð og eru signir. Gróðurinn á tóft B er svipaður því sem er umhverfis hana en meiri gróska er í gróðri á tóft A. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þessar tóftir gegndu en líklegt er að tóft A sé fjárhúskofi og tóft B heystæði.

Hættumat: engin hætta

SN-011:037 tóft óþekkt

A: 309003 N: 487142



Tóft SN-011:037 horft til vesturs

Tvískipt tóft er á lágrri hæð 75 m norðaustan við tóftir 036 á Barnanesi og 3,2 km norðaustan við bæ 001. Barnanes er þurrt og grasgefið en óslétt nes þar sem Barnaá/Laxá og Staðará mætast.

Tóftin er 9x8 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er torfhlaðin og grasi gróin. Veggir hennar eru 0,6 m á hæð þar sem þeir eru hæstir en eru farnir að ganga í þúfur. Hólf I er í norðausturhluta tóftarinnar. Það er 5x2 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Ógreinilegt op er á því til suðausturs. Hólf II er suðvestan við vesturhorn á hólfi I. Það er um 2x2 m að innanmáli en er heldur ógreinilegt. Ekki sést op á því. Ekki er ljóst hvaða hlutverki tóftin gegndi en lögun hennar bendir helst til þess að hún geti verið af stekki en hún er nokkuð óþekkt tóft 036A og kann einnig að vera fjárhúskofi með áfastri heystóft.

Hættumat: engin hætta

SN-011:038 varða landamerki

A: 308740 N: 486916



Landamerkjavarða SN-011:038, horft til norðurs

Lítill varða er á holti á merkjum milli Staðastaðar SN-014 og Syðri-Tungu, 1,1 km ASA við sel 013 og 2,9 km norðaustan við bæ 001. Ætla má að varðan sé landamerkjavarða. Holtið sem varðan er á er stórt og allhátt. Víða er rof í gróðurþekju á holtinu.

Varðan er hrunin og gróin. Hún er um 0,7 m í þvermál og 0,3 m á hæð. Í henni sjást 2-3 umför hleðslu. Grjót hefur hrunið úr henni til norðurs.

Hættumat: engin hættu

SN-011:039 heimild um leið

A: 307368 N: 484672

Inn á Herforingjaráðskort frá 1911 er merkt leið sem liggur í suðvestur af vegi SN-611:001 heim að Syðri-Tungu 001. Búið er að rækta tún á því svæði sem leiðin lá um. Túnið er mishæðótt og safnast vatn í litla tjörn í því þrátt fyrir framræslu. Engin ummerki sjást um leiðinn á yfirborði vegna túnræktunar.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Herforingjaráðskort 15 NA


SN-012 Glaumbær

SN-012 Glaumbær

Þýðing merkja árið 1916:

- Bæjarhús
- Peningshús
- Heygarður
- △ Matjurtagarður

Skýringar	
()	bæjarhóll
□	horfinn minjastaður
☪	tóft
■	gömul bygging sem stendur enn
—	mörk túns og garða skv. túnakorti
—	leifar tungaröð
⋯	traðir



1714: "Glaumbær, önnur hjáleiga afgömul. Dýrleikinn talinn í heimajörðunni. Eigandinn sami. Ábúandinn Þórður Guðmundsson. [...] Vatn er hjer ekkert nema í torfgröfum." JÁM V, 133.

"Jörðin er austast í svonefndu Tunguplássi og á sameiginlegt land 1/7 með Neðri-Hól [SN-013] og Syðri-Tungu [SN-011]. Ræktunarlönd eru sér skilin og er þau sæmileg milli Langavatns og sjávar." BS, 327.


"Því næst tekur við bæjarhverfi skammt frá ströndinni, sem í daglegu tali er nefnt Tungupláss. eru þar nú fjórir bæir og liggja tún þeirra saman. Austast er Glaumbær, þá Neðri-Hóll, til aðgreiningar frá Efra-Hóli [SN-034], sem er upp við fjallið austan Slitvindastaða [SN-035], svo kemur Syðri-Tunga og loks Ytri-Tunga [SN-009]." ÁFÍ 1982, 38.

"Flóð: 9. jan. 1799, þegar sjórinn gekk á land um 1500 faðma, urðu 20 býli fyrir miklum skaða. Býlin Ytri-Garðar [SN-001], Syðri-Garðar [SN-003], Akur [SN-004], Kirkjuhóll [SN-007], Háabúð, Lágabúð [SN-008], Tangi, Ytri-Tunga [SN-009], Lukka [SN-010], Syðri-Tunga [SN-011], Tungubúð, Glaumbær, Traðarbúð [SN-018], Traðir [SN-017], Arnartunga [SN-021], Ytri-Krossar [SN-020], Syðri-Krossar [SN-022], Kerlingaholt, Melkot [SN-023] og Saurar [SN-024]," segir í örnefnaskrá Álftavatns viðb. og leiðr. BG, 5.

"Glaumbær er syðstur af þeim fjórum bæjum, er mynda hið svokallaða Tungupláss." Ö-Glaumbær ÞJ, 1.

"Glaumbær, Neðri-Hóll og Syðri-Tunga eru einu nafni nefnd Tungupláss. Er Neðri-Hóll á milli Glaumbæjar og Syðri-Tungu. Til skamms tíma var allt land jarðanna óskipt nema tún og engjar. Átti Glaumbær tæplega 1/7 part, en Neðri-Hóll og Syðri-Tunga um 3/7 hluta hvor. Öllum hlunnindum (reka og dún o.s.frv.) var skipt eins. [...] Til grundvallar fyrir skiptunum voru lögð eignarhlutföll jarðanna, samkvæmt jarðamati 1861 voru talin 19,8 hundruð og skiptast þannig, að Syðri-Tunga og Hóll eru talin 8,75 hundruð hvor og Glaumbær 2,30." Ö-Neðri-Hóll SJ, 1.

Túnakort 1916: Tún 3,1 hekt, Garðar 540 m²



Bæjarhóll Glaumbæjar SN-012:001, horft til norðurs. Teikningin sýnir leifar húsgrunns á hólnum

Inn á túnakort frá 1916 eru merkt mörg mannvirki á bæjarhóli Glaumbæjar: Bæjarhús, tveir matjurtagarður, heygarður og peningshús á bæjarhóli Glaumbæjar. Örnefnaskrá Glaumbæjar, sem er sennilega frá 8. áratugnum segir: "Bærinn stendur á sléttu mýrlendi, sem er milli Langholts (Ölduhryggs) og sjávar, þó nær sjónum en holtinu. Bærinn er í miðju túninu." Túnið sléttað en í aflíðandi brekku mót suðri. Neðan túns er óræktuð mýri sem í eru mógrafir, Stekkjargrafir 013. Staðhættir eru þannig að bæjarhóllinn er fremur áberandi sé horft upp túnið, til norðurs, en fellur að landslagi úr öðrum áttum.

Bæjarhóllinn var sléttaður líkt og túnið allt. Þar sem hann er hæstur má sjá leifar húsgrunns, sem er um 3 m austur-vestur og um 5 m norður-suður, en dýptin eins og hún er núna er um 0,1-0,2 m. Mannvirkjaleifar má sjá undir sverði á bæjarhól, hryggir og dældir eru vel sýnilegar, þó ekki sjáist á því nokkurt lag. Umfang svæðisins, sem sýnir ummerki um mannvirkjaleifar undir sverði, er um 65 m austur-vestur og um 30 metrar norður-suður, hæð óráðin e.t.v. um 1 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1916; Ö-Glaumbær ÞJ, 1

SN-012:002 heimild um brunn

A: 307612 N: 484358



Brunnur SN-012:002, var á þessu svæði, horft til vesturs

Að sögn Kristjáns Narfasonar, heimildamanns, var það almenn vitneskja að brunnur væri sunnan bæjarhólsins á Glaumbæ í túnjaðrinum. Búið er að fylla brunninn og hylja hann en hann mun hafa verið um 30-40 m sunnan bæjarhóls, um 100 m vest-norðvestan við Grástein 011 og um 40 m norðan við Stekkjargrafir 013. Brunnurinn er á mörkum túns og mýrar. Ekkert sér til minja eftir brunninn er fyllt var upp í hann seint á 20. öld.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Glaumbær ÞJ, 2

SN-012:003 heimild um útihús

A: 484451 N: 307583

Inn á túnakort frá 1916 er merkt peningshús norðvestan við bæjarhús Glaumbæjar, 001. Um 40 m norðvestan við húsgrunn 001, er smáhæð í túninu og dæld þar í.

Túnið sléttað en í aflíðandi brekku mót suðri. Neðan túns er óræktuð mýri sem í eru mógrafir, Stekkjargrafir 013. Staðhættir eru þannig að bæjarhóllinn er fremur áberandi sé horft upp túnið, til norðurs, en fellur að landslagi úr öðrum áttum. Ekki sést til fornleifa, en á þessu svæði í túninu eru mishæðir, sem geta verið vísbendingar um minjar undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1916

SN-012:004 heimild um útihús

A: 484432 N: 307699

Inn á túnakort frá 1916 eru merkt tvö peningshús norðaustan við bæjarhús 001 og matjurtagarð 002. Í túnjaðri, um 100 m norðaustan við bæjarhól og um 90 m norðaustan við matjurtagarð 002, er mishæð í túninu á þeim slóðum sem túnakortið sýnir útihús þessi.

Túnið sléttað en ákveðinn aflíðandi halli er á landslaginu mót suðri og neðan túns er óræktuð mýri sem í eru mógrafir, Stekkjargrafir 013. Hallar túni og landslagi mun minna til austurs og vesturs í átt að Neðri-Hóli. Staðhættir haga því þannig að bæjarhóllinn er fremur áberandi sé horft upp túnið, til norðurs, en fellur að landslagi úr öðrum áttum. Ekki sér til einstakra fornleifa í túninu á því svæði þar sem útihúsin voru, en þar er þúst eða hæð í túninu sem gætu verið leifar mannvirkja.



Á þessu svæði var útihús SN-012:004, horft til norðvesturs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1916

SN-012:005 heimild um útihús

A: 484382 N: 307509

Inn á túnakort frá 1916 er merkt peningshús suðvestan við bæjarhús 001, við suðurjaðar túnsins. Samkvæmt mælingum af túnakorti er staður þessi enn í túnjaðri, rúmlega 100 m suðvestan við bæjarhús 001, í suðvestur túnhorni miðað við núverandi landslag. Á þessum slóðum sker sig ekki úr landslaginu annað en ólöglegt og mjög gróið þúfnahlaup. Að þúfnahlaupinu er girðing, sem snýr norður-suður og virðist marka jarðir Glaumbæjar, að vestan, og Hóls, að austan.

Staður þessi er rétt ofan (norðan) mýrarinnar, sem er neðan Glaumbæjartúns, er nú mikið þúfnahlaup. Ekki sést neitt lag á þúst þessari en umfang þúfnahlaupsins er um 4 m austur-vestur og um 3 m norður-suður. Á þessu svæði var útihús 005 árið 1916.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1916

SN-012:006 *Roðagull* heimild

"Norðvestur frá bænum er allhá kringlótt tóft. Hún er kölluð Roðagull, fyrir sunnan tóftina er ferhyrnd girðing með skírum veggjum umhverfis, er hún kölluð Háfsreitur [007]," segir í örnefnaskrá. Ekki er víst hvar þessi tóft var og reynist því ekki hægt að staðsetja hana með innan við 50 m skekkju.

Túnið er sléttað en ákveðinn aflíðandi halli er á landslaginu mót suðri og neðan túns er óræktuð mýri sem í eru mógrafir, Stekkjargrafir 013.

Varla sér nokkur ummerki einstakra fornleifa í Glaumbæjartúni lengur því það er sléttað. Hryggir og dældir undir sverði eru þó vísbending um mannvirkjaleifar á bæjarhól og víðar í túni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Glaumbær ÞJ, 1

SN-012:007 *Háfsreitur* heimild túngarður

"Norðvestur frá bænum er allhá kringlótt tóft. Hún er kölluð Roðagull [006], fyrir sunnan tóftina er ferhyrnd girðing með skírum veggjum umhverfis, er hún kölluð Háfsreitur," segir í örnefnaskrá. Ekki er víst hvar Háfsreitur var og reynist því ekki hægt að staðsetja hann með innan við 50 m skekkju.

Túnið er sléttað en ákveðinn aflíðandi halli er á landslaginu mót suðri og neðan túns er óræktuð mýri sem í eru mógrafir, Stekkjargrafir 013.

Varla sér nokkur ummerki einstakra fornleifa í Glaumbæjartúni lengur því það var sléttað. Hryggir og dældir undir sverði eru þó vísbending um mannvirkjaleifar á bæjarhól og víðar í túni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Glaumbær ÞJ, 1

SN-012:008 frásögn nátthagi

A: 307988 N: 484209



Svæðið þar sem nátthagi SN-012:008 var, horft til vesturs

Að sögn Jónasar Jónassonar, heimildamanns, var hlaðið gerði umhverfis nátthaga norðvestan við stekk 014. Staðsetning nátthagans er ónákvæm en hann mun hafa verið um 400 m aust-suðaustan við bæjarhól 001 og um 150 m norðan við fjörुकambinn. Minjastaðurinn er í sléttuðu túni sem hefur verið framræst með skurðum. Nátthaginn hefur verið sléttaður undir tún og sér ekkert til minja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SN-012:009 vegur leið

A: 308175 N: 484689



Vegur SN-012:009, horft til suðurs

Á herforingjaráðskorti frá 1911 sést að leið lá frá þjóðleið 611:001 að Glaumbæ 001 vestan við læk sem rann úr Langavatni en kominn er í skurð. Hluti leiðarinnar sést 630 m norðaustan við bæ 001, fast sunnan við Snæfellsnesveg (54).

Leiðin sést neðan þjóðvegur þar sem hún liggur yfir gróna mýri. Þar sem leiðin lá af þjóðleiðinni er stuttur, upphlaðinn og gróinn vegur yfir mýri. Þar eru einu sýnilegu ummerkin um leiðina því að öðru leyti hefur hún verið sléttuð eða horfið í skurði. Vegurinn sést á 25 löngum kafla þar sem hann liggur norður-suður. Hann er 6 m á breidd og 0,3-0,4 m á hæð.

Heimildir: Herforingjaráðskort 15 NA



Mógrafir SN-012:010, horft til suðausturs

Mógrafasvæði er um 320 m suðaustan við bæjarhól 001, um 20 m norðan við fjörुकamb og um 200 m suðaustan við Grástein 011.

Minjastaðurinn er mýrlent svæði sem liggur að sjávarkambi.

Mógrafarsvæðið er 80x50 m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Mógrafirnar virðast vera þó nokkuð djúpar en þær eru allar fullar af vatni.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Glaumbær ÞJ, 2

SN-012:011 *Grásteinn* huldufólksbústaður huldufólksbústaður

N: 307694 A: 484298

"Í flóanum suðaustur frá túninu er steinn allstór, er Grásteinn heitir (þar á huldufólk að búa)," segir í örnefnaskrá. Grásteinn er á mörkum mýrar og sléttaðs túns, um 100 m suðaustan við bæjarhól 001 og 20 m austan við Stekkjargrafir 013.


Minjastaðurinn er í grösugu landi. Norðvestan við hann er sléttað tún en suðaustan við hann er blaut mýri. Grásteinn er lítið jarðfast bjarg sem stendur stakt í annars frekar sléttu landi.

Hættumat: hættu, vegna rasks

Heimildir: Ö-Glaumbær ÞJ, 3



Grásteinn SN-012:011, horft til norðurs



Hleðsla SN-012:012, horft til vesturs

Óljós tóft er tæpa 200 m suðvestan við bæjarhól 001, tæpa 30 m vestan við Stekkjargrafir 013 og 3-4 m norðan fjörुकambs. Minjastaðurinn er á grösugum bala fremst við fjörुकambinn.

Tóftin er ferhyrnd og einföld, 12x8 m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Óljóst er hvor veggir tóftarinnar eru orpnir eða hlaðnir en þeir eru um 1 m að breidd og 20-60 cm á hæð. Við ytra byrðið má sjá hugsanlegan vott af grjóthleðslu og við innra byrðið vottar fyrir timburleifum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Náma SN-012:013, horft til suðurs

"Fyrir vestan flóann, mitt á milli Langholts og sjávar, er mólendi. Er það nefnt Háumóar. Fyrir neðan (sunnan) Háumóa heitir Langaræsi, þar fyrir sunnan eru mógrafir, sem Stekkjargrafir heita," segir í örnefnaskrá. Stekkjargarfirnar liggja alveg að fjörुकambinum neðan við sléttuð tún Glaumbæjar, tæpa 100 m sunnan við bæjarhól 001 og 30-40 m austan við tóft 012.

Minjastaðurinn er í sléttu mýrarsvæði meðfram sjávarkambi. Mógrafarsvæðið er tæplega 200x100 m stórt og snýr vest-norðvestur og aust-suðaustur. Flestar mógrafirnar eru mjög kantaðar. Þær virðast vera mjög djúpar og allar fullar af vatni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Glaumbær ÞJ, 3



Sjávarbakkinn þar sem heimildir herma að stekkur SN-012:014 hafi verið, horft til norðvesturs

Heimildir: Ö-Glaumbær ÞJ, 3; Ö-Neðri-Hóll SJ, 9

"Fyrir vestan flóann, mitt á milli Langholts og sjávar, er mólendi. Er það nefnt Háumóar. Fyrir neðan (sunnan) Háumóa heitir Langaræsi, þar fyrir sunnan eru mógrafir, sem Stekkjargrafir [013] heita. Milli þeirra og Kreknalækjar er stekkjarrúst á sjávarbakkanum," segir í örnefnaskrá Glaumbæjar. "Frá

Svarthamarsvíkinni og vestur með sjónum að grjótkambi, sem Kampur er kallaður einu nafni, eru háir moldarbakkar, sem alltaf eru að brjóta af. Þar voru stekkjarrústir, nú jafnaðar við jörðu," segir í örnefnaskrá Neðri-Hóls.

Minjastaðurinn er fremst á sjávarbakka og hefur verið sléttður.

Ekkert sér til minja.

Hættumat: hætta, vegna landbrots



Bæjarhóll Neðri-Hóls SN-013:001, horft til norðurs og norðausturs

Gamli bæjarhóll Neðri-Hóls er suðaustarlega í gamla túninu, rétt ofan sjávarbakka. Inn á túnakort frá 1916 eru merkt bæjarhús á bæjarhól sem og tvö útihús/peningshús þar fast við, rétt um 5 m suðvestan og sunnan bæjar. Í Byggðum Snæfellsness frá 1977 er aðstæðum svo lýst: "Hús stóðu áður á hól við sjóinn en standa nú nær þjóðvegi." Í örnefnaskrá SJ segir ennfremur: "Bærinn stóð svo til niðri á sjávarbakka. Túnið náði áður suður að svonefndri Hólstjörn og vestur að Hjallavíkum [sjá SN-011:009], sem kallaðar voru. [...] Öll hús stóðu niðri á bakkanum. Syðst var bæjarhóllinn, þar sem tveir sambyggðir bæir stóðu ásamt fjósi, eldsmiðju, heystæði og mótótt. Búið er að jafna allar þær rústir við jörðu." Bærinn á gamla bæjarhólnum brann um 1937-1938 og var nýr bær fluttur ofar í landið og byggður litlu austan við útihús frá Neðra-Hóli. Sá bær brann árið 1961 þegar sló eldingu niður í hann. Var bærinn þá fluttur á þann stað sem hann er í dag.

Gamli bæjarhóllinn er við sjóinn. Suðurhlið hans brotnar af sjó. Slétt land er umhverfis, tún sem er notað sem beitir er norðvestan og norðan við, mýrarflag austan við. Útihús í notkun eru norðaustan við hólinn, sem og athafnasvæði tengt búskap.

Bæjarhóllinn er áberandi í umhverfinu, rís iðagrænn úr sléttlendinu umhverfis. Af honum er þó nokkur halli til norðurs og austurs en meira aflíðandi til norðausturs og vesturs. Til suðurs er örlítil brekka en landið hækkar aðeins aftur fram á sjávarbakkann. Þangað var minjum ýtt út þegar hóllinn var sléttaður og má sjá þær leifar á bakkanum s.s. steinsteypt húsabrot, en þarna beint suður af háhólnum er sjávarbakkinn gróinn og óbrotinn. Dældir og hryggi má sjá í hólnum, sem eru vísbendingar um fornleifar undir sverði, en ekki er hægt að greina einstakar fornleifar. Umfang bæjarhólsins er um 55 m í austur-vestur og um 45 m í norður-suður og hæð hans allt að 1,5 m, sé miðað við umhverfið í kring.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Túnakort 1916; BS, 328; Ö-Neðri-Hóll SJ, 3-4

SN-013:002 heimild um kálgarð

A: 484315 N: 307380

Inn á túnakort frá 1916 er merktur matjurtagarður suðaustan við bæjarhól 001. Garðurinn hefur verið í brekku, sem vísar mót suðaustri. Að öllum líkindum er þetta sami kálgarður og sagt er frá í örnefnaskrá: "Enn einn kálgarður var sunnan við bæjarhólinn, nú kominn í tún."

Bæjarhóllinn er gróinn og hefur verið sléttaður.

Ekki sér til fornleifar á þessum stað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1916; Ö-Neðri-Hóll SJ, 4

Inn á túnakort frá 1916 hafa verið mæld inn útihús/peningshús og matjurtagarður sem staðsett voru í röð suðvestur frá bæ 001. Austast var útihús/peningshús 003 í u.þ.b. 50 m fjarlægð frá bæ. Næst var matjurtagarður 004, í u.þ.b. 70 m fjarlægð frá bæ, og vestast var útihús/peningshús 005, u.þ.b. 80 m frá bæ. Ekki er gerð sérstök grein fyrir hvar súrheysgryfja, 010, var staðsett sbr. örnefnaskrá hér aftar. Á þessum stað, skv. túnakortinu, í suðurjaðri túnsins er áberandi landhækkun og rústahóll á sjávarbakkanum. Rústasvæði þetta er fast vestan við bæjarhólinn 001 en þó aðgreint frá honum. Þetta svæði er ósléttað, í túnjaðri og um það þvert og endilangt er túngirðing. Hæstur er þessi hóll þar sem túnakortið staðsetur útihús sem merkt er 003. Á þessu svæði eru heimildir um minjar þó nákvæm staðsetning þeirra sé ekki lengur kunn. Í örnefnaskrá segir: "Vestar [fyrir vestan bæjarhólinn] komu hæsnahús [003], svo súrheysgryfja [010], hesthús [005]... niðri undir bakkanum var kálgarður, Bakkagarður [004]."

Rústahóllinn er á mörkum sléttads túns, sem nú er notað til beitar, og óræktar á sjávarbökkum, sem brotnar af, ofan í fremur grýtta en sendna fjöru. Bakkinn er um 3 m hár.

Umfang minjasvæðisins er um 55 m í austur-vestur og um 17 m í norður-suður, hæð hólsins er um 1,5 m. Ekki er unnt að greina einstakar fornleifar á svæðinu en það einkennist af dokkum og misfellum. Hleðslugrjót er víða í sárinu þar sem sjórinn hefur brotið af bakkanum, en ekki samhangandi. Búið er að raska hólnum að einhverju leyti að norðanverðu, með sléttun.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Túnakort 1916; Ö-Neðri-Hóll SJ, 3-4



Minjastaður SN-013:004, horft til austurs og norðurs.

Inn á túnakort frá 1916 hafa verið mæld inn útihús/peningshús og matjurtagarður sem staðsett voru í röð suðvestur frá bæ 001. Austast var útihús/peningshús 003 í u.þ.b. 50 m fjarlægð frá bæ. Næst var matjurtagarður 004, í u.þ.b. 70 m fjarlægð frá bæ, og vestast var útihús/peningshús 005, u.þ.b. 80 m frá bæ. Ekki er gerð sérstök grein fyrir hvar súrheysgryfja, 010, var staðsett sbr. örnefnaskrá hér aftar. Á þessum stað, skv. túnakortinu, í suðurjaðri túnsins er áberandi landhækkun og rústahóll á sjávarbakkanum. Rústasvæði þetta er fast vestan við bæjarhólinn 001 en þó aðgreint frá honum. Þetta svæði er ósléttað, í túnjaðri og um það þvert og endilangt er túngirðing. Hæstur er þessi hóll þar sem túnakortið staðsetur útihús sem merkt er 003. Á þessu svæði eru heimildir um minjar þó nákvæm staðsetning þeirra sé ekki lengur kunn. Í örnefnaskrá segir: "Vestar [fyrir vestan bæjarhólinn] komu hæsnahús [003], svo súrheysgryfja [010], hesthús [005]...[AF1]niðri undir bakkanum var kálgarður, Bakkagarður."

Rústahóllinn er á mörkum sléttads túns, sem nú er notað til beitar, og óræktar á sjávarbökkum, sem brotnar af, ofan í fremur grýtta en sendna fjöru. Bakkinn er um 3 m hár.

Umfang minjasvæðisins er um 55 m í austur-vestur og um 17 m í norður-suður, hæð hólsins er um 1,5 m. Ekki er unnt að greina einstakar fornleifar á svæðinu en það einkennist af dokkum og misfellum. Hleðslugrjót er víða í sárinu þar sem sjórinn hefur brotið af bakkanum, en ekki samhangandi. Búið er að raska hólnum að einhverju leyti að norðanverðu, með sléttun.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Túnakort 1916; Ö-Neðri-Hóll SJ, 3-4

SN-013:005 heimild um útihús

A: 484330 N: 307286

Inn á túnakort frá 1916 hafa verið mæld inn útihús/peningshús og matjurtagarður sem staðsett voru í röð suðvestur frá bæ 001. Austast var útihús/peningshús 003 í u.þ.b. 50 m fjarlægð frá bæ. Næst var matjurtagarður 004, í u.þ.b. 70 m fjarlægð frá bæ, og vestast var útihús/peningshús 005, u.þ.b. 80 m frá bæ. Ekki er gerð sérstök grein fyrir hvar súrheysgryfja, 010, var staðsett sbr. örnefnaskrá hér aftar. Á þessum stað, skv. túnakortinu, í suðurjaðri túnsins er áberandi landhækkun og rústahóll á sjávarbakkanum. Rústasvæði þetta er fast vestan við bæjarhólinn 001 en þó aðgreint frá honum. Þetta svæði er ósléttað, í túnjaðri og um það þvert og endilangt er tungirðing. Hæstur er þessi hóll þar sem túnakortið staðsetur útihús sem merkt er 003.



Minjastaður SN-013:005, horft til norðvesturs.

Á þessu svæði eru heimildir um minjar þó nákvæm staðsetning þeirra sé ekki lengur kunn. Í örnefnaskrá segir: "Vestar [fyrir vestan bæjarhólinn] komu hæsnahús [003], svo súrheysgryfja [010], hesthús [005]...niðri undir bakkanum var kálgarður, Bakkagarður [004]."

Rústahóllinn er á mörkum sléttads túns, sem nú er notað til beitar, og óræktar á sjávarbökkum, sem brotnar af, ofan í fremur grýtta en sendna fjöru. Bakkinn er um 3 m hár.

Umfang minjasvæðisins er um 55 m í austur-vestur og um 17 m í norður-suður, hæð hólsins er um 1,5 m. Ekki er unnt að greina einstakar fornleifar á svæðinu en það einkennist af dokkum og misfellum. Hleðslugrjót er víða í sárinu þar sem sjórinn hefur brotið af bakkanum, en ekki samhangandi. Búið er að raska hólnum að einhverju leyti að norðanverðu, með sléttun.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Túnakort 1916; Ö-Neðri-Hóll SJ, 3-4



Hóll þar sem kálgarður SN-013:006 var, horft til norðvesturs


Inn á túnakort frá 1916 er merktur matjurtagarður í um 90 m fjarlægð vest-norðvestan við bæ 001. Á þessum stað í túninu er hringlaga hóll. Af honum er aflíðandi brekka til austurs en aðeins brattara af honum til suðurs niður í kvos í túninu, sennilega sú sem í örnefnaskrá er nefnd Lautin. Í örnefnaskrá segir: "Nokkuð frá sjávarbakknum var lægð, sem lá austur-vestur, kölluð Lautin. Uppi í túninu var kálgarður, sem kallaður var Hringur. Norðan við hann voru svonefndar Ólafartættur [016]." Suður af Lautinni rís landið upp á sjávarbakkana, þar sem minjar 003, 004, 005 og 010, eru skráðar.

Hóllinn er í sléttuðu og grónu túni, sem nú er nýtt til beitar.

Ekki sér til minja en hóllinn er áberandi í landslaginu og sker sig úr. Umfang hans er um 20 m norður-suður og um 15 m austur-vestur. Hóllinn er af því tagi að líkur eru á að þar séu fornleifar undir sverði. Á þessu svæði var matjurtagarður árið 1916 og ekki ólíklegt að Ólafartættur 016 hafi einmitt verið norðantil á þessu því svæði sem hóllinn afmarkar, því engin merki sjást um aðrar minjar norðan þessa hóls.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1916; Ö-Neðri-Hóll SJ, 3-4



Fjárhústóft SN-013:007 í Húsavík, horft til suðurs

Samkvæmt túnakorti frá 1916 stóð útihús um 200m vestan við bæ og þar stendur enn tóft. Í örnefnaskrá segir: "Öll hús stóðu niðri á bakkanum. Syðst var bæjarhóllinn [001], þar sem tveir sambyggðir bæir stóðu ásamt fjósi, eldsmiðju, heystæði og mótótt. Búið er að jafna allar þær rústir við jörðu," og áfram segir: "Vestar komu hæsnahús [003], svo súrheysgryfja [010], hesthús [005], en vestast á bökkunum fjárhúsin og heyhlaða með kjallara hlöðnum úr grjóti og þar fyrir sunnan fjárrétt [014]. Líklega mótár fyrir þeim ennþá." "Vestar en Byrgisvík [022], hér um bil vestur undir landamerkjum Hóls og Syðri-Tungu [SN-011], er Húsavík. Fjárhús og hlaða voru þar upp af," segir í örnefnaskrá SJ. Tóft af fjárhúsum er um 180 m vestan við bæjarhól, fremst á fjörुकambi, fast vestan við rétt 014 og u.þ.b. 80 m vestan við tóft 012.

Tóftin er í jadrri sléttuðs túns fremst á fjörुकambi.

Tóftin er 17x17 m að stærð og skiptist í fjárhús og hlöðu. Fjárhúsin hafa verið þrískipt og er innanmál

hvers hólfs um 8 m langt og um 2-3 m að breidd. Þau eru öll samstæð og snúa vestur austur með op til austurs. Í tveimur syðri fjárhúsunum eru aflangar þúfur sem eru annað hvort leifar af garði eða leifar af þekju nema hvort tveggja sé. Hlaðan er 10x3 m að innanmáli, snýr norður suður og er um 2 m djúp. Vegghleðslur eru úr torfi og grjóti, 50-60 cm á hæð og 2-4 m á breidd.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1916; Ö-Neðri-Hóll SJ, 3-4; Ö-Neðri-Hóll SJ, 8

SN-013:008 heimild um útihús

A: 484464 N: 307200



Inn á túnakort frá 1916 eru merkt tvö útihús/peningshús um 200 m norðvestan við bæjarhól 001, í norðvestanverðum túnjaðri Ytri-Tungu. Svæðið sem útihúsin stóðu á, er fast suðaustan við bæjarhól Syðri-Tungu SN-011:001.

Samkvæmt útmælingum frá túnakorti eru þessi útihús í sléttuðu túni.

Ekki sér til fornleifa á þessum stað en misfellur eru í túninu, sem geta bent til minja undir sverði.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1916

Á þessu svæði var útihús SN-013:008, horft til

SN-013:009 heimild um túngarð

A: 484469 N: 307155

"Túngirðingar lágu milli Glaumbæjar [SN-012] og Hóls og Syðri-Tungu [SN-011] og Hóls," segir í örnefnaskrá SJ, 3. Ennfremur segir á bls. 4 í sömu heimild: "Nyrzt í túninu, norður af kálgarðinum [008], var Arareitur, náði að túngarðinum í Syðri-Tungu."

Milli túna Syðri-Tungu og Neðri-Hóls eru girðing sem skilur að sléttuð tún jarðanna. Girðingin nær frá sjó og upp að gamla bæjarhóli Syðri-Tungu SN-011:001.

Ekki sér til hlaðins túngarðs vegna túnasléttunar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Neðri-Hóll SJ, 3

SN-013:010 heimild um heygarð

A: 484324 N: 307311



Minjastaður SN-013:010, horft til vesturs og austurs.

Inn á túnakort frá 1916 hafa verið mæld inn útihús/peningshús og matjurtagarður sem staðsett voru í röð suðvestur frá bæ 001. Austast var útihús/peningshús 003 í u.þ.b. 50 m fjarlægð frá bæ. Næst var matjurtagarður 004, í u.þ.b. 70 m fjarlægð frá bæ, og vestast var útihús/peningshús 005, u.þ.b. 80 m frá bæ. Á þessum stað, skv. túnakortinu, í suðurjaðri túnsins er áberandi landhækkun og rústahóll á sjávarbakkanum. Rústasvæði þetta er fast vestan við bæjarhólinn 001 en þó aðgreint frá honum. Þetta svæði er óslétt, í túnjaðri og um það þvert og endilangt er túngirðing. Hæstur er þessi hóll þar sem túnakortið staðsetur útihús sem merkt er 003. Á þessu svæði eru heimildir um minjar þó nákvæm staðsetning þeirra sé ekki lengur kunn. Í örnefnaskrá segir: "Vestar [fyrir vestan bæjarhólinn] komu hæsnahús [003], svo súrheysgryfja [010], hesthús [005].. niðri undir bakkanum var kálgarður, Bakkagarður [004]."

Rústahóllinn er á mörkum sléttuðs túns, sem nú er notað til beitar, og óræktar á sjávarbökkum, sem brotnar af, ofan í fremur grýtta en sendna fjöru. Bakkinn er um 3 m hár.

Umfang minjasvæðisins er um 55 m í austur-vestur og um 17 m í norður-suður, hæð hólsins er um 1,5 m. Ekki er unnt að greina einstakar fornleifar á svæðinu en það einkennist af dokkum og misfellum. Hleðslugrjót er víða í sárinu þar sem sjórinn hefur brotið af bakkanum, en ekki samhangandi. Búið er að raska hólnum að einhverju leyti að norðanverðu, með sléttun. Ekki er gerð sérstök grein fyrir hvar súrheysgryfja, 010, var staðsett sbr. örnefnaskrá hér að framan og fær gryfjan sama hnit og útihús 003 en er annars óstaðsett innan svæðis þessa.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Túnakort 1916; Ö-Neðri-Hóll SJ, 3-4

SN-013:011 *Stemma* heimild um lendingu

A: 484302 N: 307331



Lendingin Stemma SN-013:011 var á þesum slóðum, horft til suðausturs

"Fjaran fyrir neðan bæinn hét Stemma. Þar var lending," segir í örnefnaskrá.

Lendingin er ekki hrein og flúrur og smáklettur í voginum framan við bæinn. Svólítill tangi er austan til sem gengur í sjó fram en sker eru vestantil. Upp úr sandinum í fjöruborðinu eru klettur.

Ekki er að sjá mannaverk þarna í fjörunni.

Heimildir: Ö-Neðri-Hóll SJ, 9



Þúst SN-013:012, horft til norðurs og norðausturs

Ólögulegt þúfnahlaup og hleðsla er í sjávarbakka eru u.þ.b. 108 m í vestur frá bæjarhóli Neðri-Hóls 001. Höllinn eru u.þ.b. 80 m austan við fjárhúsin 007. Útihús röðuðu sér vestur bakkana frá bæjarhóli Neðri-Hóls 001. Í örnefnaskrá segir: "Öll hús stóðu niðri á bakkanum. Syðst var bæjarhöllinn [001], þar sem tveir sambyggðir bæir stóðu ásamt fjósi, eldsmiðju, heystæði og mótótt. Búið er að jafna allar þær rústir við jörðu." og áfram segir: "Vestar komu hæsnahús [003], svo súrheysgryfja [010], hesthús [005], en vestast á bökkunum fjárhúsin og heyhlaða með kjallara hlöðnum úr grjóti [007] og þar fyrir sunnan fjárrétt [014]. Líklega mótat fyrir þeim ennþá. Niðri undir bakkanum var kálgarður, Bakkagarður [004]." Minjar 003, 004, 005 og 010 eru allar taldar innan sama minjasvæðis, rétt vestan bæjarhóls. Þústin sem hér er skráð er u.þ.b. 40 m vestan framangreindrar minjabyrpingar.

Höllinn er á sjávarbakka, hlaupinn í þúfur. Sléttað tún er norðan við en fjaran sunnan til. Þarna brýtur af bakkanum. Fjörubakkinn er um 1 m hár.

Þarna er ólögulegur rústahóll og hleðsla sést í sniði undir honum í sjávarbakkanum. Umfang hans er óljóst, um 3 m austur-vestur og um 1 m breitt. Hæð hólsins er um 1 m, frá hleðslu og upp á þúfnakoll.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Neðri-Hóll SJ, 3-4

SN-013:013 heimild um brunnur

A: 484319 N: 307404



Brunnur SN-013:013 var á þessu svæði, horft til norðausturs.

Inn á túnakort frá 1916 er merktur matjurtagarður 002 suðaustan við bæjarhól 001. Í örnefnaskrá segir: "Enn einn kálgarður [002] var sunnan við bæjarhólinn, nú kominn í tún. Fyrir neðan hann var brunnur, hlaðinn upp úr grjóti." Halli er af bæjarhólnum til austurs og suðausturs en mikil bleyta og mýrardrag suðaustan undir hólnum. Á þessum slóðum hefur brunnurinn verið.

Þarna er flag og mýrarflákar.

Ekki sást til minja á þessum slóðum og má ætla að fyllt hafi verið upp í brunninn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1916; Ö-Neðri-Hóll SJ, 4



Leifar af rétt SN-013:014, horft til norðausturs

Samkvæmt túnakorti frá 1916 stóð útihús um 200m vestan við bæ og þar má sjá móta fyrir þúst. Í örnefnaskrá segir: "Öll hús stóðu niðri á bakkanum. Syðst var bæjarhóllinn [001], þar sem tveir sambyggðir bæir stóðu ásamt fjósi, eldsmiðju, heystæði og mótótt. Búið er að jafna allar þær rústir við jörðu." og áfram segir: "Vestar komu hænsnahús [003], svo súrheysgryfja [010], hesthús [005], en vestast á bökkunum fjárhúsin og heyhlaða með kjallara hlöðnum úr grjóti [007] og þar fyrir sunnan fjárrétt. Líklega mótar fyrir þeim ennþá." "Vestar en Byrgisvík [022], hér um bil vestur undir landamerkjum Hóls og Syðri-Tungu [SN-011], er Húsavík [007]. Fjárhús og hlaða [007] voru þar upp af," segir í örnefnaskrá SJ. Þúst af rétt er um 160 m vestan við bæjarhól, fremst á fjörुकambi, fast austan við fjárhús 007 og u.þ.b. 60 m vestan tóft 012.

Þústin er í jaðri sléttads túns fremst á fjörुकambi.

Réttin hefur verið rifin og svo til allt grjót tekið úr henni. Það eina sem sést af henni er jarðlægur grjótrammi sem sýnir umfang réttarinnar og þykkt vegga. Réttin hefur verið 13x11 m að stærð og snúið vestur austur. Hún hefur verið tvískipt og hefur annað hólfið verið um 5x3 m að innanmáli en austan við það var hitt hólfið sem hefur verið um 9x7 m að innanmáli. Vegghleðslur hafa verið um 1m á breidd og eru núna frá 0-30 cm á hæð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1916; Ö-Neðri-Hóll SJ, 3- 4

SN-013:015 *Litlukvjar* heimild um kvjar

Kvjar í túni Neðri-Hóls: Inn á túnakort frá 1916 er merktur matjurtagarður [006] í um 90 m fjarlægð vest-norðvestan bæjar 001. Á þessum stað í túninu er hringlaga hól. Af honum er aflíðandi brekka til austurs en aðeins brattara af honum til suðurs niður í kvos í túninu, sennilega sú sem í örnefnaskrá er nefnd Lautin. Í örnefnaskrá segir: "Nokkuð frá sjávarbakkanum var lægð, sem lá austur-vestur, kölluð Lautin. Uppi í túninu var kálgarður, sem kallaður var Hringur [006]. Norðan við hann voru svonefndar Ólafartættur [016]. Nyrzt í túninu, norður af kálgarðinum [006], var Arareitur, náði að túngarðinum [009] í Syðri-Tungu. Sunnan við hann Nátthagi [017] og þar fyrir sunnan Litlukvjar [015]."

Sléttuð tún eru milli hólsins þar sem talið er að matjurtagarðurinn Hringur 006 og Ólafartættur 016 voru og að gamla bæjarhóli Syðri-Tungu SN011:001.

Ekki sér til minja í túninu þó ekki sé það rennislétt. Ekki er vitað hvar Nátthagi 017, Litlukvjar 015 né Arareitur voru nákvæmlega í norðuvesturhluta Neðri-Hólstúns.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1916; Ö-Neðri-Hóll SJ, 4



Ólafartættur SN-013:016 voru á þessu svæði, horft til norðvesturs

Inn á túnakort frá 1916 er merktur matjurtagarður 006 í um 90 m fjarlægð vest-norðvestan við bæ 001. Á þessum stað í túninu er hringlaga hóll. Af honum er aflíðandi brekka til austurs en aðeins brattara af honum til suðurs niður í kvos í túninu, sennilega sú sem í örnefnaskrá er nefnd Lautin. Suður af Lautinni rís landið upp á sjávarbakkana, þar sem minjar 003, 004 og 005, eru. Í örnefnaskrá SJ segir: "Nokkuð frá sjávarbakkanum var lægð, sem lá austur-vestur, kölluð Lautin. Uppi í túninu var kálgarður, sem kallaður var Hringur [006]. Norðan við hann voru svonefndar Ólafartættur." Í örnefnaskrá BJB kemur fram að "Ólafartættur voru nefndar svo vegna þess að þar bjó einsetukona (ekkjja?) og mun hún hafa dáíð þar. Heyrði ég að hún muni hafa verið vinnukona eða í húsmensku

að Neðri-Hól."

Hóllinn er í sléttuðu og grónu túni, sem nú er nýtt til beitar.

Ekki sér til minja en hóllinn er áberandi í landslaginu og sker sig úr. Umfang hans er um 20 m norður-suður og um 15 m austur-vestur. Hóllinn er af því tagi að líkur eru á að þar séu fornleifar undir sverði. Á þessu svæði var matjurtagarður 006 árið 1916 og ekki ólíklegt að Ólafartættur hafi einmitt verið norðantil á þessu því svæði sem hóllinn afmarkar, því engin merki sjást um aðrar minjar norðan þessa hóls. Heimildamaður kannaðist ekki við þennan stað.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1916; Ö-Neðri-Hóll SJ, 3-4; Ö-Neðri-Hóll BJB, 1

SN-013:017 Nátthagi örnefni nátthagi

Nátthagi í túni Neðri-Hóls: Inn á túnakort frá 1916 er merktur matjurtagarður [006] í um 90 m fjarlægð vest-norðvestan bæjar 001. Á þessum stað í túninu er hringlaga hóll. Af honum er aflíðandi brekka til austurs en aðeins brattara af honum til suðurs niður í kvos í túninu, sennilega sú sem í örnefnaskrá er nefnd Lautin. Í örnefnaskrá segir: "Nokkuð frá sjávarbakkanum var lægð, sem lá austur-vestur, kölluð Lautin. Uppi í túninu var kálgarður, sem kallaður var Hringur [006]. Norðan við hann voru svonefndar Ólafartættur [016]. Nyrzt í túninu, norður af kálgarðinum [006], var Arareitur, náði að túngarðinum [009] í Syðri-Tungu. Sunnan við hann Nátthagi [017] og þar fyrir sunnan Litlukvíar [015]."

Sléttuð tún eru milli hólsins þar sem talið er að matjurtagarðurinn Hringur 006 og Ólafartættur 016 voru og að gamla bæjarhóli Syðri-Tungu SN011:001.

Ekki sér til minja í túninu þó ekki sé það rennislétt. Ekki er vitað hvar Nátthagi 017, Litlukvíar 015 né Arareitur voru nákvæmlega í norðvesturhluta Neðri-Hólstúns.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1916; Ö-Neðri-Hóll SJ, 4

SN-013:018 náma mógrafir

A: 308502 N: 483871

Mógrafir eru um 2 km suðaustan við bæjarhól, um 140 m austan Byrgisvíkur 022 og um 600 m norðan við vörðu 024.

Mógrafarsvæðið er í blautu mýrlendi.

Mógrafarsvæðið er 130x70 m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Mógrafirnar eru margar frerkar grunnar og grónar í botninn en aðrar dýpri. Allar eru þær fullar af vatni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SN-013:019 *Tóftarbali* örnefni landamerki

A: 309419 N: 483741

Í örnefnaskrá SJ segir: "Síðan ræður Barnalækur í Staðará. Af hæsta Kerholtinu vestan til við ármótin er sjónhending í Granagarðsvörðu [SN-014:015], og þaðan ræður Granagarður [SN-014:012] niður í sjó eða niður á Tóftarbala, sem er niður undir sjó. Balinn er nefndur Merkjabali í lýsingu Haga [SN-036], og þykir Boga og Elísabetu [heimildarmenn örnefnaskrár] trúlegt, að það nafn sé réttara. Þótt þau hafi oft heyrt hann kallaðan Tóftarbala." Þar segir einnig: "Ég man glögg, hvernig faðir minn og aðrir lýstu landamerkjum milli Tungupláss - Traða, Traðabúðar og Staðastaðar, en það var þannig: Frá vörðu á Merkjabala eftir Granagarði að Langavatni." Tóftarbali/Merkjabali er 2,1 km aust-suðaustan við bæjarhól 001 og 360 m suðaustan við mógrafir 025. Þar sjást engar minjar, hvorki varða á merkjum né tóft sem ælta má að Tóftarbali hafi dregið nafn sitt af.

Sléttað tún sem liggur sunnan mýrarsvæðis og að fjörukambi sem er sunnan við hann.


Þar sem líklegt má telja að Tóftarbali dragi nafn sitt af tóft sem hafi verið í nágrenni hans var svæðið gengið í leit að þeirri tóft en engin fannst. Ekki fundust heldur nein ummerki um vörðu sem greint er frá í örnefnaskrá. Annað hvort hafa þessar minjar verið sléttaðar eða að þær hafi staðið það nærri sjó að þær hafi farið í landbroti.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Neðri-Hóll SJ, 5, 10

SN-013:020 tóft stekkur

A: 308808 N: 483472



Stekkjartóft SN-013:020, horft til norðurs

"Nes þetta er sérstaklega kallað Geldinganes. Austarlega í nesi þessu er stekkjarrúst, en vestan til í því er fjárbyrgi [023]," segir í örnefnaskrá SJ. Stekkurinn er 1,6 km suðaustan við bæjarhól 001, 150 m norð-norðaustan við vörðu 024 og um 100 m aust-norðaustan við fjárskýli 023.

Tóftin er í smá þýfðum móa á mörkum sléttaðs túns sem er norðaustan við hana og mýrlendis sem er suðvesan við hana.

Tóftin er 9x6 m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Tóftin er tvískipt en í nyrðra hólfinu eru tvær krær með hlöðnum vegg á milli. Tvö op eru á tóftinni, eitt á norðurgafli, út frá nyrðra hólfinu en hitt er sunnarlega á vesturlanghlið út frá syðra hólfinu. Op er einnig á milli hólfa og vottar þar fyrir timburleifum í opinu. Vegghleðslur eru 40-80 cm á hæð og 100-130 cm á breidd. Þær eru vel grónar grasi og sjást engar grjóthleðslur í þeim nema á utanverðri austurlanghlið. Þar er eins og gert hafi verið við vegghleðsluna. Tóftin er að hluta niðurgráfin og er innra byrði hennar hærra og skýrara en ytra byrðið. Norðurgafllinn stendur hærra en suðurgafllinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Neðri-Hóll SJ, 8

SN-013:021 *Einbúi* frásögn huldufólksbústaður

A: 307193 N: 484264

"Einbúi er fram af Hólstúninu vestarlega. Þar áttu að vera álfar, og mátti því ekki hrófla við neinu," segir í Athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá Syðri-Tungu. Minjastaðurinn er í fjöruborði sem er nokkuð stórgrýtt og klettótt og mikið gróin þangi. Einbúi er klettur utarlega í fjöruborðinu ólíkt öðrum klettum og stórgrýti sem eru þar í fjörunni en nær landi.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Syðri-Tunga, athugasemdir og viðbætur SJ, 1

SN-013:022 *Byrgisvík* örnefni herslubyrgi


A: 308367 N: 483826

"Fyrir vestan Geldinganes er lítil vík, sem Byrgisvík heitir," segir í Örnefnaskrá SJ. Byrgisvík er rúmlega 1 km suðaustan við bæjarhól 001 og um 500 m norðvestan við Geldinganes. Framan við Byrgisvík eru mörg sker og klettur sem aldan brýtur á. Hún er því hugsanlega ágætlega varin sjávargangi og því er hugsanlegt að örnefnið sé dregið af aðstæðum frekar en af mannvirki. Allt svæðið var gengið en ekkert byrgi fannst á því.

Heimildir: Ö-Neðri-Hóll SJ, 8

SN-013:023 tóft fjárskýli

A: 308709 N: 483434



Tóft af fjárskýli SN-013:023, horft til austurs.

"Nes þetta er sérstaklega kallað Geldinganes. Austarlega í nesi þessu er stekkjarrúst [020], en vestan til í því er fjárbyrgi," segir í örnefnaskrá SJ. Fjárskýli þetta er um 1,6 km suðaustan við bæjarhól 001, um 115 m norð-norðvestan við vörðu 024 og um 95 m vest-suðvestan við stekk 020. Tóftin er fremst við sjávarkambi sem er vestan við tóftina en austan við tóftina er mýrlendur mói. Tóftin er 13x9 m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Hún er eingöngu grjóthlaðin og hugsanlega er hægt að greina fleiri en eitt byggingarstig. Upphaflega virðist hún hafa verið einföld en síðan hefur lítil kró sem er 3x2m að stærð hafa verið byggð við og þvert í gegnum norðaustur langhlið tóftarinnar. Eftir það virðist sem tóftinni hafi verið skipt upp í tvö hólf. Vegghleðslur króarinnar eru óvenju grannar, í raun bara einföld hleðsla sem er í mesta lagi um 50 cm á breidd en samt um 5 umföng og 90 cm á hæð. Vegghleðslur tóftarinnar virðast lítið eitt niðurgrafnar, þær eru um 1 m á breidd og 20 - 60 cm á hæð. Austurhluti tóftarinnar er mun verr farinn en vestari hluti hennar og þá virðist sem mikið af grjóti hafi

verið tekið úr suðvestur langhliðinni. Fast utan og norðaustan við tóftina og króna er þúst sem er 6x3m að stærð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Neðri-Hóll SJ, 8

SN-013:024 *Geldinganes* varða samgöngubót

A: 308760 N: 483324



Varða SN-013:024, horft til norðurs

"Fyrir vestan Sandvík skagar fram grasi vaxið nes alllangt. Framarlega á því er grjótvarða. Nes þetta er sérstaklega kallað Geldinganes," segir í örnefnaskrá SJ. Varða er 1,7 km suðvestan við bæjarhól 001, um 150 m suð-suðvestan við stekk 020 og um 115 m suð-suðaustan við fjárskýli 023. Varðan stendur nokkuð hátt og fremst á nesi og mun hún annað hvort vera mið fyrir sjófarendur eða mið til að finna fiskimið nema hvoru tveggja sé. Norðan við vörðuna er lítil tóft sem er byggð upp við klettinn sem varðan stendur á. Út frá örnefni nesses má gera ráð fyrir því að tóftin sé beitarhús sauða sem þar hafa verið hafðir verið í nesinu.

Varðan stendur sennilega á jarðlægum kletti sem sést aðeins í austan megin við vörðuna. Hún er fremst á grösugu nesi sem liggur til suðurs út í sjó en landið norðan við vörðuna er mýrlent.

Varðan er vel hlaðin og fullkomlega kringlött en flöt að ofan. Hún er 3 m í þvermál og um 120 cm á hæð, 5-6 umför og er hleðslugrjótið í meðallagi stórt. Sennilega er aðeins tekið að hrynja úr vörðunni að suðvestanverðu. Varðan er gróin mosa og er gróðurkragi umhverfis hana. Norðan við vörðuna og upp við bjargið sem hún stendur á er tóft. Hún er einföld, 5x3 m að stærð og 2x3 m að innanmáli, snýr vestur austur og hefur op til suðurs. Ekkert hleðslugrjót sést í veggheðslum sem eru 80-100 cm á breidd og 40-50 cm á hæð. Minjasvæðið er alls 6x5 m að stærð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Neðri-Hóll SJ, 8

SN-013:025 heimild um mógrafir

A: 309026 N: 483917

"Fyrir vestan Granagarð [SN-014:012] og neðan Langholt eru lágir hryggir og mýrasund á milli. Svæði þetta er kallað Hryggir. Fyrir austan Hryggi voru gamlar mógrafir upp undir vegi," segir í örnefnaskrá SJ. Mógrafir voru um 1,7 km aust-suðaustan við bæjarhól 001 og um 650 m norð-norðaustan við vörðu 024.

Minjastaðurinn er í þýfðri mýri.

Búið er að fylla upp í mógrafirnar og rækta upp landið. Ekkert sér til minja.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Neðri-Hóll SJ, 7



Mógrafir SN-013:025 sem fyllt hefur verið upp í, horft til suðvesturs

SN-014 Staðastaður



Jarðarinnar er fyrst getið í Máldaga kirkjunnar undir Hrauni um 1120 . DI I, 174. 1143:
 Getið í Nafnaskrá íslenskra presta. DI I, 191.
 1206: Getið í Um kirkjufé í Reykholti. DI I, 349.

1262: Getið í Fyrsta sáttmála Íslendinga við konung. DI I, 618.

Getið í Máldaga Mariukirkju á Stað á Ölduhrygg frá um 1274. DI II, 114.

Getið í bréfi Eiríks konungs Magnússonar og Hákonar hertoga bróður hans til sýslumanna og handgeinginna manna á Íslandi um að staðir, sem að erfðum hafa verið leikmanna eign, en klerkar hafa tekið, skuli aptur falla undir leikmemm frá um 1283. DI II, 241.

Getið í Skipan Gyrðs biskups Ívarssonar um prests og kirkjutíundir til Staðar á Ölduhrygg og Kolbeinsstaðakirkju 1354 - DI III, 95;

Getið í Máldaga Mariukirkju að Stað á Snæfellsnesi (er Gyrðr biskup Ivarsson setti) 1354. Þar segir "Stadastadur. Mariukirkja ad stad snæfellsnese a heimalannd allt med gognum oc giædum. hun a veidi alla j stadara. hun a gamla holm. hun a reka allan millum deillardarhamars oc hrafnzhellis. hun a oc birtueinngiar. gelldfiar rekstur j kolgrafafiord. selsker ad akranese. stodhrossa beit a baularuollum. gelldnyeyta rekstur a vatnnzheidi. þessar a hun jardir. Krossa tuo. Arnnartungu. Brecku. forss. Aulkelldu. Grof. Hol. Slitannastade. Arnnes. Tradir. Tungur. ij. Lon halft. Halfa Gufuskala. DI III, 81-82.

Getið í Landamerki Breiðabólstaðar á Skógarströnd og Langadals frá um 1360. DI III, 137.

Getið í Skrá um landamerki milli jarðanna Hraunskarðs og Gufuskála á Snæfellsnesi um 1360. DI III, 139, 141.

Getið í Máldaga Þorlákskirkju á Skeggjastöðum á Ströndum, er Oddgeir biskup Þorsteinsson setti frá 1367. DI III, 226.

Getið í sölubréfi, Þorleifr (Þorleifr) Marteinsson vottar, að hann hafi við verið þegar Helgi Þorvaldsson seldi Ásgrími ábóta á Helgafelli jörðina Bláfeld í Staðarsveit; hann hafi selt klaustrinu hálfá Bökkvarsholtsreka og Ívar bóndi Þórðarson hafi lýst því löngu síðar, að hann hafi fengið Guðmundi ábóta hálfan reka að Bökkvarsholti frá 1389. DI III, 431.

Getið í Vitnisburði um landamerki Hóla(hóla) á Snæfellsnesi um 1390. DI III, 445.

Getið í Máldaga Vilchins biskups fyrir kirkjum í Skálholtsbiskupsdæmi (Vilchinsmáldagi, Vilchinsbók) frá 1397. Þar segir "Hóls landamerki "hún á suðr að fyrr greindum Álptavatns landamerkjum, sjónhending úr Barnalækjarauga og út í Sátuholtskeldu; þá ræðr keldan upp í dýið, sem er fyrir neðan Holtatöglin, og þaðan upp eptir holtum og í stein þann, er stendr á Háubrekku, og þaðan í fjall." DI IV, 175-178.

Getið í Skrá um eignir Hvanneyrarkirkju í Andakíl, þegar Jón Ketilsson tók við frá fyrir 1463. DI V, 378.

Getið í Skiptagjörning á Gufuskálum á Snæfellsnesi 28. og 29. apríl 1465. DI V, 444.

Getið í skipan um kirkjur og sóknir á Snæfellsnesi og í Hnappadal frá 18. sept, 1563. DI XIV 152, 155.

Getið í Gíslu byskup Jónsson skipar sóknarkirkju að Lóni á Snæfellsnesi frá 9. ágúst 1566. DI XIV, 520-521.

Getið í máldaga Gísla byskups Jónssonar frá um 1570 og síðar. DI XV, 607.

Staðarstaðar kemur víða við sögu í Sturlungu en heitir þar Staður á Ölduhrygg (Snæfellsnesi). Ari hinn sterki (sonarsonur Ara fróða Þorgilssonar) bjó þar en seldi Þórði Sturlusyni (bróðir Snorra Sturlusonar) jörðina og gifti honum Helgu dóttur sína. Bindí I, 231.

Bæjarins er getið í Biskupasögu um Martein Einarsson þar sem faðir hans hélt Staðarstað á Ölduhrygg allt til ellidaga. Þá tók Martein við af föður sínum. Bsk II-251-253.

Bæjarins er einnig getið í Biskupasögu Jóns biskups Arasonar. Þar segir að feðgarnir þrír Jón biskup, síra Björn og herra Ari lögmaður hafi riðið á Staðarstað og tekið þar Martein Einarsson á Staðarstað þegar þeir sátu um Staðarstað. Bsk II-344-345.

1714: "Stadarstadur, kallast annars Stadur á Ölduhrygg og Stadarstadur á Ölduhrygg og undir Ölduhrygg. Stundum í fornsögum Stadur á Snæfellsnesi. Kirkjustaður og beneficium. Jarðardýrleiki er óviss, því jörðin tíundast öngvum, hefur og aldrei tíundast heldur en önnur beneficia. Staðarhaldararnir eru Sr. Páll Ketilsson fyrrum prófastur og prófasturinn Sr. Þórður Jónsson, sem báðir eru hjer sóknarherrar og njóta þessa beneficii báðir saman, en ábúð heimastaðarins sjálfs er prófastinum Sr. Þórði öll á hendur falin. Landskuld er hjer engin, hefur og aldrei verið. [...] Torfrista og stúnga lök og lítt nýtandi. Reidingsrista lítill. Móskurður til eldiviðar þver mjög. [...] Heimræði árið um kríng við þá hjáleigu staðarins, er Traðir heitir. Selför í Duggusdal [MH-253:032] brúkast árlega. [...] Um skipstöðu í Dritvík sem visitatia biskupsins Magister Þórðar Anno 1676 eignar staðnum eftir undirretting Sr. Björn Snæbjörnssonar fram kemur hjer engin skýr undirretting nær hún hefur seinast hjeðan brúkuð verið. En ei hafa þessir staðarhaldarar í þeirra tíð látið þar skip gánga í því nafni." JÁM V 133-134, 135.

1847: "Auk hjáleigna þeirra, sem hér eru nefndar, telur líka A.M. Jóns Snorrasonar kot [045] og Þorrastaði [010], sem eyðihjáleigur, en þær eru eigi taldar síðan. Annars nefnir hann Hrossakot [SN-019], en sýslumaður einn Hrossholt." JJ, 141.

"Fyrir vestan Staðará tekur enn við hinn sjálfgerði vegur náttúrunnar, sjávarkamburinn forni, og er komið að einum hinum merkasta bæ á Snæfellsnesi, Stað á Ölduhrygg eða Staðarstað. Það er margra ætlun, að þar hafi Ari fróði prestur verið; má því vera, að þar sé rituð sjálf Íslendingabók. Þar bjuggu og Sturlungar og margir fleiri ágætir menn." ÁFÍ 1932, 16.

"Mörg prestsetur á landinu heita Staður. En Staður á Ölduhrygg var tekjuhæsti staðurinn og því eftirsóttur og fékk því nafnið Staðastaður." BS, 59.

"Jörðin er austan til við miðja sveit og hefur öll einkenni lands þar: mýrar, melar, lyngmóar og skeljasandsbakkar. Landrymi er mikið og margar voru hjáleigur áður fyrr. Túnræktarskilyrði góð. Landið nær ekki til fjalls en liggur að austan Staðará, og er þar nokkur reki. [...] Útræði var frá Tröðum [SN-017]. Jörðin átti ítök víða. Kirkju og prestsetur hefur hún verið frá Söguöld og hafa þar setið merkir prestar m.a. Ari fróði Þorgilsson. [...] Hjáleigur: Árnes [SN-015], norður við Staðará. [...] Bolavellir [SN-016] og Hrossakot [SN-019] að austanverðu, nú sameinað túninu. (Stór hluti þess er félagsræktun sem líka tilheyrir Álftavatni [SN-033], Ölkeldu II og Furubrekku [SN-029])." BS, 325.

"Margar prestsetursjarðir á landinu heita Staður. Staður á Ölduhrygg hefur frá öndverðu verið hin mesta hlunninda- og vildisjörð og því tekjuhæsti og eftirsóttasti staðurinn og snemma verið nefndur Staðarstaður. Þar er talið, að Ari fróði Þorgilsson (1067-1148) hafi búið, en hann ólst upp í Haukadal." ÁFÍ 1982, 34.

Túnakort 1916: tún 9,3 ha, slétt 1/6, Garðar 370 m²



Bæjarhóll Staðastaðar SN-014:001, horft til suðurs. Á teikningu sést afstaða bæjarhóls SN-014:001, kirkjugarðs SN-014:002 og yngra bæjarstæðis SN-014:003

"Smiðjuhóll heitir hóllinn norður af kirkjugarðinum [002] á þessum hóli voru bæjarhús staðarins í upphafi og stóðu þar í margar aldir, ekki er vitað hvenær þau voru flutt suður fyrir kirkjugarð," segir í örnefnaskrá, svör við spurningum. Bæjarhóllinn á Staðastað er um 170 m norðan við núverandi íbúðarhús sem er byggt 1945, fast norðan við kirkjugarðinn á Staðastað og 230 m norð-vestnorðan NNV við Staðastaðarkirkju sem reist var utan kirkjugarðs 1943.

Bæjarhóllinn er í sléttuðu túni.

Bæjarhóllinn er 70x50 m að stærð og snýr norð-norðvestur og suð-suðaustur. Upphleðsla hans er nokkuð greinileg og mun hún vera um 2 m. Ekkert sér til minja á hólnum. Þar sem bæjarhóllinn heitir Smiðjuhóll má ætla að eitthvað af bæjarhúsunum hafi verið notað undir smiðju eftir að bærinn var fluttur suður fyrir kirkjugarð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Staðastaður svör við spurningum, JL, 5

Jarðarinnar er getið í Mállega Mariukirkju á Stað á Ölduhrygg frá um 1274, þar segir: "Mariu kirkja at stad á Snæfellsnesi á heima land allt með öllum gögnum. Ij lond er j tungu heitir huortt. Hid fjorda land j arnar tungu: ij löönd er at krossi heitir huort skeggja stadi: Brecku land: fors land; avlkvelldu land. grafar land. Þjriu lond er huert heitir a slitandasta stöðum. Lon land halft. gufu skala land halft. Birttu eingiar. Reka frá rans helli; thil deillar hamars selsker fyrer acra nesi með veidi sel veidi jamlangt fyrer strönd sem reki: kыр xx: hundrad asaudar, hundrad gelldra sauda hadfs huers vetur gamalla oc elire: ix kúgilldi gelldra nauta oc hesta iiij. Fjögur hundrud og xx: j búsgagne og búsbuninge. Skipum og netum, sel og messu fót, gull kalek: og silfur kalek: klockur og kirkiu Búningur: su er afskyld þessa fiar litar: at þar sulu vera prestur ij oc diakn: oc sa er læsi j messú."

Inn á túnakort frá 1916 er merktur kirkjugarður og kirkja norðan við bæjarhól 001.

"(Horfnað fornleifar.) Fornleifar vita menn ekki, að hér hafi verið nokkurstaðar geymdar, utan koparhringur var í kirkjuhurðinni á Staðastað, sem menn héldu fornmannafé, hvörn barón Mackenzie forlangaði og fékk hjá prófasti sáluga Guðmundi Jónssyni," segir í Sýslu- og sóknalýsingum.

"Mörg prestsetur á landinu heita Staður. En Staður á Ölduhrygg var tekjuhæsti staðurinn og því eftirsóttur og fékk því nafnið Staðastaður. Áður stóð kirkja á Staðastað í miðjum kirkjugarði, þar sem Ölduhryggurinn er hæstur. (Þar er enn stór legsteinn úr rauðum sandsteini með latínuletri á gróf séra

Sigurðar Sigurðssonar d. 1690, föður Odds lögmanns). En þegar byggja þurfti nýja kirkju var hún byggð neðar á hryggnum, þar sem þægilegra var að komast að henni," segir í Byggðum Snæfellsness. "Í kirkjugarðinum á Staðastað er reitur, sem kallaður er Franskireitur. Þar eru grafnir 34 (sumir segja 39) Frakkar, sem fórust í sjóslýsinu mikla 29. marz 1870. Um þetta slys er ritað í Refskinnu," segir í viðbótum við örnefnaskrá SJ.



Búst þar sem kirkja SN-014:002 var í kirkjugarði, horft til suðausturs

hefur enn verið grafið í kirkjustæðið. Kirkjugarðurinn er 60x40 m að stærð og snýr norð-norðvestur og suð-suðaustur. Miðsvæðis á suðurhlíð hans er sálahlíð. Innan garðsins sést móta fyrir upphleðslu gamla garðsins sem gefur til kynna að eldra umfang hans hefur verið um 25x25 m að stærð og hefur garðurinn verið stækkaður til austurs og norðurs.

Hættumat: stórhætta, vegna líkagraftar

Heimildir: DI II, 114; Túnakort 1916; SSSn, 77; BS, 59; Ö-Staðastaður viðb. SJ, 1

Áður en kirkjan var færð út úr kirkjugarðinum stóð hún rúma 40 m sunnan við bæjarhólinn, 95-100 m norðan við núverandi íbúðarhús, byggt 1945, og tæpa 170 m norð-norðvestan við núverandi kirkju, byggða 1943. Gamla kirkjustæðið er innan kirkjugarðs sem er enn í notkun og er kirkjustæðið rétt sunnan við miðju hans.

Umhverfis kirkjugarðinn að norðan og að austan verðu eru sléttuð tún en að vestan er mýrlendur mói.

Kirkjustæðið sést þó ekki sé það greinilegt. Það mun vera um 12x7 m að stærð og snýr svo til alveg í austur vestur. Það er um 17 m frá suðurmörkum kirkjugarðsins og 11 m frá vesturmörkum hans. Ekkert

SN-014:003 bæjarstæði bústaður

A: 309823 N: 485801



Yngra bæjarstæði Staðastaðar SN-014:003, horft til vesturs og norðausturs.

Samkvæmt túnakorti frá 1916 stóð bærinn á Staðastað um 20 m sunnan við kirkjugarð 002. Þangað hefur bærinn verið fluttur þegar bæjarstæðið var flutt af bæjarhólum 001. Útihús standa að hluta til á bæjarstæðinu sem er tæpa 50 m norðan við núverandi íbúðarhús, byggt 1945.

Minjastaðurinn er í námunda við skemmu sem stendur reyndar á suðurhluta hans og núverandi

íbúðarhúss.

Bæjarstæðið er sennilega allt að 40x30 m að stærð og snýr austur vestur. Upphleðsla þess gæti verið um 50 cm.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1916

SN-014:004 heimild um kálgarð

A:309823 N: 485870

Samkvæmt túnakorti frá 1916 var matjurtagarður tæpa 40 m norðaustan við kirkju 002, tæpa 50 m suðaustan við bæjarhól 001 og tæpa 115 m norðan við núverandi íbúðarhús byggt 1945.

Minjastaðurinn er í sléttuðu túni.

Ekkert sér til minja vegna túnasléttunar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1916

SN-014:005 heimild um kálgarð

A: 309757 N: 485879

Samkvæmt túnakorti frá 1916 var kálgarður tæplega 100 metra norð-norðvestan við þáverandi bæjarstæði 003. Kálgarðurinn var beint suður af gamla bæjarhólnum 001 og sennilega enn í notkun 1916 þótt búið væri að færa bæinn suður fyrir kirkjugarð.

Minjastaðurinn er á mörkum þýfðar óræktar og sléttads túns.

Ekkert sér til minja vegna túnasléttunar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1916

SN-014:006 heimild um heygard

A: 309667 N: 486064

Samkvæmt túnakorti frá 1916 var heygardur tæpa 300 metra norð-norðvestan við þáverandi bæjarstæði 003. Hann var um 150 m norð-norðvestan við bæjarhól 001 og 350 m norð-norðvestan við núverandi íbúðarhús byggt 1945.

Minjastaðurinn er í sléttuðu túni.

Ekkert sér til minja vegna túnasléttunar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1916

SN-014:007 heimild um útihús

A: 309763 N: 485963

Samkvæmt túnakorti frá 1916 var heygardur og tvö útihús tæpa 170 m norð-norðvestan við þáverandi bæjarstæði 003 og tæpa 20 m norðaustan við bæjarhól 001.

Minjastaðurinn er í sléttuðu túni.

Ekkert sér til minja vegna túnasléttunar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1916

SN-014:008 heimild um útihús

A: 309739 N: 486159



Minjastaður SN-014:008, horft til suðurs

Samkvæmt túnakorti frá 1916 var útihús tæpa 370 m norð-norðvestan við þáverandi bæjarstæði 003, rúma 320 m norðan við kirkjubúst 002 og um 415 m norðan við núverandi íbúðarhús byggt 1945.

Minjastaðurinn er í sléttuðu túni. Ekkert sér til minja vegna túnasléttunar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1916

SN-014:009 renna leið

A: 309871 N: 485904

Samkvæmt túnakorti frá 1916 lá vegur heim að bæjarhól 001 úr austri. Heimtröðin var niðurgrafin, hugsanlega aðallega af umferð. Hún er enn sýnileg og liggur um sléttuð tún. Hún liggur frá malarbornum slóða sem er austan megin við heimatúnin og heim að bæjarhól 001. Leiðin er einnig sýnd á Herforingjaráðskorti frá 1911 og lá á leið 611:004.

Minjastaðurinn er í sléttuðu túni.

Þrátt fyrir að heimtraðirnar hafi verið sléttuðar má enn glöggst sjá slóðann í túninu þar sem þær lágu. Þær má rekja á allt að 260 m löngum kafla og er dældin um 1m á breidd og 10-20 cm á dýpt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1916; Herforingjaráðskort 15 NA

SN-014:010 Þorrastader bæjarstæði bústaður

A: 309612 N: 486182

"Þorrastader, öðru nafni Bassakot. Fimta hjáleiga. Hún fekk nafn af því, að hún var byggð á þorra í tíð Sr. Björns Snæbjörnssonar. Bygðin lafði við í tvö ár. Hvorki fyr né síðar. Landskuld vita menn ei hvert verið hafi nokkur eður engin," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1714. "Þorrastaðir voru í norðvestur horni Staðastaðartúns, þar hefur sést fyrir rúst og brunnholu í mýrarjaðrinum. [...] sem dæmi má nefna að Þorrastaðir hétu öðru nafni Bassakot," segir í örnefnaskrá, svör við spurningum JL. Staðsetning Þorrastaða er ónákvæm en hún mun hafa verið rúma 300 m norðan við bæjarhól 001, rúma 480 m norð-norðvestan við núverandi íbúðarhús byggt 1945 og rúma 150 m suðaustan við mógrafir 034.



Þorrastaðir SN-014:010 voru á þessu svæði, horft til suðurs

Minjastaðurinn er í sléttuðu túni.

Bæjarstæðið hefur verið sléttað og sér ekkert til minja nema óljós dæld sem gæti gefið vísbendingu um einhvers konar umrót.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JÁM V, 136; Ö-Staðastaður svör við spurningum JL, 3

SN-014:011 *Líkatjörn* heimild

A: 309691 N: 485748

"Vestan við Staðastað er tjörn, sem Líkatjörn heitir. Þar á að hafa farið líkkista ofan um ís endur fyrir löngu," segir í örnefnaskrá SJ. "Vestan við Staðastað er tjörn, sem Líkatjörn heitir þá á líkfylgd að hafa farið niður, endur fyrir löngu," segir í örnefnaskrá AG. Líkatjörn er mjög blaut mýri sem er um 100 m suðaustan við bæjarhól 001 og 60-70 m beint austur af núverandi íbúðarhúsi.

Líkatjörn hefur að öllum líkindum verið mun vatnsmeiri á árum áður því umhverfis hana hafa verið grafnir framræsluskurðir sem hafa haft mikil áhrif á vatnsstöðu tjarnarinnar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Staðastaður SJ, 1; Ö-Staðastaður AG, 1

SN-014:012 *Grannagarður* garðlag landamerki

A: 309189 N: 484400


"Ofan við byggðina í Tunguplássinu er Ölduhryggur, sem þarna heitir Staðarholt, og hefur þar legið fjölfarin leið [SN-611:001] frá upphafi vega. Ofan holtsins er allmikið stöðuvatn, sem heitir Langavatn. Frá vatninu þvert yfir holtið og niður að sjó er sagt, að ennþá sjáist móta fyrir Grannagarði eða Grannagarði, en um hann segir svo í Þjóðsögum og munnmælum Jóns Þorkelssonar: "Á stað á Ölduhrygg bjó í gamla daga bóndi sá er Grani hét. Var hann bæði ágjarn og auðugur. Alfaravegurinn lá um landeign hans eftir endilöngum Ölduhrygg, sem nú er kallað Staðarholt, og verður enn í dag að fara um þennan veg, er ferðast er vestur undir jökul eða þaðan inn á Mýrar eða í Dali, enda er vegur sá mjög



Grannagarður SN-014:012, horft til suðurs

fjölfarin, bæði til kaupþuna Ólafsvíkur [SN-151] og Búða [SN-050], og til skreiðarkaupavestur í "pláss", sem kallað er, en það eru Hjallasandur [sjá Ingjaldshól SN-138], Keflavík [SN-130], Ólafsvík [SN-151] og Brimilsvellir [SN-167]. Grani bóndi þóttist nú geta náð miklu fé, ef hann tollaði veginn. Byggði hann því afarmikinn torfgarð neðan frá sjó upp í Laugavatn (Staðarvatn). Hlið hafði hann á garðinum, þar sem vegurinn er, en veitti engum fararleyfi nema þeim, er greiddu Granartoll. Óljóst er með öllu, hve hár hann hefur verið, en illa undu menn tollgreiðslu þessari, enda launuðu þeir Grana bónda hana, því einhvern morgun fannst hann dauður hangandi við annan dyrastafinn í garðhliðinu. Hefur sá vegur aldrei verið tollaður síðan." Það er auðséð á garðrúst þeirri, sem eftir er, að hann hefur verið ákaflega hár og þykkur, og lengd hans hér um bil 300-400 faðmar. Garður þessi er enn merkilegur fyrir það, að hann deilir þar hinum gömlu þingmannaleiðum. Er hálf þingmannaleið þaðan út að Búðaósum og hinn helmingurinn að Rauðusteinum vestan Ólafsvíkurennis, en sunnan megin að Göngukonusteinum á Sölvahamri," segir í Árbók Ferðafélags Íslands frá 1982. "Sunnan við Braut meðfram Ölduhrygg norðanverðu er vatn, sem heitir Langavatn. Um það eru merkin móti hverfi því, sem nefnt er Tungupláss. Suður frá því er svo rof að blása bein lína til sjávar, það eru leyfar af merkjagarði, er nefndur

var Grannagarður. Nú stundum fyrir latmæli og skort á skilningi nefndur Granagarður," segir í örnefnaskrá AG. Grannagarður sést nokkuð vel á löngum kafla sunnan við Langavatn og Snæfelssnesveg (54) á merkjum milli Staðarstaðar og Tungupláss. Garðurinn er 1,5 km suðvestan við bæ 001.




Teikning af garðlagi SN-014:012 og sambyggðri tóft

Garðurinn liggur um fjölbreytt landslag; á milli túna, í mýrarsundi og á mörkum mólendis og túns. Girðing er á merkjum ýmist auStan eða vestan við garðinn.

Grannagarður sést að stærstum hluta frá Þjóðvegi að sjó, á um 820 m löngum kafla. Garðurinn er 3-4 m á breidd og er víðast 0,3 m á hæð en hæstur er hann 0,6 m. Garðurinn virðist vera torfhlaðinn víðast hvar en þar sem grjót er á svæðinu sem hann liggur yfir er grjót í garðinum. Nyrst sést hann á 140 m löngum kafla þar sem hann liggur norður-suður. Þá tekur við mýri þar sem hann sést ekki (170 m). Þar er skurður á merkjum. Þaðan er hann nokkuð greinilegur á um 200 m löngum kafla þar sem hann liggur NNV-SSA meðfram girðingu á merkjum. Þaðan er hann ógreinilegur á 300 m löngum kafla, langleiðina niður að sjó. Lítil tvískipt tóft er byggð upp við garðinn austanverðan, þar sem hann sveigir lítillega til vesturs. Tóftin virðist talsvert yngri en garðurinn en er þó nokkuð fornleg. Hún er lyngi vaxin og sigin eins og garðurinn. Tóftin er um 7x5 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er torfhlaðin. Hólf I er í suðurenda tóftarinnar. Það er um 2x2 m að innanmáli. Op er inn í það í suðausturhorni. Hólf II er í norðurenda tóftarinnar og er það 1x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur, þvert á hólf I. Ekki er skýrt op inn í það eða á milli hólfa. Mesta hæð veggja er 0,3 m en þó eru veggir hærri á vesturhliðinni þar sem hlaðið hefur verið ofan á Grannagarð. Tóftin líkist stökk í útliti en ekki er ljóst frá hvaða býli hann hefur verið eða frá hvaða tíma.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: ÁFÍ 1982, 39; Ö-Staðastaður AG, 1



Stekkjartóft SN-014:013 (B), horft til austurs. Báðar tóftirnar eru sýndar á teikningu

"Við austurenda Langavatns, þar norður í mýrarkróknum, er hóll, sem heitir Stekkhóll. Þar var áður stekkur frá Staðastað," segir í örnefnaskrá SJ. "Ofan við Ölduhrygg í beygjunni næst Sauðahrygg er hóll, sem heitir Stekkhóll [...]," segir í örnefnaskrá AG. Tvær stekkjartóftir eru á Stekkhól um 1 km sunnan við bæ 001. Annar stekkurinn er uppi á hólnum en hinn er í brekkunni sunnan í honum. Annar hóll er litlu suðvestan við Stekkhól. Hann er grasi vaxinn og þýfður. Þar sjást ekki greinanleg mannvirki en ekki er ólíklegt að þau leynist undir sverði.

Stekkhóll er allstór og áberandi hóll á tiltölulega flatlendu svæði. Stórt rof er í hólkollinum en það hefur gróið að mestu leyti aftur. Þýfður mói er á hólnum og í næsta nágrenni hans en næst tóftunum er meiri grasvöxtur en annarsstaðar á hólnum. Miklar mýrar eru allt í kringum hólinn nema til norðurs þar sem eru lág holt.



Stekkjartóft SN-014:013 (A), horft til norðausturs

Tóftirnar eru á svæði sem er um 27x9 m að stærð og snýr norður-suður. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Tóft A er nyrst á svæðinu, uppi á Stekkhól. Hún er tvískipt og er torf- og grjóthlaðin. Þó sést ekki í grjóthleðslur í veggjum vegna gróðurs. Tóftin er um 10x4 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Op er í suðausturenda inn í hól I sem er 4x2 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki er skýrt op úr því í hól II sem er 1x2 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. NNV-veggur þess er siginn og genginn í þúfur. Mögulega var op á honum. Mesta hæð veggja í tóftinni er 0,5-0,6 m. Sunnan við tóftina er lágur kantur á hólbrúninni sem kann að hafa myndast við rof en ekki er útilokað að

hann hafi verið hlaðinn til að auðvelda innrekstur í stekkin. Tóft B er 10 m SSV við tóft A. Hún er tvískipt og að mestu torfhláðin. Tóftin er lyngi vaxin og virðist lengra síðan þessi stekkur var í notkun en stekkur A sem er vaxinn kraftmiklu grasi. Tóftin er um 7x4 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er í halla til suðurs í brekkunni niður af Stekkhól. Stallur er í brekkunni beggja vegna við suðurenda

tóftarinnar og virðist tóftin lítillaga niðurgráfin. Op er inn í hólfi I í suðurenda. Það hólfi er 2x1,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Óljóst op er úr því til norðurs í hólfi II. Það er 0,7x1,5 m að innanmáli og snýr þvert á hólfi I. Mesta hæð veggja er 0,5 m. Gróin þæla er í kringum tóftina en þó ekki sunnan við hana. Um 5 m vestan við tóft B er sléttur blettur sem sker sig úr í þýfinu. Hann er um 5x3 m að innanmáli og snýr ASA-VNV.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Staðarstaður SJ, 2; Ö-Staðarstaður AG, 1

SN-014:014 *Skaflakot* bæjarstæði býli

"Í örnefnaskránni er Skaflakot getið austast í túni og á öðrum stað er það staðsett í miðju túni. Líklegast er að Skaflakot sé sama og Jóns Snorrasonarkot [045] og hafi borið tvö nöfn," segir í örnefnaskrá, svör við spurningum JL. "Í túni er einhversstaðar Sýslumannatún (segir Bj. Kjartanss). Neðst í túni syðst var eyðibýlið Bolavellir [SN-016] þar norðaustast á túni var Hrossakot [SN-019] svo var kot syðst á túni [019] og eitt var milli Bolavalla [SN-016] og Traða [SN-017]. Austast í túni var Skaflakot," segir í örnefnaskrá AG.

Mínjastaðurinn hefur að öllum líkindum verið fast við jaðar túnsins á Staðastað og er því innan túns sem hefur verið sléttað.

Staðsetning óþekkt og fannst ekkert við leit.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Staðarstaður svör við spurningum JL, 3; Ö-Staðarstaður AG, 1

SN-014:015 *Granagarðsvarða* heimild um landamerki


A: 309177 N: 484537

"Áin ræður landamerki að ofanverðu. Landamerki frá Granagarði [012] eru sjónhending úr Granagarðsvörðu í Skothúshól [016], þaðan sjónhending í Kerholtatögl, þaðan í Hrafnasteina á fjalli uppi. [...] Suður frá vatninu er rof að blása, bein lína til sjávar. Það eru leifar af merkjarði, sem nefndur er Granagarður, en mun áður hafa heitið Grannagarður. Þórður [Þórðarson, heimildamaður örnefnaskrár] hafði heyrt, að sá, sem hlóð garðinn, hefði heitið Grani og hefði hann tekið toll af öllum, sem fóru veginn. Konu Þórðar, Unu Guðmundsdóttur, þótti Grannagarður sennilegra nafn, því að þetta var landamerkjagarður milli granna. Garður þessi sést vel ennþá," segir í örnefnaskrá SJ. "Þjóðvegurinn [SN-611:001] um Staðarholt á Ölduhrygg lá í gegnum Granagarð. Við veginn var varða, sem hlaðin var upp úr grjóti og hét Granagarðsvarða. Hún var rétt upp við Langavatn, en nú eru vegagerðarmenn vúnir að ýta henni burt," segir í örnefnaskrá Neðri-Hóls. Granagarðsvarða var upp við Langavatn um 1,5 m suðvestan við bæ 001. Þessi varða gæti verið ein af vörðunum sem voru við alfaraleið 611:001 og sjást á Herföngjaráðskorti frá 1911.

Varðan var á milli Langavatns og Snæfellsnesvegur (54). Þar sem er gróðurlítill melur sem er að gróa upp.

Engin ummerki sjást um vörðuna vegna vegagerðar.

Heimildir: Ö-Staðarstaður SJ, 1; Herföngjaráðskort 15 NA; Ö-Neðri-Hóll SJ, 7



Þúst SN-014:016, horft til suðausturs

"Áin ræður landamerkjum að ofanverðu. Landamerki frá Granagarði [012] eru sjónhending úr Granagarðsvörðu [015] í Skothúshól, þaðan sjónhending í Kerholtatögl, þaðan í Hrafnasteina á fjalli uppi. [...] Skothúshóll er lítill hóll norðanverðu við Langavatn, nær austurenda en miðju. Þar var skothús, og sjást rústir þess áreiðanlega enn," segir í örnefnaskrá SJ. Óljóst sést móta fyrir mannvirki á lágum hóll 80 m norðan við Langavatn og 1,1 km VSV við bæ 001. Það er eini hóllinn á stóru svæði norðan við Langavatn og er gengið út frá því að hann sé Skothúshóll.

Skothúshóll er í mýri norðan við Langavatn. Hann er gróinn að vestanverðu en jarðrof er í honum að austanverðu.

Á Skothúshól er ógreinilegt mannvirki eða þúst. Hún er um 4x4 m að stærð. Í suðurhorni hennar er stór hundapúfa og mögulega önnur minni á suðvesturhlið. Ekki sést grjót í þústinni. Hún er um 0,1 m á hæð nema þar sem hundapúfurnar eru en stærri þúfan er 0,8 m á hæð og sú minni 0,3 m á hæð. Mjög óljóst má greina innanmál eins hólfis í miðri þústinni sem er um 1 m í þvermál.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Staðarstaður SJ, 1



Minjastaður SN-014:017, horft til norðvesturs.

"Þorrastaðir [010] voru í norðvestur horni Staðarstaðartúns, þar hefur sést fyrir rúst og brunnholu í mýrarjaðrinum," segir í örnefnaskrá, svör við spurningum JL. Engin greinileg ummerki eftir brunn fundust á svæðinu en tvær holur eru þó rúma 60 m frá mögulegu bæjarstæði Þorrastaða 017, um 120 m suðaustan við mógrafarsvæði 034 og um 350 m norð-norðvestan við bæjarhól 001.

Minjastaðurinn er í blautri mýri.

Ekki er með öruggum hætti hægt að segja til um hvort umræddar holur séu leifar brunnsins. Þær eru 50-70 cm á dýpt og um 60-70 cm í þvermál. Þær eru ekki hlaðnar að innan.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Staðastaðir svör við spurningum JL, 3

SN-014:018 gata leið

A: 309343 N: 484109



Gata SN-014:018, horft til ANA og VSV

Götur liggja frá Granagarði eftir þurrlandisrima í átt að Traðarbúð SN-018 og Tröðum SN-017, í gegnum tóftir og garðlög 041. Leiðin hefur legið á milli bæjanna í Tunguplássi og fyrnefndra bæja.

Leiðin liggur um þýfðan rima í mýrlendi.

Leiðinni var fylgt á 390 m löngum kafla frá Granagarði að skurði þar sem hún liggur nánast austur-vestur. Hún sést ekki vestan við Granagarð því þar hefur verið ræktað tún. Framhald af leiðinni sést á loftmyndum austan við skurðinn en hún hættir fljótlega að sjást. Á leiðinni sjást 1-3 götur á 3 m breiðu svæði. Þær eru víðast grónar, 0,2 m á breidd og dýpt. Eftir því sem austar dregur verða göturnar greinilegri og síður grónar. Ekki er útilokað að um fjárgötur sé að ræða.

Hættumat: engin hætta

SN-014:019 bæjarstæði býli

"Neðst í túni syðst var eyðibýlið Bolavellir [SN-016] þar norðaustast á túni var Hrossakot [SN-019] svo var kot syðst á túni og eitt [047] var milli Bolavalla og Traða [SN-017]. Austast í túni var Skafلاكot [014]" segir í örnefnaskrá. Hér kemur fram að tvö kot hafi verið syðst í túninu, Bolavellir og annað sem ekki er nafngreint. Allar upplýsingar um þetta ónefnda kot virðast glataðar og ekki fundust nein ummerki eftir það.

Þetta býli mun hafa verið í túnjaðrinum eins og Bolavellir SN-016 og hefur verið sléttað undir tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Staðastaðir svör við spurningum JL, 5



Hér lá leið SN-014:020, horft til suðurs

"Staðarholt heitir melhryggurinn sem liggur suður frá Staðastað að Þjóðvegi, þar eru krossgötur og við þær stóð Traðarvarða [021]. Í örnefnalýsingu er Staðarholt nefnt Sauðhryggur, hann er austur undir Staðará," segir í svörum við spurningum um örnefni. Leiðin sem lýst er hér að framan lá heim að bæ af alfaraleið 611:001. Hún var að öllum líkindum á sama stað og heimreiðin liggur nú (2015).

Austan við heimreiðina eru tún og vestan við hann er óræktaður mói syðst en tún norðar. Greinilegt er að rof hefur myndast á melhryggnum sem heimreiðin liggur eftir. Má ætla að það hafi myndast vegna umferðar og síðar vegagerðar. Rofið er að mestu gróð.

Ekki sjást reiðgötur á melhryggnum eða önnur ummerki um leiðin fyrir utan þau sem þegar hafa verið nefnd.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Staðastaðir svör við spurningum JL, 5

"Staðarholt heitir melhryggurinn sem liggur suður frá Staðastað að Þjóðvegi, þar eru krossgötur [sjá 020, SN-611:001 og SN-017:016] og við þær stóð Traðarvarða. Í örnefnalýsingu er Staðarholt nefnt Sauðhryggur, hann er austur undir Staðará," segir í svörum við spurningum um örnefni. Traðarvarða var þar sem heimreið að Staðastað liggur af Snæfellsnesvegi (54), um 1,1 km SSA við bæ 001.

Malbikaður vegur er þar sem varðan var.

Engin ummerki sjást um vörðuna og má ætla að hún hafi horfið við vegaf framkvæmdir. Enn heitir þessi staður Traðarvarða þó að varðan sjálf sé horfin.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Staðastaðir svör við spurningum JL, 5

"Vaðtangi er skammt austur af Traðartúni á vesturbakka Vatnsflóans. Neðstu vöð á Staðará er við þennan tanga og ofan við Reiðsteina sem standa í ánni nokkru neðar," segir í svörum við spurningum um örnefnaskrá. Vaðtangi er stuttur tangi sem gengur lítillaga til út í farveg Staðará, um 1,5 km suðaustan við bæ 001. Vað af honum er á alfaraleið 611:001.

Vaðtanginn er grasi vaxinn og er nokkuð bratt fram af honum niður að ánni. Áin breiðir nokkuð úr sér austan við tangann en mikill sandur er í farveginum og er áin fremur grunn á þessum stað. Lágur sandbakki er vestan árinna.

Ummerki um vað eru suðvestan við Vaðtanga en líklegt er að það hafi breyst í tímans rás og færst til eftir því hvar best var að fara yfir ána á hverjum tíma. Í landi Staðastaðar er vik inn í bakkann þar sem farið var yfir ána og upp frá því er grunn renna. Á loftmynd sést mjög afgerandi vik inn í vesturbakkann og frá því liggja margar götur til suðaustur og lá leiðin í fjörunni og meðfram henni til austurs eftir ströndinni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Staðastaðir svör við spurningum JL, 5

SN-014:023 *Sýslumannstóftir* heimild fjárhús

"Ari hefur eftir Bj. Kjartanss., að einhvers staðar í túninu sé Sýslumannstún. Það heyrði Þórður aldrei nefnt. Aftur [á móti] voru fjárhús vestast í túninu kölluð Sýslumannstóftir," segir í örnefnaskrá SJ. "Sýslumannstóftir á Staðastað nefna menn oft en vita lítið um forsendur fyrir þessu nafni. Sýslumannstóftir er getið í bókinni "Náttúran er söm við sig undir jökli" eftir Þórð Halldórsson frá Dagverðará [SN-110]. Þar segir svo: "Fylgdi sú skýring þessu örnefni, að þar hafi sýslumaður nokkur hengt sig endur fyrir löngu, en aldrei heyrði ég hann nefndan með nafni". Þess má geta að Sigfús Schulesen sýslumaður Snæfellinga var til heimilis að Staðastað um 1840. Setjum svo að hann hafi byggt þar hús yfir hesta sína, gæti svona nafn haglega orðið til. Vitað er að þessi sýslumaður fór lifandi frá Staðastað að Borgarhöfn," segir í örnefnaskrá, svör við spurningum. JL. Staðsetning Sýslumannshúsa er óþekkt en þar sem þau eiga að hafa verið vestast í túninu er möguleiki á að hér sé átt við minjastað 006. Minjastaður 006 er sýndur á túnakorti frá 1916 með tákni sem þýðir annað hvort rúst eða heygarður. Hafi þar staðið rúst má vel vera að þar hafi tóftir Sýslumannshúsa ennþá verið sýnilegar 1916 þegar túnakortið var gert.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Staðastaðir svör við spurningum JL, 6

SN-014:024 *Þórutóft* bæjarstæði bústaður

Í grein Brynjúlfs Jónssonar í Árbók Hins íslenska fornleifafélags frá árinu 1900 segir: "Frá því er sagt í Lndn II. P. 6. k, að áður en Ásmundur fór að Öxl, bjó hann á Langholti at Þórutóftum. Hann átti Langholts-Þóru, en skildi seinna við hana "fur mannkvæmd" og flutti að Öxl. Þóra hefir búið eftir á Langholti. Örnefnið "Langholt" þekktist nú ekki, og ekki kemur það fyrir annarstaðar en á þessum stað í Lndn. En þar eð árnar, Fura og Lýsa, sem takmörkuðu landnám Ásmundar, halda enn nöfnum sínum, þá getur varla verið vafi á því, hvað Langholt er: það er hin langa hæð, sem liggur eftir sunnanverðri Staðarsveit, og kölluð hefir verið Ölduhryggur. Jörðin, sem þau bjuggu á, Ásmundur og Þóra, er því án efa hin sama sem Staður á Ölduhrygg, eða Staðastaður. En óvíst er um Þórutóftir. Staður hefir ekki verið settur á sama stað, sem þær voru, því hann var bygður áður en Lndn. var rituð. En hún nefnir "Þórutóftir", og sést af því að, þá hafa þar verið tóftir, kunnar með því nafni. Vegurinn [611:001] liggur eftir endilöngum "hrygg" holtsins, og getur naumast hafa legið annars staðar áður. Bær Þóru hefir því verið á hryggnum og án efa mjög nálægt veginum, því sagt er um hana eins og Geirríði, að skáli hennar hafi staðið "um þjóðbraut þvera" og matur heimill þeir er vildu. Þó þetta kunnir nú fremur að vera sagt til að tákna rausn hennar en að svo væri bókstaflega, þá hefir hún þó búið nærri þjóðbrautinni. En þar er hvergi rústir að sjá. Raunar lítur út fyrir, að víða með veginum hafi blásið og gróið upp aftur. Auðséð er líka, að vegurinn hefir á sínum tíma verið varðaður, svo þó rúst hafi verið þar, mundi grjótið úr henni tekið í vörður og hún svo horfið. Stöðuvatn er á holtinu og er stór hóll við vatnið á einum stað eigi langt frá veginum aðrir hólar eru þar ekki. Í hólnum virðist mér vera stekkjarrúst [sjá Stekkjarhól 013], en eldri rústir undir. Þó skal eg ekkert fullyrða um það, því eg gat ekki skoðað þann stað svo vel, sem eg vildi, fyrir óveðri. En sennilegt þætti mér, að þar hefði landnámsbærinn verið settur." Í ritinu Landnám á Snæfellsnesi segir: "Hauksbók og Sturlubók segja að Ásmundur hafi búið í eða á Langholti "at Þórutóftum." Þórðarbók lætur þá báða feðgana hafa byggt í Langholti "þar sem nú heita Þórutóftir." Af þessu má marka það, að bær Ásmundar hafi staðið í Langaholti, og að hann hafi verið kominn í eyði, er Landnáma var rituð, og bæjarstæðið kallað Þórutóftir eftir konu Ásmundar. Hins vegar segja heimildirnar ekkert um það, hvar Hrólfrur bjó.

Örnefnið Þórutóftir er nú týnt, og er um þessar slóðir ekki nema um eitt örnefni að ræða, sem líkist því svo, að hugsanlegt væri, að það væri sama nafnið með lítilsháttar breytingu. Fyrir vestan hinn forna vallargarð [SN-042:010] í Vatnsholti, en sunnan í hryggnum, sem bærinn stendur á, er allstór forn

girðing, sem nefnd er Þórugerði [SN-042:011]. Fornar tóftir eru í gerðinu, en upp úr þeim og ofan á þær hafa verið byggðar fjárréttir, svo að ekki er hægt að gera sér grein fyrir, hvornig þessar fornu tóftir hafa verið. Alfaravegur [SN-611:001 hefir legið þarna um." Eins og fram kemur í textanum hér að framan er ekki vitað hvar Þórutóftir voru. Ólíklegt verður að teljast að þær séu á Stekkjarhól eins og Brynjúlfur Jónsson getur sér til um. Óvíst er að Þórutóftir séu í landi Staðastaðar en hafi þær verið þar er staðsetning þeirra ekki þekkt.

Heimildir: BJ: Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1900, 26-27; Landnám á Snæfellsnesi, 77; Undir Jökli, 24

SN-014:025 *Hundavað* örnefni vað

A: 309963 N: 486700



Hundavað SN-014:025 , horft til norðurs

"Næsti veiðihylur neðan við holtseindann, sem liggur að ánni ofan við Staðarstað, heitir Hundalækjarhylur. Í hylinn rennur Hundalækur og þar er Hundavað," segir í örnefnaskrá SJ. Hundavað er um 950 m norðan við íbúðarhús byggt 1945, tæpa 800 m norð-norðaustan við bæjarhól 001 og um 420 m vestan við Grafarvað 026. Engin gata eða vegur sást liggja að vaðinu en væntanlega hefur það verið notað þegar fólk ferðaðist milli Staðastaðs og Álftavatns SN-033 eða Ölkeldu SN-031.

Vaðið er yfir Staðará og eru bakkar hennar grösugir beggja vegna.

Vaðið virðist nokkuð gott, á syðri

bakkanum vottar fyrir smá eyri en uppgangan að norðanverðu er nokkuð brattari.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Staðarstaður SJ, 3

SN-014:026 *Grafarvað* örnefni vað

A: 310375 N: 486790



Grafarvað SN-014:026, horft til norðausturs

"Næsti veiðihylur neðan við holtseindann, sem liggur að ánni ofan við Staðarstað, heitir Hundalækjarhylur. Í hylinn rennur Hundalækur og þar er Hundavað [025]...Grafarvað er næsta vað, aust-norður frá Staðastað," segir í örnefnaskrá SJ."Grafarvað held ég að fái nafn sitt af því að það hafi verið farið að býlinu Gröf sem var á milli Álftavatns og Ölkeldu," segir í svörum við spurningum um örnefnaskrá. Grafarvað er rúman 1 km norðaustan við bæjarhól 001, tæpa 420 m austan við Hundavað 025 og um 250 m norðvestan við mógrafarsvæði 039. Engin sýnileg leið eða gata liggur að vaðinu sem samkvæmt örnefni virðist hafa verið notað af ábúendum á Grafar SN-

032. Hugsanlega þegar það átti leið í kirkju.

Vaðið er yfir Staðará og eru bakkar hennar grösugir beggja vegna.

Bakkarnir beggja vegna eru nokkuð brattir en þó er smá eyri á syðri bakkanum. Áin er sennilega frekar grunn nálægt syðri bakkanum og vottar þar fyrir broti á ánni en dýpkar eftir því sem norðar dregur. Sennilega ekki gott gönguvað.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Staðarstaður SJ, 3; Ö-Staðastaður, svör við spurningum JL, 2; Herforingjaráðskort 15 NA

SN-014:027 *Kirkjuvað* örnefni vað

A: 310498 N: 486879



Kirkjuvað SN-014:027, horft til norðausturs og norðurs

"Næsti veiðihylur neðan við holtseindann, sem liggur að ánni ofan við Staðarstað, heitir Hundalækjarhylur. Í hylinn rennur Hundalækur og þar er Hundavað [025]...Grafarvað [026] er næsta vað, aust-norður frá Staðastað. Þá er Kirkjuvað, sem er neðan við Kirkjuhyl í ánni. Þar var farið yfir ána á leið til kirkju ofan af Furubæjum," segir í örnefnaskrá SJ. Kirkjuvað er rúman 1 km norðaustan við bæjarhól 001, tæpa 420 m austan við Hundavað 025 og um 250 m norðvestan við mógrafarsvæði 039. Ekki var hægt að greina áberandi götu við vaðið.

Vaðið er yfir Staðará og eru bakkar hennar grösugir beggja vegna.

Vaðið er gott, aðkoman að sunnanverðu er mjög hæg og góð en að norðanverðu er hún aðeins brattari. Áin er sennilega með grennramót á þessum stað en hún virðist samt ekki djúp. Ekki sjást neinar götur liggja að vaðinu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Staðarstaður SJ, 3



Náma SN-014:028, horft til suðurs og NNV.

"Mógrafir voru í mýrinni vestur af melhrygg sem liggur frá túninu upp að Staðará austan Hundavaðs [025], segir í svörum við spurningum um örnefnaskrá. Mógrafarsvæði er 380 m norð-norðaustan við bæjarhól 001, 260 m austan við mógrafarsvæði 034 og rúma 500 m norðan við íbúðarhús byggt 1945. Minjasvæðið er í mjög blautu mýrlendi.

Mógrafarsvæðið er um 420x130 m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Mógrafirnar eru mjög mis stórar, djúpar og reglulegar en þær eru allar fullar af vatni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Staðastaður, svör við spurningum JL, 2



Minjastaður SN-014:029, horft til austurs.

"Ari nefnir Ölkelduspottavað og segir, að það hafi verið yfir í spottana. Þetta heyrði Þórður aldrei," segir í örnefnaskrá SJ. Staðsetning Ölkelduspottavaðs er óljós en hlýtur þó að vera á þeim slóðum þar sem styst er yfir Staðará yfir á Spottana sem eru engjar í landi Ölkeldu. Ekki fannst áberandi gott vað á þessum slóðum né götur sem vísað gætu veginn að vaðinu. Líklegasti staðurinn mun vera um er 1,3 km norðaustan við bæjarhól 001, um 340 m suðaustan við Kirkjuvað 027 og um 240 m norðaustan við mógrafir 039.

Vaðið er yfir Staðará og eru bakkar hennar grösugir beggja vegna.

Bakkarnir beggja vegna nokkuð brattir og aðkoma því brött beggja

vegna en að sama skapi er áin ekki mjög djúp á þessum slóðum. Sennilega ekki mjög gott vað.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Staðarstaður SJ, 3

SN-014:030 Braut örnefni leið

A: 309490 N: 485944

"Þar vestur af [Líktjörn 011] er mikið flóasvæði, sem nefnt er einu nafni Braut," segir í örnefnaskrá SJ. Örnefnið vísar til umferðar um svæðið en ekki kannaðist Jón Svavar heimildarmaður við neina ákveðna leið yfir það en nefndi þó að það hefði oft verið gengið enda mun styttri leið frá Staðastað t.d. að Haga en að fara suður fyrir þar sem áður var leið SN-611:001.

Almennt má segja að svæðið sé nokkuð blautur mói.

Engar götur sjást.

Hættumat: engin hætta

SN-014:031 Stekkjarmór tóftir fjárhús


A: 310566 N: 485949



Tóftir SN-014:031 í Stekkjarmór. Á vinstri mynd er tóft B, horft til VNV. Á hægri mynd er tóft D, horft til suðvesturs

Austan við Staðará og norðan við brú á Snæfellsnesvegi (54) er lágt og flatlent nes sem gengur til vesturs þar sem hlykkur er á ánni. Að sögn Jóns Svavars Þórðarsonar, heimildamanns, heitir móinn á þessu nesi Stekkjarmór. Örnefnið bendir til þess að stekkur hafi verið á þessu svæði. Austast á því eru fjórar tóftir en ekki er augljóst hvort einhver þeirra sé stekkjartóft. Stærsta og yngsta tóftin er fjárhústóft. Tóftirnar eru um 790 m austan við bæ 001 og 340 m vestan við tóft 053.

Tóftirnar eru á lágum bakka og austan undir honum í flatlendum og þýfum móa fast austan við Staðará.



Teikning af tóftunum í Stekkjarmór SN-014:031

Suðaustan við tóftirnar er gróin, flöt eyri sem er samföst bakkanum. Mýrlent er í móanum eftur því sem lengra dregur til austurs frá ánni.

Tóftirnar eru á svæði sem er um 40x15 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Tóft A virðist vera yngsta tóftin á svæðinu og er hún í suðausturenda þess. Hún er fjárhústóft og virðist að mestu torfhláðin. Tóftin skiptist í 6 hólf. Hún er 14x11,5 m að stærð og snýr NNA-SSV. Stærsta hólfíð er í austurhluta tóftarinnar. Hólf I er 8x2,5 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Það mjókkar í NNA-enda og er þar 2 m á breidd. Op er á því í SSV-enda. NNA við hólf I er hólf II sem er 2x1 m að innanmáli og snýr ASA-VNV. Hólf III-VI eru ASA við hólf I. Stærsta hólfíð í þeim hluta tóftarinnar er hólf V sem er austast í tóftinni. Það er 4x2 m að innanmáli og snýr NNA-SSV. Op er á því til SSV. Mesta hæð veggja er í tóftinni er 0,5 m. Framan við miðja tóft er nokkuð greinileg þúst sem er 4x2 m að stærð. Ekki er ljóst hvort í henni séu leifar af mannvirki. NNA-endi tóftarinnar er uppi á lágum bakkanum en SSV-hlutinn er neðan við hann. Tóft B er 5 m norðvestan við tóft A.

Hún er nokkuð fornleg og er hlaðin suðaustan undir lágan bakka. Tóftin er 13x6 m að stærð og snýr NNV-SSA. Tóft C er hlaðin ofan á ANA-langvegg tóftarinnar og hefur raskað honum. Tóft B virðist skiptast í tvö hólf en veggurinn sem skiptir milli hólfra er ógreinilegur. Í SSA-enda er op inn í hólf I sem er 7x1 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Innan við það, í NNV-enda, er hólf II sem er um 1,5x2 m að innanmáli og snýr einnig eins og tóft. Op er úr því til VSV. Mesta hæð veggja í tóft B er um 1 m. Ekki sést í grjóthleðslur í tóftinni. Tóft C er sem fyrr segir hlaðin ofan á ANA-langvegg á tóft B, uppi á bakkanum. Hún er einföld og er torfhláðin. Tóftin er um 10x4 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á henni í suðausturenda. Mesta hæð veggja er um 0,3 m. Á miðjum norðaustur-langvegg gengur þúst til norðausturs sem er 2x3 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Að lokum er tóft D fast norðvestan við tóft B. Hún er einföld og torfhláðin. Tóftin er um 4x5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Samansíð og ógreinilegt op er í suðausturenda. Mesta hæð veggja er 0,8 m. Ekki er augljóst hvort tóft D sé frá sama tíma og tóft B eða tóft C en líklega er að hún sé nær tóft B í aldri. Engin þessara tófta (B-D) líkist sérstaklega stekkjartóft og óvíst að nokkur þeirra hafi haft það hlutverk. Helst kemur til greina að tóft B sé af stekki en einnig kemur til greina að hún sé af fjárhúsum.

Hættumat: hætta, vegna landbrots


SN-014:032 *Staðarhesthús* tóftir hesthús

A: 311591 N: 486505



Tóftir SN-014:032, (tóft A og C) horft til norðurs og norðausturs

Jón Svavar Þórðarson, heimildamaður, benti skrásetjurum á að Staðarhesthús væri 1,9 km ANA við bæ 001, austan við Staðará. Þar eru þrjár tóftir og tvö ógreinileg garðlög fast suðaustan við upphlaðinn vegbút á alfaraleið SN-611:004. Ekki eru allar þessar tóftir hesthústóftir og er líklega a.m.k. ein þeirra fjárhústóft.



Teikning af tóftum SN-014:032

Minjarnar eru í þýfðu og þurru flatlendi innan um miklar og nokkuð blautar mýrar sem búið er að þurrka að einhverju leyti með framræsluskurðum. Mikill grasvöxtur er á og í kringum minjarnar. Tóftirnar og garðlögin eru á svæði sem er um 65x50 m að stærð og snýr norður-suður. Minjarnar fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Tóft A er nyrst á svæðinu. Hún skiptist í tvö nokkuð greinileg hólf og svo er mögulega þriðja hólflið í norðausturenda en það er mjög ógreinilegt vegna rasks. Tóftin er 12,5x3,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir tóftarinnar eru 0,3-0,5 m á breidd og 0,3 m á hæð. Þeir eru því ekki nógu breiðir til þess að hafa haldið uppi þaki og því má ætla að þetta séu leifar af hesthúsi sem var úr timbri og bárujárnri. Hólf I er í suðvesturenda. Það er 4,5x2,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hólf II er norðaustan við það og er aðeins minna, 4x2 m að innanmáli og snýr eins. Óljóst má greina innanmál þriðja hólfins í norðausturenda sem er 2x1 m. Ekki sjást skýr op á tóftinni eða á milli hólfna. Tóft B er 10 m

suðaustan við tóft A. Hún er einföld og torfhlaðin. Tóftin er um 4x4 m að stærð og op er á henni í austurhorni. Mesta hæð veggja er 0,4 m. Aftan við tóftina eða norðaustan við hana eru óljós ummerki um aðra tóft eða sambyggt rými á svæði sem er um 4x4 m að stærð. Mögulega hefur þar verið heystæði. Það kann að ná lengra til norðvesturs. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en hún kann að vera af hesthúsi eða hrútakofa. Tóft C er gríðarstór tóft sem ætla má að sé fjárhústóft þó að hvorki sé garði í henni né sýnileg ummerki um undirstöður jata meðfram langveggjum. Tóftin er 18x6 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er torfhlaðin og er mesta hæð veggja 0,4-0,5 m. Veggir á norðurhlið og austurgafli eru 2 m á breidd en veggur á suðurhlið er 1 m á breidd. Ekki er hlaðinn veggur á suðurgafli þar sem hefur verið þil með dyrum. 30 m suðvestan við tóft C er sigið garðlag D sem er gengið í þúfur. Það sést á 50 m löngum kafla þar sem það liggur í sveig frá vestri til norðausturs. Garðlagið er 0,3 m á hæð og 2 m á breidd. Það hverfur svo í þýfi til beggja enda. Á loftmynd af þessu svæði sést að meint garðlag er við mjóa rennu sem stefnir frá norðvestri til suðausturs. Það kann að vera gata, jafnvel fjárgata, en ekki er útilokað að hún hafi myndast við það að efni var stungið upp í garðinn. Frá garði D sést mjó renna á loftmynd á 50 m löngum kafla sem stefnir til norðvesturs. Rennan hefur líklega myndast vegna umferðar, mögulega sauðfjár. Um miðbik hennar virðist vera garðlag eða veggur E en kann að vera náttúrulegt. Meint garðlag er um 9 m á lengd og liggur í sveig frá norðvestri til austurs. Það er um 1 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

SN-014:033 brunnur brunnur

A: 309788 N: 485796



Brunnur SN-014:033, horft til suðausturs

Samkvæmt Jóni Svavari heimildarmanni var brunnur grafinn upp, í kringum 1980, utan við suðausturhorn kirkjugarðsins 002. Brunnurinn er 40 m suður af kirkju 002, rúma 35 m vestan við bæjarstæði 003 og tæpa 60 m norðvestan við íbúðarhús byggt 1945.

Brunnurinn er í jaðrinum á Líkatjörn og fast í brekkurótum holtaranans sem íbúðarhúsin standa á.

Brunnurinn hefur verið bygður með bárujárnsklæddri timburgrind. Ekki var hægt að skoða brunninn sjálfan en hann mun vera hlaðinn að innan.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Mógrafir SN-014:034, horft til SSV og vesturs

Mógrafir eru í kringum lítið holt á milli Árnæs SN-015 og heimatúns Staðastaðar. Smáþýft og gróið mýrlendi í kringum lágt holt eða hól sem er ógróinn að ofan. Mógrafirnar eru á 20-30 m breiðu svæði í kringum hólinn sem er 140x95 m að stærð. Þetta eru stökkagrafir sem eru djúpar og skýrar. Þær eru víða 1 m m á dýpt en dýpstar eru þær um 1,5-2 m og stendur vatn í þeim mörgum. Nokkuð breitt bil er á milli grafanna.

Hættumat: engin hætta



Mógrafir SN-014:035, horft til suðausturs

Mógrafir eru á allstóru svæði sunnan við Árnæs SN-015, um 800 m norðan við bæ 001.

Grafirnar eru í blautri, grasi gróinni mýri. Fífa vex víða á þessu svæði.

Mógrafirnar eru á þremur svæðum á svæði sem er alls 450x130 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Grafirnar eru stökkagrafir eins og svo víða í Staðarsveit. Þær eru skýrar og nokkuð djúpar og stendur víða 0,5-1 m djúpt vatn í þeim. Grafirnar eru ekki mjög stórar, algengt er að þær séu 2x4 og 3x6 m að stærð. Nokkuð breitt bil er á milli grafanna.

Hættumat: engin hætta

SN-014:036 náma mógrafir

A: 309074 N: 486897



Mógrafir SN-014:036, horft til ANA

Mógrafasvæði og ein mótóft er á bakka Staðarár fast suðvestan við tanga sem gengur til norðurs út í farveg árinna. Á þeim tanga eru tóftir 044, 046 og 048. Mógrafirnar eru um 1,2 km norðvestan við bæ 001. Mógrafirnar eru bæði á grasi grónum og þýfðum árbakkanum og í mýrinni þar sunnan við. Svæðið er flatlent og vel gróið.

Mógrafir sjást á svæði sem er um 160x80 m að stærð og snýr norður-suður. Grafirnar eru stökkagrafir, allgreinilegar. Þær eru grónar en vatn stendur í mörgum þeirra. Dýpstar eru grafirnar 1-1,5 m. Í mýrinni eru grafirnar ógreinilegri en á árbakkanum. Mótóft er nyrst á svæðinu, þar sem það er þurrast. Tóftin er einföld og torfhlaðin. Hún er 8x4 m að stærð og snýr norður-suður. Innanmáli hennar er óljóst og

veggir eru 1 m á breidd og 0,3 m á hæð. Ekkert op er á henni.

Hættumat: engin hætta

SN-014:037 náma mógrafir

A: 310020 N: 485110



Mógrafir SN-014:037, horft til suðvesturs og austurs

Mógrafasvæði er vestan við Sauðahrygg, í jöðrum Kringlumýri. Svæðið er um 415 m suðvestan við bæ 001 og nær að Stekkhól 013 sem er um 1 km SSV við bæ.

Flatlent, gróið mýrlendi.

Mógrafirnar eru 30-60 m breiðar meðfram holtum og hryggjum sem eru í kringum Kringlumýri á svæði sem er 700x380 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Grafirnar eru stökkagrafir og eru þær margar alldjúpar, dýpstar um 1 m. Vatn stendur í dýpstu gröfunum. Algengt er að mógrafirnar séu 2-3 m á breidd og 4-6 m á lengd.

Hættumat: engin hætta

SN-014:038 náma mógrafir

A: 310715 N: 486343



Mógrafir SN-014:038, horft til norðurs

Mógrafasvæði er um 1 km aust-norðaustan við bæjarhól 001, rúma 550 m suð-suðaustan við Kirkjuvað 027 og um 400 m norð-norðaustan við Stekkjarmó 031.

Minjasvæðið er í mjög blautu og grösugu mýrlendi sem er frekar flatt.

Mógrafarsvæðið er 80x50 m að stærð og snýr norð-norðaustur og suð-suðvestur. Mógrafirnar eru margar mjög kanntaðar en aðrar óreglulegri. Þær virðast mjög djúpar og eru þær allar fullar af vatni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SN-014:039 náma mógrafir

A: 310585 N: 486581

Mógrafasvæði er tæpan 1,1 km norðaustan við bæjarhól 001, um 250 m norð-norðvestan við mógrafir 038 og um 230 m suð-suðaustan við Kirkjuvað 027.

Minjastaðurinn er í flatri, blautri mýri.

Mógrafarsvæðið er 100x50 m að stærð og snýr norður suður. Það er í mjög blautum og grösugum mýrarkraga sem liggur umhverfis lágan holtarana. Mógrafirnar eru flestar mjög kanntaðar en nokkrar eru óreglulegar. Þær eru allar fullar af vatni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Mógrafir SN-014:039, horft til suðvesturs

SN-014:040 náma mógrafir

A: 309218 N: 484340




Mógrafir SN-014:040, horft til norðvesturs og norðausturs

Lítið mógrafasvæði er út við merki við Grannagarð 012 í mýri sunnan við mjótt tún sem er sunnan við Snæfellnesveg (54). Mógrafirnar eru 250 m norðan við tóftir 041 og 1,6 km suðvestan við bæ 001. Mógrafirnar eru í flatlendri og gróinni mýri. Búið er að grafa skurði í kringum mógrafarsvæðið, mögulega til að varna því að búfenaður fari sér að voða í þeim. Mógrafasvæðið er um 160x50 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Á því eru stökkagrafir sem sjást enn vel. Vatn stendur í sumum þeirra. Á milli grafa eru 1-2 m. Þær eru 0,5-1 m á dýpt og vatnið í þeim dýpstu er 0,5 m djúpt.

Hættumat: engin hætta

SN-014:041 tóftir fjárskýli

A: 309323 N: 484107



Teikning af tóftum SN-014:041

Tóftir innan gerðis eru á þurrlendisrima fast austan við Grannagarð 012 á mýrlendu svæði um 1,8 km suðvestan við bæ 001 og 250 m sunnan við mógrafir 040. Götur á leið 018 liggja um svæðið. Engar heimildir eru um hlutverk minjanna. Tvær tóftir eru að öllum líkindum fjárborgir og ein tóftin er líklega af beitarhúsum en það er óvanalegt að minjar af þessu tagi séu innan stórs gerðis og er því möguleiki að þarna hafi verið býli fyrir á öldum.

Minjarnar eru í þýfðum móa á þurru svæði á milli mýra.



Tóftir SN-014:041, (tóft B og E) horft til austurs og vesturs

Garðlag sem liggur af Grannagarði 012 til austurs afmarkar svæði sem er um 230x120 m að stærð og snýr austur-vestur. Innan garðsins eru fjórar tóftir og eitt gerði er sambyggt honum. Minjarnar fá bókstafi til aðgreiningar í texta. Vestasta tóftin A er einföld og nánast hringlaga, líklega af fjárskýli. Hleðslur í henni eru signar og gengnar í þúfur. Tóftin er 23x21 m að stærð, snýr norður-suður. Ekki sést op á henni. Veggir hennar eru 4-5 m á breidd og 0,3-0,4 m á hæð. Önnur minni hringlaga tóft B er um 50 m austar. Hún er einföld og torfhlaðin. Hún er 14 m í þvermál og eru veggir hennar 4 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Ekki sést op á henni. Götur 018 liggja þvert yfir tóftina og í gegnum allt minjasvæðið. Stór ílöng tóft C, líklega torfhlaðin, er um 40 m austan við tóft B og 80 m austan við tóft A. Hún virðist vera tvískipt en er aflöguð vegna fjárgatna sem liggja yfir hana og vegna þýfis. Tóftin er um 20x8 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Líklega var op í suðausturenda inn í hól I sem er 8x1 m að innanmáli og snýr einn og tóft. Suðvestur-langveggur er breiðari en norðaustur-langveggur vegna rofs. Tóftin er 7-8 m á breidd í norðvesturenda. Þar er óljóst hól II sem er 3x4 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Það er raskað vegna rofs. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en ekki er ólíklegt að hún sé af gömlum beitarhúsum. Tóftin er sigin og gengin í þúfur. Veggir eru hæstir í norðvesturenda þar sem þeir eru 0,5 m á hæð en víðast eru þeir 0,3 m á hæð. Beitarhúsatóft E er á rústahól austan við skurð og suðvestan við garð Di. Ofan við hólinn virðist vera veggur af eldra mannvirki (sjá F), mögulega fjárborg. Hóllinn sem tóft E er á er um 16x12 m að stærð og snýr norður-suður. Tvískipt tóft er á hólnum sem virðist vera torfhlaðin. Hún er greinilega miklu yngri en aðrar minjar á svæðinu. Tóftin er 14x7 m að stærð og snýr norður-suður. Nokkuð greinilegt hól I er í norðurenda á hólnum. Það er um 6x1 m að innanmáli. Op er úr því til suðurs í hól II sem er útflatt og ógreinilegt og í halla til suðurs. Líklega hefur verið timburpil á suðurgafli þess en ekki sjást veggjaleifar á þeirri hlið. Veggir í þessum hluta tóftarinnar eru almennt útflattir. Mesta veggjahæð í norðurenda er 0,6 m. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en líklegt er að þetta sé tóft af beitarhúsum. Skeifulaga mannvirki F er norðaustan og austan við tóft E. Veggir þess eru 5 m á breidd sem gengnir eru í þúfur og 0,5 m þar sem þeir eru hæstir. Veggir lækka og hverfa til beggja enda. Garður Di er torfhlaðinn og afmarkar, eins og fyrr sagði, svæði sem er um 230x120 m að stærð og snýr ANA-VSV. Hann er horfinn á köflum vegna skurðgraftar og eins er hann illgreinanlegur þar sem hann liggur um mýrlendi, sérstaklega nyrst þar sem hann hefur að auki raskast vegna mógrafa 042. Garðurinn er 2-4 m á breidd og 0,2-0,5 m á hæð. Hann er mjög siginn og genginn í þúfur. Þvergarður Dii skiptir svæðinu innan garðs í tvennt. Hann liggur norður-suður og er fast austan við tóft C. Hann er víðast 3 m á breidd og hæstur er hann 0,6 m, hann er siginn og genginn í þúfur. Við austurhlið Grannagarðs, í norðvesturhorni þess svæðis sem garður Di afmarkar eru líklega leifar af gerði G. Þar er garður sunnan við og samsíða garði Di sem liggur af Grannagarði til ANA á 50 m löngum kafla. Hann er 2-3 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Þessi garður myndar gerði ásamt garði D og Grannagarði sem er um 50x8 m að innanmáli en ekki sést veggur fyrir ANA enda þess.

Hættumat: engin hættu

SN-014:042 náma mógrafir

A: 309605 N: 484230

Mógrafir eru austan við Grannagarð 012 sunnan við Snæfellsnesveg (54). Þær eru fast norðan við minjar 041 og um 1,7 km SSV við bæ 001.


Mógrafirnar eru í flatlendri mýri sem er sundurskorin af skurðum.

Mógrafirnar sjást orðið illa vegna skurðanna á svæðinu og mögulega vegna þess að fyllt hefur verið upp í þær. Þær eru á svæði sem er 410x140 m að stærð og snýr ANA-VSV.

Hættumat: engin hætta

SN-014:043 tóft rétt

A: 310055 N: 485791




Rétt SN-014:043, horft til norðurs

Tóft er tæpa 300 m suðaustan við bæjarhól 001, um 180 m aust-norðaustan við kirkju á Staðastað sem er reist 1943 og um 530 m vest-suðvestan við Stekkjarmóa 031.

Tóftin er í óræktarmóa þétt suðvestan við vegarslóða sem liggur á milli sléttaðra túna.

Tóftin er einföld, 18x17 m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Veggheðslur eru úr torfi og grjóti, 2-3 m á breidd og um 1 m á hæð. Út frá stærð og gerð tóftarinnar má ætla að hún hafi þjónað sem rétt. Ytrabyrði veggheðsla virðist skýrara og örlítið hærra en innra byrðið. Veggheðslur eru á kafi í grasi. Þær eru orðnar nokkuð signar og er aðeins byrjar að hrynja úr þeim.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Tóft SN-014:044, horft til vesturs

Lítill tóft er á suðurbakka Staðarár um 90 m ASA við tóft 046 og um 1,2 m norðvestan við bæ. Tóftin er á þýfðum og grösugum árbakka. Beggja vegna við tóftina eru grónir lækjarfarvegir svo tóftin virðist vera á lítilli eyju.

Tóftin er einföld og torfhláðin. Hún er um 7x5 m að stærð og snýr norður-suður. Op er á henni til suðurs. Mesta hæð veggja er 0,3 m. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt.

Hættumat: engin hætta

SN-014:045 *Jóns Snorrasonar kot* bæjarstæði bústaður


"Jóns Snorrasonar kot. Fjórða hjáleiga í túninu. Bygt fyrst í tíð Sr. Björns Snæbjörnssonar og lafaði bygðin alt til 23 ár," segir í Jarðabók Arna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1714. "Í örnefnaskránni er Skaflakot [014] getið austast í túni og á öðrum stað er það staðsett í miðju túni. Líklegast er að Skaflakot sé sama og Jóns Snorrasonarkot og hafi borið tvö nöfn," segir í örnefnaskrá, svör við spurningum JL. Staðsetning á koti Jóns Snorrasonar er algjörlega óþekkt og var ekki hægt að staðsetja það innan við 50 m skekkju. Kotið mun þó hafa verið all nærri við eða á túni Staðastaðs og hefur því lent undir túnasléttun.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JÁM V, 136; Ö-Staðastaður svör við spurningum JL, 3

SN-014:046 tóft óþekkt

A: 309163 N: 486988



Tóft SN-014:046, horft til vesturs

Lítill tóft er á suðurbakka Staðarár um 90 m VNV við tóft 044 og um 1,2 km norðvestan við bæ 001.

Tóftin er á þýfðum og grösugum árbakka.

Tóftin er torfhlaðin og tvískipt. Hún er um 4x6 m að stærð og snýr norður-suður. Mesta hæð veggja er 0,4 m. Í suðurenda tóftarinnar er op inn í hólf I. Þð er um 1x1,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Í norðurenda er óljóst hólf II sem er 1x0,3 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Óljóst op er inn í það í vesturenda. Ekki er op á milli hólfa. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt.

Hættumat: engin hætta

SN-014:047 bæjarstæði býli

"Neðst í túni syðst var eyðibýlið Bolavellir [SN-016] þar norðaustast á túni var Hrossakot [SN-019] svo var kot syðst á túni [019] og eitt var milli Bolavalla og Traða. Austast í túni var Skafلاكot [014]," segir í örnefnaskrá. Ekki fundust nein ummerki eftir kot það sem hér er sagt að hafi verið á milli Bolavalla og Traða og var ekki hægt að staðsetja það innan við 50 m skekkju.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SN-014:048 tóft fjárhús

A: 309143 N: 486938




Fjárhústóft SN-014:048, horft til VNV

Torfhlaðin tóft er á suðurbakka Staðarár, um 60 m sunnan við tóft 046 og um 1,2 km norðvestan við bæ 001.

Tóftin er á þurrum og þýfðum árbakka.

Tóftin virðist vera einföld og er um 10x5 m að stærð, snýr austur-vestur. Ekki virðist vera hlaðinn veggur fyrir austurhlið tóftarinnar og kann þar að hafa verið timburþil með dyrum. Miðsvæðis í austurhluta tóftarinnar er allbreiður bálki sem kann að vera leifar af garða. Hann er 5 m á lengd og rúmur 2 m á breidd. Veggir tóftarinnar eru 1 m á breidd og 0,5 m á hæð. Við utanvert suðvesturhorn tóftarinnar er þúfnakragi sem myndar lítið hólf. Mögulega er það náttúrumyndun en þarna kann einnig að hafa verið heytóft. Hólfið sem þúfurnar mynda er um 2,5x2,5 m að innanmáli. Hlutverk tóftarinnar er ekki ljóst en sennilegast er hún af fjárhúsum.

Hættumat: engin hætta




Þúst SN-014:049, horft til norðvesturs

Greinileg þúst er í gömlu túni á sjávarbakka sem tilheyrir líklega Traðarbúð en er utan gamla heimatúns þess býlis og því skráð undir heimajörðinni. Þústin er um 1,9 km sunnan við bæ 001 og 200 m suðvestan við bæinn í Traðarbúð SN-018:001.

Túnið sem þústin er í er flatlent og grasi vaxið en nýtt sem bithagi hrossa.

Þústin er um 9x6 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er 0,5-0,6 m á hæð þar sem hún er hæst. Í og við þústina sést grjót sem virðist bæði laust og jarðlægt. Ekki er útilokað að þústin sé í raun gróin klöpp sem ekki hefur verið hægt að slétta yfir. Lítil klapparhóll er í túninu um 60 m austur.

Hættumat: engin hætta



Tóft SN-014:050, horft til austurs

Lítill tóft er sunnan við Stekkhól um 1,1 km sunnan við bæ 001 og 75 m suðaustan við tóftirnar á Stekkhól. Mógrafasvæði 037 er fast austan við tóftina.

Tóftin er á þýfðu þurrlendi en allt í kring er blaut mýri.

Tóftin er torfhlaðin og einföld. Hún er um 6x4 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Op er á henni í suðvesturenda. Tóftin virðist lítilliga niðurgráfin. Veggirnir í henni eru víðast 0,2 m á hæð en eru litlu hærrí í norðausturenda þar sem tóftin mjókkar einnig og er 3 m á breidd. Hlutverk tóftarinnar er ekki ljóst en mögulega var mór geymdur í henni.

Hættumat: engin hætta

SN-014:051 hleðsla óþekkt

A: 310188 N: 486150



Hleðsla SN-014:051, horft til norðausturs

Grjóthlaðin tóft er tæpa 420 m norðvestur af bæjarhól 001, tæpa 420 m norðvestur af Stekkjarmó 031 og um 380 m norð-norðaustur af rétt 043. Þetta er afskaplega smá tóft og er nýting hennar óþekkt. Hún er mikið til grjóthlaðin og gæti því helst hafa verið einhvers konar kró.

Tóftin er í sléttuðu túni.

Tóftin er einföld, tæplega 3x3 m að stærð og er grjóthlaðin og mosagróin. Hún er byggð upp að lágum klett sem er suðaustan megin við hana. Vegghleðslurnar eru um 1 m á hæð, 3-4 umför og um 50 cm á breidd. Op er á tóftinni til vesturs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SN-014:052 náma mógrafir

A: 309523 N: 484820



Mótóftir við mógrafasvæði SN-014:052. Á vinstri mynd er tóft A, horft til norðurs. Á hægri mynd er tóft C, horft til austurs

Stórt mógrafasvæði og þrjár mótóftir eru austan við Langavatn, um 250 m suðvestan við Stekkhól 013 og 1,2 km suðvestan við bæ 001.

Mínjarnar eru í gróinni, smápýfðri mýri. Mógrafasvæðið er um 350x200 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Á því eru bæði nokkuð samfelldar, grunnar grafir sem eru flestar grónar og þurrar, og stokkagrafir. Vatn stendur í nokkrum gröfum en vatn rennur frá svæðinu til vesturs í Langavatn. Mótóftirnar eru allar torfhlaðnar og einfaldar. Veggir þeirra eru ekki breiðari en 0,5 m og veggir þeirra í mesta lagi 0,5 m á hæð. Tóft A er nyrst á svæðinu og er 4x4 m að stærð. Tóft B er 50 m suðvestan við hana og er hún 7x3 m að stærð, snýr NNA-SSV. Að lokum er tóft C 42 m suðvestan við tóft B. Hún er minnsta tóftin á svæðinu, 3x3 m að stærð.

Hættumat: engin hætta



Tóft SN-014:053, horft til norðurs

Stór tóft er norðan við Snæfellsnesveg (54), um 350 m austan við tóftir 031 í Stekkjarmó og 1,1 km austan við bæ 001. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt.

Tóftin er á nokkuð flatlendu og þýfðu nesi sem gengur til vesturs út í farveg Staðarár. Tóftin er á litlum og lágum hól. Mýrlent er í kringum hólinn.

Tóftin er torfhláðin og mjög gengin í þúfur. Hún er um 11x15 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún virðist vera einföld. Mesta hæð veggja er í suðvesturenda þar sem þeir eru 0,6 m á hæð. Við suðurhorn tóftarinnar er mögulega annað hól en gæti hafa myndast þegar efni í tóftina var stungið upp. Einnig kann annað hól að vera við utanverða norðvesturhlið hennar. Þetta er mjög óljóst vegna þýfis í kringum tóftina.

Hættumat: engin hættu

SN-015 Árnes

Getið í Máldaga Mariukirkju að Stað á Snæfellsnesi (er Gyrðr biskup Ivarsson setti) 1354. DI III, 81. 1714: "Arnes. Heimaland og hjáleiga af staðnum afgangum. Dýrleikinn er óviss og engin túnd af Eigandinn áður nefnt beneficium. Ábúandinn Grímur Kolbjörnsson." JÁM V, 135.


"Annar hylur er vestar í ánni, Árneshylur. Hann er lítill, en líklega dýpsti hylurinn í ánni. Á bakkanum fyrir neðan hann er eyðibýlið Árnes, og er hylurinn rétt við túnið þar. Árnes var áður hjáleiga frá Staðarstað [SN-014], en er nú löngu komið í eyði. Rústir þess sjást enn." Ö-Álftavatn SJ, 3.

"Margar hjáleigur voru umhverfis staðinn [Staðarstað SN-014] og fyrrum voru Traðir [SN-017] ein af hjáleigunum, en þær síðustu voru Árnes norður við Staðará og Bolavellir [SN-016] og Hrossakot [019], sem nú eru horfnar undir túnið." ÁFÍ 1982, 33.

"Í norðvestur frá bænum [SN-014:001], upp við á, er gamalt býli, rústarhæð, sem heitir Árnes. Býli þetta var við samnefnt nes við ána, Staðará." Ö-Staðastaður AG, 1.

SN-015:001 Árnes bæjarhóll bústaður

A: 309440 N: 486716



Bæjarhóll Árness SN-015:001, horft til austurs. Á teikningu er tóft B á norðausturenda hólans

Bæjarhóll Árness er á stakstæðu, allstóru holti fast sunnan við Staðará, um 870 m norðvestan við Staðastað SN-014:001. Bæjarhóllinn er vestan við mitt túnið, uppi á hábungunni. Gott útsýni er þaðan yfir sveitina.

Túnið í Árnesi nær yfir allt holtið sem bærinn er á og vestur fyrir það, að mýrarlænu sem rennur til norðurs í Staðará. Það er allt grasi gróðið og þýft. Grónir klapparhólar eru austarlega í túninu en sést í bergið austast í þeim. Ekki eru greinanlegar minjar við eða á þessum hólum en þær kunna að leynast í þýfinu og grasinu. Blautar mýrar eru sunnan við Árnesið

Bæjarhóllinn er um 44x34 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hann er breiðastur í norðausturenda og hæstur er hann um 2 m. Á hólum eru tvær þústir og ein greinanleg tóft og fá þessi mannvirki bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Greinilegasta mannvirkið er tóft B sem er á norðausturenda hólans. Hún er tvískipt og torf- og grjóthlaðin. Tóftin er um 10x10 m að stærð. Í austurhluta hennar er hólfi I. Það er um 3x2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Ekki er skýrt op á því en ætla má að það hafi verið í suðurenda. Hólfi II er í vesturhluta tóftarinnar. Það er um 2x7 m að innanmáli og snýr einnig norður-suður. Op er á henni til suðurs en þar er ekki að sjá að sé hlaðinn veggur. Mesta hæð veggja er 0,5-0,6 m en veggir í hólfi II eru lægri og mjórri en í hólfi II. Ekki sést fjöldi umfara í hleðslum. Sefgras vex í hólfi II í tóftinni og sunnan við hana. Í suðurenda bæjarhólans er stór þúst A þar sem hólinn er hæstur en ekki sjást skýr mörk veggja eða innanmál hólfa. Þústin er um 12x10 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þúst C er í norðvesturhorni bæjarhólans, í halla niður af hólum til norðvesturs. Hún er um 8 m í þvermál og 0,5 m á hæð. Ekki eru önnur stök mannvirki greinileg á bæjarhólum.

Hættumat: engin hættu

SN-015:002 tóft fjós

A: 309472 N: 486725



Meint fjóstóft SN-015:002, horft til austurs

Stór útihústöft er fast ANA við bæjarhól 001 á háholtinu í túni Árnass. Nákvæmt hlutverk hennar er ekki augljóst en af því að hún er fast við bæjarhólinn er líklegt að hún sé af fjósi.


Tóftin er í þýfðu og grasgefnu túni.

Tóftin er um 14x15 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún virðist skiptast í tvö hólf. Austast er hólf I sem er lítillaga niðurgrafið og er 6x5 m að innanmáli, snýr norður-suður. Hólf II er vestan við það og er ekki hlaðinn veggur á milli þeirra. Hólf II er 7x4 m að innanmáli, snýr norður-suður. Það mjókkar í norðurenda og er þar 3 m á breidd. Op er á því norðan við miðjan vesturvegg og í suðvesturhorni. Veggir tóftarinnar eru mjög breiðir og signir, 3-4 m á breidd og 0,6 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

SN-015:003 tóft útihús

A: 309493 N: 486710



Tóft SN-015:003, horft til ASA

Útihústöft er í túni, 35 m austan við bæjarhól 001 og 12 m suðaustan við fjóstóft 002. Nánara hlutverk tóftarinnar er ekki hægt að ráða af lögun hennar.

Túnið er stórrýft og mjög grasi vaxið á því svæði sem tóftin er á.

Tóftin sjálf er um 5x7 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Ekki er hins vegar ólíklegt að eldri minjar séu undir þessari tóft því í kringum hana er mikið stórrýfi á svæði sem er 24x10 og snýr eins og tóft.

Tóftin er einföld og er op á henni í suðvesturhorni. Mesta hæð veggja er 0,3 m. Ekki sést grjót í veggjum.

Hættumat: engin hætt

SN-015:004 tóft útihús

A: 309357 N: 486688



Tóft SN-015:004, horft til vesturs

Allstór útihústóft er vestast í túni Árnass, um 90 m suðvestan við bæ 001. Ekki er ljóst af hvers konar útihúsi tóftin er.

Tóftin er í þýfðu og grasi vöxnu túni þar sem holtið sem bærinn er á lækkar og mjókkar mikið.

Tóftin er sigrin og gengin í þúfur. Hún er einföld, 12x8 m að stærð og snýr austur-vestur. Ekki sést skýrt op á henni en líklegt er að það hafi verið í vesturenda. Veggir tóftarinnar eru 2 m á breidd og 0,3 m á hæð. Ekki sést grjót í þeim en þeir virðast hlaðnir úr torfi og grjóti.

Hættumat: engin hætta

SN-015:005 garðlag túngarður

A: 309454 N: 486683



Túngarður SN-015:005, horft til suðausturs

Túngarðurinn er greinanlegur meðfram sunnanverðu túni Árnass, frá bæjarhól 001 í sveig til austurs.

Garðurinn liggur að mestu leyti um flatlent, smáþýft mýrlendi sunnan við holtið sem bærinn er á.


Sá hluti túngarðsins sem enn sést afmarkar svæði sem er 170x50m að stærð og snýr austur-vestur. Hann

hefur að öllum líkindum afmarkað mestan hluta holtisins eða svæði sem er 170x130 m að stærð og snýr ANA-VSV. Garðurinn er greinilegastur næst bæjarhól 001 þar sem hann liggur upp á holtið. Þar er hann 2 m á breidd og allt að 0,8 m á hæð. Hann virðist að mestu torfhlaðinn. Þar sem garðurinn liggur um mýrlendi er hann mjög siginn og ógreinilegur en þó eru tvær þústir í mýrinni sem virðast vera hluti af garðinum en hafa ekki sigið eins og aðrir hlutar hans þar.

Hættumat: engin hætta

SN-015:006 tóft fjárhús

A: 309534 N: 486691



Tóft SN-015:006, horft til suðvesturs.

Tvískipt tóft, líklega fjárhús, er um 100 m austan við bæ 001 og 50 m vestan við tóft 007. Tóftin er á mörkum holtis og mýrar. Þar er mjög grasgefið en ekki þýft. Gróið jarðvegsrof er norðan við tóftina.

Tóftin er um 13x12 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún virðist að mestu leyti torfhlaðin og hefur efni í hana að líkindum að hluta verið tekið í hana þar sem rofið er norðan við tóftina. Tóftin er í aflíðandi halla til suðurs. Hólf I er í vesturenda tóftarinnar. Það er 5x7 m að stærð og snýr norður-suður. Op er á því í suðausturhorni. Hólf II er samsíða hólf I í austurhluta tóftarinnar. Það er 3,5x7 m að innanmáli. Op er á því á miðri suðurhlið. Norðurveggur á hólf II er nánast útflattur. Ekki sést op á milli hólfra og ekki sjást ummerki um garða eða jötur í tóftinni. Mesta hæð veggja er 0,6 m. Tóftin virðist með yngri minjum í túni Árnass.

Hættumat: engin hætta



Tóft og garðlag SN-015:007, horft til norðvesturs

Ferhyrnt gerði með tveimur áföstum tóftum er í austurenda túnsins í Árnesi, um 150 m austan við bæ 001 og 50 m austan við tóft 006. Nákvæm hlutverk tóftanna eru ekki þekkt.

Minjarnar eru í túni austarlega á holti sem bærinn er á. Grasgefið og þýft er í kringum þær.

Minjarnar eru á svæði sem 23x17 m að stærð og snýr NNA-SSV. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Tóft A er í suðvesturhorninu. Hún er 9x6 m að stærð og snýr NNA-SSV. Op er á henni í norðvesturhorni. Hún er einföld og er mjög gengin í þúfur. Mesta hæð veggja er 0,4 m. Þessi tóft er yngri en hinar minjarnar á svæðinu en það má greina af því að í henni er grænni gróður en annarsstaðar og því að í henni er meira þýfi en annarsstaðar. Undir henni virðist vera annað eldra mannvirki. Afliðandi halli er frá tóftinni til austurs. Tóft B er á NNA-hlið gerðis C. Hún er einföld og nokkuð fornleg. Tóftin er 7x5 m að stærð og snýr VNV-ASA. Op er á henni í ASA-enda en innanmál hennar er óljóst vegna þess hve hún er sigin. Mesta hæð veggja er 0,2-0,3 m. Veggir gerðis C tengja tóftir A og B. Þeir eru mjög signir og gengnir í þúfur. Mesta hæð þeirra er 0,5 m en víðast eru þeir lægri. Óljós garður liggur til ASA frá tóft B á 12 m löngum kafla og hefur að líkindum tengst tungarði 005.

Hættumat: engin hættu

SN-016 Bolavellir

1714: "Bolaveller, önnur hjáleiga afgömul. Dýrleikinn felst undir heimajörðunni og eigandinn sami. Ábúandinn Ásmundur Jónsson." JÁM V, 135.

"Margar hjáleigur voru umhverfis staðinn [Staðarstað SN-014] og fyrrum voru Traðir [SN-017] ein af hjáleigunum, en þær síðustu voru Árnes [SN-015] norður við Staðará og Bolavellir og Hrossakot [SN-019], sem nú eru horfnar undir túnið." ÁFÍ 1982, 33.

"Í túni er einhversstaðar Sýslumannatún (segir Bj. Kjartanss). Neðst í túni syðst var eyðibýlið Bolavellir þar norðaustast á túni var Hrossakot svo var kot [SN-014:019] syðst á túni og eitt [SN-014:047] var milli Bolavalla og Traða." Ö-Staðastaður AG, 1.

SN-016:001 Bolavellir bæjarhóll bústaður

A: 309874 N: 485697



Bolavellir SN-016:001 voru á sama eða svipuðum stað og núverandi kirkja á Staðastað stendur, horft til norðvesturs


"Neðst í túni [Staðastaðar SN-014] syðst var eyðibýlið Bolavellir ..." segir í örnefnaskrá Staðastaðar, svör við spurningum JL. Núverandi kirkja á Staðastað var reist á bæjarstæðinu 1943. Bæjarstæði Bolavalla var um 230 m suð-suðaustan við bæjarhól Staðastaðar SN-014:001 og fast utan við tún Staðastaðar eins og það er teiknað 1916.

Bæjarstæðið hefur verið sléttað og jafnvel raskað þegar kirkjan var reist. Hversu mikið er óþekkt. Umhverfis kirkjuna er garður sem er rúmlega 25x21 m að stærð og er hann afmarkaður með trégrindverki. Ekki virðist sem grafið sé í hann.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Staðastaðir svör við spurningum JL, 5

SN-017 Traðir



Getið í Máldaga Maríukirkju að Stað á Snæfellsnesi (er Gyrðr biskup Ivarsson setti) 1354. DI III, 81.
 Getið í Máldaga Vilchins biskups fyrir kirkjum í Skálholtsbiskupsdæmi (Vilchinsmáldagi, Vilchinsbók) frá 1397. DI IV, 176.

Getið í máldaga Gísla byskups Jónssonar frá um 1570 og síðar. DI XV, 608.

1714: "Trader. Heimaland staðarins. Hjer hefur bygð verið um lángrandi aldur. Ábúandinn á hálfri Árni Ólafsson, annar ábúandi á hálfri Árni Guðmundsson. [...] Hagar eru óskiftir við heimastaðinn. Torfrista lök, eldiviðartak nægilegt. [...] Hjer er verstöð staðarins og heimræði ár um kríng." JÁM V, 137.

"Útræði var frá Tröðum. [...] Hús eru við sjó niður af Staðarstað [SN-014] og hefur land verið sameiginlegt að hluta. Engjar voru í Staðarlandi fyrir austan Staðará og á jörðin veiðirétt í ánni. Ræktunarland er gott í múum neðan þjóðvegjar. Jörðin Traðarbúð [SN-018] var sameinuð Tröðum um 1938. Traðir fóru í eyði 1928. Hús standa nú þar sem Traðarbúðarhús voru áður, en hinn forni Traðarbær stóð á sjávarbakkanum um 100 m austar. Undan Tröðum er Breiðsker, graslaus hólmi venjulega kallaður Brigða." BS, 325, 326. "Traðir hafa jafnan verið taldar gott býli, en býlin voru lengi vel tvö. Traðir og Traðarbúð, en hefur nú um alllangt skeið verið sameinað." Ö-Traðir BJ, 1. Hamfaraveðrið, kennt við

Básenda, þann 9. janúar 1799 gerði mikinn skaða á sunnanverðu Snæfellsnesi, m.a. í landi Traða. Ö-
Álftavatn viðb. og leiðr. BG, 5.
Túnakort 1916: tún 3,1 ha, slétt 1/10, garðar 380 m².



Bæjarhóll Traða SN-017:001, horft til austurs og norðausturs

Inn á túnakort frá 1916 er merkt bæjarhús, tvö hús og heygarður á bæjarhól Traða. "Hús eru við sjó niður af Staðarstað [SN-014] og hefur land verið sameiginlegt að hluta. [...] Jörðin Traðarbúð [SN-018] var sameinuð Tröðum um 1938. Traðir fóru í eyði 1928. Hús standa nú þar sem Traðarbúðarhús voru áður, en hinn forni Traðarbær stóð á sjávarbakkanum um 100 m austar. Undan Tröðum er Breiðsker, graslaus hólmi venjulega kallaður Brigða," segir í Byggðum Snæfellsness. Bæjarhóll Traða er frammi á sjávarbakka, um 120 m norðaustan við Traðarbúð SN-018:001 og 15 m suðaustan við Gistihúsið Traðir en það er í uppgerðum fjárhúsum.

Bæjarhóllinn er að mestu leyti utan þess hluta túnsins sem er sleginn og er alveg frammi á sjávarbakkanum þannig að sjórinn brýtur af honum og er hann því í stórhættu af þeim sökum. Við vesturenda hólmsins er rotþró fyrir gistiheimilið og þar vestan við er búið að þökuleggja yfir talsvert stórt svæði frá gistiheimilinu og fram á sjávarbakka.

Bæjarhóllinn er ílangur, 48x18 m að stærð, og snýr austur-vestur. Hóllinn er hæstur um 1 m þar sem hann er næst sjávarbakkanum, í suðurhluta. Bæjarhóllinn er allur gróinn og grasi vaxinn. Þó að sjórinn sé að grafa undan bæjarhólnum sunnanverðum er hann einnig gróinn þar og sést hvergi í grjóthleðslur. Í austurenda hólmsins finnst hins vegar fyrir grjóti í grassverði.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Túnakort 1916; BS, 326

SN-017:002 heimild um kálgarð

A: 310066 N: 484225

Inn á túnakort frá 1916 er merktur kálgarður vestan við bæjarhól 001. Ætla má að hann hafi verið í vesturenda bæjarhóls 001 eða rétt vestan við hann. Við vesturenda hólmsins er rotþró fyrir Gistiheimilið Traðir og þar vestan við er búið að þökuleggja yfir talsvert stórt svæði frá gistiheimilinu og fram á sjávarbakka.

Ekki sjást nein ummerki um kálgarðinn á yfirborði og er líklegt að sléttað hafi verið yfir hann. Enn kunna leifar af honum að leynast undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Túnakort 1916



Þúst SN-017:003 þar sem kálgarður var, horft til NNV og VNV

Inn á túnakort frá 1916 er merktur kálgarður norðan við bæjarhól 001. Hann var um 30 m norðan við bæjarhúsin á bæjarhól 001 og fast austan við Gistihúsið Traðir. Óljós ummerki um gerði sjást í túninu fast norðan við bæjarhólinn. Kálgarðurinn var í sléttuðu, flatlendu túni.

Út frá bæjarhólnum gengur útflattur veggur sem sést sem nokkuð afgerandi brún í túninu. Hann liggur til NNA á um 40 m löngum kafla og beygir þá til VSV á 22 m löngum kafla en er mun ógreinilegri á þeim kafla og hverfur við malarplan austan við gistihúsið. Séu þetta leifar af kálgarði hefur hann verið nokkuð stór og ekki er útlokað að minjarnar tilheyri öðru óþekktu mannvirki.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Túnakort 1916


Inn á túnakort frá 1916 er merktur kálgarður suðaustan við bæjarhól 001.

Kálgarðurinn var líklega austast í bæjarhólnum eða fast austan við hann, frammi á sjávarbakka. Þar er órækt og mikill grasvöxtur.

Ekki sjást ummerki um kálgarð á yfirborði en grjót er í grassverði sem kann að tilheyra kálgarðinum.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Túnakort 1916



Þúst SN-017:005, horft til suðurs

Inn á túnakort frá 1916 er merkt útihús austan við kálgarð 004 og bæjarhól 001. Útihúsið var um 60 m austan við bæjarhúsins á bæjarhólnum. Þar er þúst sem er að hluta innan og að hluta utan þess hluta túnsins sem er sleginn. Þústin er frammi á sjávarbakkanum.

Flatlent sléttað tún.

Þústin er um 4x3m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Í henni sjást útflattar undirstöður veggja sem eru um 1 m á breidd. Á milli þeirra má greina innanmál hóls sem er 1,5x3 m og snýr norður-suður. Útihúsið kann að hafa náð lengra til norðurs en norðaustan við þústina er lægð í túninu.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Túnakort 1916



Fjárhústóft SN-017:006, horft til NNV. Á teikningu sjást tóftir SN-017:006 og SN-017:008

Samkvæmt túnakorti frá 1916 stóð útihús um 215 m norðaustur af bæjarhól 001 og má þar enn finna tóft. Hún er alveg fremst á sjávarbakkanum um 12 m sunnan við tóft 008 og rúma 130 m suð-suðvestan við tóft 009.

Tóftin er í jaðri túns sem hefur verið sléttað og fremst á sjávarbakka.

Tóftin er tvískipt, fjárhús og hlaða, 11,5x8 m að stærð og snýr norð-norðvestur og suð-suðaustur. Vegghleðslur eru úr torfi og grjóti. Almennt má segja að hleðsluhæð fjárhúsveggjanna sé 60-100 cm á hæð og 4-6 umför en tóftin er niðurgrafin og er innrabyrði hærra en ytrabyrði sem er um 70 cm á hæð. Garði er í fjárhúsunum og liggur eftir því endilöngu. Hann er um 1m á breidd og er hleðsluhæð hans um

30 cm. Hægt að telja um 3 umför í honum. Vegghleðslur hlöðunnar eru signari og lægri en fjárhúsanna eða um 40 cm á hæð. Almennt er frekar stórt grjótt í hleðslum og eru þær grónar.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Túnakort 1916

SN-017:007 heimild um kálgarð

A: 310297 N: 484317

Inn á túnakort frá 1916 er merktur kálgarður rétt utan við túnjaðar, 20 m suðaustan við útihús 006 og 220 ASA við bæ 001.

Kálgarðurinn var þar sem nú (2015) er gróðurlaus klöpp í fjörunni sem er flöt að ofan.

Engin ummerki sjást um kálgarðinn og hefur hann horfið vegna landbrots.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1916

SN-017:008 tóft fjárhús

A: 310287 N: 484356



Fjárhústóft SN-017:008, horft til norðausturs og norðvesturs


Samkvæmt túnakorti frá 1916 stóð útihús um 230 m norðaustur af bæjarhól 001 og má þar enn finna tóft. Hún er alveg fremst á sjávarbakknum um 12 m norðan við tóft 008 og rúma 100 m suð-suðvestan við tóft 009.

Tóftin er í jaðri túns sem hefur verið sléttað og fremst á sjávarbakka.

Tóftin sem er 16x13,5 m að stærð, samanstendur af fjárhúsum, hlöðu og þúst sem er líklega ummerki eldri tóftar. Fjárhúsin og hlaðan sem virðast vera samtíða og tilheyra yngsta byggingaskeiðinu eru 13,5x12,5 m að stærð og snúa norðvestur og suðaustur. Veggir tóftarinnar eru hlaðnar úr torfi og grjóti. Þeir eru um 1 m á hæð og um 150 cm á breidd og má telja í þeim 4-5 umför. Fjárhúsin eru tvöföld, er annað 12x3 m að innanmáli en hitt 9x3 m að innanmáli og snúa op beggja suðausturs út að sjó. Garðar eru á báðum fjárhúsunum og eru þeir um 1 m á breidd og um 60 cm á hæð og er hægt að telja 2-3 umför í þeim. Við garðaendann í lengra fjárhúsinu er steypt baðþró sem er 1x1,5 m að stærð og um 50 cm á dýpt. Veggir hennar eru 6-8 cm á þykkt. Austan við tóftina er þúst eða þrjú veggjabrot. Þau tengjast austurhorni hlöðunnar og liggja samsíða fjárhúsunum. Þau líta helst út fyrir að vera af fjárhúsum en virðast þó tæplega hafa verið hluti af þeirri tóft sem lýst var hér að ofan. Syðsta veggjarbrotið sem er næst fjárhúsunum er svo til eingöngu grjóthlaðið. Það er 50-60 cm á hæð og um 1 m á breidd. Hin tvö eru einnig um 1 m á breidd en einungis 20-30 cm á hæð og alveg gróin grasi.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Túnakort 1916



Tóft SN-017:009, horft til vesturs

Inn á túnakort frá 1916 er merkt útihús norðaustan við bæjarhól 001 og norðaustan við kálgarð og útihús 008. Tóft hússins sést enn um 330 m norðaustan við bæ 001 og fast suðaustan við sumarbústað. Samkvæmt heimildamanni, Gunnari Jónassyni, er tóftin af hrútakofa.

Tóftin er nærri norðurjaðri gamla heimatúnsins, innan sumarbústaðarlóðar.

Tóftin er 4x5m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Hún er einföld og að miklu leyti grjóthlaðin en torf er einnig í veggjum. Mesta hæð veggja er 1 m og sjást 3 umför í innanverðum veggjum. Sigin, torfhláðin heytóft er sambyggð tóftinni að norðaustanverðu. Saman eru tóftirnar 7x5 m að stærð. Heytóftin er um 4x2 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki sést skýrt op á henni og veggir hennar eru 0,3 m á hæð. Frá vesturhorni tóftar gengur garður eða veggur til norðvesturs á 27 m löngum kafla. Honum virðist hafa verið ýtt upp til að búa til skjól eða pláss fyrir pall við sumarbústað og er þá ekki fornleif.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Túnakort 1916



Skipavík SN-017:010, horft til austurs

"Austur með ströndinni er Skipavík. Þar var róið til fiskjar til forna," segir í örnefnaskrá BJ. Staðsetning Skipavíkur er ekki fullkomlega örugg en útfrá örnefnaskrá virðist vera átt við vík sem er um 260 m suðvestan við bæjarhól 001, um 30 m suðvestan við Stóra-Draug 011 og beint suður af garðlagi SN-018:009.

Fjaran er nokkuð stórgrýtt.

Fjaran er ekki augljós lendingarstaður. Umhverfis víkina er þó mun stórgrýttara.

Heimildir: Ö-Traðir BJ, 1



Stóri-Draugur SN-017:011, horft til suðausturs og norðausturs

"Dálítið austar eru tveir klettur, sem heita Stóri-Draugur og Litli-Draugur," segir í örnefnaskrá. Stóri-Draugur er klettur sem er alveg í fjöruborðinu austan Skipavíkur 010, um 20m austan við garðlag SN-018:009 og rúma 230 m suðvestan við bæjarhól 001. Klettadrangurinn er stór og er hann rétt undir sjávarbakkanum.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Traðir BJ, 1

SN-017:012 *Bæjarvík* heimild um lendingu

A: 310041 N: 484182



Bæjarvík SN-017:012, horft til austurs og norðausturs

"Rétt austur af þeim [011] er Bæjarvík. [...] Úr Bæjarvík var róið til fiskjar áður fyrr, og hefir verið gert þar til nú síðustu árin," segir í örnefnaskrá BJ. Bæjarvík er fast suðvestan við bæjarhólinn í Tröðum 001. Klapparfjara er í Bæjarvíkinni en sendinn sjávarbakki. Engin ummerki sjást um manngerða lendingu í Bæjarvík og virðast náttúrulegar aðstæður vera nokkuð ákjósanlegar til þess að lenda í henni.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Traðir BJ, 1



Rétt SN-017:013, horft til norðurs. Á teikningu er réttin SN-017:013 auk fjárhúsa SN-017:021 og lendingar SN-017:019

"Fyrir austan Bæjarvík er lón, sem Fúsapollur heitir. Þar rétt fyrir austan er Byrgisvík. Upp af henni er hóll, sem heitir Byrgishóll og rennur Staðará að austan," segir í örnefnaskrá BJ. Byrgishóll er um 290 m norðaustan við bæjarhól 001, um 15 m austan við fjárhús 021 og tæpa 90 m sunnan við tóft 009.

Byrgishóll er fremst á sjávarkambinum í jaðri túns sem hefur verið sléttað.

Fast upp að suðvesturhlíð Byrgishóls er rétt sem sennilega hefur verið ferhyrind en eiginlega eru bara tvær hliðar hennar enn uppistandandi. Hún mun sennilega hafa verið 8x6 m að innanmáli og snúið suðvestur og norðaustur. Hún er að stærstum hluta grjóthlaðin. Vegghleðslan sem liggur upp við Byrgishól er einföld og er austurhluti hennar mikið til hruninn. Norðvesturhlíðin er mun burðugri, næstum 2 m að breidd, 1-1,2 m á hæð og 5-6 umfö. Norðaustan við réttina er Byrgishóll. Hann hefur tvær bungur efst og er allur nokkuð óreglulegur, mjög líklega manngerður. Umfang hans er 17x20 m og snýr hann svo til austur vestur. Umfang minjastaðarins er því um 30x17 m að stærð.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Traðir BJ, 1

SN-017:014 Hófleysugarður heimild um túngarð

"Skammt norður af honum [Steinboga 017] sést votta fyrir gömlum túngarði. Heitir hann Hófleysugarður," segir í örnefnaskrá. Þetta garðlag fannst ekki þrátt fyrir leit. Eina sem sást á þessum slóðum var hryggur í landinu sem sennilega er tilkominn vegna berggangs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Traðir BJ, 1

SN-017:015 Þjóðsaga

"Skammt er þar [frá Staðarstað SN-014] útræði nokkurt [sjá 012], frá Tröðum við sjóinn. Þar endar þjóðsagan um Galdra-Loft, er hann fór á flot út fyrir landsteinana, en grá og loðin krumla kom upp úr sjónum, tók um skutulinn, þar sem Loftur sat, og dró allt saman í kaf," segir í Árbók Ferðafélags Íslands 1932. "Útræði var frá Tröðum áður fyrr, og átti presturinn á Staðarstað þar löngum einn eða fleiri báta. Þar endar hin alkunna þjóðsaga um Galdraloft. Þegar Loftur var orðinn því nær sturlaður, tók hann að mæla fyrir munni sér: "Sunnudaginn í miðföstu verð ég í helvíti og kvölunum." Þá var honum ráðlagt að flýja til prests á Staðarstað, sem var aldraður, trúmaður mikill og klerkur hinn besti. Lét prestur Loft aldrei við sig skilja nótt né dag, úti né inni. Eitt sinn, er Loftur lá sjúkur, þurfti prestur af bæ til að þjónusta dauðvona vin sinn. Þar bjó aldurhuginn bóndi heldur óþokkasæll, sem var hættur að róa. Fékk Loftur hann til að hvolfa upp litlum báti, sem hann átti, og róa út fyrir landsteina og renna færi sér til skemmtunar. Logn hélst allan daginn, en til bátsins hefur aldrei spurst síðan. Maðurinn þóttist sjá það af

landi, að grá hönd og loðin hefði komið upp, þegar báturinn var kominn út fyrir landsteinana, og hefði tekið um skutinn, þar sem Loftur sat og dregið svo allt saman í kaf," segir í Árbók Ferðafélags Íslands frá 1982. Ætla má að að Galdraloftur hafi róið út úr Bæjarvík 012 og að bátnum hafi hvolft þar úti fyrir.

Heimildir: ÁFÍ 1932,1 6; ÁFÍ 1982, 32

SN-017:016 gata leið

A: 309981 N: 484551



Gata SN-017:016, horft til SSA

Inn á Herforingjaráðskort frá 1911 er merkt leið sem liggur í suðaustur af vegi SN-611:001 að Tröðum. Að sögn Gunnars F. Jónassonar, heimildamanns, liggur vatnslögn til suðurs frá Snæfellsnesvegi (54) móts við afleggjarann heim að Staðastað. Þar virðist við fyrstu sýn vera gömul leið því ummerkin um vatnsveituna hafa gróið vel. Götur eru hinsvegar meðfram austanverðum afleggjara heim að Tröðum og er líklegt að gamla leiðin hafi legið þar á svipuðum slóðum. Götturnar sjást 250 m NNV við bæ 001.

Götturnar liggja um þýfðan móa þar sem víða eru ógrónir melar og rof.

Á svæði sem er 3 m á breitt sjást 3-4 götur

á leiðinni. Hægt er að rekja götturnar á um 120 m löngum kafla þar sem þær liggja NNV-SSA.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Herforingjaráðskort 15 NA

SN-017:017 Steinbogi náttúrumin brú

A: 310367 N: 484542



Steinbogi SN-017:017, horft til austurs og norðurs

"Þetta flóð [Básendaflóðið 1799] braut Steinbogan [svo] austan við Traðartún sem var göngubrú yfir Staðará," segir í svörum við spurningum um örnefnaskrá. Steinbogi er líklega þar sem berggangur gengur út í árfarveg Staðarár ofan við Furuós, um 430 m norðaustan við bæ 001 og 80 m norðaustan við tóft 009.

Berggangurinn gengur út úr háum malarbakka við ána.


Enginn steinbogi sést lengur en berggangurinn sést liggja yfir um 1/3 hluta árfarvegarins. Ekki sjást greinilegar götur liggja á bakkann enda langt síðan Steinboginn brotnaði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Staðarstaður, svör við spurningum JL, 4

SN-017:018 gryfja óþekkt

A: 310179 N: 484259



Gryfja SN-017:018, horft til SSV

Djúp og greinileg gryfja er um 100 m austan við bæ 001, frammi á sjávarbakka, litlu suðvestan við vik í bakkann þar sem virðist vera bíslóði niður í fjöru.

Á bakkannum er sléttað flatlent tún fast norðan við gryfjuna og sandfjara með klöppum er sunnan og suðaustan við hana. Gróin flöt neðan við túnjaðar er suðvestan við gryfjuna.

Gryfjan er um 4 m í þvermál og 1,3 m á dýpt. Hún er grjóthlaðin að innan og er grjót tekið að hrynja ofan í hana. Hún er vel gróin að innan og sést því ekki í hleðslur en þó sjást 2 umför á einum stað. Uppi á suðausturbrún gryfjunnar og frammi á sjávarbakkannum er dálítill hólmyndun sem er 4x2 m að stærð og 0,2 m háð. Ekki er ljóst hvort eða hvernig hún tengist gryfjunni. Hlutverk gryfjunnar er ekki þekkt en líklegt er að hún tengist útræði og/eða fiskverkun.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

SN-017:019 hleðsla naust

A: 310334 N: 484375



Hleðsla SN-017:019, horft til norðurs og norðausturs.

Lítill hleðsla sem vegna legu sinnar og staðsetningar er að öllum líkindum naust er rúma 280 m norðaustan við bæjarhól 001, um 90 m sunnan við tóft 009 og um 6 m suðaustan við fjárhús 021.

Minjastaðurinn er í fjöru undir sjávarbakkannum.

Naustið er óljóst, virðist sem það sé að fyllast af sandi og grjóti. Það er 3 m breidd og og sennilega um

3-6 m á lengd. Naustið hefur sennilegast verið grafið inn í sjávarbakkann og má sjá hleðslur sem eru 30-50 cm á hæð og 2-3 umför í austurhlið hlið þess.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

SN-017:020 brunnur brunnur

A: 310306 N: 484369



Brunnur SN-017:020, horft til norðausturs.

Í miðri Byrgisvík (sjá 013) er brunnur, hann er um 240 m norðaustan við bæjarhól 001, rúma 20 m suðvestan við tóft 021 og um 12 m norðaustan við tóft 008.

Brunnurinn er um 3 m suðvestan við sléttað tún og um 5 m norðvestan við sjávarbakka.

Brunnurinn er hringlaga, hlaðinn að innan og má telja 6-8 umför. Að ofan sjást hleðslurnar illa sökum þess hve gróið hefur yfir þær. Hann gæti verið um 1-1,5 m á dýpt og 2-2,5 m í þvermál.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SN-017:021 tóft fjárhús

A: 310328 N: 484378



Tóft SN-017:021, horft til suðausturs og norðvesturs

Fremst á sjávarbakkannum ofan Byrgisvíkur (sjá 013) er tóft, hún er um 280 m norðaustan við bæjarhól 001, tæpa 40m norðaustan við tóft 008 og um 80 m sunnan við tóft 009.


Tóftin er fremst á sjávarbakka, þétt utan við sléttað tún.

Tóftin er 14x10 m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Hún skiptist í fjárhús sem snúa suðaustur og norðvestur, hlöðu sem er sambyggð norðvesturgafli fjárhúsanna og svo kró sem virðist vera inngráfin

Í sérkennilega þúst sem er austan við fjárhúsin. Fjárhúsin eru 6x3 m að innanmáli og er op á þeim út að sjó til suðausturs. Gera má ráð fyrir að á fjárhúsunum hafi verið timburstafn. Eftir þeim endilöngum liggur garður. Hlaðan er um 5x2 m að innanmáli og eru tvö op á henni, á sitt hvorum enda. Vegghleðslur standa grónar og eru þær úr torfi og grjóti. Þær eru um 1-1,5 m á breidd, 1-1,2 m á hæð og 4-5 umför. Garðinn í fjárhúsunum er um 1 m á breidd, 50-60 cm á hæð og um 3 umför. Frá austurhorni fjárhúsanna liggur hleðsla að þúst sem er 6x4 m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Hún er öll grjóthlaðin að suðaustanverðu. Í henni er lítil kró sem er 2x1 m að innanmáli. Mögulega eru þetta eldri byggingarleifar sem hefur verið breytt eða aðlagðar að breyttri notkun og grafið inni fyrir kró. Hleðsluhæð þústarinnar er 60-70 cm og 2-3 umför.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

SN-018 Traðarbúð



1714: "Tradabud, afgömur hjáleiga af áðurskrifuðu staðarins heimalandi Tröðum. Ábúandinn Björn Halldórsson. [...] Mósukurður sem segir um Traðir og eldiviðartak hið sama." JÁM V, 138.

"Jörðin Traðarbúð var sameinuð Tröðum [SN-017] um 1938. Traðir fóru í eyði 1928. Hús standa nú þar sem Traðarbúðarhús voru áður, en hinn forni Traðarbær stóð á sjávarbakkanum um 100 m austur. Undan Tröðum er Breiðsker, graslaus hólmi venjulega kallaður Brigða." BS, 326.

"Traðir hafa jafnan verið taldar gott býli, en býlin voru lengi vel tvö. Traðir og Traðarbúð, en hefur nú um alllangt skeið verið sameinað." Ö-Traðir BJ, 1.

Hamfaraveðrið, kennt við Básenda, þann 9. janúar 1799 gerði mikinn skaða á sunnanverðu Snæfellsnesi, m.a. í landi Traðarbúðar. Ö-Álftavatn viðb. og leiðr. BG, 5.

Túnakort 1916: Tún 1,5 ha, 1/10 slétt. Garðar 500 m²



Bæjarhóll Traðarbúðar SN-018:001, horft til austurs og suðausturs

Inn á túnakort frá 1916 er merktur bær og matjurtagarður á bæjarhól Traðarbúðar. "Hús eru við sjó niður af Staðarstað [SN-014] og hefur land verið sameiginlegt að hluta. [...] Jörðin Traðarbúð var sameinuð Tröðum [SN-017] um 1938. Traðir fóru í eyði 1928. Hús standa nú þar sem Traðarbúðarhús voru áður, en hinn forni Traðarbær stóð á sjávarbakkanum um 100 m austar. Undan Tröðum er Breiðsker, graslaus hólmi venjulega kallaður Brigða," segir í Byggðum Snæfellsness. Bæjarhóll Traðarbúðar er um 10 m suðvestan við íbúðarhús Traða byggt 1945 og um 50 m norðvestan við tóft 006.

Bæjarhóllinn er í sléttuðu túni, fast vestan við íbúðarhús. Umhverfis íbúðarhúsið er afgangur garður.

Bæjarhóllinn er mjög óljós en gæti þó verið um 25x25 m að stærð. Upphleðsla er ógreinileg en gæti þó verið um 50 cm. Hólbungan er ójöfn og víða sést glitta í grjót.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1916; BS, 326

SN-018:002 heimild um kálgarð

A: 309926 N: 484163

Samkvæmt túnakorti frá 1916 var kálgarður vestan við bæjarhól 001 og alveg við ytri mörk túnsins eins og þau eru sýnd á túnakortinu.

Minjastaðurinn er í sléttuðu túni sem liggur að blautu mýrlendi.

Ekkert sér til minja eftir kálgarðinn sem hefur snúið mót suðvestri sökum þess að hann hefur verið sléttaður undir tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1916

SN-018:003 heimild um heygarð

A: 309941 N: 484159

Samkvæmt túnakorti frá 1916 var heygarður um 20 m sunnan við bæjarhól.

Minjastaðurinn er í sléttuðu túni sem liggur að blautu mýrlendi.

Heygarðurinn hefur verið sléttaður undir tún og sér ekkert til minja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1916

SN-018:004 heimild um kálgarð

A: 309929 N: 484160

Samkvæmt túnakorti frá 1916 var kálgarður tæpa 20 m suðvestan við bæjarhól 001 og alveg við ytri mörk túnsins eins og þau eru sýnd á túnakortinu.

Minjastaðurinn er í sléttuðu túni sem liggur að blautu mýrlendi.
Ekkert sér til minja eftir kálgarðinn sem hefur snúið mót suðvestri sökum þess að hann hefur verið sléttaður undir tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1916

SN-018:005 heimild um leið

A: 309809 N: 484434

Á herforingjaráðskorti frá 1911 er sýnd leið sem liggur heim að Traðarbúð til af leið 611:001. Leiðin lá yfir mjótt mýrarsund og svo yfir brunamela og móa að bæ. Næst Snæfellsnesvegi (54) og bæ hafa verið ræktuð tún og á milli þeirra eru móar þar sem er talsvert jarðvegsrof. Engin ummerki um leiðina sáust á vettvangi.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Herforingjaráðskort 15 NA

SN-018:006 tóft útihús

A: 309941 N: 484159



Tóft SN-018:006, horft til norðurs.


Samkvæmt túnakorti frá 1916 var útihús um 80 m suðaustan við bæjarhól 001 og þar stendur enn tóft. Hún er rúma 50 m suðvestan við ytrimörk bæjarhólsins, alveg fremst á sjávarbakkanum og tæpa 15 m norðan við tóft 008.

Tóftin er fast utan við tún sem hefur verið sléttað og alveg fremst á sjávarbakka.

Tóftin er tvöföld, 20x5 m að stærð og snýr norð-norðaustur og suð-suðvestur. Vegghleðslur eru 3-4 m á breidd og 60-70 cm á hæð, þær eru mjög rúnnaðar og grónar. Tóftin hefur að öllum líkindum verið sléttuð að einhverju marki því að ætla má að grjótið sem sést á víð og dreif í tóftinni sé úr vegghleðslum. Nyðra hólfið er dýpra en það syðra og gæti hafa verið hlaða en syðra hólfið fjárhús. Sjávarrof hefur eytt allri austur langhlið tóftarinnar og hefur það gróið aftur en ætla má að tóftin hafi verið helmingi breiðari.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Túnakort 1916




Tóft SN-018:007, horft til norðvesturs

Grjóthlaðin tóft er frammi á sjávarbakka, fast norðaustan við garðlag 009 og 150 m SSA við bæ 001. Tóftin er á mjóu svæði meðfram ströndinni sem ekki er búið að slétta í tún. Það er flatlent og smábýft. Sunnan við það er grýtt klapparfjara.

Tóftin er einföld og lítillega niðurgráfin. Hún er um 7x4 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Veggjahleðslur eru signar og hafa að miklu leyti hrunið inn í tóftina. Mesta hæð veggja utanmáls er 0,2 m og mest sjást 2 umför hleðslu. Ekki er sýnilegt op inn í tóftina. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt.

Hættumat: hætta, vegna landbrots



Útflött fjárhústóft SN-018:008, horft til vesturs

Tóft er 70 m suð-suðaustan við bæjarhól 001 og rúma 15 m sunnan við tóft 006. Það má ráða það af gerð og útliti tóftarinnar að hún hefur þjónað sem fjárhús.

Minjastaðurinn er í sléttuðu túni.

Tóftin, sem er 12x8 m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur, hefur verið sléttuð og eru veggahleðslur hennar svo til alveg útflattar. Þær eru um 1-1,5 m á breidd og mestal agi um 30 cm á hæð. Það glittir í stöku grjót hér og þar sem væntanlega hafa verið í veggahleðslum tóftarinnar. Fjárhúsin eru 7x4 m að innanmáli og með garða eftir endilöngu rýminu. Fjárhúsin eru opin til austurs en vestan við fjárhúsin er hlaðan. Hún virðist hafa verið 4x2 m að innanmáli. Sunnan við hleðuna og vestari enda fjárhúsanna eru tvær dældir. Önnur er nokkuð stór eða um 4x2 m að stærð en hin er 2x2 m að stærð. Ekkert er hægt að segja til um hutverk þeirra.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SN-018:009 tóft+garðlag útihús

A: 309953 N: 484047



Útflatt garðlag og áföst tóft SN-018:009, horft til norðurs

Útflattur gamall garður og áföst tóft eru um 50 m suðvestan við bæ 001. Ætla má að garðurinn sé gamall túngarður en hann fylgir ekki lögun túnsins eins og það var 1916 þegar túnakort var gert fyrir jörðina. Garðurinn er að mestu leyti innan sléttads túns sem nýtt er til hrossabeitar. Suðausturendi garðsins er frammi á sjávarbakka þar sem er þýfður mói.

Garðurinn sést á um 116 m löngum kafla þar sem hann liggur í sveig frá suðaustri til NNV. Garðurinn sést best frammi á sjávarbakknum þar sem ekki hefur verið sléttað yfir hann. Þar sést grjót í garðinum. Garðurinn er um 4 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Tóftin sem er áföst utanverðum garðinum er 27 m norðvestan við suðausturenda hans. Hún er einföld og er 8x5 m að stærð ef garðurinn er ekki talinn með, snýr norðvestur-suðaustur. Innanmál tóftarinnar er óljóst en virðist vera 4x2 m. Hæð veggja er 0,2 m. Ekki sést skýrt op á tóftinni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SN-019 Hrossakot (Hrossholt)


1714: "Hrossakot, öðru nafni Taglakot, þriðja nafnið Hneckstader. Þriðja hjáleiga. Bygt fyrir meir en 60 árum, nú í auðn legið síðan 1708." JÁM V, 136.

"Margar hjáleigur voru umhverfis staðinn [Staðarstað SN-014] og fyrrum voru Traðir [SN-17] ein af hjáleigunum, en þær síðustu voru Árnes [SN-015] norður við Staðará og Bolavellir [SN-016] og Hrossakot, sem nú eru horfnar undir túnið." ÁFÍ 1982, 33.

"Í túni er einhversstaðar Sýslumannatún (segir Bj. Kjartanss). Neðst í túni syðst var eyðibýlið Bolavellir þar norðaustast á túni var Hrossakot svo var kot [SN-014:019] syðst á túni og eitt [SN-014:047] var milli Bolavalla og Traða [SN-017]." Ö-Staðastaður AG, 1.

SN-019:001 *Hrossakot* bæjarhóll bústaður

A: 309904 N: 486188



Tóft á bæjarhól Hrossakots SN-019:001, horft til NNA.

Neðst í túni syðst var eyðibýlið Bolavellir [SN-016] þar norðaustast á túni var Hrossakot ...,“ segir í örnefnaskrá Staðastaðar AG. Í Jarðabók Árna Magnússornar og Páls Vídalíns frá 1714 er kotið einnig nefnt Taglakot og Hneggstaðir. Hrossakot er rúma 300 m norðaustan við bæjarhól 001, tæpa 300 m austan við Þorrastaði SN-014:010 og 490 m norð-norðaustan við Staðastaðarkirkju sem byggð var 1943. Tóftin er í þurrum en litlum og grösugum óræktarmóa. Tún sem hafa verið sléttuð umlykja þetta litla móasvæði að vestan-, sunnan- og austanverðu en að norðan er mýrlendur mói.

Hrossakot er rústasvæði sem er 12x8 m að stærð og samanstendur af tóft og dæld. Tóftin er ferhynd, 10x8m að stærð og snýr suðvestur og norðaustur. Lítur hún helst út fyrir að vera einföld en stór grjóthrúga (sem ekki er víst að hafi tilheyrt tóftinni) skiptir henni í tvö hólf. Veggheðslur eru úr torfi og grjóti. Þær eru um 1 m á breidd og um 60 cm á hæð. Op er á norðausturvegg en síðan er suðvesturveggurinn mjög siginn og óljós, Kannski hefur hann verið rifinn. Suðvestan við tóftina er ferhyrnd dæld sem er 3,5x1,5 m að innanmáli og snýr hún norðvestur og suðaustur. Hugsanlega hefur tóftin sem lítur helst út fyrir að hafa verið rétt verið byggð ofaná bæjarstæðinu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Staðarstaður AG, 1; JÁM V, 136

SN-040 Lýsudalur

12 hdr. 1714. JÁM V, 102. 1714: "Jarðardýrleiki 12 hdr. og so tíundast 4 tíundum. Eigandinn kóngleg Majestat, af Stapa umboði ut supra. Ábúandinn Hallgrímur Bjarnason. [...] Torfrista og stúnga lök. Reiðingsrista til þessarar jarðar bjargleg. Móskurður til eldiviðar nær þrotinn." JÁM V, 102. "Jörðin liggur milli Hraunsmúla [SN-039] og Lýsuhóls [SN-041], og Ytri-Garðalands [SN-001] að sunnan. Landið er bæði mýrar, og malareyrar næst fjalli vel grónar." BS, 335.
Túnakort 1916: Tún2,8 ha. Slétt 1/8 hl.

SN-040:001 Lýsudalur bæjarhóll bústaður

A: 301008 N: 488697



Bæjarhóll Lýsudals SN-040:001, horft til SSV. Teikningin er af útihúsi 001B.

Inn á túnakort Lýsudals frá 1916 er merkt bæjarhús 001A, peningshús 001B og heygarður 001C á bæjarhól. Peningshúsið sem líklega hefur verið fjósið er um 5 m norðaustan við bæjarhúsið og heygarðurinn er um 30 m til vesturs. Í örnefnaskrá Þorleifs Jóhannessonar frá 1933 segir: "Bærinn stendur sunnan undir Lýsuhyrnu, spölkorn frá fjallinu, og er því nær í miðju túninu, áður stóð hann neðarlega í túninu [001], en var færður í vor (1933) þangað, sem hann stendur nú [002]." Bæjarhóllinn í Lýsudal er um 100 m SSV og neðan við núverandi íbúðarhús byggt 1958. Á þessu svæði er útflatt graslendi með mikið af grjótdreif.

Bæjarhóll er um 55x50 m að flatarmáli og liggur NNA-SSV. Hóllinn er lítið annað en grasigróin 0,2-0,5 m há, þúst. Hægt er að skipta henni í tvennt, austurhluta þar sem íbúðarhús og fjós hafa staðið og svo vesturhluta þar sem heygarðurinn stóð. Smá dæld er á milli þústatoppanna sem liggur NNA-SSV. Hægt er að greina útlínur á grunnri fjóssins í túninu en þar er kassalaga grjótdreif. Tóftin hefur verið um 10x8 m að utarmáli, 6x3 m að innanmáli og liggur NNA-SSV. Veggir eru 1,5-2 m á breidd og <0,2 m á hæð. Óljóst er hvar gengið hefur verið inn. Án efa er einnig hægt að finna leifar af gamla húsinu 001A og heygarði 001C undir sverði. Brún bæjarhólsins er skorin að vestanverðu af bíslóða sem liggur frá bæjarstæði 002 til suðvesturs niður á tún. Sléttað var úr bæjarhólnum milli 1950-1960.

Heimildir: Túnakort Lýsudals, 1916; Ö-Lýsudalur ÞJ, bls.1

SN-040:002 bæjarstæði bústaður

A: 301081 N: 488789

Í örnefnaskrá Þorleifs Jóhannessonar frá 1933 segir: "Bærinn stendur sunnan undir Lýsuhyrnu, spölkorn frá fjallinu, og er því nær í miðju túninu, áður stóð hann neðarlega í túninu [001], en var færður í vor (1933) þangað, sem hann stendur nú [002]. Hóll sá er bærinn stendur á var kallaður Hjallhóll [sjá 007]." Gamalt timburhús, fjós og hlaða stóðu samtengd á núverandi bæjarstæði fast austan við núverandi íbúðarhús byggt 1958 og um 110 m norðaustan við gamla bæjarhóllinn. Húsið hefur líklega verið byggt

1933 þegar bærinn var færður. Á þessu svæði er núverandi íbúðarhús Lýsudals byggt 1958 og sléttað malarplan framan og sunnan við hesthúsin (1964).

Samkvæmt Gunnari F. Jónassyni heimildamanni var húsið timburhús á einni hæð með moldarkjallara. Íbúðarhúsið var ein stofa, herbergi, forstofa og eldhús. Að utan var húsið járnklætt en panelklætt að innan. Í kjallara var geymt slátur og saltkjöt. Innangengt var úr kjallara yfir í hlöðu og úr hlöðunni yfir í fjósið. Vindmylla með tréspöðum var á fjósi til að framleiða rafmagn. Rafmagnið var svo geymt á geymum. Kolavél var í eldhúsi. Húsið var einangrað með torfi. Ekkert vatn var leitt inn í húsið en það var borið inn úr Bæjarlæknum í fötum og geymt í tunnum. Timburhúsið var byggt af Ágústi móðurafa Gunnars og Guðmundar Jónassona, heimildamanna.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Lýsudalur ÞJ, 1

SN-040:003 þúst fjárhús

A: 301082 N: 488741



Leifar af fjárhúsum SN-040:003, horft til suðvesturs

Inn á túnakort frá 1916 er merkt peningshús og hlaða um 70 m norðaustan við bæjarhól 001. Hlaðan er fast norðan við peningshúsið. Hér er líklega um að ræða fjárhús og hlöðu sem nefnd eru í örnefnaskrá Þorleifs Jóhannessonar: "Í suður frá bænum [002] stendur fjárhús með hlöðu við." Útihúsin voru um 30 m SSA við bæ 002 og um 70 m norðaustan við bæjarhól 001. Á svæðinu er sléttuð grasflöt í suðurbrún bæjarhjallans fast sunnan við litla klettanibbu sem stendur uppúr grasinu.

Í grasflötinni má í grænni þúst greina línur ytri og innri veggja útihúsanna á um 30x25 m stóru svæði sem liggur norður-suður. Samkvæmt Gunnari F. Jónassyni heimildamanni voru fjárhús, hesthús og hlaða samtengd í einum hnapp, fjárhús til suðurs, hesthús til vesturs og hlaða til norðurs. Þústin er gróflega krosslaga, með eitt greinilegt langt hólf A í miðju sem liggur austur-vestur og tvær þústir B og C út frá því miðju til norðurs og suðurs. Hólf A er 15x3 m að innanmáli og 0,2-0,4 m djúpt. Hólfinu hefur hugsanlega verið skipt frekar upp í 2-3 hólf en hvernig það hefur verið gert er óljóst. Grjóthleðslur eru greinanlegar allan hringinn að innanverðu. Veggir hafa verið 1,5-2 m á breidd. Til norðurs er hlöðuþúst B, um 7x8 m að flatarmáli og varla 0,1-0,2 m á hæð. Þúst C liggur svo út frá hólfi A til suðurs og er um 7x6 m að utanmáli. Óljóst innanmál er hægt að greina í þúst C sem er um 4x2 m. Líklega hefur verið gengið inn að sunnan.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1916; Ö-Lýsudalur ÞJ, 1



Staðseting útihúss SN-040:004, horft til norðausturs

Inn á túnakort frá 1916 er merkt peningshús um 100 m norðan við bæjarhól 001 og um 60 m norðvestan við peningshús og hlöðu 003. Á þessu svæði er núverandi íbúðarhús byggt 1958 og sléttuð grasflöt í brún bæjarhjallans vestan við húsið.

Í suðurenda grasflatarinnar, fast norðan við heimreiðina og um 5 m vestan við íbúðarhúsið, er hringlaga þúst, 14-15 m í þvermál og um 0,5 m há. Ekki er útilokað að leifar af útihúsi 004 finnist þar undir sverði en annars sjást þar engar greinilegar fornleifar á yfirborði. Guðmundur Jónasson, heimildamaður, kannast ekki við að útihús hafi staðið á þessu svæði þegar hann man fyrst eftir sér.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1916

Inn á túnakort frá 1916 er merkt peningshús um 150 m NNA við bæjarhól 001 og um 100 m norðan við peningshús og hlöðu 003. Á þessu svæði er steinsteypt hesthús og hlaða byggð á sjöunda áratugnum. Ekkert sést til fornleifa og Guðmundur Jónason, heimildamaður, kannast ekki við að útihús hafi staðið á þessum stað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1916



Tóft af hænsnakofa SN-040:006,

Lítil tóft er um 210 m norðaustan við bæjarhól 001 og um 50 m norðan við núverandi hesthús. Á þessu svæði er hálfgróið graslendi suðvestan undir 2-3 m háum malarhól ofan við bæ.


Tóftin er einföld, um 6x6 m að utanmáli og um 2x2 m að innanmáli. Veggir eru um 1-2 m á breidd og 0,2-0,4 m á hæð. Ekkert hleðslugrjót er sjáanlegt. Í suðurhorni tóftarinnar virðist vera op svo

hugsanlegt er að gengið hafi verið þar inn. Samkvæmt Guðmundi Jónassyni, heimildamanni, var hæsnahús í þessari tóft.

Hættumat: stórhætta, vegna rofs

SN-040:007 *Hjallhóll* tóft óþekkt

A: 300975 N: 488791



Óþekkt tóft SN-040:007 á Hjallhóll, horft til ANA

Í örnefnaskrá Þorleifs Jóhannessonar frá 1933 segir: "Hóll sá er bærinn [002] stendur á var kallaður Hjallhóll." Þetta er ekki í samræmi við minni Guðmundar Jónassonar heimildamanns en í hans tíð var Hjallhóll fast norðan við Eyrnýjarhól um 80 m vestan við núverandi íbúðarhús og um 100 m norðvestan við bæjarhól 001. Hóllinn er grasigróinn og um 1,5 m hár.


Lítið mannvirki er grafið ofan í hólinn að vestanverðu. Mannvirkið er lítið annað en 3x2 m dæld sem er 0,2-0,4 m djúp og liggur NNA-SSV. Ekkert hleðslugrjót er sjáanlegt í brúnum dældarinnar. Botn dældarinnar er um 1,5 m neðar en toppur hólsins. Dældin er full af brenndum spítum og drasli. Ef um litla tóft er að ræða hefur verið gengið inn að vestanverðu. Guðmundur Jónasson, heimildamaður, kannaðist ekki við hús á þessum stað. Ekki er vitað af hverju hólinn heitir Hjallhóll.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Lýsudalur ÞJ, 1

SN-040:008 *Nátthagi* tóft+garðlag nátthagi

A: 301362 N: 488959



Nátthagi SN-040:008, horft til norðvesturs

Í örnefnaskrá Þorleifs Jóhannessonar segir: "Upp af túninu, neðst í hliðinni, er grjótgirðing, sem kölluð er Náttthagi." Náttthaginn er ein lítil tóft og stórt gerði uppi undir fjallsrótum um 430 m norðaustan við bæjarhól 001. Gerðið er í brúnum grasigróins bolla norðan rafmangslínu.

Náttthaginn er um 35x25 m að flatarmáli og liggur norðvestur-suðaustur. Gerðið er gróflega þríhyrningslaga, um 15 m á breidd í norðvesturenda en aðeins um 6 m á breidd í suðausturenda. Efst í gerðinu að norðanverðu er lítil tóft A. Bæði gerði og tóft eru grjóthlaðin. Tóftin er einföld, um 6x5 m að utanmáli og liggur austur-vestur. Veggir hennar eru um 0,5-1 m á breidd og um 0,5-1,2 m á hæð (5-7 umför). Í norðurhorni tóftar er stór náttúrulegur klettur. Gengið er inn í tóftina að sunnanverðu um 1 m breiðan inngang. Grjótveggir í hólfi B eru 0,5-2 m á breidd og 0,2-0,5 m á hæð. Í miðri suðvesturhlið gerðisins, neðst í brekkunni, er lítið, um 0,5 m breitt hlið. Veggir gerðisins eru þykkastir við hliðið. Hliðar bollans halla um 10-30° niður í áttina að hliðinu. Á þremur stöðum í grjótgerðinu eru stórir náttúrulegir klettur hluti af veggnum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Lýsudalur ÞJ, 3

SN-040:009 *Járnhryggur* heimild smiðja

A: 301123 N: 488663



Járnhryggur þar sem smiðja SN-040:009 mun hafa staðið, horft til NNV

Í örnefnaskrá Lýsudals segir: "Í suður frá bænum stendur fjárhús með hlöðu við [003], frá fjárhúsunum gengur hryggur ofan túnið. Hann heitir Járnhryggur. Í suðvestur frá bænum er þýfður hólballi, sem heitir Eyrnýjarhóll [026]." Í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá Þorleifs Jóhannessonar frá 1978 segir: "Ekki er vitað, hvernig stendur á nafninu Eyrnýjarhóll. Til eru munnmælasögur um hjónin Járnhrygg og Eyrnýju, sem áttu að vera grafin í Járnhrygg og Eyrnýjarhóli. Þegar verið var að slétta túnið, var ýtt ofan af Járnhrygg, og fylgdist Haraldur Þorsteinsson [heimildarmaður örnefnaskrár] með því, sem kom upp úr hryggnum. Ekki varð hann var við neitt, sem bent gæti

til, að þarna væri leiði karlsins, en aftur á móti kom í ljós, að þarna hafði verið smiðja, enda er mikill mýraraudi í mýrunum þarna fyrir sunnan."

Járnhryggur er náttúrulegur hryggur um 110 m austan við bæjarhól 001. Hryggurinn er malarhryggur sem liðast eins og snákur NNA-SSV suðvestur undir bæjarholtinu. Hryggurinn er 4-10 m á breidd, 0,5-1,5 m á hæð og um 120 m á lengd. Deigt graslendi er beggja vegna hjallans. Ekkert sést til fornleifa á hryggnum og staðsetning smiðjunnar er óljós.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Lýsudalur ÞJ, 1; Ö-Lýsudalur aths og viðb. SJ, 3

SN-040:010 heimild kvíar

A: 300995 N: 488823

Í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá Þorleifs Jóhannessonar frá 1978 segir: "Kvíarnar í Lýsudal voru ofan við Hjallhólinn [007]. Fært var frá a.m.k. tvisvar eða þrisvar eftir að Ásgerður og Haraldur komu í Lýsudal. Engir stekkir voru í landareigninni." Nákvæm staðsetning þessara kvía er óljós en talið er að þær hafi líklega verið í holtinu norðvestan við bæ 002 á svipuðum stað og útihús 023 var staðsett.

Á þessu svæði er malarvegur heim að bæ 002 og illa gróið malarholt að vestanverðu. Austan við heimreiðina eru gistihús byggð eftir 2010. Ekkert sést til fornleifa. Gunnar Jónasson, heimildamaður, kannaðist ekki við að hafa séð kvíatóft í landi Lýsudals.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Lýsudalur aths og viðb. SJ, 4

SN-040:011 Kast náma mógrafir

A: 300672 N: 489336



Mógrafarsvæði SN-040:011, horft til suðurs

mýrlendi. Búið er að fylla upp í mikið af mógröfum í landi Lýsudals en þó sjást ennþá greinilegar leifar í mýrlendinu á þremur afmörkuðum mógrafarsvæðum; 011, 016 og 025 (sjá einnig 020 og 024). Milli svæðanna eru tungur af lítt grónum malarskriðum úr fjallinu þar sem mórinn hefur hugsanlega verið þurrkaður. Mógrafarsvæðið er um 60x60 m að flatarmáli og er vel greinilegt. Svæðið er samsafn af misstórum mógröfum sem eru tengdar saman og liggja NNA-SSV og VNV-ASA. Stærð grafanna er 1-3 m á breidd, 3-10 m á lengd og gróflega 0,2-1 m á dýpt. Botn þeirra er deigur en gróinn að mestu. Talið er að hætt hafi verið að taka mó í Lýsudal fyrir 1950.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Lýsudalur aths og viðb. SJ, 4

SN-040:012 gata leið

A: 300768 N:489807



Gata SN-040:012, á vinstri mynd er horft til norðausturs og á þeirri hægri til norðvesturs

Greinilegt einstigi er í suðurhlíð Lýsuhyrnu til NNV upp í Hrútsgil um 1 km NNV við bæ 001 og um 300 m austan við Lýsu. Leiðin liggur um grýtta skriðu í hlíð Lýsuhyrnu. Halli í skriðunni er 60-80° næst Hrútsgili en þegar nær dregur bæ tekur smám saman grasigróið graslendi við og brekkan verður meira

aflíðandi. Samkvæmt Gunnari F. Jónassyni, heimildamanni, lá leiðin frá Lýsudal um Lýsuskarð yfir í Grundarfjörð. Gatan lá skáhallt upp í dal vestur eftir suðurhlíð Lýsuhyrnu. Smátt og smátt var fíkrað sig upp hærra í hlíðinni til norðvesturs þar til komið var upp í klettabrún við Hrútsgil. Þá var beygt til vesturs og gengið upp með brún Lýsuhyrnu. Þegar komið var nógu hátt var svo beygt til norðurs og gengið með vesturhlíð fjallsins yfir í Lýsuskarð. Í suðurhlíð Lýsuhyrnu sést ennþá greinilegt einstigi en skriðan er alltaf að fíkra sig neðar svo gatan er að hverfa undir grjóti. Gatan er 0,2-0,4 m á breidd og 0,1-0,2 m djúp í ógróinni skriðunni en þegar nær dregur bæ hverfur hún í mosa og graslendi um 700 m NNV við bæ 001. Leiðin hefur verið um 3-3,5 km frá bæ upp í Lýsuskarð þar sem hún hefur líklega sameinast leið SN-611:007. Leið þessi er ekki merkt á Herforingjaráðskorti 15 frá 1911.

Hættumat: engin hætta

SN-040:013 *Kistuhylur* stífla

A: 300045 N: 487369



Stífla SN-040:013 í Kistuhyl, horft til austurs

Í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá Þorleifs Jóhannessonar segir: "Gerður var garður og sett laxakista í Kistuhyl." Laxastífla er í Netá vestan við Lambodda þar sem áin rennur til norðurs úr Lýsuvatni. Laxastíflan er 1,6 km suðaustan við bæ 001 og tæpum 800 m vestan Ingibjargarvaðs 019. Á bökkum Netár er sléttur grasmói.

Stíflan er rúmlega 18 m löng, 1,5 m breið, 1 m á hæð og er í beinni línu á milli bakka Netár. Stíflan er úr grjóti og er grjótið 1 - 1,5 m að rúmmáli. Hleðsluumför eru 2-3. Fyrir miðja veginum er 1 m rof á stíflunni. Þegar lokað var fyrir ána á þessum stað safnaðist lax saman í hylnum við stífluna og hægt varð að skófla honum auðveldlega upp.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Lýsudalur aths og viðb. SJ, 2

SN-040:014 *Torfstapi* heimild rista

A: 300615 N: 488698



Torfstapi SN-040:014, horft til VSV

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir: "Torfrista og stunga lök. Reiðingsrista til þessarar jarðar bjargleg." Í örnefnaskrá Þorleifs Jóhannessonar segir frá Torfstapa: "Vestur við Lýsu er lítið holt, sem Torfstapi heitir." Í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrána segir: "Á Torfstapa var þurrkað torf, sem rist var í flóa þar í kring." Torfstapi er malarholt um 400 m vestan við bæjarhól 001 fast norðan við sléttuð túnin í Lýsudal.

Torfstapi er ávalur lágur malarhóll sem stendur uppúr mýrinni á um 30x30 m svæði. Umhverfis hólinn til suðurs, austurs og norðausturs er víðáttumikið og flatlent grasigróið votlendi sem hefur að hluta til verið


sléttað og ræst fram til túnræktunar. Ekkert sést til minja um torfristu í kringum Torfstapa.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: JÁM V, 102; Ö-Lýsudalur ÞJ, 2; Ö-Lýsudalur aths og viðb. SJ, 3

SN-040:015 tóft rétt

A: 300484 N: 489574



Rétt SN-040:015, horft til suðurs

Ferköntuð rétt er um 1 km norðvestan við bæjarhól 001 og um 50 m austan við núverandi farveg Lýsu (2016). Tóftin stendur á grýttri áreyri. Næst ánni er eyrin gróðursnaud en þar sem réttin stendur er graslendi.

Réttin einföld og grjóthlaðin, um 9x10 m að flatarmáli og liggur gróflega norður-suður. Veggir eru um 1 m á breidd og um 1 m á hæð þar sem þeir standa hæst (6-9 umför) að austanverðu. Suðurveggur er siginn og aðeins 0,3-0,5 m á hæð (3-5 umför). Vesturveggur réttarinnar skemmdist mikið um 1950 þegar áin Lýsa flæddi yfir bakka sína í miklum vatnavöxtum og er norðurveggur að mestu leyti horfinn. Mikið grjót er inni í tóftinni vegna flóðsins. Gengið var inn í réttina í suðausturhorni um 1 m breiðan inngang á suðurvegg.

Hættumat: hætta, vegna rofs

SN-040:016 náma mógrafir


A: 300968 N: 489129

Í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá Þorleifs Jóhannessonar frá 1978 segir: "Mór var tekinn upp út með hlíðinni og út við Kastid, sem kallað var, alveg niður við Netá [suður við Lýsuvatn fast ofan og norðan þjóðveggar 54]." Mógrafasvæði er fast norðan við rafmagnslínu um 450 m NNV vð bæjarhól 001 og um 150 m suðaustan við mógrafasvæði 025.

Við rætur Lýsuhyrnu á þessu svæði alveg frá Lýsu suðaustur að bæ er nokkuð flatlent og deigt grasigróið mýrlendi. Búið er að fylla uppí mikið af mórgröfum í landi Lýsudals en þó sjást ennþá greinilegar leifar í mýrlendinu á þremur afmörkuðum mógrafasvæðum; 011, 016 og 025 (sjá einnig 020 og 024). Milli svæðanna eru tungur af lítt grónum malarskriðum úr fjallinu þar sem mórinn hefur hugsanlega verið þurrkaður. Mógrafasvæðið er lítið, um 30x25 m að flatarmáli og liggur norðaustur-suðvestur. Á svæðinu eru 5-6 skurðir sem liggja samsíða norður-suður. Skurðirnir eru 2-3 m á breidd og 5-15 m langir. Aðeins eru 2-4 m á milli þeirra. Vatn er í botni skurðanna og eru þeir 0,4-1 m á dýpt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Lýsudalur aths og viðb. SJ, 4



Rétt SN-040:017, horft til SSV

Byrgisrétt og grjótgarður henni fylgjandi eru um 550 m norðaustan við bæjarhól 001 og um 140 m NNA við náttþaga 017. Réttin er um 50 m hærra í fjallshlíðinni en náttþaginn. Réttin er í grýttri fjallshlíð fast austan undir stórum kletti sem er um 5x5 m að flatarmáli, 4-5 m á hæð og liggur langhlið hans inni í réttinni NNA-SSV. Réttin er á efsta hjalla ofan við bæ í brekku sem hallar 20-30° til suðurs. Hlíðin er grýtt en vel gróin grasi og mosa.

Réttin og garðlagið eru grjóthlaðin á svæði sem er um 30 m á lengd, um 15 m á breidd og liggur norðaustur-suðvestur. Réttin er einföld, um 11 m á lengd, um 8 m á breidd og liggur norðaustur-suðvestur. Veggir eru 0,5-1,5 m á hæð (4-6 umför) og 1-3 m á breidd. Þeir eru hlaðnir úr stóru grjóti jafnt sem litlu og er góð hleðsla í veggjum að innanverðu. Að utanverðu eru veggir meira grjóthrúgur sem styðja við innri hleðslurnar frekar en þær séu eiginlegar hleðslur. Hleðslur eru teknar að bólga inn í tóftina hér og þar. Gengið var inn um 0,5-1 m breiðan inngang í suðurhorni réttarinnar. Botn réttarinnar er nokkuð sléttur og vel grasgróinn en hallar 10-20° til suðurs. Út frá suðausturvegg við innganginn liggur grófur, mjög siginn grjótgarður niður brekkuna í boga til suðvesturs um 17 m og hefur hann líklega verið hlaðinn til að auðvelda rekstur inn í réttina.

Hættumat: engin hætta

SN-040:018 garðlag túngarður

A: 301043 N: 488755



Leifar af túngarði SN-040:018,
horft til NNA

Leifar af túngarði má sjá um 50 m norðan og ofan við bæjarhól 001 og um 30 m sunnan við núverandi íbúðarhús (1958). Garðlagið er í sléttari grasflöt neðan og sunnan við hlaðið í Lýsudal (1958) þar sem snúrustaur húsfreyju er í dag (2016).

Garðlagið hefur verið sléttað og hleðslur eru vel signar en hægt er að fylgja garðlaginu norðvestan við útihúspústir 003 til vesturs niður brekku að vegslóða sem liggur til suðvesturs niður á tún. Garðlagið hverfur í móa vestan við slóðann. Garðlagið er um 50 m á lengd, 1-1,5 m á breidd og 0,2-0,5 m á hæð. Hér og þar glittir í hleðslugrjóti í grasinu. Líklega hefur garðlagið náð alveg að klettinum sem stendur uppúr holtinu fast norðan við útihús 003. Líklega hafa engir túngarðar verið umhverfis heimatún sem sýnt er á túnakorti Lýsudals 1916 eða þá að þeir eru allir horfnir.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SN-040:019 Ingibjargarvað þjóðsaga vað

A: 300759 N: 487002



Ingibjargarvað SN-040:019, horft til NNA

Ingibjargarvað er í Miðá á milli Lýsuvatns og Reyðarvatns, tæplega 80 m í norður frá Snæfellsnesvegi 54, um 200 m ASA við Lýsuvatn og um 1,7 km sunnan við bæ 001. Á bökkum Miðár er sléttur mói með grasi og lyngi.

Vaðið er grunnt, um 0,5 m djúpt og áin tæplega 7 - 9 m breið á þessum stað. Gunnar F. Jónasson, heimildamaður, talaði um að Ingibjörg ein hafi ætlað að vaða yfir ána á þessum stað en drukknað.

Hættumat: engin hætta

SN-040:020 náma mógrafir

A: 300873 N: 488730



Mógrafir SN-040:020, horft til vesturs

Leifar af mógrafasvæði eru fast norðan við sléttuð tún Lýsudals um 140 m vestan við bæjarhól 001, fast sunnan við langa og mjóa trjálínu. Á svæðinu er deigt og slétt graslendi milli tveggja ræsiskurða.

Svæðið er um 60x35 m að flatarmáli og liggur VNV-ASA. Norðurhorn svæðis er horfið vegna ræsiskurða og trjágróðurs. Búið er að fylla upp í grafirnar á svæðinu að mestu en þó sjást ennþá kassalaga 0,2-0,4 m djúpar dældir. Grafirnar eru um 2-5 m á lengd, 1-2 m á breidd og liggja NNA-SSV og VNV-ASA. Vatn er í botni dýpstu dældanna.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SN-040:021 tóft skotbyrgi

A: 300621 N: 488705



Skotbyrgi SN-040:021, horft til norðurs

Í kalli Torfstapa 014 er lítil tóft um 400 m vestan við bæjarhól 001. Torfstapi er lítt gróinn um 1 m hár og ávalur malarhóll fast norðvestan við sléttað tún.

Tóftin er mjög lítil, um 3,5 m á lengd, um 2,5 m á breidd og liggur NNA-SSV. Tóftin er einföld og hlaðin úr torfi og grjóti. Innanmál er um 1,5x0,5 m og veggir eru um 1 m á breidd og 0,2-0,5 m á hæð. Enginn inngangur er greinanlegur. Smæð tóftar gæti gefið til kynna að hér sé um skotbyrgi að ræða og taldi Guðmundur Jónasson það ekki ólíklegt þótt hann hafi aldrei séð mannvirkið í notkun.

Hættumat: engin hætta



Hugsanleg staðsetning skemmu SN-040:022, horft til

Samkvæmt Gunnari F. Jónssyni, heimildamanni, var byggður lítill kofi yfir Bæjarlækinn um 215 m NNA við bæjarhól 001 og var hann kallaður Kælirinn. Var lækurinn notaður til að kæla mjólk sem seld var frá Lýsudal. Áður hafði kofi á sama stað þjónað sem reykkofi áður en honum var breytt í kæli og seinna var þar hundakofi.

Tóftin stóð við og/eða yfir Bæjarlæknum. Á þessum stað er lækurinn um 0,5 m breiður og er nýlegur malarlóði fast austan við hann. Farvegur lækjarins er malarborinn og bakkar hans illa grónir. Ekkert sést til fornleifa, líklega vegna sléttunar og vegagerðar við lækinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Í örnefnaskrá Þorleifs Jóhannessonar segir: "Í suðvestur frá bænum er þýfður hólbali, sem heitir Eyrnýjarhóll. Fyrir ofan hann er grunn lægð og ofan við hana er hryggur, sem hesthús stendur á. Hann heitir Árnholt." Samkvæmt Gunnari og Guðmundi Jónassonum, heimildamönnum, var útihústöft á holtinu um 130 m NNV við bæjarhól 001 og um 70 m norðvestan við núverandi íbúðarhús. Á þessu svæði er malarheimreið heim að bæ og manngerð tjörn. Á milli vegarins og tjarnarinnar er löng röð af lauftrjám sem liggur NNA-SSV.

Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt Guðmundi Jónassyni var í hans minni sumarfjós á þessum stað. Gunnar Jónasson yngri bróðir hans segir hins vegar hafa verið þar fjárhús, hesthús og gerði norðan við húsið sem seinna var breytt í mókofa. Ekki er útilokað að útihúsið gæti hafa þjónað öllum þessum hlutverkum þar sem útihús breyttu oft um hlutverk yfir lengri tíma.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Lýsudalur ÞJ, 1

Í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá Þorleifs Jóhannessonar frá 1978 segir: "Mór var tekinn upp út með hliðinni og út við Kastíð [011], sem kallað var, alveg niður við Netá [suður við Lýsuvatn fast ofan og norðan þjóðveggar 54]. Þótti ágætis mótak við ána. Þar var mórinn 2-3 skóflustungur. Hann var þurrkaður á svokölluðu Móholti. Mórinn upp í hliðinni þótti líka sæmilegur. Hann var 5 og alveg upp í 7 skóflustungur. Holtið, sem hann var þurrkaður á, var einnig nefnt Móholt. Yfirleitt voru ekki nema röskar 2 stungur niður í móinn.". Mógrafasvæði var milli Lýsu og Netár fast vestan við Móholt um 1,6 km suðvestan við bæjarhól 001. Á svæðinu er víðáttumikið deig mýri bæði austan og vestan við Móholt.

Móholt er illa rofið lágt malarholt sem stendur uppúr mýrinni fast norðan við Netá um 120 m langt og um 80 á breidd. Lítið sem ekkert sést til mógrafa í mýrinni vestan við holtið þar sem búið er að fylla upp í þær en svæðið hefur líklega verið um 80x60 m að flatarmáli og legið NNA-SSV.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Lýsudalur aths og viðb. SJ, 4

SN-040:025 náma mógrafír



Mógrafír SN-040:025, horft til suðvesturs

eru tungur af lítt grónum malarskriðum úr fjallinu þar sem mórinn hefur hugsanlega verið þurrkaður.

Mógrafasvæðið er um 100x60 m að flatarmáli og liggur NNA-SSS. Erfitt er að greina einstaka grafir þar sem búið er að fylla uppí þær en þær hafa legið ýmist NNA-SSV eða VNV-ASA. Grafarsvæðið er um 0,2-1,5 m á dýpt. Dældir fullar af vatni eru hér og þar. Talið er að hætt hafi verið að taka mó í Lýsudal fyrir 1950.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Lýsudalur aths og viðb. SJ, 4

A: 300842 N: 489231

Í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá Þorleifs Jóhannessonar frá 1978 segir: "Mór var tekinn upp út með hlíðinni og út við Kastið, sem kallað var, alveg niður við Netá [suður við Lýsuvatn fast ofan og norðan Þjóðveggar 54]". Mógrafasvæði er fast norðan við rafmagnslínu um 550 m NNV vð bæjarhól 001 og um 180 m suðaustan við mógrafasvæði 011. Við rætur Lýsuhyrnu á þessu svæði alveg frá Lýsu suðaustur að bæ er nokkuð flatlent og deigt grasigróið mýrlendi. Búið er að fylla uppí mikið af mógrofum í landi Lýsudals en þó sjást ennþá greinilegar leifar í mýrlendinu á þremur afmörkuðum mógrafasvæðum; 011, 016 og 025 (sjá einnig 020 og 024). Milli svæðanna

SN-040:026 Eyrnýjarhóll Þjóðsaga legstaður

A: 300973 N: 488751

Í örnefnaskrá Lýsudals segir: "Í suður frá bænum stendur fjárhús með hlöðu við [003], frá fjárhúsunum gengur hryggur ofan túnið. Hann heitir Járnhryggur [009]. Í suðvestur frá bænum er Þýfður hólbali, sem heitir Eyrnýjarhóll." Í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá Þorleifs Jóhannessonar frá 1978 segir: "Ekki er vitað, hvernig stendur á nafninu Eyrnýjarhóll. Til eru munnmælasögur um hjónin Járnhrygg og Eyrnýju, sem áttu að vera grafin í Járnhrygg og Eyrnýjarhóli. Þegar verið var að slétta túnið, var ýtt ofan af Járnhrygg, og fylgdist Haraldur Þorsteinsson [heimildarmaður örnefnaskrár] með því, sem kom upp úr hryggnum. Ekki varð hann var við neitt, sem bent gæti til, að þarna væri leiði karlsins, en aftur á móti kom í ljós, að þarna hafði verið smiðja, enda er mikill mýraruði í mýrunum þarna fyrir sunnan." Eyrnýjarhóll er lágur hóll um 40 m norðvestan og ofan við bæjarhól 001.

Hóllinn er fast vestan við vegslóða sem liggur til suðurs frá bæ niður á tún. Hóllinn er ávalur og grasigróinn, um 30x30 m að flatarmáli og 0,5-1 m á hæð. Ekkert sést til fornleifa í hólnum sem virðist náttúrulegur og Guðmundur Jónsson, heimildamaður, kannaðist ekki við að fundist hafi mannvistarleifar á svæðinu.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Lýsudalur ÞJ, 1; Ö-Lýsudalur aths og viðb. SJ, 3

SN-041 Lýsuhóll

8 hdr. 1714. JÁM V, 103. 1714: "Jarðardýrleiki 8 hdr. og so tíundast 4 tíundum. Eigandinn kóngleg Majestat, af Stapa umboði ut supra. Ábúandinn Nichulás Þórðarson. [...] Torfrista og stúnga og reiðingsrista lök og lítt nýtandi. Móskurður til eldiviðar í óskiftu landi við Vatnholt [SN-042]." JÁM V, 103. Jarðarinnar er fyrst getið í Landnámu en samkvæmt henni numu Atli Válasón og Ásmundur sonur hans land frá Furu til Lýsu. ÍF I, 102. "Hann [bóndinn Ágúst Ingimarsson] tók við jörðinni algerlega í eyði, en hún hafði þá verið í eyði í 38 ár vegna sandfoks úr Laugarholtunum, sem eyðilagði túnið." Ö-Lýsuhóll aths. og viðb. JH, 1. "Jörðin liggur milli Lýsudals [SN-040] að austan og Vatnsholts [SN-042] að vestan og sunnan. Landið er mest mýrar, að nokkru ræstar og malareyrar næst fjallinu. Jarðhiti er í landinu og er heitt vatn (ölkelduvatn) notað til hitunar íbúðarhúss." BS, 336.

SN-041:001 Lýsuhóll bæjarhóll bústaður

A: 300022 N: 488946



Lítill sem engin ummerki um mannvist sjást á bæjarhól Lýsuhóls SN-041:001, horft til vesturs

Í Byggðum Snæfellsness frá 1977 segir: "Íbúðarhúsið stendur við Lýsuhólinn stutt frá jarðhitasvæðinu." Í örnefnaskrá Þorleifs Jóhannessonar segir um bæinn: "Bærinn stendur suðaustan undir mjög stórum hól, sem Lýsuhóll heitir. Túnið er yfir og umhverfis hólinn. Í túninu er ekki kunnugt um örnefni, enda tók bóndi sá er nú býr á Lýsuhóli jörðina í eyði [árið 1919]." Í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrána frá árinu 1977 segir: "Hann [bóndinn Ágúst Ingimarsson] tók við jörðinni algerlega í eyði, en hún hafði þá verið í eyði í 38 ár vegna sandfoks úr Laugarholtunum, sem eyðilagði túnið." Þetta er líklega ástæðan fyrir

því að ekki er til túnakort fyrir Lýsuhól og þessi lýsing á bæjarstæði á við núverandi bæjarhús (2016) sem öll voru byggð eftir 1950. Samkvæmt Jóhönnu Ásgeirsdóttur, heimildamanni, var bæjarstæðið staðsett austan Lýsuhólsvegar á vesturbakka Lýsu um 270 m norðaustan við núverandi íbúðarhús (byggingarár, 1991) sem nefnt er í Byggðum Snæfellsness.

Svæðið er flatlent heimatún notað til beitar. Túnið er aðeins einstaka grasblettir því svæðið er mikið moldarflag eftir ágang hesta. Holt er nefnist Laugarholt 004 er skammt norðan meints bæjarstæðis 001. Áin Lýsa er skammt austan við bæjarstæðið og ekki er ólíklegt að eitthvað af fornminjum hafi skolast burtu þegar áin hefur flætt yfir bakka sína. Ekki sjást ummerki um fornleifar á yfirborði, hvorki af býli né bæjarhól.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Byggðir Snæfellsness, 336; Ö-Lýsuhóll ÞJ, 1; Ö-Lýsuhóll aths. og viðb. JH, 1

SN-041:002 tóft útihús

A: 299769 N: 488952

Útflótt útihústóft er um 250 m vestan við bæjarstæði 001 og um 160 m suðvestan við Laugarholt 004. Á þessu svæði er sléttað heimatún Lýsuhóls.




Útihús SN-041:002, horft til SSV

Tóftin er um 14x11 m að flatarmáli og snýr norður-suður. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti. Þrjár steinhellur eru 3-4 metra norðan tóftar. Í tóftinni eru fjögur hólfi I, II, III og IV. Hólf I er um 5x4 m með op í suður. Hólf II og III eru 3x2 m með op í vestur. Hólf IV er ógreinilegt, um 5x1 m að innanmáli með op í suður. Hæð veggja í tóftinni er víðast hvar um 0,1 m nema í hólfi I sem er greinilegast. Þar voru veggir 0,5 m á hæð innanmáls.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SN-041:003 tóft útihús

A: 299874 N: 489087




Útihús SN-041:003, horft til NNV

Sigin útihústóft er 200 metra norðaustan bæ 001 og 180 metra norðvestan við Laugarholt 004. Tóftin er í heimatúni Lýsuhóls en svæðið er komið í órækt og er nokkuð rofið.

Tóftin er 12x8 m, útlött og mikið skemmd. Tóftin snýr austur vestur og í henni má greina þrjár dældir. Dæld I er í austurenda tóftarinnar. Hún er um 3x3 m að innanmáli. Dæld II er í vesturenda tóftarinnar og er 1x2 metrar að innanmáli og snýr norður-suður. Dæld III er ógreinileg og er sunnan við hólfi I. Mörk hennar sjást ekki til suðurs. Þar sem hún sést er hún 3x1 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Mesta veggjahæð er um 0,3 m. Sjá má múrsteina og múrsteinsbrot í tóftinni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Leifar af baði á Laugarholti SN-041:004, horft til vesturs

Í örnefnaskrá Þorleifs Jóhannessonar segir: "Vestasta kvíslin úr ánni [Lýsu] heitir Votilækur. Austnorður frá bænum [001] er holtabunga, sem Laugarholt [004] heita, syðst í þeim er laug, sem hefur 35° hita. Umhverfis laugina er hleðsla, eru það leifar af Baðhúsi, þar í er trékassi, sem notaður hefur verið fyrir baðker." Í athugasemdum við örnefnaskrá Lýsuhóls frá árinu 1977 segir: "Baðhúsið var kallað Búðahús, því að kaupmaðurinn á Búðum lét reisa það." Leifar af baðinu eru 55-60 m norðan bæ [001] og um 320 metra norðaustan við núverandi býli (byggingarár, 1994). Um 30 metrum sunnan við baðið er tréskúr með dælum. Í Árbók Ferðafélags Íslands frá 1982 segir einnig um laugar: "Jarðhiti er þarna á tveimur stöðum og skammt milli þeirra. Neðra svæðið er við Lýsuhólslaug rétt hjá félagsheimilinu vestan ár. Hafa þar verið boraðar tvær holur og fæst úr þeim 41 stiga heitt vatn, sem notað er til að hita laugina. Efra svæðið nefnist Laugarholt og er það geysimikið kalkhrúður, sem nú er uppbrotið. Ber svæðið þess merki, að þar hafi verið meiri jarðhiti áður fyrr."

Á þessu svæði er ljós jarðvegur og ljósar útfellingar í jörðu þar sem heitt vatn vætlar upp. Áin Lýsa rennur um 30 m austan við Laugarholt. Sunnan Laugarholts eru flatlend tún sem notuð eru til beitar. Ferhyrndur kassi úr tré er á miðju Laugarholti. Grjóthleðslur og steinsteypar hellur eru við hann. Trékassinn er 2x1 m að flatarmáli og um 0,30 cm djúpur. Hann snýr norðvestur-suðaustur. Sandur er í botni kassans. Niðurgrafinn heitavatnspottur úr plasti er 3 m suðaustan við trékassann.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Lýsuhóll aths. og viðb. JH, 1-2; Ö-Lýsuhóll ÞJ, 2; ÁFÍ 1982, 48

SN-041:005 hleðsla fjós

A: 299787 N: 488870



Veggur úr fjósi SN-041:005, horft norðvesturs. Hann er orðinn hluti af nýju hesthúsi.

bls. 336.

SN-041:006 Brandsbyrgi þúst fjárskýli

A: 299930 N: 488420



Brandsbyrgi SN-041:006, horft til SSV

henni. Hún er 0,2-1 m á hæð og 2-4 m á breidd. Hugsanlega hefur hluti mannvirkisins skolast smátt og smátt burtu í flóðum í ánni. Lítið er eftir annað en torfhrúgur og þúfur. Nafnið bendir til þess að hér hafi verið fjárbyrgi.

Hættumat: stórhætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Lýsuhóll ÞJ, 2

Stór grjóthlaðinn veggur sést í hesthúsi Lýsuhóls (byggt 1997) 35-40 m norðaustan við núverandi íbúðarhús Lýsuhóls (byggingarár 1994) og um 280 m SV við Laugarholt 004. Veggurinn var hluti af gömlu útihúsunum sem byggð voru eftir 1919 og sjást á ljósmynd í Byggðum Snæfellsness frá árinu 1977.

Hesthúsið er í sléttuðu heimatúni. Hægt er að sjá hleðsluna fyrir utan hesthúsið að vestanverðu og einnig inni í hesthúsinu.


Vegghleðslan er 15-20 m á lengd, snýr NNA-SSV. Hún er um 1,5 m á hæð og hlaðin úr stóru grjóti. Í hleðslunni sjást 10 umföer. Þegar nýja hesthúsið var byggt var þetta veggjabrot látið halda sér.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Byggðir Snæfellsness 1977,

"Frá Fornastekk [010] og niður (suður) að Merkjahyl heitir Rimi, á honum miðjum er rúst, sem kölluð er Brandsbyrgi," segir í örnefnaskrá. Leifar af Brandsbyrgi eru vestan við Lýsu um 440 m suðaustan við núverandi íbúðarhús að Lýsuhóli (2016) og um 530 m sunnan við bæjarstæði 001. Þústin er á grasigrónum hólma milli tveggja árfarvega Lýsu sem mynda tígullaga svæði umhverfis þústina. Á þessu svæði er mikil og deig grasigróin, flatlend mýri sem notuð er sem hagi fyrir hesta.

Mannvirkið er á svæði sem er um 18x13 m að flatarmáli og liggur norður-suður. Þústin er mikið rofin vegna ágangs búpenings. Þústin er L laga en ekki er hægt að sjá neitt tóftarlag á



Stekkur í Sauðabóli SN-041:077, horft til norðurs

Í örnefnaskrá Þorleifs Jóhannessonar segir: "Fyrir austan Lágafjall er djúp graslaut, sem heitir Sauðaból." Í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrána frá 1977 segir: "Í Sauðabóli byggði bóndinn stekk; þar var stekkjað og bælt. Stekkjað ca. hálfan mánuð áður en rekið var á fjall." Stekkur er í Sauðabóli fast vestan undir Árnhöfða um 600 metra norður af bæ 001. Stekkurinn er í djúpri graslaut. Skammt vestan við graslautina er beityleng á löngum rima. Stekkurinn er vestan í jafri hryggs sem gengur suður úr fjallinu Lýsuhyrnu.

Stekkurinn er grjóthlaðinn og grafinn í graslaut að hluta. Hann er um 14x6 metrar að flatarmáli og snýr nálega norður-suður. Veggirnir eru vel hlaðnir og eru hæstir um 1,5 m á hæð. Stekkurinn skiptist í tvö hólf. Í suðurenda er hólf I og er innanmál þess um 6x4 metrar. Op er úr suðurenda þess inn í hólf II. Hrúnið hefur úr veggjum á austur- og norðurhliðum í hólf I. Hólf II er um 5x4 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki er hleðsla fyrir suðvesturhlið þess. Hólf II er ekki eins vel hlaðið og hólf I. Um 1 m suðaustan við hólf II er jarðlæg grjóthleðsla sem myndar hring. Þvermál hennar er um 1,5 m. Hlutverk hennar er ólóst.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Lýsuhóll ÞJ, bls.1; Ö-Lýsuhóll aths. og viðb. JH, bls. 1

SN-041:008 Arnhólar huldufólksbústaður huldufólksbústaður

A: 300388 N: 489587



Arnhólar SN-041:088, horft til NNV

Í örnefnaskrá Þorleifs Jóhannessonar segir: "Frá Bingjum og austur að Lýsugljúfrum heitir hliðin Árnhólahlið, neðst í hliðinni við gljúfrin eru hólabungur, sem Árnhólar heita." Í athugasemdum við skrána frá 1978 segir: "Huldufólk átti að vera í Arnhólum, og mátti þar hvorki slá eða tína ber. Einhvern tíma fór móðursystir Haralds [heimildarmanns örnefnaskrár] þangað að til að berja. Skömmu síðar drápu þrjár bestu kindurnar á bænum, og var það kennt huldufólkinu. Þegar vatnslögn var gerð úr Laugarholtum gegnum Arnhólana til bæjar, missti bóndinn hrút, sem hann átti. Fleiri munnmælasagnir voru til af þessu tagi." Arnhólar eru á vesturbakka Lýsu um 730 m NNA við bæjarstæði 001. Arnhólar eru

náttúrlegir grasi-, mosa og lyngigrónir klettur sem standa uppúr mýrinni á bakka árinna. Ekkert sést til fornminja.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Lýsuhóll aths. SJ, bls. 1; Ö-Lýsuhóll ÞJ, bls. 1

SN-041:009 náma mógrafir

A: 299576 N: 489488



Mógrafir SN-041:009, horft til norðausturs

Stórt mógrafasvæði er um 650 m norður af bæ 001 og 100 m norðvestan við Sauðaból 007. Svæðið er vaxið lyngi og er töluvert blautt og mýrlent.

Mógrafasvæðið er um 90x75 m að stærð og snýr NNA-SSV. Það er á milli Sauðabóls 007 að austan og lækjar sem rennur niður úr fjallinu til suðurs um 120 m vestan við Sauðabólið. Mógrafirnar skipta tugum og eru grónar og samfallnar. Stakar grafir eru minni eða í kring um 1-3x2-5 m í þvermál á meðan tvö stærstu svæðin eru 14-18x13-14 m að innanmáli og eru 0.5-1.5 m á dýpt. Grafirnar snúa flestar NNA-SSV eða VNV-ASA.

Hættumat: engin hætta

SN-041:010 Fornistekkur heimild stekkur

"Fyrir austan Votalæk er rúst, sem nefnd er Fornistekkur," segir í örnefnaskrá. Nákvæm staðsetning Fornastekks er óljós. Núverandi byggð að Lýsuhóli er á löngu holti sem rís uppúr mýrinni og liggur NNA-SSV. Milli bæjarholtsins og lækjar sem rennur í Vatnsholtsvatn eystra sem er um 150 m vestan við holtið er grasigróin flatlend og deig mýri sem ræst hefur verið fram með 6 skurðum sem liggja austur-vestur niður í lækinn. Núverandi vegur 5714 liggur heim að Lýsuhóli til NNA ofaná holtinu. Vestan við veginn er grasigróið flatlendi milli hans og Votalækjar. Ekkert sést til fornleifa á svæðinu. Ekki er útilokað að stekkurinn sé horfinn undir veginn heim að Lýsuhóli.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Lýsuhóll ÞJ, 2

SN-041:011 náma mógrafir

A: 300042 N: 489268



Mógrafir SN-041:011, horft til austurs

Mógrafasvæði er vestan Lýsu um 500 m norðaustur af bæ 001. Á þessu svæði er slétt og deigt graslendi. Mógrafasvæðið er um 30x30 m stórt svæði en mógrafirnar eru samfallnar og grónar. Flestar þeirra eru um 3x2 m - 4x3 m að flatarmáli, varla 0,2-0,5 m á dýpt.

Hættumat: engin hætta

SN-041:012 náma mógrafir

A: 299636 N: 489306



Mógrafir SN-041:012, horft til suðvesturs

Lítið mógrafasvæði er um 530 m norðvestan við bæjarstæði 001 og um 125 m sunnan við Sauðaból 007.

Á þessu svæði er flatlendur mýrarfláki milli túns og Lágafjalls, fast sunnan undir fjallinu.

Svæðið er um 70x40 m að flatarmáli og snýr austur-vestur, sunnan og innan við girðingu. Grafirnar eru þétt saman, 2-5 m á lengd, 1-2 m á breidd og snúa NNA-SSV og VNV-ASA. Grafirnar eru fullar af vatni en grónar í botninn og aðeins 0,2-0,5 m á dýpt. Líklega hefur eitthvað verið fyllt uppí þær.

Hættumat: engin hætta

SN-041:013 náma mógrafir

A: 299750 N: 488277



Mógrafir SN-041:013, horft til austurs

Óljóst mógrafasvæði er á austurbakka Votalækjar um 720 m SSV við bæjarstæði 001 og um 125 m austan við Lýsuhólsveg 5714. Á þessu svæði er árbakkinn vel grasi gróið, deigt flatlendi.

Mógrafasvæðið er um 100x70 m að flatarmáli og snýr norðaustur-suðvestur meðfram árbakkanum sunnanverðum. Búið er að fylla uppí þær allar til að minnka hættu fyrir hesta og annan búpening í landi Lýsuhóls. Þó sjást 0,1-0,3 m djúpar óljósar dældir hér og þar á svæðinu með vatnspollum í þeim dýpstu.

Hættumat: engin hætta

SN-041:014 varða óþekkt

A: 299724 N:489454



Varða SN-041:014, horft til norðurs

Varða er efst á Árnhöfða, malaröxl sunnan undir fjallinu Lýsuhyrnu um 620 m norður af bæ 001, um 75 m norðaustan við Sauðaból 007 og um 620 m NV við Lýsuhólslaug. Rafmagnslínur standa um 20 metra norðan vörðunnar. Ógróinn grýttur hóll eða öxl 30-40 metra hár sem skagar til suðurs úr Lýsuhyrnu og kallast Árnhöfði. Varðan stendur á litlum mosa og lyngbletti norðanlega á hryggnum. Varðan er hringlaga, 2 m í þvermál og 1 m á hæð. Grjótið er um 40 - 50 sm á kant og telja má 7 umför í hleðslunni. Varðan er mosavaxinn neðst. Hlutverk vörðunnar er ekki þekkt.

Hættumat: engin hætta

SN-041:015 þúst óþekkt

A: 299658 N:488702



Þúst SN-041:015, horft til SSV

Illa farin þúst er um 440 m suðvestan við bæjarstæði 001 og um 170 m suðvestan við núverandi byggð á Lýsuhóli. Suðvestur undir Lýsuhól stendur lágt aflangt malarholt uppúr mýrinni sem liggur eins og Lýsuhóll NNA-SSV. Holtið er ágætlega gróið en hefur líklega verið sléttað.

Efst í holtinu er stór grjótdreif sem líklega hefur verið ýtt saman við sléttun. Hrugan er um 8x8 m að flatarmáli og 0,2-0,4 m á hæð. Ekkert tóftarlag er hægt að greina í dreifinni en útihústöft getur vel hafa verið á þessum stað á holtinu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SN-041:016 náma mógrafir

A: 300242 N: 488787



Mógrafir SN-041:016, horft til suðurs


Mógrafasvæði er 165-170 suður af Lýsuhólsskóla og Lýsuhólslaug og 460-465 m austan við núverandi íbúðarhús Lýsuhóls (byggingarár, 1946). Á þessu svæði er óslétt, þýft graslendi sem notað er til beitar. Mikill umgangur hesta hefur tætt upp svæðið og margar grafirnar eru orðnar ógreinilegar.

Mógrafirnar ná yfir um 80x60 m stórt svæði. Flestar þeirra eru horfnar vegna sléttunar og umgangs hesta og þær sem standa eftir eru fallnar saman og grónar. Flestar um 2x2 m - 4x2 m að flatarmáli.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
SN-041:017 tóft óþekkt



Tóft SN-041:017, horft til suðvesturs



A: 299638 N: 489329

Lítill tóft er fast sunnan undir Litlafjalli um 550 m norðvestan við bæjarstæði 001 og um 130 m sunnan við Sauðaból 007. Á þessu svæði er slétt og þurrt graslendi í brekku sem hallar 2-5° til SSV.

Tóftin er einföld, um 6 m á lengd, um 5 m á breidd og liggur norðaustur-suðvestur. Tóftin er greinilega gömul og hleðslur eru mjög signar. Veggir eru um 1 m á breidd og varla 0,2-0,4 m á hæð. Innanmál er um 4x3 m og er botninn nokkuð sléttur. Mjög líklega hefur verið gengið inn að sunnanverðu en inngangur er fallinn saman. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt.

Hættumat: hætta, vegna rofs

SN-041:018 varða óþekkt

A: 299683 N: 489382



Varða SN-041:018B, horft til vesturs

Tvær grjóthlaðnar vörður eru hlið við hlið í Árnhöfða um 550 m norðan bæjar 001 og 60 m suðvestan vörðu 014. Árnhöfði er ógróinn grýttur hóll eða malaröxl sem gengur suður úr Lýsuhyrnu. Öxlin er um 30 - 40 metra há.

Vörðurnar eru tvær, A og B, og eru þær hlaðnar úr stóru, köntuðu grjóti. Varða A er hringlaga og um 3x2,5 m að grunnfleti. Hún er 0,5 m á hæð. Varðan stendur ofan á mosapúfu. Stórt jarðfast grjót er neðst og ofan á það hefur verið hlaðið minna grjóti. Telja má 6 umför. Varða B er um 1x1 m í þvermál og hæðin er 0,30 m. Hlutverk þessara varða er óljóst.


Hættumat: engin hætta

Vatnsholt SN-042

Þýðing merkja árið 1916:

- Bæjarhús
- | Hlaða
- Peningshús
- Heygarður
- △ Matjurtagarður

Skýringar	
(>	bæjarhöll
□	horfint minjastabur
⚡	tóft
■	gömul bygging sem stendur enn
—	mörk tóns og garða skv. útnakværi
—	leifar útingarðs
...	trabir



16 hdr. 1714. JÁM V, 120. Jarðarinnar er getið í Málþaga Þórðar Sturlusonar fyrir rekum Helgafellsklasturs fyrir sunnan heiði frá um 1280. DI II, 164.

Getið í Bréfságrípi um Vatnsholt í Staðarsveit frá 1354. DI III, 99.

Getið í Kaupbréfi Helgafellsklasturs um Vatnsholt í Staðarsveit frá 23. júní 1364. DI VI, 17-19.

Getið í sölubréfi, Hrafn Snorrason selr staðnum að Helgafelli jörðina Saxahvol með gögnum og gæðum fyrir Vatnsholt í Staðarsveit frá 13. október 1377. DI III,233-234.

1714: "Munnmæli segja hjer hafi bænhús verið af fornu, en ekki hafa hjer tíðir flutst í manna minni. Þar stendur nú skemmuhús bóndans, sem bænhúsið var og enn kallast hjer í sjónum Bænhúsboði, sem menn miða við hús þetta. Jarðardýrleiki 16 hdr. og so tíundast 4 tíundum. Eigandinn kóngleg Majestat, af Stapa umboði. Ábúandinn Jón Eysteinnsson á þrem fjórðungum, en stendur þó fyrir framan um eftirgjald jarðarinnar. Annar ábúandi á fjórðungi Jón Runálfsson, leigir af Jóni Eysteinnssyni. [...] Torfrista og stúnga og reidingsrista bjargleg. Mósukurður til eldiviðar nægur. [...] Lendingu má hjer valla heima kalla, því að sandar og útgrynni gjöra hana ófæra nema lálausum sjó. Skipsuppsátur og búðarstöðu á jörðin við Fremri Búðir." JÁM V, 120.

1847: "Hjáleigurnar Stekkhóll og Fornakot, sem A.M. þegar sagði í eyði, eru 1805 taldar með, í eingjum jarðarinnar." JJ, 142.

"Vatnsholt er fyrir utan Lýsu, og sé Þórugerði [011] sama og Þórutóftir [SN-014:024], þá styður það sögn Melabókar um takmörk landnámana. Annars er vafasamt, hve mikið á þessu verður byggt, m.a. vegna þess, að allt er í óvissu um það, hversu gamalt nafnið Þórugerði er. Í því sambandi má benda á það, að í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er mjög oft getið um fornar byggðarminjar í landi jarðanna og nöfn þeirra. Í jarðabókinni er getið um tvær eyðihjáleigur í landi Vatnsholts, Stekkhól [008] og Fornakot [009], en Þórugerði ekki nefnt. Það gæti verið vottur þess, að nafnið hefði ekki orðið til fyrr en eftir að jarðabókin var gerð." Landnám á Snæfellsnesi, 77.

"Um Vatnsholt er það að segja, að Helgafellsklastur eignaðist það, en seldi það árið 1377 og fékk Saxahól í staðinn. Er þess þá getið, að Vatnsholt eigi skipstöðu á Búðum (Frambúðum)." Árni Óla 1969, 25.

"Vatnsholt (Fór í eyði 1966) Jörðin er í útsveit og á land milli fjalls og fjöru milli Vatnsholtsár (Ytri-Garða) og Urriðaár er þar endar Langholtið. Þjóðvegur liggur nú um túnið og þar norðar eru tvö vestustu vötnin í sveitinni - Vatnsholtsvötn. Engjar voru milli túns og sjávar. Beitoland er sæmilegt. Veiði er í vötnunum og Vatnsholtsá. Íbúðarhús úr steini frá 1937 (224 m²) er notað enn að sumrinu. Í túninu er heimagrafreitur Jóns Ó. Stefánssonar og fjölsk. [...] Byggt var við húsið og útihús. Síðan hefur verið sami áb.á báðum jörðunum og gildir Vatnsholtsnafnið í raun um þær báðar." BS, 347.

"Bærinn Vatnsholt stendur á hólí sunnan Þjóðvegarins. Þar var áður tvíbýli, og hét annað býlið Votilækur, en nú er þar allt í eyði." ÁFÍ 1982, 48.

Túnakort 1916: Tún 3,5 ha. Slétt 1/4. garðar 400 m².



Bæjarhóll Vatnsholts SN-042:001, horft til austurs

áframhald af gömlum sjávarkambi, sem nær frá Laxá í Miklaholtshrepp og vestur að Lóna í Staðarsveit." Bæjarstæði Vatnsholts er um 50 m ASA við Vatnhól, um 100 m sunnan og neðan við vestara Vatnsholtsvatn og um 700 m norðvestan við Hópið á landamerkjum Vatnsholts og Ytri-Garða SN-001. Bærinn stendur efst á malarholti sem liggur VNV-ASA sunnan við Vatnsholtsvötnin. Aðeins eru um 40 m milli núverandi íbúðarhúss og suðurbrúnar holtsins þar sem áður var mýri. Nú er þar deigt sléttá tún.

Bæjarstæðið hefur mikið til verið sléttá og líklega er lítið sem ekkert sjáanlegt af leifum mannvirkja eldri en 1920 á yfirborði. Stórt malarplan er umhverfis íbúðarhúsið. Kjallari er undir íbúðarhúsinu. Á þessum stað eru lítil sem engin greinileg ummerki um uppsöfnun bæjarhóls en líklegt er að á um 100x100 m stóru svæði umhverfis núverandi íbúðarhús gætu fundist mannvistarleifar undir sverði. Samkvæmt Hauki Þórðarsyni á Votalæk komu upp leifar frá 19. og 20. öld þegar byggt var við núverandi íbúðarhús um 1992. Samkvæmt heimildamanni var gamla húsið blanda af timbri og torfi.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Túnakort 1916; ÁFÍ, 1982, 48; Ö-Vatnsholt ÞJ-1, 1; Ö-Vatnsholt ÞJ-2, 1

SN-042:002 heimild bænhús

A: 298317 N: 487642

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1714 segir: "Munnmæli segja hjer hafi bænhús verið af fornu, en ekki hafa hjer tíðir flutst í manna minni. Þar stendur nú skemmuhús bóndans, sem bænhúsið var og enn kallast hjer í sjónum Bænhúsboði, sem menn miða við hús þetta." Í Prestatali og prófasta kemur fram að talið sé að bænhús hafi verið í Vatnsholti. Í örnefnaskrá Þorleifs Jóhannessonar segir: "Á hryggröndinni suður af bænum, þar sem nú er kálgarður, er haldið að kirkja hafi verið. Árið 1921, er Jón Ól. Stefánsson, sem enn býr í Vatnsholti, var að rífa hlöðugarm er stóð þar sem nú er kálgarðurinn, varð hann var við mannabein, en ekki var það athugað nánar." Í athugasemdum Braga Jónssonar við þessa örnefnaskrá frá 1979 segir: "Daníel Pétursson hefir ekki heyrt, að kirkja hafi verið í Vatnsholti, en svo mun þó hafa verið fyrr á öldum. Hvenær hún hefur verið lögd niður, er óvíst. Það var hálfkirkja eða bænahús." Nákvæm staðsetning bænhússins er óljós en líklega er hér verið að tala um hlöðugarm þann sem merktur er inn á túnakort Vatnsholts frá 1916 á bæjarstæðinu um 20 m sunnan við íbúðarhúsið 001. Á þessu svæði er yfirgróin órækt og njólar sunnan við núverandi íbúðarhús byggt 1937 og sléttá tún.

Ekkert sést til fornleifa. Í heimatúni Vatnsholts fast sunnan við Vatnhól er einnig heimagrafreitur en hann telst ekki sem fornleif. Elsta gröf virðist vera frá 1943. Í viðbótum og athugasemdum við örnefnaskrá Þorleifs Jóhannessonar frá 1977 segir: "[...] Jón Ólafur Stefánsson lét gera heimagrafreit í túninu rétt fyrir neðan Vatnhól, þar sem troðningarnir liggja vestur. Þar hvílir Jón og kona hans og eitt barn þeirra." Í athugasemdum Braga Jónssonar frá 1979 segir einnig um grafreitinn: "Í heimagrafreitnum í Vatnsholti hvíla Jón Ó. Stefánsson og kona hans Jónína Þorsteinsdóttir ásamt

tveimur börnum sínum, sem létust uppkomin, einnig nýfætt barn Ingibjarnar, en hún lézt við fæðingu. Bróðir hennar sem hvílir þarna líka, hét Konráð."

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JÁM V, 120; PP, 146; Túnakort 1916; Ö-Vatnsholt aths. BJ, 2; Ö-Vatnsholt ÞJ-1, 1; Ö-Vatnsholt aths. og viðb. SJ, 2; Ö-Vatnsholt aths. BJ, 1979, 2

SN-042:003 heimild útihús

A: 298368 N: 487655

Á túnakorti Vatnsholts frá 1916 eru merkt peningshús um 50 m austan við bæ 001. Um 5 m norðan við peningshúsin er heygarður. Á þessu svæði eru gamall skurður og sléttað tún. Malarborin heimkeyrslan er fast norðan við túnið. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1916

SN-042:004 heimild útihús

A: 298429 N: 487687

Inn á túnakort frá 1916 er merkt peningshús í norðausturenda túns um 130 m norðaustan við bæjarhól 001 og um 50 norðvestan við peningshús 005. Á þessu svæði er sléttað tún austan við heimkeyrslu. Ekkert sést til fornleifa. Í túni á þessu svæði er 1-1,5 m há ávöl hæð eða hóll sem liggur gróflega norður-suður. Austurhlið hólsins er mun brattari en hinar. Engin greinileg ummerki eru um að mannvirki leynist undir sverði á þessu svæði en þó er það ekki útilokað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1916

SN-042:005 heimild fjárhús

A: 298460 N: 487649

Inn á túnakort frá 1916 er merkt peningshús austast í túni um 150 m ANA við bæjarhól 001 og um 50 m suðaustan við við peningshús 004. Í örnefnaskrá Þorleifs Jóhannessonar segir: "Austast í túninu var rúst, sem kölluð var Siggukofarúst [013], á henni var síðar byggt fjárhús, en sem nú er búið að rífa,". Hér er líklega um sama hús að ræða og sýnt er austast í túni á túnakorti. Á þessu svæði er sléttað tún. Ekki sjást ummerki um fornleifar á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1916; Ö-Vatnsholt ÞJ-1, 1

SN-042:006 garðlag túngarður

A: 298472 N: 498605



Túngarður SN-042:006, horft til suðausturs

Á túnakorti Vatnsholts frá 1916 eru útlínur túnsins merktar með dökkum línunum að norðvestan, austan og sunnan. Líklega hafa þær hliðar túnsins verið afmarkaðar með túngarði. Í mýrinni sunnan heimatúns, um 100 m sunnan við bæjarstæðið og um 160 m til ASA milli tveggja ræsiskurða sjást leifar af torfhlöðnum túngarði.

Garðlagið er í grasigrónu mýrlendi sunnan og neðan við malarholtið sem bærinn stendur á.

Túngarðurinn er torfhláðinn en hleðslur eru mjög illgreinanlegar á köflum vegna stórþýfis og rofs af völdum búpenings. Garðurinn afmarkar svæði sem er um 260x100 m að stærð og snýr VNV-ASA.

Ekki eru sjáanlegar steinhleðslur. Garðlagið er 2-3,5 m á breidd og 0,1-0,3 m á hæð. Í vestri kemur garðlagið í ljós fast sunnan við ræsiskurð sunnan heimatúns um 110 m suðvestan við bæ 001. Garðlagið liggur óhindrað í mildum boga til ASA um 240 m þar sem það sem það breytir um stefnu. Á þessum

stað beygir garðlagið til NNA úr mýrinni upp á holtið. Hér hefur garðlagið verið skorið á tveimur stöðum með ræsiskurðum og garðlagið hverfur um 80 m norðar fast sunnan undir sléttuðu túni. Aðeins um 30 m af garðlagi sjást á yfirborði á þessu svæði. Á loftmynd sjást óljós ummerki um túngarðinn þar sem hann lá yfir túnið en ekkert sést á yfirborði vegna sléttunar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1916

SN-042:007 heimild hlaða

A: 298319 N: 487646

Inn á túnakort frá 1916 er merktur matjurtagarður og hlaða um 20 m sunnan við bæjarhól 001. "Á hryggröndinni suður af bænum, þar sem nú er kálgarður, er haldið að kirkja hafi verið [sjá 002]. Árið 1921, er Jón Ól. Stefánsson, sem enn býr í Vatnsholti, var að rífa hlöðugarm er stóð þar sem nú er kálgarðurinn, var hann var við mannabein, en ekki var það athugað nánar." Hlöðugarmurinn sem um er rætt í örnefnaskrá er mjög líklega hlaðan sem sýnd er á túnakorti sunnan við bæ en nákvæm staðsetning er óljós. Á þessu svæði er órækt á bæjarstæði sunnan í bæjarholti og sléttað tún. Ekkert sést til fornleifa enda hefur hlaðan verið rifin 1921 og búið að slétta svæðið í kálgarð síðan.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1916; Ö-Vatnsholt ÞJ-1, 1

SN-042:008 *Stekkhóll* bæjarstæði býli

A: 298562 N: 488296




Stekkhóll SN-042:008A, horft til vesturs (vinstri) og SN-042:008B, horft til austurs (hægri)

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1714 segir: "Steckholl hefur hjer hjáleiga verið. Bygð fyrst fyrir innan 60 ár, stundum í eyði legið og so nú í næstu 2 ár. Landskuld var xxx álnir. Betalaðist með fiski til heimabóndans. [...] Ekki má hjer aftur byggja nema til rýrðar við heimajörðina." Í



Stekkhóll SN-042:008C, horft til norðurs (vinstri) og SN-042:008D, horft til norðvesturs (hægri)

örnefnaskrá Þorleifs Jóhannessonar segir: "Norður af eystri enda neðra vatnsins er mjög stór hóll, sem Stekkhóll heitir, hann er 35 metra há. Sunnan við hann er lítill grasi vaxinn hóll, sér þar fyrir fornlegum tóftum, hefur þar verið býli, líklega hjáleiga frá Vatnsholti, en nafnið er gleymt. [...] Eftir að býlið við Stekkjarhólinn lagðist niður voru þar höfð beitarhús, hefur leiðin að þeim verið vörðuð, sjást leifar af þeim enn [sjá leið 031]." Í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá Þorleifs Jóhannessonar frá árinu 1977 segir: "Faðir Daniels [heimildarmaður örnefnaskrár] færði frá í stökk [sjá 030], sem var utan til í Stekkhól. Þar var einnig kofi, sem lömb voru höfð í yfir nóttina. Fráfærum hefur líklega verið hætt um 1914." Bæjarstæði Stekkhóls er um 650 m NNA við bæ 001 og 50 m norðan og ofan við núverandi íbúðarhús að Votalæk (byggingaár, 1994).



Teikning af tóftum SN-042:008

Skráðar voru sjö tóftir á bæjarstæði Stekkhóls, á svæði sem er um 225x100 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftirnar fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu hér á eftir. Bæjarhóllinn er suðaustast á svæðinu. Hann er vel grasi gróinn, 70x40 m að stærð og snýr VNV-ASA. Hóllinn er ávalur og 1-3 m á hæð. Tvær tóftir eru á hólnum, annars vegar beitarhúsatóft A og óskilgreind tóft B. Beitarhúsatóftin er efst og nyrst á hólnum. Hún er 16x11 m að stærð og snýr norður-suður. Í suðurhluta tóftarinnar eru tvískipt fjárhús, hól I og II. Þau eru áþekkt að stærð, 5x2 m að innanmáli og snúa norður-suður. Undirstöður garða eru í þeim miðjum og eru þær 0,1 m á hæð. Ekki er hlaðinn veggur á suðurgöflum fjárhúsanna þar sem hafa verið timbur- eða bárujárnsþil. Aftan við fjárhús eru tvö hól. Það vestara (III) er 3x3 m að innanmáli en það austara (IV) er 4x3 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op

er á milli þeirra en ekki er sýnilegt op inn í þau. Aftan við þau, nyrst í tóftinni er annað sett af sambærilegum hólum (V-VI) sem eru hvort um sig 4x3,5 m að innanmáli og snúa norður-suður. Op er á milli hólanna og eins virðist vera op á hólfi VI, í vesturenda þess en það er óljóst.

Tóft B er um 20 m suðaustan við tóft A. Hún er 5x4 m að stærð og snýr ASA-VNV. Veggir hennar eru 2 m á breidd og 0,3 m á hæð. Tóftin er einföld og er op inn í hana í suðurenda sem er 0,5 m á breidd.

Tóft F er um 5 m ASA við tóft B, austan í bæjarhólnum. Hún er mjög sigin og óljós en í henni má greina hól sem er 1,5x1 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er á því til suðurs.

Tóft C er um 15 m norðan við tóft A. Hún er einföld, um 7x8 m að stærð, nokkuð hringlaga. Op er á henni í suðurenda. Tóftin er gróin en greina má grjót í hleðslum. Veggir eru víðast hvar um 0,8 m háir.

Tóft D er um 65 m norðvestan við tóft A. Hún er niðurtroðin, grasigróin og hlaupin í þúfur. Tóftin er einföld, um 10x8 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Óljóst er hvar op hefur verið á henni.

Tóft E er um 30 m norðaustan og ofan við tóft D og um 60 m norðvestan við tóft A. Hún er illa farin af rofi. Veggir eru lítið annað en uppgróin rofabörð. Tóftin virðist vera 14x18 m að stærð og snýr austur-vestur. Í henni eru tvö nokkuð greinileg hól sem hvort um sig er 2x5 m að innanmáli og snúa norður-suður. Ekki sést op inn í þau eða á milli þeirra. Mesta hæð veggja í tóftinni 0,2-0,3 m.

Tóft G er um 90 m NNV við tóft D. Hún er mjög sigin og eru veggir hennar 1 m á breidd og 0,1-0,2 m á hæð. Tóftin er einföld og 4x4 m að stærð. Op er á henni í suðvesturhorni.



Tóft SN-042:008E, horft til norðvesturs (vinstri) og SN-042:008G, horft til austurs (hægri)

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JÁM V, 121; Ö-Vatnsholt ÞJ-1, 4, 5

SN-042:009 *Selkot* bæjarstæði býli

A: 297847 N: 488477

Samkvæmt örnefnaskrá Þorleifs Jóhannessonar segir: "Upp undir hrauninu, austan við Mjóahvamm, var




Tóft A á bæjarhól Selkots SN-042:009, horft til suðurs (vinstri) og tóft B á bæjarhólnum, horft til norðurs (hægri)

býli, er hét Selkot, nú er það auðn." Bæjarstæði Selkots er í jaðri Bláfeldarhrauns um 50 m suðaustan við nýbýli (byggingarár 2011) í Vatnsholti og 700 m VNV Stekkhóls 008. Bæjarhóllinn er stórpýfður og er sunnan undir hraunbreiðu er nefnist Bláfeldarhraun. Bratt er niður vestanmegin hólsins en að austan er hann aflíðandi sem og að sunnanverðu. Viðfeðmt, grösugt flatlendi er sunnan bæjarhóls.

Rústasvæðið er um 70x35 m að flatarmáli og snýr austur-vestur. Bæjarhóllinn er 35x35 m að flatarmáli og 2-5 m á hæð. Á svæðinu má sjá fjórar tóftir og fá þær bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Tóft A er efst á bæjarhólnum. Hún er um 6x4 m að stærð og snýr norður-suður. Mesta hæð veggja er 0,5 m. Tóftin er hlaupin í þúfur og veggir signir. Op er í suðurenda tóftar. Veggur skiptir tóftinni í tvö hólf. Tóft B er um 5 m SSA við tóft A suðaustan í bæjarhólnum. Tóftin er 6x5 metrar að stærð og NNA-SSV. Mesta hæð veggja er 0,5 m. Ytri brún veggja hefur samlagast þúfum í kringum tóftina en svo virðist sem að tóftin kundi að vera niðurgrafin að hluta. Tóftin er líklega tvískipt en mikið hrun er í henni vestanverðri. Op virðist vera í suðurenda.

Tóft C er fast SSV við tóft A. Hún er 7x4 m að stærð og snýr NNA-SSV. Mesta hæð veggja er 0,2 m. Líklega er tóftin grafin að hluta inn í hólinn eða veggir að utanverðu hlaupnir í þúfur. Veggir hafa hrúnið inn í tóftina. Tóft D er um 18 m austan við tóft A. Hún er tvískipt, um 8x5 metrar að stærð og



Tóft SN-042:009D, horft til norðurs (vinstri) og teikning af rústum á bæjarstæði Selkots SN-042:009

snýr austur-vestur en hallar til suðurs. Mesta hæð veggja er 0,5 m. Líklega var stórt hraungrýti notað til stuðnings þegar tóftin var hlaðin en aðeins þó eingöngu norðvestan megin við hraunjaðarinn. Op er til suðurs en op gæti einnig verið á norðurhlið tóftar en það er óljósara og gæti einnig verið traðk eftir búpening. Um 10 m austan við tóft D eru hleðsluleifar F á svæði sem er um 6x4 m að stærð. Þær eru mjög gengnar í þýfi og erfitt að sjá nokkurt skýrt lag á þeim. Fleiri tóftir voru vestan við þær minjar sem þegar hefur verið lýst en þeim var mokað í burt þegar nýbýlið var byggt árið 2011.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Vatnsholt ÞJ-1, 2

SN-042:010 garðlag túngarður

A: 298188 N: 487757



Útflattur túngarður SN-042:010, horft til ASA

túninu sem liggur NNA-SSV þegar nýbúið er að slá. Á góðri loftmynd sést garðlagið greinilega og var það rakið á 150 m löngum kafla á milli Þórugerðis 011A og Sæfellsnesveggar 54. Þegar komið er suður í tún í brekkuna framan í holtinu er greinilegur hryggur <20 cm á hæð og um 2 m breiddur. Brekkan hallar 10-20° til SSV. Garðlagið hefur legið eftir norðurenda túns alveg suður í mýri og endar í norðausturhorni tóftar 011B. Líklega hefur garðlagið myndað austurhlið Þórugerðis 011A.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Vatnsholt ÞJ-2, 1; Ö-Vatnsholt ÞJ-1, 1

Í örnefnaskrá Þorleifs Jóhannessonar segir: "Fyrir vestan hinn forna vallargarð, en sunnan í hryggnum er allstór forn girðing, sem kölluð er Þórugerði [011]." Garðlaginu er einnig lýst svo: "Yfir hrygginn, fyrir vestan hólinn [Vatnshól], er fornt garðlag [...] Fyrir vestan garðlagið, í suðurhalla hryggjarins, er allstór forn girðing, neðst í því eru stórar nýlegri tóftir, girðing þessi er kölluð Þórugerði [011]." Þetta forna garðlag er enn hægt að greina stutt vestan Vatnshóls um 160 m VNV við bæ 001. Á þessu svæði er vel sléttuð tún.

Nyrst í túninu á flatlendi er erfitt að greina hvar garðurinn lá en þó er hægt að sjá um 2 m breitt, vel flatt svæði í



Þórugerði SN-042:011A, horft til suðausturs

Í örnefnaskrá þorleifs Jóhannessonar eru tvær lýsingar á Þórugerði. Sú fyrri hljómar svo: "Fyrir vestan hinn forna vallargarð [010], en sunnan í hryggnum er allstór forn girðing, sem kölluð er Þórugerði. Austan til í gerðinu við vallagarðinn hafa verið fornar tóftir, en upp úr þeim hafa verið og ofan á þær byggðar tvær fjárhúsréttir, svo ekki er hægt að gera sér grein fyrir hvernig hinar fornu tóftir hafa verið. [...] að þetta gerði sé kennt við Langholts-Þóru er ekki líklegt. Þar sem það er fyrir utan Lýsu, en sú á var ytra takmark á landnámi Ásmundar Atlasonar. En enginn hefur getað bent mér á Þórutóftir [SN-014:024] á Langholti, en svo er nefnt holtið, sem Staðastaður [SN-014] stendur á, nema þær hefðu verið þar sem staðurinn nú stendur. [...] hryggur sá, er Vatnsholtsbærinn stendur á, er ennig af mörgum nefndur Langholt." Seinni lýsingin er mun styttri: "Fyrir vestan garðlagið [010], í suðurhalla hryggjarins, er allstór forn girðing, neðst í því eru stórar nýlegri tóftir, girðing þessi er kölluð Þórugerði." Þórugerði er um 170 m vestan við bæ 001 í suðurhlíð Vatnsholts hryggjar fast norðan og ofan við mýrina. Brekkan er slétt tún sem hallar 10-20° til SSV.

Þórugerði er að hluta horfið að vestanverðu vegna sléttunar. Óljóst er hversu mikið af hólfinu var sléttað. Minjasvæðið er um 34x18 m að flatarmáli og liggur NNA-SSV. Innan svæðisins er gerði A að norðan og tóft B að sunnan. Gerði A er afmarkað af túngarði 010 að austan. Norðurendi hólsins er í efri brún brekkunnar en þar er um 0,5 m há og um 0,5 m breiddur bakki. Í bakkanum glittir í grjóthleðslur hér og þar en aðeins að sunnanverðu. Innanmál gerðisins er um 20x14 m. Í suðurenda gerðisins er tóft 011B. Tóft B er einföld rétt, um 16 m á lengd, um 9 m á breidd og liggur ASA-VNV. Innanmál tóftar er 14x6 m. Vesturendi hennar er skorinn vegna sléttunar svo ekki er vitað hvort gengið hefur verið inn þeim megin. Veggir hennar eru grjót og torfhlaðnir, 1-2 m á breidd og 0,2-1 m á hæð, hæstir í norðausturhorni. Veggir eru mjórri að norðan verðu en að sunnan. Líklega er hér um ræða leifar af réttinni sem Þorleifur lýsir í örnefnaskrá. Þó gæti tóftin einnig hafa verið nýtt sem kálgarður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Vatnsholt ÞJ-2, 1; Ö-Vatnsholt ÞJ-1, 1

SN-042:012 vegur leið

A: 298178 N: 487719



Myndin sýnir hvar leið SN-042:012 lá, horft til ASA

Í örnefnaskrá Þorleifs Jóhannessonar segir: "Vestur eftir túninu liggja margir samhliða troðingar er sýna að þar hefur áður verið fjölfarinn vegur." Á Herforingjaráðskorti 15 frá 1911 er enginn vegur merktur vestan Vatnsholts og aðal þjóðvegur SN-631:009 var mun sunnar meðfram fjörुकambinum. Ekki er þó ólíklegt að götuslóðar hafi legið frá bænum til vesturs í átt til bæjanna vestan Bláfeldarhrauns. Á þessu svæði er sléttáð tún. Ekkert sést til götuslóða sunnan Vatnshóls.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Vatnsholt ÞJ-1, 1

SN-042:013 Siggukofarúst heimild býli

A: 298460 N: 487649

Í örnefnaskrá Þorleifs Jóhannessonar segir: "Austast í túninu var rúst, sem kölluð var Siggukofarúst, á henni var síðar byggt fjárhús, en sem nú er búið að rífa." Líklega er hér um að ræða útihús 005 sem sýnt er á túnakorti Vatnsholts frá 1916. Á þessu svæði er sléttáð tún. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Vatnsholt ÞJ, 1; Túnakort 1916

SN-042:014 Móholt náma mógrafir

A: 298577 N: 487628



Mógrafir við Móholt SN-042:014, horft til norðurs

Í örnefnaskrá Þorleifs Jóhannessonar segir: "Fyrir austan túnið er holt, sem er framhald af hrygg þeim, sem bærinn stendur á, holt þetta heitir Móholt." Í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá Vatnsholts frá 1977 segir: "Mór var þurrkaður á Móholti. Hann þótti ágætur. Sennilega hefur mótækju verið hætt, eftir að Daniel [Pétursson] fór frá Vatnsholti [um 1920]." Móholt er holtið fast austan við heimatún Vatnsholts um 250 m austan við bæ 001. Stórt mógrafasvæði er fast sunnan undir holtinu um 300 m ASA við bæ 001.

Móholt er mosa- og lyngigróð holt sem liggur austur-vestur fast sunnan við eystra Vatnsholtsvatn. Mýrin sunnan

við holtið er vel grasigróin, flatlend og nokkuð deig. Ekkert sést til fornleifa á holtinu sjálfu en mógrafasvæðið sunnan við holtið er mjög stórt eða um 300x90 m að flatarmáli. Svæðið er ílangt og liggur austur-vestur. Umhverfis svæðið að norðan, austan og sunnan eru stórir ræsisgurðir. Grafirnar eru kassalaga og liggja oftast norður-suður þó örfáar séu einnig austur-vestur. Grafirnar eru fullar af vatni og flestar 1-2 m á breidd og 2-3 m á lengd. Þær stærstu eru allt að 6 m á lengd og 3-4 m á breidd. Sumar virðast aðeins 0,5-1 m á dýpt á meðan aðrar eru svartar svo ekki sést til botns. Þær liggja þétt saman og sjaldan er meira en 3 m á milli þeirra. Svæðið er skorið í tvennt af malarvegi sem liggur frá Snæfellsnesvegi 54 niður í fjöru vestan við Hópið og ræsisgurði sem liggur meðfram veginum að vestan verðu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Vatnsholt aths. og viðb. SJ, 1 og 2; Ö-Vatnsholt ÞJ-1, 1

SN-042:015 Torfholt heimild ristur

A: 298909 N: 487695



Torfholt SN-042:015, horft til suðausturs

vegna vegagerðar á suðurbakka eystra Vatnsholtsvatns. Ekkert sést til fornleifa. Umræddur flói gæti verið Torfmýri, svæðið milli Torfholts og Hákonarholts eða svæðið sunnan vegar. Nákvæm staðsetning ristur er óljós.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Vatnsholt aths. og viðb. SJ, 2; Ö-Vatnsholt ÞJ-1, 1, 4

SN-042:016 náma mógrafir

A: 297403 N: 488265



Mógrafir SN-042:016, horft til vesturs

Í ornefnaskrá Þorleifs Jóhannessonar segir: "Fyrir austan túnið er holt, sem er framhald af hrygg þeim, sem bærinn stendur á, holt þetta heitir Móholt [014]. Þar fyrir austan er Torfholt, [...] Fyrir sunnan Hákonarholt er mýri, sem Torfmýri heitir, sunnan við hana er Torfholt. Mýrarsundið milli Reiðholts og Torfholts heitir Illakelda." Í athugasemdum og viðbótum árið 1977 segir einnig: "Á Torfholti var þurrkað torf, sem rist var í flóanum þar rétt hjá." Torfholt er um 600 m ANA við bæ 001 og um 10 m norðan við Snæfellsnesveg 54.

Torfholt er mikið rofið malarholt sem er 1-1,5 m hátt með aflíðandi hlíðar. Holtið er rofið og að miklu leyti sléttað

Mógrafarsvæði er um 100 m vestan við vestara Vatnsholtsvatn, um 1 km norðvestur af bæ 001 og 1,7 km suðvestan við tóft 035. Svæðið er grasmói og mýrarflákar sem eru sundurskornir af mógröfum.

Mógrafarsvæðið er um 100x50 að stærð og snýr norður-suður. Mógrafirnar skipta tugum og eru víða grónar í botninn og virðast gamlar. Grafirnar eru 4-8 m á lengd og 1-3 m á breidd en flestar eru fallnar saman svo dýptin er varla meira en 0.5 m.

Hættumat: engin hætta



Upphlaðinn vegur SN-042:017, horft til NNV

Stuttur, upphlaðinn vegur er 20 m norðan Snæfellsnesveg 54 og um 15 m sunnan við Eystra-Vatnsholtvatn. Á svæðinu milli vegarins og vatnsins er grasmói með stökum lyngbreiðum.

Vegstubburinn er um 70 m á lengd, um 4 m breiður og um 0,2 m hár þar sem hann er hæstur. Vegurinn er grasigróinn og liggur norðvestur-suðaustur. Í báða enda hverfur vegurinn vegna yngri vegagerðar. Til norðvesturs hverfur vegslóðin stutt austan við veginn heim að Votalæk en til suðausturs hverfur hann rétt norðan við Snæfellsnesveg 54.

Hættumat: engin hættu

Í örnefnaskrá Þorleifs Jóhannessonar segir: "Eftir þessum holtum [014, 015] og á brú yfir Vatnsvíkina er nýlagður upphleyptur vegur, þar fyrir sunnan, austur að ánni, heitir Árengi, eftir því lá gamall Þjóðvegur, sem farinn var er sjór var fallinn í ána." Inn á Herforingjaráðskort 15 frá 1911 er sýnd óviss leið sem lá af leið SN-631:014 til norðvesturs yfir Vatnsholtána heim að bænum í Vatnsholti 001. Átla má að upphleypti vegurinn sem nefndur er hjá Þorleifi sé á þeirri leið.

Á þessu svæði er sléttlendur grasmói og deigir mýraflákar. Ekki sjást ummerki um veginn eða aðra hluta leiðarinnar á yfirborði. Farið var yfir Efra- og/eða Neðra Holtsendavað [019 og 036] á þessu svæði norðan við Hópið.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Vatnsholt ÞJ, 2; Herforingjaráðskort 15 NV



Holtendavað SN-042:019, horft til ASA

Í örnefnaskrá Vatnsholts segir: "Eftir þessum holtum [014, 015] og á brú yfir Vatnsvíkina er nýlagður upphleyptur vegur [018], þar fyrir sunnan, austur að ánni, heitir Árengi, eftir því lá gamall Þjóðvegur, sem farinn var er sjór var fallinn í ána, var áin þá farin á vaði því er Holtendavað heitir." Í örnefnaskrá fyrir Ytri-Garða SN-001 eftir Braga Jónsson er þetta vað kallað Efra-Holtendavað: "Vöð á Vatnsholtána: Efst er Efra-Holtendavað, þá kemur Neðra-Holtendavað [036], rétt fyrir ofan Hópið, síðan Hópsvað [051] neðst í Hópinu, þá er næst vað [053], sem Bragi man ekki nafn á, en neðst er Fjöruvað [054], niður undir sjó." Efra-Holtendavað er á Vatnsholtána um 900 m austan við bæ 001 um

100 m sunnan og neðan við Snæfellsnesveg 54.

Á þessu svæði er áin 6-8 m breið og 0,2-0,5 m djúp. Í botni árinna eru klappir og grjót. Áin er straumhörð og ekki stígvélafer. Bakkar eru lágir og nokkuð vel grónir en þeir hafa líklega breyst eftir vegagerð þjóðvegjar. Vaðið var á leið 018 en ekkert sést til gatna á svæðinu, hvorki austan né vestan við

ána.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Vatnsholt ÞJ-1, 2; Ö-Ytri Garðar BJ, 3

SN-042:020 varða óþekkt

A: 297794 N: 488829



Varða SN-042:020, horft til VSV


Grjóthlaðin varða er í brún Bláfeldarhrauns um 1,3 km norðvestan við bæ 001 við enda Mjóahvamms um 50 m ANA og ofan við sel 028. Varðan stendur í 8-10 m hæð efst í hraunbrúninni og sést langt að.

Varðan er grjóthlaðin, um 1,5 m á hæð (6-7 umfö) og 1x1 m í grunninn. Hún er úr hraungrýti og mjókkar aðeins í toppinn. Grjótið er mosagróið í rótina að hluta. Hlutverk vörðu er óljóst.

Hættumat: engin hætta

SN-042:021 tóft óþekkt

A: 297311 N: 487626



Tóft SN-042:021, horft til norðurs

Í örnefnaskrá Þorleifs Jóhannessonar segir: "Utarlega í flóanum [Vatnsholtsflóa] er rúst, en ekki þekkt nú nafn á henni." Lítil tóft er um 1 km vestan bæjar 001 og um 100 m norðan strandlengju. Tóftin er í smáþýfðum grasmóa.

Tóftin er einföld, um 10x6 m að stærð og snýr norður-suður. Op er á henni í suðurenda. Veggir tóftarinnar eru víðast um 1 m á breidd og um 0,5 m á hæð. Hún er sigin og gróin, ekki sést í grjóthleðslur í veggjum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Vatnsholt ÞJ-1, 2

SN-042:022 *Fornakot* bæjarstæði býli

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1714 segir: "Fornakot heitir hjer í landinu; þar segja menn hjáleiga hafi verið fyrir 120 árum, en með hverjum kostum byggð vita menn ekki að segja. Ljós eru þar enn nú byggða merki, en ekki má hjer aftur byggja því tún er í hrjóstur komið." Í Árbók Ferðafélags Íslands 1982 segir: "Á mýrunum er allstórt klapparholt, sem nefndist Stekkhóll [008]. Þar

var áður samnefnd hjáleiga frá Vatnsholti. Önnur hjáleiga þaðan [frá Vatnsholti] nefndist Fornakot." Nákvæm staðsetning Fornakots er óljós. Selkot 009 er ekki nefnt í Jarðabók Árna og Páls svo ekki er útilokað að það standi á sama stað og Fornakot var áður. Einnig er hugsanlegt að tóftaþyrping 044, einnig í jaðri Bláfeldarhrauns en nokkuð austar, hafi tengst Fornakoti en erfitt er að staðfesta slíkar getgátur.

Heimildir: JÁM V, 120; ÁFÍ, 1982, 49

SN-042:023 *Merkjasteinn* heimild landamerki

A: 297246 N: 487957

Í örnefnaskrá Þorleifs Jóhannessonar segir: "Norðarlega á holtinu við ána [Urriðaá] er steinn, sem heitir Merkjasteinn. Úr honum eru merkin: sjónhending um Grásteina í Grásteinshvammi í Svarthamar í háfjall." Samkvæmt Hauki Þórðarsyni heimildamanni var steinninn um 1,2 km VNV við bæ og um 50 m ofan og norðan við þjóðveg 54.


Á þessu svæði er malarvegur og malarflöt meðfram Urriðaá austanverðri upp í land frá þjóðvegi að brú yfir að Vatnsholti. Bakkar árinnar eru grasigrónir, þýfðir og deigir. Ekkert sést til steinsins. Samkvæmt heimildamanni var steinninn fjarlægður af Vegagerðinni en mikið er búið að slétta svæðið vegna vegagerðar.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Vatnsholt ÞJ-1, 2

SN-042:024 tóft sel

A: 298588 N: 489023



Sel SN-042:024, horft til VSV

Í örnefnaskrá Þorleifs Jóhannessonar segir: "Inn í Bláfelldarhraun ganga margir hvammar, austastur þeirra er Þórðarhvamur, í honum eru gamlar rústir,". Innst í Þórðarhvammi er mjög gömul tóft um 1,4 km NNA við Vatnsholt 001 og um 1,2 km vestan við Lýsuhól SN-041:001. Tóftin er fast sunnan undir hraunbrúninni í mjóum hvammi sem liggur 2-5 m inn í hraunið til norðausturs. Tóftin er í þýfðu graslendi fast norðan deigrar mýrar.

Tóftin er samfallin, um 16 m á lengd, um 5 m á breidd og liggur ANA-VSV. Veggir hennar hafa verið troðnir niður af búpeningi. Veggir eru grjóthlaðnir, 1-2 m á breidd, 0,2-0,5 m á hæð og þýfðir. Innanmál tóftarinnar er ójóst en hugsanlega hefur hún verið tví- eða þrískipt. Vestast eru óljósar leifar af litlu hólfi A sem snúið hefur norður-suður. Hugsanlega hefur verið gengið inn að sunnanverðu. Fast austan við A hefur líklega verið stærra hólfi B. Hólfið hefur verið um 7x2 m að innanmáli en vegna hruns í veggjum er innanmál mjög óljóst. Vegna sigs er óljóst hvornig austurendi tóftar hefur litið út en þar hefur hugsanlega verið lítið hólfi C en það hefur þá ekki verið stærra en 2x2 að innanmáli. Útlit og stærð minnir mikið á seltóft 028 svo að ekki er útilokað að hér sé um að ræða sel frá Vatnsholti og/eða hjáleigum eða Lýsuhóli.

Heimildir: Ö-Vatnsholt ÞJ-1, 3

SN-042:025 *Reiðholt* heimild leið

A: 299310 N: 487780

Í örnefnaskrá Þorleifs Jóhannessonar segir: "Sunnan við rimann er stór holt, sem gatan milli bæjanna liggur um. Heitir það Reiðholt." Reiðholt er um 1 km ANA við bæ 001. Á holtinu er grjótmelur og á honum vex lúpína. Þjóðvegur 5714 heim að Lýsuhól SN-041 og Lýsudal SN-040 liggur yfir melinn til norðurs. Ekki sjást ummerki um fornleifar á yfirborði. Gatan var frá Vatnsholti 001 yfir í Lýsuhól og Lýsudal.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Vatnsholt ÞJ-1, 4

SN-042:026 náma mógrafir

A: 299063 N: 487768



Mógrafir SN-042:026, horft til suðurs

Mógrafasvæði er í Torfmýrinni milli Torfhólts 015 og Hákonarholts (sjá 033) um 780 m ANA við bæ 001 og upp í Illukeldu milli Hákonarholts og Reiðholts. Á þessu svæði er mjög deig flatlend mýri.

Mógrafarsvæðið er um 250x230 m að flatarmáli. Grafirnar eru mikið til fallnar saman og eru þær líklega eldri en grafirnar sunnan við Móholt 014. Mógrafirnar eru 0,2-0,5 m á dýpt og grónar í botninn. Flestar eru aflangar og óljóst ferkantaðar. Þær liggja bæði N-S og A-V, eru 2-15 m á lengd og 1-3 m á breidd en eru ekki staðsettar mjög þétt saman. Hugsanlega hefur verið fyllt upp í eitthvað af þeim.

Hættumat: engin hætta

SN-042:027 náma mógrafir

A: 299042 N: 487463




Mógrafir SN-042:027, horft til norðvesturs

Mógrafasvæði er við norðurbakka Hópsins um 770 m austan við bæ 001. Á þessu svæði er grasmói sunnan við Snæfellsnesveg 54 með einstaka trjárnum er nær dregur Hópinu.

Mógrafasvæðið er um 180x75 m að flatarmáli. Flestar mógrafirnar eru grónar og lítið vatn er í þeim. Mógrafirnar eru flestar um 3 x 2 að flatarmáli en þó má á þessu svæði finna mógrafir sem eru undir og yfir meðaltalsstærð.

Hættumat: engin hætta




Sel SN-042:028, horft til austurs

Innst í Mjóahvammi undir hárra hraunbrúninni er ein tóft um 1,25 km norðvestan við bæ 001 og um 300 m NNV við nýbýli í Vatnsholtlandi byggt 2011. Mjóahvammur liggur NNA-SSV inn í Bláfeldarhraun. Botn Mjóahvamms er deig og grasigróin smápýfð mýri. Innst í hvamminum er þýft og grasigróið þurrlendi.

Tóftin er þrískipt, um 13 m á lengd, um 6 m á breidd og liggur NNA-SSV. Veggir tóftarinnar eru hlaðnir úr grjóti og torfi, 1-3 m á breidd og 0,5-1 m á hæð. Líklega hefur verið gengið inn í tóftina að sunnanverðu en inngangur er fallinn saman. Tóftin er vel gróin lyngi og mosa og nokkuð þýfð sem gefur til kynna að hún sé mjög gömul. Í tóftinni sunnanverðri er stórt hól sem er um 6x1 m að innanmáli og liggur NNA-SSV. Í miðju hólfinu virðist vera lágur veggur sem hefur hugsanlega skipt því í tvennt, hól A og B. Nyrst í tóftinni er svo eitt lítið hól C sem er 1,5x1 m að innanmáli og liggur ASA-VNV. Hugsanlega hefur verið gengið inn í þetta hól að vestanverðu þar sem veggurinn virðist lægri á þessum stað eins og þar hafi verið inngangur sem fallið hefur saman. Engar aðrar tóftir eru greinanlegar á svæðinu. Staðsetning og útlit tóftar gefa til kynna að hér gæti verið um seltóft að ræða. Það sem styrkir þá tilgátu er tilvist Selkots 009 sem er staðsett við mynni Mjóahvamms að austan sem gefur til kynna að sel hafi á einhverjum tímapunkti verið til staðar á svæðinu.

Hættumat: engin hætta



Stekkur SN-042:029, horft til SSA

Í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrár Þorleifs Jóhannessonar frá 1977 segir: "Í Byrgishvammum voru rústir einhverjar, eldgamlar." Grjóthlaðin tóft er inni í Bláfeldarhrauni um 1,2 km norðan við bæ 001 og um 340 m norðaustan við nýbýli í Vatnsholti byggt 2011. Tóftin er í litlum grasigrónum hvammi vestan og inn af Byrgishvammum, vestan við Byrgishvammslæk. Milli lækjarins og tóftarinnar er lítill mýrarfláki. Tóftin stendur fast sunnan undir 6 m háum hraunkambi Bláfeldarhrauns.

Tóftin er tvískipt, um 12 m á lengd, um 8 m á breidd og liggur VSV-ANA. Annað hólfið er mun stærra en hitt og útlit tóftarinnar gefur til kynna að hér sé hugsanlega um stekk að ræða. Hólf A er austar, um 5x4 m á innanmáli og liggur ANA-VSV. Gengið var inn í hólfið á vesturenda tóftar í suðvesturhorni hólfis A. Hólf B er mun minna eða 2x1 m að innanmáli og liggur NNV-SSA. Líklega var gengið inn í hólfið að sunnanverðu en inngangur er þá fallinn saman. Veggir tóftarinnar eru vel grasi- og mosagrónir en standa ennþá nokkuð vel og eru 1,5-3 m á breidd og 0,5-1,2 m á hæð (4-6 umför).

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Vatnsholt aths. og viðb. SJ, 2

SN-042:030 tóftir stekkur

A: 298556 N: 488380



Stekkir SN-042:030A, horft til norðurs (vinstri) og SN-042:030B, horft til norðausturs (hægri)

Í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrár Þorleifs Jóhannessonar frá árinu 1977 segir: "Faðir Daníels [heimildarmaður örnefnaskrár] færði frá í stekk, sem var utan til í Stekkhól [008]. Þar var einnig kofi, sem lömb voru höfð í yfir nóttina. Fráfærum hefur líklega verið hætt um 1914." Efst í brún Stekkhóls að sunnanverðu eru tvær stekkjartóftir frá Vatnsholti um 130 m norðan við Votalæk og um 740 m NNA við Vatnsholt 001. Tóftirnar sitja á hjalla ofarlega í grasigróinni brekkunni sem hallar 5-20° til suðvestur og SSV.

Stekkirnir eru báðir hlaðnir úr torfi og grjóti og svipaðir í útliti þó að stekkur A sé aðeins stærri en stekkur B. Báðir eru eitt stórt aflangt hólfið I með annað mun minna hólfið II sem snýr hornrétt á lengra hólfið fast ofan við það. Stekkur A er um 15 m á lengd, um 7 m á breidd og snýr NNA-SSV. Veggir eru um 1 m á breidd og 0,5 m á hæð. Gengið er inn að sunnanverðu í hólfið I um inngang sem er um 0,3-0,4 m á breidd. Veggir eru grasi- og mosagrónir. Hólfið I er um 10x3 m að innanmáli en hólfið II er 4x1 m. Innangengt er á milli um 0,2-0,3 m breiðan inngang í gegnum vegginn á milli hólfa. Hér er líklega um að ræða stekk þann sem faðir Daníels Péturssonar (Daníel f. 1898) nýtti fyrir 1920. Stekkur B virðist vera eldri þar sem hann er mun grónari, veggir eru lægri og tóftin hallar mun meira en A. Stekkurinn er um 11 m á lengd, um 6 m á breidd og snýr norðaustur-suðvestur. Gengið var inn í hólfið I að suðvestanverðu um 0,5 m breiðan inngang. Veggir tóftarinnar eru 1-2 m á breidd, 0,2-0,5 m á hæð og eru þeir greinilegastir efst í brekkunni. Ekkert sést í hleðslugrjóti nema í austurhorni hólfis II. Hólfið I er um 6x4 m að innanmáli á meðan hólfið II er 4x2 m. Enginn greinilegur innri veggur er á milli hólfa heldur um 0,2 m hár bakki svo að hólfið II er meira eins og pallur frekar en djúpt hólfi.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Vatnsholt aths. og viðb. SJ, 1, 2-3

SN-042:031 heimild brú

A: 298600 N: 488065



Vatnalækur þar sem brú SN-042:031 var, horft til norðvesturs

Í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrár Þorleifs Jóhannessonar frá árinu 1977 segir: "Brú var á Vatnalæknum, til þess að hægt væri að komast upp að Stekkhólnum [008]." Vatnalækur er milli Vatnsholtsvatnanna tveggja um 200 m SSA við Votalæk og um 500 m NNA við Vatnsholt 001. Vatnalækur er 2-10 m breiður og er 0,2-1 m á dýpt. Lækurinn er ekki stígvélafer. Í læknum er mikið um grænar þúfur og hólma. Efst í læknum að austan verðu er bílvegur með járnör undir veginum fyrir lækinn. Ekkert sést til fornleifa eða leifa af götum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Vatnsholt aths. og viðb. SJ, 3

SN-042:032 Veita renna áveita

A: 298081 N: 487393



Áveita SN-042:032, horft til norðurs

Í viðbótum Braga Jónssonar við örnefnaskrá frá 1979 segir: "Veita, sem er meðfram túninu í Vatnsholti. Þar var heygott.". Veitan er 300-350 m suðvestan við bæ 001 og er 40-50 m norðan strandlengju. Veitu-örnefnið bendir til þess að þarna hafi verið áveita. Svæðið er mýrlent og vaxið grasi og sinu.

Skurður er í Veitunni sem er um 102 m á lengd og 1 m á breidd og gæti hann verið handgrafinn. Skurðurinn liggur norður-suður. Vestan megin við skurðinn er grasi gróin hleðsla um 0,20 m á hæð og 0,5 m á breidd með afstöðu NA-SV. Hlutverk hans er óljóst en gæti hafa tengst einhverskonar áveitu eða verið ræsiskurður.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Vatnsholt viðb. BJ, 1



Tóft SN-042:033, horft til ASA

Í örnefnaskrá Þorleifs Jóhannessonar segir: "Vestan við það [Reiðholt 025] er lítið holt, grasivaxið að sunnan, á því er rúst, holt þetta heitir Hákonarholt." Fast suðvestan undir Hákonarholti er lítil tóft, um 20 m ofan og austan við Eystra Vatnsholtvatn og um 770 m ANA við Vatnsholt 001. Á þessu svæði er þýft graslandi undir lyngi- og mosagrónum malarhól. Brekka hallar 5-10° til VNV.

Tóftin er tvískipt og hlaðin úr torfi og grjóti, um 12 m á lengd, um 6 m á breidd og snýr ASA-VNV. Veggir hennar eru 1-3 m á breidd og 0,2-1 m á hæð. Gengið var inn að vestanverðu en inngangur er fallinn saman. Hólf A er um 6x0,5-1 m að innanmáli og liggur VNV-ASA. Annað hólf B hefur líklega verið austan við hólf A en þar er frekar grasgróin þúst frekar en eiginlegt hólf. Ef það hefur verið þar annað hólf hefur það varla verið meira en 3x2 m að innanmáli. Enginn inngangur er greinanlegur í austurenda hólf A. Stærð og gerð tóftar og fjarlægð frá bæ gefur til kynna að hér sé líklega um stekk eða lítið beitarhús að ræða.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Vatnsholt ÞJ-1, 4




Þúst SN-042:034 í túni, horft til norðausturs

Grasigróin þúst er í túni um 10 m VNV við gamla íbúðarhús Vatnsholts sem byggt var árið 1936. Á þessu svæði er sléttað heimatún á holtinu sem hallar örlítið til suðurs.

Í túninu má greina um 4x5 m og 0,1-0,2 m háa þúst en túnið var sléttað um 1990. Ekki er ólíklegt að í þústinni leynist leifar af útihúsi.

Hættumat: engin hætta



Útihús SN-042:035, horft til VSV

Í mynna Mjóahvamms að vestanverðu er óljós vel grasgróin tóft, um 240 m vestan við Selkot 009 og um 1,1 km norðvestan við bæ 001. Tóftin er efst í mýrinni norðan við vestra Vatnsholtvatn í grasgrónum og þýfðum bakka við suðurbrún Bláfeldarhrauns. Lítil lind rennur undan hrauninu fast við austurenda tóftarinnar.

Tóftin er einföld, um 8x6 m að stærð og snýr ANA-VSV. Veggir tóftarinnar eru sambland af náttúrulegum klettum hraunsins og hleðslum. Enginn greinilegur inngangur er inn í tóftina en innanmál hennar er aðeins um 3x1 m og um 1 m á dýpt. Hæð vegghleðsla að utan er hins vegar aðeins 0,2-0,5 m. Vesturendi tóftar er um 1,6 m hár náttúrulegur klettur. Fast utan við austurvegg tóftarinnar er um 3x5 m stór pallur í sömu hæð og veggurinn. Hugsanlega gæti hafa verið annað hólfa austan við meginhluta tóftarinnar en engin ummerki um innri veggir eru sjáanleg. Hér er líklega um að ræða lítið útihús frá Selkoti 009.

Hættumat: engin hætta

SN-042:036 Neðra-Holtsendavað heimild vað

A: 299195 N: 487460



Neðra-Holtsendavað SN-042:036, horft til VSV

Í örnefnaskrá fyrir Ytri-Garða eftir Braga Jónsson segir: "Vöð á Vatnsholtsá: Efst er Efra-Holtsendavað [SN-042:019], þá kemur Neðra-Holtsendavað, rétt fyrir ofan Hópið, síðan Hópsvað [033] neðst í Hópinu, þá er næst vað [034], sem Bragi man ekki nafn á, en neðst er Fjöruvað [035], niður undir sjó." Neðra-Holtsendavað er á Vatnsholtsá norðan og ofan við Hópið um 240 m VSV við Efra-Holtsendavað, um 1 km austan við Vatnsholt SN-042:001 og um 4,6 km VNV við Ytri-Garða SN-001.

Á þessu svæði er bakki árinna mjög deigur og leirugur. Vel er hægt að ganga meðfram bakkanum að norðanverðu út á tangann norðan og ofan við Hópið. Áin er á þessu svæði 6-8 m á

breidd og 0.2-0.4 m á dýpt. Botn árinna er finn malarbotn. Áin er hér líklega ekki stígvélafær en straumur virðist hægur. Neðra-Holtsendavað hefur líklega verið á leið 018 en ekkert sést til götuslóða til eða frá ánni á þessu svæði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ytri Garðar BJ, 3

SN-042:037 heimild leið

A: 298181 N: 487408



Svæðið sem leið SN-042:037 lá yfir, horft til norðurs

Á Herforingjaráðskorti 15 frá árinu 1911 er gata af leið SN-631:009 við ströndina í NNA heim að Vatnsholti 001. Nákvæm staðsetning hennar er óljós. Á þessu svæði er grasigróin, flatlend mýri.

Leiðin er ekki lengur greinanleg á yfirborði. Hún hefur verið um 350 metra löng og legið NNA-SSV.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Herforingjaráðskort 15 NA, 1911

SN-042:038 tóft rétt

A: 299145 N: 488867




Rétt SN-042:038, horft til NNA

Grjóthlaðin rétt er um 620 m vestan við Lýsuhól SN-041:001 og um 1,5 km NNA við Vatnsholt 001. Tóftin er í jaðri Litlahrauns á grasigróinni tungu út úr hrauninu.

Réttin er grjóthlaðin, um 10 m á lengd, um 7 m á breidd og liggur austur-vestur. Gengið var inn að sunnanverðu í suðvesturhorni hennar. Veggir eru úr grófu hraungrýti sem er mosagróið, 0,5-1 m á breidd og 1-1,5 m á hæð (6-8 umför). Aðeins er hrúnið úr veggjum réttarinnar að norðanverðu líklega vegna roks. Hluti réttarinnar að austanverðu eru mjóir hraunflekar sem standa upp á rönd upp úr apalhrauninu. Út frá suðvesturvegg

utanverðum til vesturs er lítið grjóthlaðið garðlag um 8 m langt, um 0,5 m á breidd og 0,2-1 m á hæð, hæst næst tóft. Garðlagið endar í 1,5 m háum kletti. Önnur lítil garðlagstota liggur til suðurs út frá suðausturhorni tóftar en það er aðeins um 2 m á lengd.

Hættumat: engin hætta



Teikning af rétt SN-042:038

SN-042:039 náma mógrafir

A: 299280 N: 487727



Mógrafir SN-042:039, horft til suðurs

Mógrafasvæði er austan vegar 5714 heim að Lýsuhóli, fast sunnan Reiðholts 025 og um 970 m ANA við bæ 001. Á þessu svæði er grasi- og lyngi gróið flatlendi og mýri.

Svæðið er um 160x50 metrar og snýr VSV-ANA. Fjöldi grafa á svæðinu skiptir tugum. Mógrafirnar eru flestar ferkantaðar og fullar af vatni. Grafirnar snúa flestar NNA-SSV þó sumar snúi einnig ANA-VSV. Flestar eru 1-3 m á breidd og 2-8 m á dýpt. Dýpt er óljós.

Hættumat: engin hætta

SN-042:040 varða óþekkt

A: 297496 N: 488527



Varða SN-042:040, horft til VNV

Varða er í jaðri Bláfeldarhrauns um 350 m vestan Selkot 009 og 250-260 m norður af mógröfum 016. Rétt 041 er í litlum hvammi um 5 m austan undir vörðu. Varðan stendur ofan á Bláfeldarhrauni, við jaðarinn. Mosi, lyng og hrauntoppar eru norðanmegin en sunnan við hana er grösugt flatlendi.

Varðan er um 1x1 m að stærð og 1 m á hæð. Varðan er hlaðin í hrúgu úr hraungrýti og er hraungrýtið um 40 sm í þvermál að jafnaði. Í vörðunni sjást 6-7 umför og neðstu steinarnir eru mosavaxnir. Hlutverk hennar er ekki þekkt.


Hættumat: engin hætta

SN-042:041 tóft rétt

A: 297506 N: 488523

Grjóthlaðin rétt er í norðausturhorni Grásteinshvamms fast upp við Bláfeldarhraun við norðurenda langrar hrauntotu sem liggur til suðvesturs niður í mýri. Fjarlægð frá Selkoti 009 er um 320 m til vesturs og um 1,2 km norðvestan við bæ 001. Á þessu svæði er grasigróið og smápýft flatlendi. Tóftin er fast undir um 2-4 m háum hraunkambinum í lítilli U-laga skoru.

Tóftin er grjóthlaðin og tvískipt, um 12 m á lengd, um 11 m á breidd og snýr austur-vestur. Hleðslur eru signar, 1-2 m á breidd og 0,2-0,5 m á hæð. Tóftin er vel grasi- og lyngigróin og þýft er inni í henni. Gengið var inn í tóft í suðvesturhorni upp við hraunið því vesturhlið skorunnar í hraunkambinum myndar vesturvegg réttarinnar. Hún er um 4 m há. Tóftin skiptist í tvö hólf A og B. Hólf A er austar, um 5x3 m að innanmáli og liggur austur-vestur. Gengið var inn í hólf B inni í réttinni að vestan upp við suðurvegg. Hólf B er ólögulegra. Það liggur norðaustur-suðvestur meðfram klettaveggnum að vestanverðu inn af innganginum inn í réttina. Það er um 6-7 m á lengd og um 2-4 m á breidd. Hugsanlega




Rétt SN-042:041, horft til austurs

hefur verið veggur sem skipti þessu hólf í tvennt norðvestan við hólf A en hleðslur eru óljósar og signar. Upp og norðvestur af norðurvegg réttarinnar í miðri hlíð hraunkambinsins er grjóthleðsla í um 2 m hæð milli tveggja kletta. Hleðslan liggur norðaustur-suðvestur, er um 1,5 m löng, 0,5 m breið og 0,5 m há. Líklega hefur hér verið að koma í veg fyrir að rollurnar stykkju upp úr réttinni upp brekkuna frá veggnum.

Hættumat: engin hætta

SN-042:042 tóft óþekkt

A: 297910 N: 488543



Tóftir SN-042:042, horft til austurs

Tvær tóftir eru um 90 m norðaustan Selkots 009 og um 320 m norður af vestara Vatnsholtsvatni. Tóftirnar eru í jaðri Bláfeldarhrauns en hraunhnúllungar, lyng og mosi einkenna þetta svæði.

Tvær tóftir A og B eru á svæði sem er um 13x5 metrar að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Tóft A er suðvestast á svæðinu, í austurjaðri Bláfeldarhrauns. Hún er um 3x2 m að stærð og snýr NNA-SSV. Hraunjaðarinn er notaður sem veggur að vestan, austan og sunnan. Tóft B er fast norðaustan við tóft A. Hún er hlaðin úr hraungrýti, er um 6x4 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Mikill mosi er á grjóthleðslum. Óljóst op er inn í tóftina í austurhorni. Tóftirnar eru gras- og mosavaxnar og veggir víðast hvar um 1 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Hlutverk tóftanna er óþekkt.

Hættumat: engin hætta




Í heimatúni Vatnsholts er óljós ferköntuð þúst eða grunnur fast sunnan undir austurenda Vatnshóls, um 5 m austan við heimagrafreit (sjá 002) og um 70 m vestan við núverandi íbúðarhús. Á þessu svæði er sléttuð tún. Brekkan hallar 5-10° til suðurs.

Þústin er mjög óljós efst á hryggnum, um 15 m á lengd, um 14 m á breidd, varla 0,3 m á hæð og liggur austur-vestur. Hlutverk er óþekkt. Hugsanlega gætu leynst leifar af grunni útihúss eða skemmu undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Þúst SN-042:043, horft til VNV



Tóft SN-042:044A, horft til austurs

Tóftaþyrping er á grasflöt í suðurjaðri Litlahrauns um 1,4 km norðaustan bæjar 001 og 330-340 m austan vörðu 048. Á þessu svæði er flatt graslendi. Stórþýft er hjá tóftum og er hraungrýti þar á víð og dreif því stutt er í jaðar Litlahrauns.


Þrjár tóftir eru á svæði sem er um 25x22 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu hér eftir. Tóft A er stærst, er 22x6 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir tóftarinnar eru víðast 2 m á breidd og 0,5 m á hæð. Í þeim sjást mest 2 umför í hleðslum. Steinhleðslur eru greinilegastar í suðvesturhluta tóftarinnar. Tóftin skiptist í fimm greinileg hólfi. Hólf I er inngangur inn í hólf II á suðausturhlíð tóftarinnar, nærri norðausturenda. Það er 1x2,5 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur. Hólf II er um 9x1,5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Sjá má steinhleðslur neðst í veggjum þess. Hólf III er suðvestan við hólf II. Það er um 2x2 m að innanmáli. Ekki er sýnilegt op á því og það sama má segja um hólf IV og V. Hólf IV er suðvestan við hólf III. Það er um 1x2 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur. Loks er hólf V í suðvesturenda tóftar. Það er 3x2,5 m að innanmáli, snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin er sigin og hlaupin í þúfur. Tóft B er 5 m vestan við suðurveisturenda tóftar A. Hún er grasi- og mosavaxin og er þétt við vesturjaðar Litlahrauns. Tóftin er einföld, um 4x3 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Veggir tóftarinnar eru rétt um 0,1 m á hæð. Tóft C er fast sunnan við tóft B. Hún er um 12x5 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Veggir eru



Tóft SN-042:044B, horft til norðvesturs (vinstri) og Tóft SN-042:044C, horft til norðurs (hægri)

víðast hvar um 2 m á breidd og 0,3 m á hæð. Þeir eru grjóthlaðnir en grónir og þaktir lynggróðri. Tóftin er tvískipt og er op í austurenda hennar inn í hólf I. Það er 6x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op er á því í suðausturhorni. Inn af því er hólf II í vesturenda. Ekki sést lengur op á milli hólfanna. Hólf II er 2x1,5 m að innanmáli og snýr einnig austur-vestur. Ekki er ljóst hvaða hlutverki tóftirnar gegndu.

Hættumat: engin hætta



Tóftir SN-042:044B og C

SN-042:045 varða óþekkt

A: 298443 N: 488783



Varða SN-042:045, horft til suðurs

Grjóthlaðin varða er í suðurjaðri Bláfeldarhrauns um 520 m NNV við Stekkhól 008 og um 1,1 km norðan við bæ 001. Varðan sést vel langt að efst í jaðri hraunsins norðan Stekkhóls.


Varðan er grjóthlaðin og stendur á kletti sem er 1-1,2 m hár. Grjóthleðslan sjálf er um 1 m á hæð og 1x0,5-1 m að flatarmáli. Samtals er varðan um 2 m á hæð. Hlutverk vörðu er óljóst en hugsanlega hefur verið gata nálægt meðfram hrauninu.

Hættumat: engin hætta



Tóft SN-042:046A, horft til vesturs (vinstri) og þúst SN-042:046B, horft til SSV (hægri)

Tvö mannvirki eru um 1,4 km NNA við bæ 001 og 700 m NNA við Stekkhól 008. Ekki sést til þeirra frá bæ þar sem Stekkhóll er mitt á milli þeirra. Mannvirkin eru suðaustan undir smá innskoti inn í brún Bláfeldarhrauns. Á þessu svæði eru mýrarflatir og lyngmói.



Teikning af tóft SN-042:046A

Ein tóft og mjög þýfð þúst eru saman á svæði sem er um 30 m á lengd, um 15 m á breidd og snýr norðvestur-suðaustur. Tóft A er norðvestast á svæðinu. Hún er 16x10 metrar að flatarmáli og snýr nálega austur-vestur. Tóftin er sigin og veggir hennar eru útflattir, allt að 4 m á breidd og 0,1-0,2 m á hæð. Tóftin er tvískipt. Hólf I er í austurenda tóftarinnar. Það er 5x1 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Í því má víða finna fyrir steinhleðslurm í botni en annars er rýmið þýft og mikið gróið rétt eins og tóftin öll. Hólf II er í vesturenda tóftarinnar. Það er um 2x2 metrar að innanmáli. Ekki sést op inn í

tóftina eða á milli hólfa.

Þúst B er 12 m suðaustan við tóft A. Hún er um 8x8 m að stærð og 0,3-0,5 m á hæð. Ekkert innanmál eða inngangur eru greinileg því þústin er sigin og hlaupin í stórar þúfur. Hlutverk þessara minja er óljóst en líklega er hér um einhvers konar skepnuhús að ræða og kann tóft A að vera gömul beitarhúsatóft.

Hættumat: engin hættu

SN-042:047 varða óþekkt

A: 298520 N: 488766



Varða SN-042:047, horft til NNA

Grjóthlaðin varða er í jaðri Bláfeldarhrauns um 80 m austan við vörðu 045 og um 1,1 m NNA við bæ 001. Varðan er fast norðan við mjög deiga mýri norðan og ofan Stekkhóls.

Varðan er grjóthlaðin og mosagróin frá toppi til táar. Hún er 1x0,5 m að flatarmáli og um 1,5 m á hæð. Varðan mjókkar upp í topp þar sem hún er 0,5 m í þvermál. Einföld gata liggur um hraunið að norðanverðu vestur eftir hraunjaðrinum. Óljóst hvort hér er um að ræða kindagötu eða gamla göngu/reiðgötu milli bæja. Varðan gæti hugsanlega hafa markað gamla leið.

Hættumat: engin hættu

SN-042:048 varða samgöngubót

A: 298778 N: 488916



Varða SN-042:048, horft til vesturs

Grjóthlaðin varða er í suðurbrún Bláfeldarhrauns um 1,3 km norðan við bæ 001 og um 60 m suðvestan tófta 046. Varðan stendur í hraungrýti og mosa en bratt er niður af hrauninu sunnan vörðunnar. Víðáttumiklar mosabreiður eru í Bláfeldarhrauninu.

Varðan er hringlaga, 2 metrar í þvermál og 1,6 m á hæð. Varðan er hlaðin úr hraungrýti og í henni sjást 10 umför. Hugsanlega hefur varðan markað leið SN-611:006 sem lá meðfram suðurbrún hraunsins ofan mýrlendisins.

Hættumat: engin hættu

SN-042:049 náma mógrafir

A: 299550 N: 488215



Mógrafir SN-042, horft til ASA

Mógrafasvæði er ofan og NNA Reiðholts 025 og Hákonarholts 033, fast austan vegar 5714 heim að Lýsuhóli SN-041:001 og um 1,4 km norðaustan við bæ 001. Á þessu svæði er flatlend, grasigróin mýri.

Mógrafarsvæðið er um 200x80 m að flatarmáli og liggur NNA-SSV meðfram veginum. Tugir mógrafa eru á svæðinu. Grafirnar eru misstórar, 3-8 m á lengd, 1-3 m á breidd og liggja NNA-SSV og VNV-ASA. Flestar eru fullar af vatni og grónar í botninn, 0,2-0,5 m djúpar eða meira. Í einni gröfinni er hrossahræ, súpa af beinum og hári og 2-3 eru fullar af spítnadrasli. Grunnvatnsborð er hátt.

Hættumat: engin hættu

SN-042:050 varða samgöngubót

A: 299033 N: 488812



Varða SN-042:050, horft til norðvesturs

Varða er um 50 m inn og norður af jaðri Bláfeldarhrauns, 1,37 km frá bæ 001 og 240 m suðaustan við útihús 046. Varðan stendur á þykku stórgrýttu hrauni, 5-6 metra háu og mosagrónu.

Varðan er hlaðin úr hraungrýti, um 1,5 m í þvermál og um 1,70 m á hæð. Hægt er að greina 12 umför. Hugsanlega hefur varðan markað leið SN-611:006 sem lá meðfram suðurbrún hraunsins ofan mýrlendisins.

Hættumat: engin hætta

SN-042:051 Hópsvað heimild um vað

A: 299028 N: 487115

Í örnefnaskrá fyrir Ytri-Garða SN-001 eftir Braga Jónsson segir: "Vöð á Vatnsholtsá: Efst er Efra-Holtsendavað [019], þá kemur Neðra-Holtsendavað [036], rétt fyrir ofan Hópið, síðan Hópsvað neðst í Hópinu, þá er næst vað [053], sem Bragi man ekki nafn á, en neðst er Fjöruvað [054], niður undir sjó." Vatnsholtsá er á landamerkjum milli Vatnsholts SN-042 og Ytri-Garða SN-001. Hópsvað hefur verið sunnan Hópsins um 960 m suðaustan við Vatnsholt 001.


Á þessu svæði er bakki Vatnsholtsár grasigróinn og <0,3 m á hæð. Í ánni neðan við grasbakkann er malarströnd, varla 0,5 m breið og botn árinna er einnig mikið til möl. Áin virðist vera grunn eða <0,3 m á dýpt. Um 20 m eru frá austurbakka yfir á tanga vestan Hópsins. Þar er einnig malarborinn árbakki. Á þessum stað sunnan Hópsins mættust leiðir SN-611:001 og SN-611:002 við Vatnsholtsána að austanverðu í landi Ytri-Garða. Ekkert sést til gata eða slóða á þessu svæði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ytri Garðar BJ, 3

SN-042:052 stífla áveita

A: 299027 N: 488759



Stífla SN-042:052, horft til austurs

Stífla er í litlum læk sem rennur undan Bláfeldarhrauni, um 20 m suður af vörðu 050 og um 1,3 km norðaustan bæjar 001. Á þessu svæði er grösugt sléttlendi með grýttu og grófgerðu hraunsvæði í norðri.

Stíflan er grasigróin, 12 m löng, 1 m breið og hæð er 0,30-0,40 m. Stíflan er lítill veggstubbur sem liggur í ána sem rennur undan hrauninu og gæti tilgangur hennar hafa verið að veita vatni inn á grasigróið flatlendið sunnan hennar.

Hættumat: engin hætta

SN-042:053 heimild um vað

A: 299088 N: 486982

Í örnefnaskrá fyrir Ytri-Garða SN-001 eftir Braga Jónsson segir: "Vöð á Vatnsholtsá: Efst er Efra-HoltSENDAVAÐ [019], þá kemur Neðra-HoltSENDAVAÐ [036], rétt fyrir ofan Hópið, síðan Hópsvað [051] neðst í Hópinu, þá er næst vað, sem Bragi man ekki nafn á, en neðst er Fjöruvað [025], niður undir sjó." Vatnsholtsá er á landamerkjum milli Vatnsholts og Ytri-Garða SN-001. Þetta ónefnda vað hefur líklega verið um 150 m suðaustan við Hópsvað 051 við krappa beygju í Vatnsholtsá og um 1 km suðaustan við bæ 001 í Vatnsholti.

Á þessum stað er grófur malarbakki beggja megin Vatnsholtsár. Áin er um 5 m á breidd og malarborin. Áin er ekki stígvélafær en þó ekki mjög djúp, líklega 0,5-1 m á dýpt. Áin er aðeins 0,2 m djúp við bakkann að austanverðu.

Þetta vað hefur líklega verið á leið SN-611:001. Á vesturbakka sést greinileg gata sem sker bakkann þar sem hún liggur niður að ánni. Áin hefur rofið mikið svæðið svo að ekki sést í götu vestan við ána.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ytri Garðar BJ, 3

SN-042:054 *Fjöruvað* heimild um vað

A: 298918 N: 486943

Í örnefnaskrá fyrir Ytri-Garða SN-001 eftir Braga Jónsson segir: "Vöð á Vatnsholtsá: Efst er Efra-HoltSENDAVAÐ [019], þá kemur Neðra-HoltSENDAVAÐ [036], rétt fyrir ofan Hópið, síðan Hópsvað [051] neðst í Hópinu, þá er næst vað [053], sem Bragi man ekki nafn á, en neðst er Fjöruvað [054], niður undir sjó." Fjöruvað á Vatnsholtsá hefur líklega verið um 170 m neðan og sunnan við vað 053, 50-100 norðan og ofan við lægstu sjávarstöðu sunnan undir fjörुकambinum.

Á þessum stað er ljóslituð fjara beggja vegna malareyrar Vatnsholtsár. Við ána er gróf malarfjara en áin er á þessum stað mjög grunn, <0,3 m, þó hún sé straumhörð. Vatnið dreifir úr sér á 5-8 m svæði ofan við sjávarmál. Áin er líklega ekki stígvélafær á þessum stað vegna straumþunga.

Þetta vað hefur líklega verið farið á leið 611:001 á fjöru. Ekkert sést til gata eða slóða í fjörunni vegna sjávarrofs.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ytri Garðar BJ, 3.